



Menningarminjar á Seljadal:

Niðurstöður vettvangsúttektar á suðurhluta dalsins að austan



Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri)
Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (höfundar efnis)

Fornleifastofnun Íslands ses
FS425-08163
Reykjavík 2009

Forsíðumyndin er af garðlögum og túni í Daðastaðaseli (SP-281:016)

© Fornleifastofnun Íslands 2009

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	5
2. UM SELJADAL	7
3. FORNLEIFAR Í SELJADAL OG NÁGRENNI	11
4. FORNLEIFASKRÁ SELJADALS	23
<i>SP-281 Fornleifar í landi Daðastaða á Seljadal</i>	<i>25</i>
<i>SP-282 Fornleifar í landi Narfastaða á Seljadal</i>	<i>37</i>
<i>SP-283 Fornleifar í landi Narfastaðasels á Seljadal</i>	<i>55</i>
<i>SP-284 Fornleifar í landi Stafns á Seljadal</i>	<i>67</i>
5. SAGA SELJADALS OG NÁGRANNAJARÐA.....	75
6. SELJADALUR Í FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ: NÆSTU SKREF	93
HEIMILDASKRÁ.....	97

Viðauki 1:

Óstytt fornleifaskrá allra þeirra jarða sem skráðar hafa verið án myndefnis

1. Inngangur

Sumarið 2004 skráði Fornleifastofnun Íslands minjar í landi Narfastaða í Reykjadal og Narfastaðasel á Seljadal að beiðni Unnsteins Ingasonar ferðaþjónustufrómuðar á Narfastöðum.¹ Fornleifar á Narfastöðum, og þó ennfremur fornleifar í og umhverfis Narfastaðasel, reyndust einstaklega spennandi og fjölbreytilegar og kviknaði því strax áhugi á að vinna yfirgrípsmeiri úttekt á minjum á Seljadal; gera ítarlegri rannsóknir á völdum minjastöðum í og við Narfastaðasel.

Seljadalur er fyrir margra hluta sakir afar áhugavert minjasvæði. Dalurinn er í eyði og varðveisla minja er þar mjög góð. Á dalnum leynast afar fjölbreytilegar minjar, jafnt frá fyrstu tíð sem og yngri skeiðum, allt fram á 19.-20. öld. Lítið er vitað um sögu dalsins á fyrstu öldum og enn ekki hægt að fullyrða hvort dalurinn hafi, á fyrstu öldum, fyrst og fremst verið nýttur af jörðunum utan dals, s.s. fyrir kolagerð, útbeit og selstöðu, eða hvort einhver byggð kunni að hafa risið þar í upphafi en orðið skammlíf líkt og raunin var t.d. með byggina á Þegjandadal. Vonast er til að frekari rannsóknir á dalnum leiði í ljós svör við þessum spurningum og fleiri til, auk þess sem ráðgert er að nýta þær upplýsingar sem safnað verður við rannsóknir á dalnum til þess að miðla fróðleik um Seljadal til heimamanna jafnt sem ferðamanna.

Sumarið 2008 ákvað *Hið þingeyska fornleifafélag* að styrkja áframhaldandi skráningu og kortlagningu minja á Seljadal. Ákveðið var að hefja rannsóknir sumarið 2008 með því að ljúka skráningu á suðurhluta dalsins að austan og rannsaka minjar frá dalsbotni að norðurmerkjum Daðastaða. Samhliða skráningunni voru teknir prufuskurðir í ýmis mannvirki í Narfastaðaseli.

Úttekt á minjunum fór fram í ágúst 2008 og hana unnu Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingar fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands. Elín hafði umsjón með frágangi og ritaði skýrslu þá er hér lítur dagsins ljós.

Áhersla rannsókna sumarið 2008 var á menningarminjar á sjálfum Seljadal en þær reyndist þó ómögulegt að rannsaka án þess að gera fulla úttekt á minjum á þeim jörðum sem eiga land á dalnum enda oft ekki vitað nákvæmlega hvar innan landareignar minjarnar leyndust fyrr en eftir vettvangsrannsókn. Því var gerð grunnúttekt á allri landareign þeirra jarða sem land áttu á dalnum þó að í skýrslu þessari verði eingöngu fjallað um þær fornleifar sem liggja innan marka Seljadals. Aftast í skýrslunni er hins vegar að finna viðauka þar sem

¹Sjá Birna Lárusdóttir og Elín Hreiðarsdóttir. 2005.

birt er grunnskráning af jörðunum í heild, án myndefnis.

Áður en vettvangsrannsóknir hófust og samhliða úrvinnslu var rætt við fjölmarga fróða heimamenn um minjar á svæðinu. Þeir veittu ómetanlega aðstoð og miðluðu þekkingu sinni á dalnum. Þeim Unnsteini Ingasyni, Inga Tryggvasyni, Hreiðari Karlssyni, Ragnari Árnasyni, Snorra Kristjánssyni, Ólöfu Helgadóttur og Hallgrími Þorgilssyni heimildamönnum eru hér með færðar bestu þakkir fyrir ómetanlega leiðsögn, aðstoð og yfirlestur.

Þegar rannsóknnum lauk síðla sumars 2008 höfðu samtals verið skráðir 235 minjastaðir og af þeim reyndist 71 innan marka Seljadals.

Minjastaður getur ýmist verið stök eining (s.s. stök tóft eða varða) eða minjabyrping (t.d. þar sem nokkrar tóftir eru í hnappi og skráðar undir sama númeri, eða þar sem fjöldi varða markar ákveðna leið). Önnur leið til að telja fornleifar á svæðinu væri að telja hverja staka fornleif sem skráð var en samkvæmt því hefur nú verið skráð 361 fornleif og af þeim voru 144 á Seljadal.

Skýrsla þessi er þannig byggð upp að á eftir inngangi er að finna stutta lýsingu á Seljadal, staðsetningu hans og landsháttum á dalnum (kafla 2). Í þriðja kafla er greint frá niðurstöðum rannsókna sumarið 2008 og er þar fjallað um helstu minjar sem skráðar hafa verið á Seljadal, ástand þeirra og líkleg hlutverk. Í fjórða kafla er svo birt úttekt á skráðum minjum á sjálfum Seljadal ásamt teikningum og ljósmyndum. Aftan við fornleifaskrána eru tveir kaflar. Í fimmta kafla er gerð tilraun til að marka fyrstu drætti að sögu Seljadals. Þar eru notaðar allar tiltækar upplýsingar (svo sem úr fornleifaskráningu og öðrum fornleifarannsóknum á svæðinu, fornum ritheimildum og landsháttum) til að setja fram tilgátur um upphaf og þróun byggðar á dalnum. Í sjötta og síðasta kafla skýrslunnar er fjallað um stöðu rannsókna á dalnum, næstu skref og settar fram hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir á dalnum og hvaða leiðir séu færar til að kynna þennan skemmtilega eyðidal.


2. Um Seljadal

Seljadalur gengur til suðurs vestast úr Reykjadal miðjum og liggur hér um bil samhliða honum til suðvesturs frá Breiðumýri og Einarstöðum. Dalurinn tilheyrði áður Helgastaðahreppi en er nú hluti af sameinuðu sveitarfélagi Þingeyjarsveitar. Seljadalur er afmarkaður af Mýraröxl (sem sunnar er nefnd Háls) að austan en Fljótsheiði að vestan.

Dalurinn er vel gróinn en grunnur og víða mýrlendur.

Flestar rústirnar eru í 150-300 m hæð yfir sjávarmáli ef frá eru taldir ystu bæirnir tveir, Kvígindisdalur og Láfsgerði sem eru í rúmlega 100 m hæð yfir sjávarmáli.²


Seljadalur er um 16 km langur. Þegar að því kom að afmarka dalinn nákvæmlega, til að ákveða hvaða fornleifar skyldu teljast á dalnum varð ljóst að nákvæm skilgreining á



Staðsetning Seljadals, mörkuð á gervihnattamynd og herforingjaráðskort frá Landmælingum Íslands.

² Þess ber að geta að á herforingjakorti því sem sýnt er á myndinni er sést aðeins gamli vegurinn yfir Fljótsheiði, þar er Láfsgerði merkt á röngum stað sem og Glettingsstaðir og Daðastaðasel.

mörkum dalsins var ekki til. Í kjölfarið voru mörk dalsins áætluð og dregin á loftmynd (sjá gula línu á loftmynd hér að neðan). Að austan var línan dregin nálega eftir hæstu hæðum Narfastaðafells, Háls og Mýraraxlar en að vestan eftir Engivatnsási, svo langt sem hann náði.



Seljadalur, markaður með gulri línu. Áætluð landamerki er sýnd með blágrænni línu. Á kortið eru skráð sel/býli merkt með grænum kassa en óskráð með rauðum punkti. Rétt er að geta þess að landið þar sem Brennisei og Hólasei eru merkt tilheyrir nú Breiðumýri. Á myndina vantar krossmark í Stafn en þar hafa fundist mannabein sem gefa til kynna að þar hafi einnig verið bænhús

Ákveðið var að marka suðurenda dalsins við upptök Seljadalsár, um 3,7 km sunnan við Arnarvatn. Að norðan var ákveðið að Láfsgerði skyldi teljast með bæjum á dalnum þó býlið

hafi í raun staðið í dalsmynni. Það má e.t.v. telja þetta nokkuð ríflega skilgreiningu en ákveðið var að fylgja henni við rannsóknir á fornleifum á þessu svæði.

3. Fornleifar í Seljadal og nágrenni


Eins og fram kom í inngangi er skráningu nú lokið á 144 fornleifum á Seljadal, á 71 minjastað. Fornleifarnar eru afar fjölbreytilegar og spanna vítt svið. Bæði hafa þær gegnt fjölbreytilegum hlutverkum og eru frá ýmsum tímabilum. Hér verður fjallað um helstu minjar sem skráðar hafa verið á Seljadal, ástand þeirra og líkleg hlutverk. Yfirferðin hefst á stuttri samantekt um tölfræði minja á dalnum.

Tegundir minja á Seljadal og hlutverk þeirra

Þegar fjallað er um gerðir fornleifa er gjarnan talað um annars vegar *tegund* fornleifa og hins vegar *hlutverk* þeirra. Með *tegund* er í raun átt við hvað sannanir eru tiltækar um hvern minjastað. Í sumum tilfellum sjást engar mannvistarleifar ofan svarðar lengur og þá eru einu vísbendingarnar um minjastaðina ritaðar heimildir, frásagnir eða örnefni. Í öðrum tilfellum finnast áþreifanlegar minjar s.s. tóftir, vörður, götur eða garðlög.

Með “hlutverki minjastaða” er hins vegar átt við hvaða tilgangi fornleifin þjónaði á sínum tíma. *Tegundin* garðlag getur t.d. hafa þjónað ýmsu *hlutverki*, t.d. verið túngarður, vörslugarður, landamerkjagarður eða varnargarður.

Þegar tegundir skráðra minja á Seljadal eru skoðaðar má sjá að víðast hvar á dalnum, eða í nærri 90% tilfella, fundust einhver áþreifanleg merki um þær fornleifar sem þar eru þekktar. Í stuttu máli sagt er því ástand fornleifa á dalnum með eindæmum gott. Algengasta tegund fornleifa á dalnum er



tóftir og þústir en garðlög/gerði og götur eru einnig algengar (sjá skífurit).

Þegar við lítum á hlutverk þeirra minja sem skráðar hafa verið á dalnum má sjá að þau eru mjög fjölbreytileg enda finnast þar ummerki um býli, sel, beitarhús, kolagrafir, mógrafir, landamerkjagarða, leiðir, vöð o.s.frv. Til að einfalda flokkunina var gripið til þess ráðs að flokka saman allar minjar í heimatúnum býla (aðrar en býlin sjálf), setja allar minjar um

Minjaflokkur	Minjar	Einingar
Minjar í heimatúnum	14	18
Samgönguminjar	13	40
Óþekkt hlutverk	11	26
Landnýting í úthögum	10	17
Garðlög - óþekkt hlutverk	6	6
Landamerki	7	8
Annað	4	5
Býli/sel	3	20
Beitarhús/geitakofar/stekkir	3	4
	71	144


Samgöngur saman í annan flokk o.s.frv. Þegar fjöldi minja er skoðaður eftir minjaflokkum má sjá að stærsti flokkur fornleifa á Seljadal er minjar í heimatúnum (um 20% af heildarfjölda). Algengastar slíkra minja eru ýmiskonar útihús en fleiri minjar falla einnig í þennan flokk s.s. brunnar og túngarðar. Af öðrum

minjaflokkum voru ýmiskonar samgönguminjar algengastar (eða um 18%). Slíkar minjar eru oftast leiðir en geta einnig verið vörður, brýr eða vöð. Af öðrum algengum minjum með þekkt hlutverk á Seljadal er helst að nefna minjar um ýmis konar landnýtingu í úthögum (um 14%). Í þann flokk falla t.d. mógrafir, kolagrafir og heystæði á engjasvæðum. Talsverðar leifar um landamerki fundust á dalnum, bæði garðlög og vörður og reyndist þessi minjaflokkur um 10% af heildarfjölda minja. Af öðrum minjastöðum má nefna að á sex stöðum (í um 8% minja) voru skráð umfangsmikil garðlög sem að líkindum eru forn, og sjaldnast hægt að fullyrða mikið um hlutverk þeirra þó að oftast hafi þau líklega markað af landsvæði, ýmist milli jarða eða til að varna fé göngu um ákveðin landsvæði. Auk þeirra flokka sem hér eru upp taldir voru skráð nokkur híbýli (býli/sel) og minjar um fjárbúskap í úthögum (beitarhús/geitakofar/stekkir) en hvor flokkurinn var um 4% af heildarfjölda minja. Ekki var unnt að greina hlutverk um 15% minjastaða á dalnum og var þar oft um að ræða tóft/tóftir sem skrásetjarar gengu fram á en voru alveg óþekktar í heimildum og heimildamenn þekktu ekki deili á. Í sumum tilfellum mátti leiða líkur að hlutverki slíkra mannvirkja ef gerðfræði þeirra og staðsetning gaf vísbendingar um notkun en víða var ekkert hægt að fullyrða um tilgang þeirra.

Á mörgum minjastöðum var, eins og áður er getið, meira en ein stök fornleif eða *eining*. Flestar *einingar* á hverjum stað reyndust í flokknum samgönguminjum þar sem víða voru skráðar varðaðar leiðir með fjöldann allan af vörðum, undir einu minjanúmeri. Allmargar fornleifar voru einnig undir hverju númeri þar sem skráð voru sel. T.d. voru skráðar 12 stakar einingar undir Daðastaðaseli. Af öðrum minjaflokkum þar sem margar, stakar einingar voru skráðar saman á minjastöðum má nefna minjaflokkinn “landnýting í úthögum” en þar voru gjarnan skráðar saman nokkrar kolagrafir í þyrpingum sem og fornleifar með óþekkt hlutverk en ekki var óalgennt að þar væru skráðar saman nokkrar tóftir eða þústir í hnappi, undir einu númeri.

Nánar um minjar á Seljadal

Hættumat var gert fyrir alla staði á vettvangi. Almennt má segja um minjar á Seljadal að þær eru í góðu ástandi og sökum þess að dalurinn er kominn í eyði stafar þeim ekki hætta af framkvæmdum sem gjarnan eiga sér stað á jörðum í byggð. Óverulegir vegaslóðar liggja um dalinn og hann er fjarri alfararleið. Af öllum þessum ástæðum má segja að fornleifum á dalnum stafi lítil sem engin hætta af mannavöldum. Það þarf því ekki að koma á óvart að mikill meirihluti skráðra minja á dalnum, eða um 80%, töldust ekki í neinni hættu. Um 16%



Um 16% minjastaða töldust í hættu og 4% í stórhættu.³ Um alla þessa staði gildir það sama, þ.e. að það er uppblástur og rof sem ógnar tilvist þeirra. Allar þær fornleifar sem töldust í *stórhættu* (þrjár fornleifar) og þrjár af þeim 11 sem töldust í *hættu* eru innan landamerkjja Daðastaða. Minjarnar sem eru í stórhættu eru allar á svipuðum slóðum, í Langaflagi eða nágrenni þess á hálsinum. Samkvæmt landamerkjalyðingu var landamerkjavarða (281:047) áður nálega þar sem Langaflag breiðir úr sér nú. Engin ummerki vörðunnar fundust á vettvangi og má ætla að hún sé að mestu eða fullu horfin í uppblástur og því skilgreind í stórhættu af hans sökum. Hinar fornleifarnar tvær sem í stórhættu töldust eru báðar garðlög (281:049 og 050) ívið Langaflag. Í báðum tilfellum má gera ráð fyrir að stór hluti garðlaganna hafi þegar horfið í uppblástur. Ef ekki verður gripið til aðgerða má ætla að garðlögin kunni að hverfa algjörlega í náinni framtíð.

Þær minjar sem reyndust í hættu í landi Daðastaða á Seljadal eru tvö garðlög í nágrenni Daðastaðasels (281:051-052) sem töldust í hættu vegna uppblásturs. Á sömu slóðum er grjóthrúga eða dys (281:035) sem einnig er ógnað af uppblæstri.

Fjórar minjar töldust í hættu í Narfastaðalandi á Seljadal. Í fyrsta lagi má nefna stórfenglegt garðlag sem liggur allt frá Seljadalsá, upp sunnan við Narfastaðasel og svo meðfram hliðinni ofan við selið og til norðurs allt að Daðastaðaseli (sjá 282:053). Rofof og uppblástur ógnar þessum garði á nokkrum stöðum og er brýnt að reyna að verja garðlagið,

³ Forsendur hættumatsins eru útskýrðar í inngangi að 3. kafla.

enda er það, eins og betur verður fjallað um í næsta kafla, elsta þekktu fornleif dalsins. Annað garðlag (282:010) sem er á merkjum milli Narfastaða og Daðastaða telst einnig í hættu vegna uppblásturs. Þriðja fornleifin í hættu í landi Narfastaða á Seljadal er vörðubrot á merkjum við Stafn (282:014) sem er nú óðum að hverfa í uppblástur. Fjórða og síðasta fornleifin sem taldist í hættu innan merkja Narfastaða á Seljadal eru Kolhólar (282:029) þar sem ætla mætti að kolagrafir leyndust en engin ummerki sjást lengur. Skýringin gæti legið í uppblæstri á þessum slóðum sem er talinn ógna minjastaðnum.

Fjórar minjar eru í hættu vegna rofs í túni Narfastaðasels: Bæjarrústin sjálf (283:001), tvær fjárhústóftir (283:009 og 010) og ein óskilgreind útihústóft að auki (283:004). Í öllum tilvikum stafar rofið af ágangi sauðfjár sem leitar mjög í tóftirnar og mætti auðveldlega koma í veg fyrir það með því að girða svæðið af. Engin af þeim fornleifum sem skráðar voru í Stafnslandi á Seljadal töldust í hættu.

En lítum nú nánar á það hvers lags fornleifar það eru sem leynast í suðurhluta Seljadals að austan og hvaða fróðleik þær fela í sér um landnýtingu, aldur byggðar og tegund búskapar á þessum slóðum. Yfirferðin hefst í syðst á því svæði sem skráð var.

Minjar í landi Stafns á Seljadal

Stafn á land í suðurbotni Seljadals að austan en mun færri fornleifar falla innan landamerkja jarðarinnar en á öðrum þeim jörðum sem skráðar hafa verið á dalnum. Hin fornu garðlög sem liggja víða á skráningarsvæðinu virðast t.d. ekki ná inn í Stafnsland og þar voru skráðar fáar minjar sem hægt er að segja með nokkurri vissu að séu líklega fornar að stofni til.

Algengasti flokkur fornleifa í Stafnslandi á Seljadal eru leiðir og vörður. Fjórar leiðir voru skráðar: Leið frá Stafni að Stöpulseli (284:017), frá Stafni að Heiðarseli (284:021), Nónskarðs-/Brenniásgötur (284:025) sem lágu frá Stafni að Brenniási og Fellshalagötur (284:024) sem voru smala- og heybandsgötur sem sameinuðust Stöpulselsgötum. Á flestum stöðum má enn sjá greinileg ummerki gatnanna. Við leiðina að Stöpulseli var svo skráð Draugaskarð (284:018) þar sem sendingar sem Mývetningar og óvinir þeirra (Kinnungar eða Eyfirðingar) gerðu hverjir öðrum, eiga að hafa mættust.

Þrjár vörður voru skráðar í landareign Stafns á Seljadal og í jaðri hans. Langamelsvarða (284:022) er mikil varða með minni vörðubrot umhverfis. Hún var hlaðin af dönskum landmælingamönnum í tengslum við kortagerð þeirra rétt eftir 1900. Nokkur vörðubrot voru skráð á Vörðuási (284:013) en ekki er vitað um tilgang þeirra, nema að þær hafi verið hlaðnar í tengslum við götuna að Brenniási sem liggur þar skammt hjá. Ekkert er heldur vitað um hlutverk eða aldur vörðu (284:075) austan í Tjaldás en vera má að hún hafi

þjónað hlutverki samgöngubótar og vísað á tjaldstæðið. Engin ummerki fundust um mannvirki á eða við Tjaldás (284:014) og má vera að þar hafi aldrei verið nein varanleg mannvirki þó e.t.v. hafi verið legið þar í tjöldum, t.d. við grasatínslu. Óverulegar hleðsluleifar, líklega frá 20. öld, fundust nálægt Vörðuási og kunna að vera leifar af skotbyrgi.

Áhugaverðustu fornleifarnar í landi Stafns á Seljadal verða án efa að teljast rústir Stöpsulsels, á Selási við bug Seljadalsárinnar. Talsverðar rústir fundust á þessum stað. Annars vegar reyndust þar tvær nokkuð skýrar tóftir, og hins vegar tvær óljósari og mögulegur öskuhaugur. Ofan í aðra yngri tóftina hafði verið byggður smalakofi, sem augljóslega er yngsta byggingarstigið á staðnum. Lítið er hægt að segja um aldur selsins eða umfang seljabúskaparins en þó má leiða líkur að því að selið sé, a.m.k. að stofni til gamalt enda virðist nokkur uppsöfnun á þessu svæði og sumar tóftanna fornlegar. Engar vísbendingar fundust við vettvangsrannsókn né eru til í þekktum heimildum um að nokkru sinni hafi verið varanleg búseta í Stöpsuseli.

Minjar í Narfastaðaseli á Seljadal

Í Narfastaðaseli voru skráðar 19 minjar, í og við heimatún selsins. Aðrar minjar umhverfis, á Seljadal, töldust til Narfastaða og verður þeirra getið hér á eftir. Fornleifar í Narfastaðaseli hljóta að teljast einstaklega skemmtilegar og sjónrænar minjar. Þar fara saman stæðilegar og áberandi minjar frá síðasta búsetuskeiði býlisins og signar og ógreinilegri minjar sem í mörgum tilfellum eru minnisvarðar mun eldri mannvistar. Saman tvinnar þessar minjar langa sögu landnýtingar á þessum slóðum. Í sumum tilfellum var ekki auðvelt að ákvarða hvaða búsetustigi minjarnar tilheyrðu (sem dæmi má nefna að fleira en eitt byggingarstig má greina á túngarði 283:003) en þó eru sumar af þeim tóftum sem sjást á yfirborði, t.d. bæjarleifar og nokkrar útihústóftir í túni, klárlega frá yngsta byggingarskeiði á jörðinni (sjá 283:001, 004, 006, 009, 010, 011, 014, 015 og 016). Fornlegri minjar í túni eru sjálfsagt margar af útihúsum en erfitt er að skera úr um hlutverk án nánari rannsókna. Samtals voru skráðar mannvistarleifar á níu stöðum í Narfastaðatúni sem taldar voru frá eldri skeiðum búsetu (sjá fornleif 283:002, 005, 007, 008, 012, 013, 017, 018 og 019).

Eins og áður segir er erfitt að fullyrða mikið um aldur rústanna í túninu án uppgraffar og oft leynast sjálfsagt mun eldri leifar undir sverði en þær sem sjá má á yfirborði. Sem dæmi má nefna að undir bæjartóftinni er án efa mikið af eldri mannvistarlögum, líklega allt frá fyrstu tíð landnýtingar í á svæðinu. Þar sem afar lítið er vitað um sögu búsetu og selstöðu í Narfastaðaseli var sumarið 2008, ákveðið að taka nokkra könnunarskurði í mannvirki í túninu til að ákvarða aldur tóftanna og hugsanlegt hlutverk þeirra. Skurðir voru grafnir í túngarð

(283:003), kolagröf ofarlega í túninu (283:019) og tvö fornleg mannvirki í túni (283:002 og 013). Skurðurinn sem tekinn var í túngarðinn sýndi, svo ekki varð um villst, að hann var hlaðinn allöngu eftir að gjóska úr Veiðivatnagosi 1717 féll, líklega á 19. öld. Önnur mannvirki reyndust miklu eldri. Könnunarskurður í kolagröfina leiddi í ljós að hún var talsvert eldri en 1300 þegar gjóska úr Heklugosi huldi hana, líklegast frá því fyrir 1200. Könnunarskurðir í rústirnar tvær í túninu (283:013) og (283:002) sýndu einnig að báðar voru komnar úr notkun allöngu áður en H-1300 gjóskan féll. Í hvorugu húsinu fundust gripir en í tóft 283:013 var komið niður á nokkur gólf- og mannvistarlög og þótti innra skipulag hússins eindregið benda til að þar væri fundið skepnuhús, hugsanlega fjós. Tóft 283:002 reyndist niðurgrafið mannvirki en lítið fannst í skurðinum sem skorið gat úr um hlutverk hússins þó ekki sé ólíklegt að það hafi verið skepnuhús.⁴ Þessir könnunarskurðir gefa áhugaverðar vísbendingar um landnýtingu í Narfastaðaseli. Ljóst er að þar hafa menn hafst við allt frá fyrstu öldum byggðar. Enn er ekki unnt að fullyrða um hvort líklega sé að sú búseta hafi allt frá upphafi verið árstíðarbundin en segja má að reynist rétt að þar sé fundið fjós megi túlka það sem vísbendingu um að heilsársbyggð hafi verið í selinu á fyrstu öldum. Frekari könnunarskurðir, t.d. í bæjarhólinn gætu mögulega varpað skýrara ljósi á þetta mál en ljóst er að umtalsverður uppgröftur á bæjarhólnum er ekki fýsilegur kostur þar sem bæjarrústin og hóllinn eru vel varðveittar og sjónrænar minjar sem synd væri að spilla, jafnvel þó að það væri gert í þeim tilgangi að afla frekari upplýsinga um aldur og eðli byggðar.

Minjar í landi Narfastaða á Seljadal

Utan túns í Narfastaðaseli, í landi Narfastaða á Seljadal, voru skráðar fjölbreytilegar minjar sem greinilega spanna hið langa skeið landnýtingar á dalnum. Þar voru t.d. skráðar fimm leiðir: vörðuð leið frá Narfastöðum um Skarð í átt að Gafli og beitarhúsum á Seljadal (282:025), Selstígur (282:042) sem var vörðuð leið frá Narfastöðum að Narfastaðaseli og áfram að Skógarseli, ónefnd gata (282:080) sem legið hefur frá Narfastaðaseli og til suðurs, líklega að beitarhúsum, ónefndir götuslóðar frá beitarhúsum á Seljadal og til suðurs, e.t.v. að Gafli (282:026), og önnur ónefnd gata (282:081) sem legið hefur frá Narfastaðaseli að Daðastaðaseli og áfram til norðurs, líklega út dalinn. Líkt og með aðrar götur á dalnum kunna, a.m.k. sumar þessara leiða að hvíla á gömlum merg þó að þær hafi verið notaðar fram eftir 20. öld. Þó geta götur í Gafli og beitarhúsin tæplega verið eldri en frá 19. og 20. öld þegar mannvirki á áfangastöðunum voru fyrst byggð.

⁴ Þóra Pétursdóttir. 2009.

Í landi Narfastaða á Seljadal voru á nokkrum stöðum skráðar fornleifar sem tengjast landnýtingu. Yngsta fornleifin í þessum hópi er án efa beitarhúsin (282:027) sem samkvæmt sögunni voru byggð á einum degi af Narfastaðaselsbónda og nágrönnum hans um eða eftir 1836.⁵ Nokkru fornlegri, tvískipt tóft (282:055) fannst suðaustan við túnið í Narfastaðaseli. Hún er líklega stekkur frá selinu frá eldri stigum þess. Engar leifar fundust hins vegar um minjar í eða við Geitakofahól (282:028) þó að örnefnið bendi vissulega til geitakofa. Í Tjaldlág (282:059), um 3 km innan við Narfastaðasel, fundust leifar af signu mannvirki og hlóðum. Á þessum slóðum var legið við grös en ekki er vitað hvenær þessi mannvirki voru í notkun. Tvær einfaldar þústir sem skráðar voru í Narfastaðalandi á Seljadal voru taldar af heystæðum (282:075 og 077). Báðar voru signar en ekkert er vitað um aldur þeirra eða nýtingu. Vísbendingar um kolagrafir á fjórum stöðum innan merkja Narfastaða á Seljadal bera vitni um gjörbreytt gróðurfar á þessum slóðum á fyrri öldum. Grafirnar eru vísbendingar um að dalurinn hafi að einhverju eða jafnvel miklu leyti verið skógi vaxinn á árum áður. Leiða má líkum að því að kolagrafirnar kunni flestar eða allar að vera mjög fornar en aðeins er hægt að skera úr um aldur þeirra með skurðgrefti. Kolagröfin, sem þegar er getið um innan vallargarðs selsins og taldist með fornleifum þar, reyndist frá því fyrir 1300 en enn sem komið er, er ekkert hægt að fullyrða um aldur hinna grafanna. Tvær þyrpingar kolagrafa fundust í nágrenni Hólakots sunnan við Narfastaðasel. Annars vegar voru skráðar þrjár grafir á Miðási (282:020) og hins vegar sex grafir á þurru melholti skammt norðan við Hólakot (282:021). Örnefnið Kolhólar (282:029), nálægt merkjum við Daðastaði, bendir til að þar hafi áður verið grafir og þá líklega skógur, en engin ummerki grafanna fundust á vettvangi. Fjórða kolagrafasvæðið (282:005) fannst eftir að vettvangsskráning á Narfastöðum lauk á skámynd sem Árni Einarsson tók sumarið 2004 uppi á Narfastaðahálsi, milli Narfastaða og Narfastaðasels. Þessar grafir hafa ekki verið skoðaðar á vettvangi. Dreifing kolagrafanna bendir til að stór svæði innan marka Narfastaða á Seljadal hafi á fyrri öldum verið skógi vaxin og að sá skógur hafi verið nýttur, annað hvort frá Narfastöðum eða mögulega Narfastaðaseli.

Algengasti minjaflokkurinn í landi Narfastaða á Seljadal voru landamerki. Slíkar leifar voru skráðar á sex stöðum. Í fyrsta lagi ber að nefna fjóra staði þar sem vörður hafa verið reistar á merkjum. Tvær vörður sem voru á merkjum við Stafn virðast alveg horfnar (282:015 og 016) en leifar af þriðju vörðunni (282:014) á sömu merkjum sáust í uppblástursrofi sem og vörðubrot (282:011) sem er á merkjum við Daðastaði. Erfitt er að segja nokkuð um aldur þessara varða. Tvö garðlög, sem bæði má telja mjög forn, voru skráð á merkjum. Annars

⁵ Sjá t.d. Garðar Jakobsson. 1993: 110.

vegar er garður (SP-282:053) sem liggur allt frá Seljadalsá, í boga upp hlíðina sunnan við Narfastaðasel og meðfram heimahögum Narfastaðasels að austan, inn í land Daðastaða og áfram til norðurs ofan við Daðastaðasel, langleiðina að merkjum við Hóla/Breiðumýri. Garðlagið markar því svæði sem er meira en 2 km á lengd og nærri því 1 km á breidd.⁶ Við þennan garð er byggt tígullaga hólfi í landi Daðastaða sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Sumarið 2005 var tekinn skurður í garðlagið, þar sem rof var í hann ofan við Narfastaðasel.⁷ Niðurstöður voru þær að garðurinn hefði verið kominn úr notkun alllöngu áður en gjóska úr Heklugosi 1158 féll. Garður þessi er því, enn sem komið er, elsta þekkta fornleif Seljadals. Frá umræddum garði lá landamerkjagarður (282:010) á merkjum Daðastaða og Narfastaða. Ekkert er vitað um aldur þessa garðs en hann hefur líklega verið byggður á eftir garði 053 enda liggur hann upp að honum en ekki er ástæða til annars en að telja, að órannsökuðu máli, að hann sé frá sama skeiði.

Auk þeirra fornleifa sem hér hafa verið nefndar í landi Narfastaða á Seljadal voru skráðir fimm minjastaðir þar sem lítið sem ekkert er vitað um hlutverk minja. Undir Grásteini fundust óverulegar hleðsluleifar (282:017) í hálfhring sem gætu mögulega verið leifar af einföldum hlóðum, sem kunna að hafa verið gerðar í smalamennsku eða í hjásetu. Aðrar minjar með óþekkt hlutverk voru bæði umfangsmeiri og fornlegri en hlóðirnar. Stök, tvískipt og sigin tóft (282:040) var skráð um 3,6 km sunnan við Narfastaðasel, við landamerki Stafns. Önnur enn óljósari var þar rétt við en þó að útlit tófta bendi til hás aldurs er ekkert hægt að fullyrða um hlutverk eða aldur þeirra. Svipaða sögu er að segja um 4-5 þústir (282:076) sem fundust á Brenniási sunnan við Tjaldlág 059, tæpum 3 km sunnan við Narfastaðasel. Þústirnar eru greinilegar þótt lögun þeirra flestra sé nú mjög óskýr. Allar eru tóftirnar algrónar og hvergi sést í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar tóftir hafa gegnt.

Að lokum ber að geta afar forvitnilegra rústa (282:019) í Narfastaðalandi á Seljadal, nánar tiltekið í Grásteinsási sunnan við Narfastaðasel. Þessar rústir eru á herforingjaráðskorti nefndar Hólakot en nú kannast enginn við það örnefni og það finnst ekki skráð, hvorki í örnefnalýsingu né öðrum heimildum. Á svæðinu fundust samtals sex rústir og varða eða dys. Umfang rústanna bendir til talsverðra umsvifa en engir lækir eða vatnsból eru nálægt rústunum. Mögulegt er að á þessum stað hafi á fyrri öldum verið haft í seli eða hafst við, við nýtingu skógar og kolagerð. Ekki er hægt að útiloka að lítið býli hafi verið á þessum stað en engin garðlög eða annað slíkt fundust í kring sem gæti styrkt tilgátu um varanlega búsetu á

⁶ Reyndar má auðvitað deila um hvort garðurinn sé eiginlegur landamerkjagarður eða vörslugarður þar sem ekki er vitað um hvort land Narfastaðasel var skýrt skilgreint sem sérstök landareign þegar garðurinn var byggður.

⁷ Skurðurinn var hluti af rannsóknarverkefni um forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Sjá Oscar Aldred ofl. 2005.

Þessum stað. Rústirnar eru afar forvitnilegar og er ráðgert að heimsækja þær að nýju sumarið 2009 og grafa skurði til að varpa ljósi á aldur og mögulegt hlutverk þeirra. Skammt frá þessum rústum er enn önnur stakstað rúst sem skiptist í sex hólf og virðist samtíða rústum í Hólakoti. Hún á það einnig sammerkt með þeim að ekkert er vitað um hlutverk hennar eða aldur.

Minjar í landi Daðastaða/Lyngbrekku á Seljadal

Minjar í landi Daðastaða á Seljadal eru af margvíslegum toga. Þar er m.a. að finna götur/hluta af götum frá Daðastöðum og yfir í Narfastaðasel (281:034), frá Daðastöðum yfir að Daðastaðaseli og áfram að Skógarseli (281:033 nefndar Skógarselsgötur), frá Daðastaðaseli og norður og út dalinn (281:015). Að auki liggja götuslóðar (282:081) neðan við Daðastaðasel um endilanga landareignina sem hafa verið hluti af leiðinni út og suður dalinn. Flestar eru þessar götur greinilegar en gætu verið af fornum meiði þó að þær hafi vafalítið verið notaðar fram eftir öldum. Flestar aðrar minjar í landi Daðastaða á Seljadal bera þess merki að þær kunni að vera mjög fornar, ef frá eru taldar þrjár vörður (281:047, 281:035 og 281:036) og svarðargrafir (281:039) nálægt merkjum við Narfastaði. Um aldur varðanna er lítið hægt að fullyrða. Ein þeirra (281:047) var merkjavarða en er nú horfin. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hinar tvær voru hlaðnar. Önnur þeirra (281:035) virðist þó fremur fornleg. Sú er rétt utan við túnjaðar Daðastaðasels og er óljóst í hvaða tilgangi grjót var borið saman á þessum stað og jafnvel ekki loku fyrir það skotið að þarna gæti hafa verið sett saman grjót á kumli. Staðsetningin kemur ágætlega heim við það en varðan er, eins og áður, sagði rétt utan við túnjaðar og við götuslóða en þannig eru kuml iðulega staðsett.⁸

Merkustu minjarnar í Daðastaðalandi á Seljadal hljóta annars vegar að teljast hin fjölmörgu, viðamiklu og fornu garðlög sem þar liggja víða, sem og leifar Daðastaðasels sem bæði eru fornlegar og spennandi. Auk vallargarðs um selið (sem fjallað verður um hér á eftir) fundust leifar af átta garðlögum í landi Daðastaða á Seljadal sem öll virðast forn og tilheyra að líkindum öll því mikla kerfi garðlaga sem liggur víða um sveitir Suður-Þingeyjarsýslu og víða hefur verið aldursgreint til 13. aldar eða fyrr. Garðlögin í landi Daðastaða á Seljadal hafa vafalítið flest gegnt einhvers konar vörsluhlutverki og markað af heimahaga selsins (281:045 að sunnan 281:051 að norðan og 282:053 að austan) og mörk þess við næstu bæi (282:011). Að auki voru skráð nokkur garðlög sem helst virðast hafa verið byggð til að skipta landinu upp í hólf, hugsanlega beitarhólf. Slík er raunin með garðlag sem liggur samsíða garði sem

⁸ Sjá t.d. Adolf Friðriksson. 2009.

girt hefur heimahaga Daðastaðasel (281:052) um 90 m norðar og myndar þannig aflangt hólfr austur-vestur samhliða túngarði að utan. Svipaða sögu er að segja með garðlag sem liggur til norðurs frá Daðastaðaselstúnum, neðarlega (vestast) í dalnum (281:053), garðlag sem liggur til austurs frá garði sem afmarkar austurhlið heimahaga Daðastaðasels (281:050) og garðlag sem liggur norður-suður um 1 km ofar (austar) við garðinn í dalsbotninum (281:049). Bæði garðlögin sem liggja norður-suður ná inn í gamla Hólaland, yfir landamerki, en marka saman ásamt garði sem markar af heimatún Daðastaðasels hólfr sem er a.m.k. um 1000 x 400 m stórt en gæti hafa náð talsvert lengra til norðurs inn í Hólaland þar sem það hefur enn ekki verið rakið. Velta má upp þeim möguleika hvort þessi garðlög hafi markað af heimahaga þess sels/býlis sem nú er þekkt undir heitinu Hólasel (og enn er óskráð). Sé sú raunin þýðir það að Hólasel hafi upprunalega átt land lengra til suðurs en var á síðari öldum. Eins og áður segir eru öll garðlögin í landi Daðastaða á Seljadal fornleg og líklega frá fyrstu öldum byggðar í landinu. Þau gefa sterka vísbendingu um að landnýting á Seljadal hafi hafist snemma. Umfang þeirra má túlka sem vísbendingu um að hafi aðeins verið árstíðabundin búseta í Daðastaðaseli allt frá á fyrstu tíð, þá hafi umfang seljabúskaparins þar verið með allt öðru móti til forna en við þekkjum úr heimildum frá 18. öld.

En lítum þá nánar á seljarústirnar sjálfar. Þær eru afmarkaðar af vallargarði sem er skýr að austan og óljósari, en þó merkjanlegur, á aðrar hliðar. Hann hefur afmarkað svæði sem er um 330 x 220 m stórt. Innan túngarðs og við hann gefur svo að líta á miklar rústir. Af rústunum eru a.m.k. tvær (nefndar A og B) þar sem greinilega er að finna yngra byggingarstig á yfirborði og má ætla að þessar tóftir hafi verið í notkun fram eftir öldum (og hugsanlega allt fram á 18.-19. öld) en aðrar rústir á svæðinu virðast flestar bera vitni um mun eldra byggingarstig. Á báðum þeim rústum þar sem hægt að greina yngra byggingarstig á yfirborði er þó einnig að finna uppsafnaða rústahóla og ólíklegt annað en að eldri mannvistarlög sé að finna undir sverði. Mögulegt er að í rústahól A sé að finna upprunalegt íveruhús enda virtist þar mega greina leifar öskuhags, neðan við hólinn. Aðrar rústir á svæðinu eru fremur fornlegar þó að sumum hafi sýnilega verið viðhaldið lengur en öðrum. Á svæðinu er m.a. stórt og fornlegt gerði, byggt upp við garðlag 281:052, og uppsprettulind. Auk þeirra fornleifa sem hér hafa verið taldar og skráðar voru undir einu og sama númerinu í Daðastaðaseli (281:016) fannst einkennilegt gerði (281:054) ofan við túngarð í Daðastaðaseli við yfirferð skámynda Árna Einarssonar, eftir að vettvangsskráningu lauk. Gerðið er sporöskjulaga og virðist sem að þúst sé í miðju þess. Það er nú hartnær alveg sokkið og ógreinilegt og er líklegast mjög fornt. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það hefur gegnt. Mögulegt er að þetta séu elstu mannvistarleifarnar á svæðinu og þar hafi fyrst verið byggt lítið íveruhús og gerði í kring en

selið síðar fært og stækkað. Ekki er þó hægt að útiloka að gerðið sé nátthagi eða annars konar skepnuaðhald. Auk þeirra fornlegu garðlaga sem þegar er getið í landi Daðastaðasels á Seljadal er enn ótalið gerði um 230 m ofan (austan) við Daðastaðasel, byggt upp við garð sem markar heimalandið að austan (282:053) og fjallað var um í kaflanum um fornleifar í landi Narfastaða. Eins og áður segir hefur könnunarskurður í garðlagið leitt í ljós að það er elsta þekkta fornleif Seljadals og má gera ráð fyrir að gerðið sé samtíða. Það er nálega tígullaga og er um 80 x 40 m stórt. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það hefur þjónað en líklegast verður að telja að það hafi tengst aðhaldi skepna úr selinu.

4. Fornleifaskrá Seljadals

Í kaflanum sem hér fylgir gefur að líta niðurstöður skráningar á Seljadal. Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (MH, GK o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við

Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að neðan sýnir

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

BO-104:025

Gömlugömluhús

tóft

beitarhús

64°29.404N 21°57.216V

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kringu eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygarði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

hætta sem stöðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúruafla

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

hólt


20 m

hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti fornleifar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um..“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður

tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á Seljadal töldust því fæstar í hættu þó að uppblástur og önnur náttúruleg ógn gangi nærri sumum þeirra.

Fornleifaskrá

SP-281 Fornleifar í landi Daðastaða á Seljadal



Fornleifar í landi Daðastaða á Seljadal. Áætluð landamerki sýnd með svartri línu, afmörkun Seljadals sýnd með grænni línu og leiðir með grænblárrí línu. Garðlög eru sýnd með rauðri línu en garðlög sem ekki hafa verið rannsökuð á vettvangi en kortlögð voru af loftmynd, með rauðri brotalínu.

1712: 24 hdr. Konungsjörð. Bænhús var á jörðinni áður fyrr. Er stundum kölluð Dattstaðir [og Dazstaðir] í fornskjöllum og er ein af svokölluðum Reykjadalssjörðum. 26.1.1437 selur Þorsteinn Magnússon Birni Sæmundssyni Dattstaði og fleiri jarðir í Reykjadal "skyldi biornn suara fyrir tuo bænhús er nidvr voru fallen aa dattstodum ok holum upp aa sina peninga." DI IV, 565. 10.10.1463: Björn Sæmundsson gefr með samþykki Sigurðar sonar síns Halli Jónssyni til kaups við Guðnýju Ólafsdóttur jörðina Dattstaði í Einarsstaðarþingum...Sagdi Björn Sæmundsson að garðr sá sem liggir í mirinni fyrir sunnan Hola og gengr upp á ásinne neðan fra ánni. redi landamerkiu midlum jardanna Hola og Dattstada." DI V, 396. Með jörðinni er talin eyðihjáleigan Glettíngstaðir eða Daðastaðagerði. Nýbýlið Lyngbrekka byggt 1932 á 1/2 Daðastöðum.

26.1.1437: Daðastaðir liggja j reykiadal j einarstada þingum; DI IV 565

1919: Tún 4,4 ha. þar af sléttað um 9/10. "Túninu spillir skriðufall úr fjallinu og hefur tekið nærri þriggja daga slátt, sem nú er nokkuð upp vaxið og afræktað. Engjar öngva, nema það sem hent er úr mýrlendum útögum. Úthagar eru bjarglegir og í betra lagi." JÁM XI, 186. Frá austri til vesturs nær landið frá Reykjadalssá vestur yfir hálsinn að Seljadalsá. Bærinn stendur allhátt uppi í hálsinum og voru áður hálfdeigjur og mýrar neðan túns sem nú hafa verið ræstar fram og gerðar að túni. BBSÞ, 395.

SP-281:015 gata leið

65°41.842N 17°24.425V

Greinileg gata liggur til norðurs frá Daðastaðaseli 016. Hún liggur austan við tóft 016F og áfram til norðurs gegnum hlið á garðlögum 053 og 052. Gatan liggur að mestu í lyngmóa.

Greinileg gata og stundum 2-3 samhliða. Þær eru að mestu uppgrónar og voru raktar 2-300 m norður frá selinu en virðast hafa legið áfram, í átt að Hólaseli. Ekki er ósennilegt þær liggja norður allan Seljadal og komi niður mynni hans hér um bil gegnt Einarsstöðum í Reykjadal.


Hættumat: engin hætta

SP-281:016 *Daðastaðasel* tóft+garðlag sel

65°41.661N 17°24.308V

"Svo fer landinu að halla vestur niður að Seljadalsá...Daðastaðasel er þar norðarlega hátt uppi í brekku. Eru tættur þess þar," segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. "Á Daðastaðaseli hafa verið töluverð umsvif til forna, því að þar eru býsna miklir garðar umhverfis og rústahrúgur eru þar allstórar. Mér þykir sennilegt, að málnytta hafi verið kostmikil, þegar ær voru setnar við Smjörhóla [örnefni neðan við Daðastaðasel niðri við Seljadalsá]," segir í örnefnaskrá J.A. Tóftir Daðastaðasels eru á Seljadal, hér um bil gegnt Skógarseli, um 1,6 km norður af Narfastaðaseli og um 1,9 km vestur af bæ 001. Umhverfis er víða lyngmói með vallgrónum hólum í halla mót vestri. Tært uppsprettuauga er um 20 m norðvestur af rústahól A.

Miklar rústir eru á Daðastaðaseli, sýnilega bæði ungar, hugsanlega frá 19. öld, og mjög fornar. Auk þess er fornlegt garðlag austan við rústasvæðið og annað enn ógreinilegra



kann að hafa markað aðrar hliðar þess. Samtals má því áætla að rústasvæðið sé um 300 x 200

m stórt (norður-suður). Hér hefst lýsingin á yngstu rústunum sem eru tvær, enda ber einna mest á þeim þegar að er komið. Rústahóll A er alveg vallgróinn nálægt miðbiki svæðisins. Hann er um 20 x 15 m stór frá austri til vesturs og greinilega upphlaðin mannvistarlæg í honum. Á hólnum er algróin rúst sem er um 12 x 7 m stór austur-vestur, tvískipt og næstum eins og 8 í laginu, austurhólfið minna og líkist tóftin nokkuð stekk. Op er milli hólfa syðst á millivegg og í framhaldi af því dyr á útvegnum. Þústir, sennilega eldri leifar, gægjast undan rústinni að vestan og sunnan; gæti leynst öskuhaugur vestan og neðan við hólinn sem er allt að 2 m hár. Rústahóll B er um 60 m sunnar og örlítið ofar í brekkunni. Hann er allt að 4 m hár ef staðið er við hann að neðanverðu (að vestan). Hóllinn er um 16 x 16 m stór og iðjagrænn. Á honum er einföld rúst í svipuðu ástandi og sú sem er á hól A. Hún er 6 x 4 m og snýr norður-suður með dyr nyrst á vesturhlið. Grillir í einn hleðslustein en annars eru veggir algrónir, um 0,3 m háir. Austan við tóftina vottar fyrir hólfi sem er sýnilega eldra en hún, um 6 x 6 m stórt. Fast NNA við hól B er stakstað tóft, C. Hún er nokkuð lyngvaxin en þó sennilega ekki meðal elstu tófta á svæðinu. Hún er um 7 x 6 m stór austur-vestur með dyr í vestur og mjókkar í þá áttina. Hæð veggja er um 0,6 m. Vestan við þessa tóft og norðan við B er mikið stórhýfi sem gætu verið rústaleifar en svæðið rís mun lægra en rústahóll B. Lækjarsytrur eru bæði neðan við hól A og B. Um 50 m beint austur af rústahól B er fornleg tóft D utan og ofan við garðlag E, sem annars markar rústasvæðið til austurs. Hún er lyngi vaxin og sigin og skiptist í tvennt hið minnsta. Tóftin er alls 18 m löng og 12 m breið mest. Stærri hólfið er norðan til. Það er með skálagi og 13 x 7 m að utanmáli frá norðri til suðurs. Sunnan við það er annar húshluti sem liggur hornrétt á hinn fyrri austur-vestur. Sá skiptist sennilega í þrjú hólfi eins og sýnt er á teikningu. Það vestasta, beint suður



Daðastaðasel og garðlög umhverfis. Garðlög eru merkt með heilli línu en rústir eru innan brotalínu. Myndina tók Arni Einarsson árið 2004.

af skála er óljóst en inn af því gengur L-laga hólfi. Vestur af tóftinni hallar landi til vesturs og er þar býsna slétt allt niður eða austur að túngarði E. Garðurinn hefst um 10 m vestan við

suðurenda tóftar D. Þaðan liggur hann fyrst 90 m til norðvesturs. Garðurinn er siginn og lyngivaxinn, um 3 m breiður og allt að tæpum 1 m á hæð neðri brúnin þar sem best lætur. Við NA horn rústahóls A beygir hann beint í norður. Þessi sérkennilegi krókur á túngarði bendir eindregið til þess að mannvirki hafi staðið þar sem rústahóll A er nú þegar hann var fyrst reistur. Um 40-50 m norður af A virðist mögulegt að gerði hafi verið sambyggt túngarði innanverðum, þar er reglulegt og slétt svæði um 12 x 6 m stórt frá norðri til suðurs en engar eiginlegar veggjahleðslur sjáanlegar. Áfram liggur garðurinn og virðist tengjast SA-horni á fornlegri tóft F en ekki sést hann eftir það. Frá garðsendanum eru 30-40 m að garðlagi 051, en það er þvergarður sem liggur frá norðri til suðurs. Hér má bæta því við að svo virðist sem túngarðurinn hafi einnig legið með suður- og vesturhlið túnsins og a.m.k. hluta norðurhliðar. Þessi ummerki eru hins vegar nær ógreinileg af jörðu niðri ef frá er talinn sá hluti sem legið hefur frá tóft D til vesturs en þar mótast óljóst fyrir hrygg sem sést fyrst um 30 m suðvestur af tóft D og er rekjanlegur rúma 30 m til suðvesturs. Reynt var að áætla lag þessa hluta túngarðs af skámynd Árna Einarssonar. En aftur að tóft F. Hún er nyrst í túni Daðastaðasels, um 15 m sunnan við garð 051 en 10 m austan við gerði G. Hún er um 100 m NNV við rústahól A. Tóftin er fast neðan við hlið á túngarði, á svolitlum hól. Hóll og tóft eru hvort tveggja lyngivaxin og hæð veggja 0,3 m en breidd víða 2 m. Tóftin er sigin, fornleg og aflöng, um 15 X 6 m stór og snýr norður-suður. Hún hefur áreiðanlega ekki verið notuð á yngri byggingarstigum Daðastaðasels. Greinilegir inngangar eru á tóftinni á bæði austur- og vesturvegg en þeir standast ekki alveg á. Út frá suðurgafli opsins á vesturhlið virðist hafa gengið veggur sem þá hefur stúkað af hól syðst í tóftinni (I), 2,5 X 2 m að innanmáli. Út frá norðurgafli ops á austurhlið virðist liggja áþekkur veggur sem þá hefur markað af hól í norðurenda (II), 2 X 1,5 m að innanmáli. Á milli þessara hólfa er svo þriðja hólfið sem báðir inngangar eru að (III) og er það 2,5 X 2 m að innanmáli. Öll snúa hólfin eins og tóftin sjálf. Ekki eru önnur op greinileg. Gerði G er sambyggt við innri túngarðinn 051 að norðan, innan túns. Gerðið er rúmum 100 m norðan við tóft A. Það er í halla til vesturs eins og reyndar túnið allt. Gerðið er byggt við túngarðinn og hlið er á túngarði, að því er virðist, inn í gerðið. Það er 32 X 24 m stórt og snýr austur-vestur. Það er tvískipt. Austara hólfið er um 10 X 17 m að innanmáli og snýr norður-suður en það eystra er 16 X 17 m og snýr eins. Op eru á milli hólfa nyrst á millivegnum en op er einnig á gerðið og túngarð austast á norðurvegg. Gerðið er lyngi vaxið og sigið og ekki meira en 0,4 m á hæð. Veggir eru víða 1,5-2 m á breidd. Auk þeirra mannvistarleifa sem þegar er lýst fundust óljós ummerki um uppsprettu I, um 30 m vestan við vallargarðinn (E) og örfáum metrum norðvestan við rúst A. Óljós þúst K var einnig neðarlega (eða suðvestarlega) í túni Daðastaðasel, tæpum 60 m VSV við þúst B. Önnur óljós þúst, J, var byggð við túngarðinn E að vestan, á milli tófta A og F. Að lokum ber að nefna að lítið gerði eða þúst, H, sem er stutt sunnan við tún, á tungu milli tveggja lækjarspræna. Gerðið hefur snúið eins og dalurinn. Sökum þess hversu óljós mannvirkin eru er lítið hægt að segja um þau eða hlutverk þeirra nema með ítarlegri rannsóknunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2; Ö-Daðastaðir J.A., 1

SP-281:033 Skógarselsgötur gata leið



Skógarselsgötur ofan Daðastaðasels, horft vestur yfir dalinn, að Selimu

65°41.771N 17°23.310V

"Götur, út og upp frá Daðastöðum heita Skógarselsgötur og aðrar suður og upp frá bæ, Narfastaðaselsgötur," segir í örnefnalýsingu. Göturnar hafa legið h.u.b. í beina línu milli bæjanna tveggja. Beint fyrir ofan bæ, á brúninni, sjást tvær vörður. Sú syðri er Nónvarða 012 en nyrðri varðan vísar á Skógarselsgötur. Göturnar liggja um lyngmóa og blásin flög á milli. Göturnar eru ekki greinilegar í hlíðinni ofan við Daðastaði en sjást þegar komið er upp á brún. Þaðan eru þær auðrekjanlegar allt að garðlagi 051 sem er skammt ofan eða austan við Daðastaðasel 016. Göturnar hafa þó legið áfram niður hlíðina og yfir að Skógarseli.

Göturnar eru mjög djúpar og greinilegar og sumstaðar fleiri en ein samhliða. Leiðin virðist hafa verið vörðuð, allavega eystri hlutinn og voru skráðar 4-5 vörður við götuna, sem var rakin á um 900 m löngum kafla, allar unglagar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J, 3

SP-281:034 Narfastaðaselsgötur gata leið

65°41.311N 17°22.403V

"Götur, út og upp frá Daðastöðum heita Skógarselsgötur [033] og aðrar suður og upp frá bæ, Narfastaðaselsgötur," segir í örnefnalýsingu. Götur sem líklega eru Narfastaðaselsgötur sjást ágætlega uppi á hálsi, 400 m norðan við merkjagirðingu milli Narfa- og Daðastaða og um 1,1 km SV af bæ 001. Þær liggja þar yfir fornt garðlag 049. Göturnar liggja að mestu um lyngmóa.

Ekki ber mjög mikið á götunum á þessum stað. Ein eða tvær samhliða og næstum uppgrónar slóðir liggja um móana til suðvesturs. Ekki sjást vörður.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J, 3

SP-281:035 varða óþekkt Grjóthrúga sem er líklega vörðuleifar er um 220 m norðvestan við Daðastaðasel 016A. Hún er um 30 m sunnan við garðlag 053 sem gæti verið vallargarður býlis á þessum slóðum. Götur um dalinn 035 liggja 20 m neðar til norðurs. Grjóthrúgan er á mel sem greinilega hefur einhvern tím blásið talsvert illa þó að nú sé hann farinn að gróa aftur. Hrógan er á miðjum melnum. Allt umhverfis er lyngivaxinn mói í halla til vesturs.

65°41.712N 17°24.580V



Grjóthrúgan, horft til vesturs.

Grjóthrúgan er greinilega sett þarna saman og virðist fremur fornleg. Hún er um 1,5 m í þvermál en framan í hana hefur verið reistur upp á rönd einn fremur flatur steinn, um 40-50 cm í þvermál. Ekki er útilokað að þetta gætu verið leifar af kumli en varða er þó líklegri skýring.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:036 varða óþekkt Varða er uppi á hálsi Seljadalsmegin heldur sunnar en gegnt suðurenda Skógarselstúns. Hún er um 450 m suðaustur af Daðastaðaseli 016, fast vestan við fornlegt garðlag 044. Sléttur lyngmói og víða rof í kring á háhálsinum.


65°41.465N 17°23.834V

Ekki eiginleg hleðsla heldur steinahrúga og ekki víst að hún sé mjög gömul því botninn er illa gróinn. Alls eru um 10 steinar í hrúgunni sem er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m há.

Hættumat: engin hætta



SP-281:039 Svarðargrafir náma mógrafir 65°41.121N 17°24.350V



Svarðargrafirnar afmarkaðar með rauðri línu

"Engin örnefni þekki ég á Seljadal nema Svarðgrafir eru syðst í landinu norðan Kolhóla í Narfastaðalandi. Þær voru nýttar úr Narfastaðaseli og jafnvel Skógarseli," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru skammt norðan við merki móti Narfastöðum, rétt neðan við mót mýrar og móa. Þetta er tæpa 700 m norður af Narfastaðseli og um 1 km suður af Daðastaðaseli 016. Umhverfis er flatt mýrlendi.


Mógrafirnar virðast ekki gamlar. Þær eru með greinilega niðurstungnar brúnir, alls um 25 x 12 m stórar norður-suður en óstungin grastunga gengur út í þær miðjar úr austri. Norðan tungunnar eru grafirnar dýpstar, allt að 1,6 m. Stórt, gróið hrúgald er sunnarlega í gröfunum og sunnan við þær rennur lækur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Daðastaðir J.A.

SP-281:045 garðlag óþekkt

65°41.441N 17°24.209V



Garðlag 045. Sjá má hvar garðlagið liggur úr flagi til vesturs, niður hliðina. Ljósmynd Arni Einarsson.

Mjög fornlegt og illa farið garðlag liggur til vesturs niður frá garðlagi 282:053 um 350 m sunnan við Daðastaðasel og stefnir heldur sunnar en á skurð sem markar Skógarselstún að sunnanverðu handan Seljadalsár. Garðlagið liggur að mestu um lyngmóa.

Garðurinn er illa farinn og ógreinilegur. Hann sést ekki í mýrinni næst Seljadalsá en birtist í brekkurótum á að giska rúma 100 m austan árbakkans. Þaðan liggur hann upp brekkuna í grunnu gildragi sem er mikið rofið og gæti raunar verið tilkomið vegna efnistöku í garðinn. Dragið er allt að 20 m breitt en garðurinn sjálfur mest um 6-7 m breiddur og 0,6 m hár. Sumstaðar er hann rofinn í miðju og víða alveg horfinn á köflum. Alls hefur garðurinn verið um 300 m langur (og raunar lengri hafi hann náð alla leið að ánni) en sést þó illa á köflum.

Hættumat: engin hætta

SP-281:047 Merkisvarða heimild um landamerki 65°41.997N 17°23.736V

"Að norðan forn landamerki á milli Daðastaða og Hóla (nú Kárhóls) frá Reykjadalssá, rétt sunnan við Merkjaness, til vesturs um fornan landamerkjagarð [037], er enn sér fyrir, og merkjavörðu í brún í Langaflagi....," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Hallgrími Þorgilssyni er þetta sama varða og getið er um í örnefnaskrá Þorgils Jónssonar en í henni segir: "Fyrir ofan brún eða efst í henni á suðurmerkjum er Merkjasteinn, en þar ofar á hálsinum heitir

Bunga. Á norðurmerkjum er Merkisvarða.", segir í örnefnaskrá. Merkjavarðan er horfin. Þar sem landamerkjagarður hefur náð í Langaflag er nú allt blásið og hvergi vörðu að sjá enda er hún sjálfsagt löngu horfin í flagið.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J. , 1, Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka og 2 Landamerkjaskrá frá 1889.

SP-281:049 garðlag óþekkt

65°41.829N 17°23.631V

Garðlag liggur úr Langaflagi til suðurs þar sem uppblæstrinum sleppir og alls um 230 m að næsta uppblásturssvæði sunnan við. Bíslóði liggur á garðinum á þessum kafla. Uppblásturssvæðið liggur austur-vestur en ekki er hægt að sjá neinar leifar af garðlaginu sunnan við það og er helst eins og hann hafi beygt á þessum stað og legið þaðan til vesturs. Nokkru vestar sjást einmitt garðleifar í þá stefnu (sjá 050). Garðurinn liggur um lyngi vaxna heiði, ofan á honum er bíslóði.



Garður 049, horft til suðurs. á miðjum garðinum liggur bíslóði en dældir má sjá beggja vegna við hann.

Garðurinn er lyngi vaxinn og mest um 0,8 m hár en víðast lægri eða 0,5-0,6 m. Hann er allt að 8-10 m breiður en 230

m langur. Hann hefur hins vegar upprunalega sjálfsagt verið miklu lengri og e.t.v. legið eftir mestallri heiðinni. Langaflag gefur líklega vísbendingu um legu hans en af því að dæma kann garðurinn að hafa verið a.m.k. 2 km langur og hugsanlega talsvert lengri.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SP-281:050 garðlag óþekkt

65°41.783N 17°23.803V

Þar sem garðlag 049 endar í flagi er erfitt að sjá nokkuð framhald garðakerfisins en flagið sjálft gæti gefið vísbendingu. Ekkert framhald er af garði 049 sunnan flags og líklegast verður að telja að garðurinn hafi beygt þar til vesturs. Þannig snýr flagið og svo langt sem það nær sjást engin ummerki um garðlag. Þar sem flaginu sleppir, í raun á milli tveggja flaga má hins vegar sjá stuttan bít af garði sem snýr austur-vestur og endar í flagi til beggja enda. Lyngi vaxinn mói, en talsvert er af uppblástursflögum inn á milli.



Garðlagið þar sem það sést á milli flaga. Lag garðlagsins sýnd með rauðri línu

Garðurinn er 15-20 m langur og 3-4 m á breidd. Hann er 0,3 m á hæð og lyngivaxinn. Ef gert er ráð fyrir að garðurinn hafi náð frá suðurenda garðs 049 og að garði 282:053 sem er ofan við Daðastadasel 016 má áætla að hann hafi verið um 300 m langur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SP-281:051 garðlag óþekkt



Garðlag 051, horft til vesturs. Samsíða til hægri má sjá hluta af garðlagi 052 en þau sameinast vestast á mynd. Ljósmynd: Árni Einarsson

65°41.740N 17°24.831V

Um 125 m utan (norðan) við Daðastaðasel 016A gengur garðlag austur-vestur upp hlíðina. Þetta garðlag endar í þvergarði 282:053 til austurs. Annað garðlag sem liggur eins 052 er um 20-90 m norðar. Garðurinn liggur í lyngi vaxinni hlíð sem hallar til vesturs.

Garðlagið er um 640 m langt en virðist hafa legið að garðlagi 052 austast og sameinast því áður en það liggur yfir mýrarnar í botni Seljadals og austur að Seljadalsá. Garðlagið er víðast 2,5-3,5 m á breidd en nær allt að 8 m breidd á kafla. Garðlagið er 0,2-0,3 m á hæð. Það er lyngi vaxið. Líklegast er að garðlög 045, 051, 052 og 282:053 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:052 garðlag óþekkt

Um 210 m ofan (norðan) við Daðastaðasel (tóft A) gengur garðlag austur-vestur upp hlíðina.



Garðlag 052, horft til vesturs

65°41.794N 17°24.031V

Þetta garðlag endar í langgarði 282:053 til austurs, þó réttar væri e.t.v. að tala um að garðlagið beygi. Annað garðlag sem liggur eins 051 er á bilinu 20-90 m sunnar. Garðurinn liggur í lyngi vaxinni hlíð sem hallar til vesturs.

Garðlagið er vel greinilegt á um 620 kafla, frá horninu (við 282:053) og alla leið að austurbrún mýra í Seljadal. Þar má þó sjá óljósa línu í framhaldinu og er greinilegt að garðurinn hefur náð yfir mýrina og allt að Seljadalsá.

Samkvæmt því hefur garðurinn

þá verið um 850 m langur. Garðlagið er víðast 2,5-3,5 m á breidd en nær þó mest allt að 10 m breidd allra austast, áður en það hverfur í mýrina. Það er 0,2-0,3 m á hæð allra austast. Á köflum sjást skurðir vel beggja vegna við hann. Líklegast er að garðlög 045, 051, 052 og 282:053 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels.



*Garðlag 052, horft til suðvesturs. Á myndinni sést vel hvar garðurinn og garður 282:053 mynda horn.
Ljósmynd: Árni Einarsson*

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:053 garðlag óþekkt

Af loftmyndum sem teknar voru á Seljadal í júlí 2004 virðist sem garðlag hafi legið frá vesturenda garðlags 052. Garðlagið virðist liggja nokkuð beint til norðurs og hafa náð norður fyrir merki. Garðlagið liggur neðst í hlíðinni ekki langt frá Seljadalsá.

Af loftmyndinni að dæma virðist garðlagið liggja neðan við brekkurætur og að hluta til í mýrlendi. Það virðist vera grasi gróið og ekki er ólíklegt að það sé hluti af hinu þetta kerfi fornra garða sem víða má finna á dalnum. Garðlagið var ekki skoðað á vettvangi sumarið 2008.

Hættumat: engin hætta



*Garðlag 053 er neðst á mynd, frá vesturenda garðlags 052/053.
Horft til ANA. Ljósmynd: Árni Einarsson*

SP-281:054 gerði óþekkt

Af skámynd Árna Einarssonar sem tekin var af Daðastaðaseli og nágrenni sumarið 2004 má



*Hið meinta gerði. Á vinstri mynd hefur lína verið dregin umhverfis gerðið en hægri mynd sýnir gerðið í nærmynd.
Ljósmynd: Árni Einarsson*


sjá mjög óljós ummerki ofan við túnin í Daðastaðaseli. Svo virðist sem 40-60 m ofan við tóft 016d sé að finna sporöskjulaga gerði í hlíðinni ofan við selið. Gerðið virðist sporöskjulaga og virðist lyngi vaxið þýfi innan þess, sérstaklega í suðvestari hluta þess. Það er í halla til vesturs.

Gerðið virðist mjög óljóst og næstum því falla alveg inn í landið. Af loftmyndinni að dæma er það sporöskjulaga og má giska á að það hafi verið 70-90 m á lengd en 40-60 m á breidd. Það snýr NNA-SSV. Hugsanlegt er að e.k. þúst sé í gerðinu miðju en ekki er það greinilegt á loftmyndinni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Skámynd Árna Einarssonar frá 2004, nr. F1000013

SP-282 Fornleifar í landi Narfastaða á Seljadal



Fornleifar í landi Narfastaða á Seljadal. Áætluð landamerki sýnd með svartri línu, afmörkun Seljadals sýnd með grænni línu og leiðir með grænblárrí línu. Garðlög eru sýnd með rauðri línu en garðlög sem ekki hafa verið rannsökuð á vettvangi en kortlögð voru af lofmynd, með rauðri brotalínu.

1712: 30 hdr. og meðtaldar eru eyðihjáleigurnar Ytragerði og Syðragerði. „Narfastada Sel [SP-283] heitir selstaða heimajarðarinnar á Seljadalnum,..“ JÁM XI, 186-87. Narfastaðir B: Árið 1977 voru reist á jörðinni hús og 1/2 Narfastaðir teknir á leigu. Narfastaða er fyrst getið 6. maí árið 1536 en þá seldi Ari lögmaður Jónsson Páli Grímssyni nokkrar jarðir og fékk í staðinn m.a. Narfastaði. DI IX, 766.

1919: Tún 5,1 ha. sléttun um 9/10 (óskýrt). "Engjar öngvar, nema hvað hent er í úthögum innan um víðirunna. Úthagar eru góðir og miklir." JÁM XI, 186. Bærinn stendur norðan undir Narfastaðafelli, sem er bratt austan allt niður að Reykjadalssá. Í brekkunni er birkiskógur. Suður og suðvestur frá bænum er hallalítil brekka upp á fellið og vestan við bæinn er lágur háls. Landið er víðáttumikið og mjög vel gróið. Segja má að túnræktarmöguleikar skipti hundruðum ha. BBSÞ, 392. Hér er eini skógurinn vestan ár í Reykjadal sem getið er í Jarðabók Árna og Páls árið 1712.

SP-282:005 heimild um kolagröf

Á lágflugsloftmyndum sem Árni Einarsson hefur tekið sjást kolagrafir uppi á Narfastaðahálsi, milli Narfastaða og Narfastaðasels. Þessar grafir hafa ekki verið skoðaðar á vettvangi. Þurrt mólendi og sumstaðar uppblástur.

SP-282:010 *Garður* garðlag landamerki

65°41.026N 17°24.660V



Garður 010 í Kolhólalág, horft í norðaustur

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður (með vörðu [nr. 011] úr grjóti), sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum skammt utan við Narfastaðasel [SP-283:001] og allt austur á háls," segir í örnefnaskrá. Garður þessi er á norðurmerkjum Narfastaða, á móti Lyngbrekku. Hann á upptök sín við Seljadalsá, um 850 m norðvestur af Narfastaðaseli.

Garðurinn liggur í fyrstu um mýri, vestast, en síðan um gróið gil í lyngmóa.

Vesturendi garðsins er við Seljadalsá,

frammi á nokkuð háum bakka. Næst ánni sést þó fremur dæld en upphleðsla fyrstu 15-20 metrana, líklega pæla en sjálfur garðurinn er mjög sokkinn í mýrina. Rétt aðeins örlar á honum en þó mjög óljóst um 110 m til austurs þaðan sem pælan endar. Hann sést einkum vegna gróðurbreytinga en rís nánast ekkert yfir mýrina, sést líklega best úr fjarska í kvöldbirtu og á loftmyndum. Eftir 110 m liggur hann upp á holt og verður þá alveg greinilegur, allt að 3-4 m breiður. Þá hverfur hann á 20 m kafla en sést á ný í Kolhólalág, fyrst í örlítilli sveigju úr norðvestri en stefnir svo beint upp lágina til austurs. Hann er þar allt að 4 m breiður og nær mest um 1 m hæð en miklar dældir eða pælar eru beggja megin við hann víðast hvar. Séu þær taldar með er breidd garðsins allt að 7 m. Ofan við lágina er blásið melholt og þar fjarar garðurinn smám saman út og hverfur loks alveg. Á þeim stað eru nálægt 800 m að Seljadalsá. Þess má geta að skammt sunnar liggur annar garður, 053, suður hæðina og virðist líklegt að hann hafi komið í framhaldi af þessum þótt ekki sé það ótvírætt. Staðsetning garðsins niður í láginni er nokkuð óvenjuleg, enda algengara að slíkir garðar annaðhvort endi við slík náttúruleg landamæri ellegar fylgi fremur brúnum þeirra en botnum til að þjóna betur sem aðhöld. Hugsanlega hefur aðgengi að hleðslufni ráðið þar nokkru en jarðvegur niður í

láginni er mjúkur en skammt niður á mel beggja megin við hana. Garðurinn er óvenju voldugur ofan í Kolhólaláginni og gæti hafa verið hlaðinn upp þar í seinni tíð þótt ekki sé það alveg augljóst.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:011 varða landamerki 65°41.113N 17°23.798V

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður [010] (með vörðu úr grjóti), sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum [029] skammt utan við Narfastaðasel [SP- 283:001] og allt austur á háls," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er nálægt horni garðs 010 þar sem hann kemur upp úr Kolhólalág og tekur að sveigja í suðurátt. Lyngholt en blásnir melar í kring.

Varðan er steinahrúga sem getur vart talist hleðsla. Hún samanstendur af um 20 grjóthnullungum. Hún er alveg ógróin og um 0,6 m í þvermál. Lítil varða er um 170 m austar og ekki útilokað að átt sé við hana í örnefnalýsingu. Hún er líkast til á merkjum, enda í stefnu beint austur af garðinum. Þessi varða er einnig alveg hrunin en ógróin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:014 varða landamerki 65°38.754N 17°20.828V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni [SP-284] Merkigarður frá Reykjadalsá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkjagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) [015] við Rauðslækjarbotn," segir í örnefnaskrá. Varðan er norðarlega á Langamel um 3,5 km SSV við bæ 001 og um 30 m sunnan við norðurjaðar rofs á Langamel. Umhverfis vörðuna er örfoka land, en annars eru lyngivaxnir móar allt í kring.



Vörðubrot 014, horft í austur

Varðan er hrunin en greinileg.

Steinadreifin nær yfir 1,8 X 1,5 m svæði og er mest 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:015 heimild um landamerki 65°38.667N 17°22.610V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni Merkigarður frá Reykjadalsá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkjagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu [014] nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) við Rauðslækjarbotn," segir í örnefnaskrá. Varðan við Rauðslækjarbotn er horfin en líklegast hefur hún verið á holtunum ofan við botnana. Hún var um 3,6 km í beina loftlínu SSV við bæ 001.

Í suðurenda lyngi vaxins holts sem liggur norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:016 heimild landamerki 65°38.726N 17°21.399V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni [SP-284] Merkgarður [013] frá Reykjadalssá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkjagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu [014] nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) [015] við Rauðslækjarbotn. Þá Rauðslækur ofan í Seljadalsá. Einnig vörðubrot á merkjum að vestan," segir í örnefnaskrá. Ekki er nákvæmlega vitað við hvað er átt með "vörðubroti á merkjum að vestan". Seljadalsá ræður merkjum alveg að vestan. Hreiðar Karlsson telur að hugsanlega eigi setningin við vörðu sem var á milli vörðu við Rauðslækjarbotna 015 og á Langamel. Hefur sú varða verið um 3,3 km SSV við bæ 001 en um 440 m vestan við vörðu á Langamel 014.


Engin varða sést nú á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

SP-282:017 hleðsla óþekkt

65°39.839N 17°22.664V



"Úr henni [Grásteinsmýri] kemur Pollalækurinn sem fyrr var nefndur og fellur til vesturs norðan við Beitarhúsin [027]. Rétt suður og austur af mýrinni er allstór steinn, sem heitir Grásteinn, og gefur hann mýrinni nafn," segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er rúma 700 m austur af beitarhúsunum. Farið er framhjá honum ef götum 025 milli Narfastaða og beitarhúsa 027 er fylgt. Sunnan undir steininum er lausagrjót, hugsanlega leifar af lítilli hleðslu.

Grásteinn er á holti í austurjaðri mýrar og sést vel að, hefur því væntanlega verið mikið notað

kennileiti á annars kennileitasnauðu fellinu. Hann er rúmur metri á hæð og skjól fyrir norðanátt við hann að sunnan.

Gróinn blettur er undir steininum. Grjóthleðslan er fast upp við steininn, líkt og litlum steinum hafi verið raðað í rúmlega hálfhring, tæpir 40 sm á kant. Gróið er yfir hleðsluna að mestu en geta má þess til að einhver hafi gert sér einfaldar hlóðir á staðnum, e.t.v. í smalamennsku eða í hjásetu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3


SP-282:019 Hólakot? tóftir óþekkt

65°39.634N 17°22.440V

"Skarð nefnist slakkinn milli Narfastaðaháls og Narfastaðafells...Sunnar og austar, eða nánar sagt vestast [?] í skarðinu ...er...Grásteinsmýri...Rétt suður og austur af mýrinni er allstór steinn, sem heitir Grásteinn...Suðaustur af honum gengur ás,..Grásteinsás...Vestan í Grásteinsásnum, nærri nyrzt, eru nokkrar tóftir eða rústir af einhvers konar mannvirkjum eða húsum. Rústirnar virðast fornar, en ekkert er vitað um sögu þeirra, heiti né aldur," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru u.þ.b. 500 m suður af Grásteini og 1,9 km suðvestur af bæ 001. Þess má geta að á korti herforingjaráðs er merkt "Hólakot" á þessum stað en nú kannast enginn við það örnefni og það finnst ekki skráð, hvorki í örnefnalýsingu né öðrum heimildum. Í neðanmálgrein í örnefnalýsingu segir: "Ragnar Árnason frá Skógarseli skoðaði rústirnar og gerði upprátt af þeim (1998)."

Tóftirnar eru í þýfðum lyngmóa, vesturjaðri Grásteinsáss. Suðvestan við hann er blásinn ás, nefndur Flagás og norðan hans, beint neðan við rústirnar er mýri. Engir lækir eða vatnsból eru nálægt rústumum.

Staðurinn var fyrst skoðaður 2004 og fundust þá fjórar tóftir og varða (sjá A, B, C, D og E). Árið 2008 var aftur farið á staðinn og fundust þá tvær tóftir til viðbótar (F og G) á svæðinu en að auki önnur tóft um 300 m í burtu og var hún skráð undir sérstöku númeri (sjá 282:083). Í skráningu frá 2004 segir: Auk tóftanna eru nokkrar kolagrafir á svæðinu (sjá 021). Tóftirnar ná yfir svæði sem er um 55 x 40 m stórt. Tóftunum verður hér lýst hverri fyrir sig og fær hvert mannvirki bókstaf. Allar tóftirnar eru mjög fornlegar og lyngi vaxnar,



veggir mjög bólgnir og sér hvernigi í grjót í þeim. Tóft (A) er stærst og mest. Hún er vestust tóftanna, reist utan í brún. Hún er 19 x 12 m stór og snýr norður-suður en sléttur kampur er neðan við hana, dældalaus og alls ekki ljóst hvort ber að telja hann með rústinni. Að honum meðtöldum er tóftin alls 19-20 m breið. Ytri brúnir veggja renna saman við móann umhverfis og veggir eru mjög bólgnir. Alls má greina þrjú hólf í tóftinni. Syðst í henni er sporöskju- eða hringlaga hólf, um 4 m í þvermál að innanverðu. Frá því virðist op til norðurs, yfir í aflangt hólf eða skoru sem gengur allt til norðurenda tóftarinnar, alls um 9 x 2-3 m stórt. Hugsanlega hafa verið op á tveimur stöðum á því, annars vegar syðst á vesturvegg og hins vegar nyrst. Út frá norðurendanum gengur líkt og afhýsi til austurs en það er fremur óskýrt. Dæld sést þar í, 2-3 m í þvermál og gætu hafa verið dyr í suður eða suðaustur. Tóft (B) er 25-30 m austur. Hún er einföld, 8 x 7 m stór en mög sigrin. Hún er nærri sporöskjulaga en dyr sjást ekki á henni. Veggir eru allt að 2-3 m breiðir. Tóft (C) er 18 m suður af (B). Hún er 6 x 8 m stór, óljós og einkum að sunnan þar sem hún fjarar út í móann. Hún virðist einföld, dyr hafa sennilega snúið í suður. Veggjahæð er ekki nema um 0,2 m þar sem mest er en

veggjaþykkt um 1,5 m. Að lokum er tóft (D) nyrst á svæðinu, 20 m norður af (B). Hún er 14 x 10 m stór frá norðri til suðurs og hefur líklega skipst í þrjú hólf. Eitt greinilegt hólf er í vesturhlutanum, um 8 x 3 m að innanmáli og liggur eins og rústin, norður-suður. Þar vex fjalldrapi og lágt kjarr. Dyr hafa verið úr þessu hólf til suðvesturs. Austurhluti tóftarinnar er mun ógreinilegri, þó eru þar að líkindum tvö hólf, hvort um sig um 2 x 1 m að stærð frá norðri til suðurs. Um 200 VSV af rústunum, á Flagásnum sem er með blásnum mel í kalli, sjást leifar af grjóthlöðnu mannvirki (E), e.t.v. vörðu en þó gæti steinum hugsanlega hafa verið hlaðið saman í öðrum tilgangi. Ekki stendur steinn yfir steini og flestir steinanna eru raunar sokknir ofan í melinn. Þeir mynda hér um bil sporöskjulaga stall, sem er um 1 m í þvermál. Árið 2008 fundust, eins og áður segir tvær tóftir til viðbótar við þá tóftaþyrpingu sem lýst er að ofan og með þeim verður rústasvæðið samtals 95 x 50 m stórt og snýr norður-suður. Tóftunum tveimur sem bættust við er hér gefnir bókstafirnir F og G. Tóft F er í lágri brekku til vestur, um 60 m SV við tóft A en 50 m SA við tóft C. Tóftin er 12 X 4 m stór og snýr norður-suður. Eftir henni endilangri virðist ganga garði og op er á miðjum suðurvegg. Tóftin er einföld og mest 0,2 m á hæð, hún er kjarri vaxin og útflött þannig að erfitt er að greina hana



Stefán Ólafsson skoðar tóft G

af jörðu niðri. Garðinn sem gengur eftir henni endilangri er 0,8-1 m á breidd. Austurveggur tóftarinnar er greinilegastur. Veggir eru víða um 1,2 m á þykkt. Tóft G er um 25 m SSA við tóft A en 40 m ANA við tóft F. Hún er 12 X 6 m stór og snýr norður-suður. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf, annars vegar stórt hólf að norðan sem snýr eins og tóftin. Í því virðist vera garði að hluta og op hefur

verið á norðurvegg. Sunnar er lítið hólf og er innangengt úr nyrðra hólfinu í það syðra en einnig virðist hafa verið op á vesturvegg þess. Tóftin er sigin og veggir hennar eru þykkir eða um 1,3 m á hæð. Hæð veggja er um 0,2 m utanfrá en frá innri brún og að gólfu eru þeir um 0,6 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,3

SB-282:020 gryfja kolagröf

65°39.665N 17°22.009V

Nokkrar kolagrafir eru á Miðási. Sú syðsta sem skoðuð var á vettvangi er um 240 m austan við tóftir 019 á Grásteinsás og 270 m norðaustur af heystæðistöft 077. Harðlent lyngmóaholt. Hvergi sést skógur í grennd.

Alls fundust þrjár kolagrafir á holtinu. Staðsetningu þeirrar syðstu var þegar lýst, næsta gröf er um 80 m NNV af henni og sú þriðja um 150 m NNV af þeirri í miðið. Allar eru þær mjög greinilegar og áreiðanlega manngerðar gryfjur, líkar að lögun og gerð. Þær eru um 1 m í þvermál og mest um 0,5 m djúpar, algrónar í hliðum jafnt sem botni. Ekki sjást upphleðslur eða kragar á börmum þeirra. Gengið var eftir öllum Miðásnum og ekki sáust fleiri grafir en þessar. Fleiri kolagrafir eru hins vegar nyrst á Grásteinsási, sbr. 021.

Hættumat: engin hætta



Kolagröf á Miðási, horft í suður

SB-282:021 gryfja kolagröf

65°39.721N 17°22.455V

Nokkrar kolagrafir eru norðan og austan við tóftir 019. Sú fyrsta sem hér verður lýst er 60 m austan við tóft 019d. Þurrt móaholt, fremur harðlent.

Sex kolagrafir fundust á svæðinu og verður hér lýst stuttlega hverri fyrir sig. (A) er tæpa 60 m austur af tóft 019d, uppi á háholtinu. Hún er rúmlega 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m djúp. (B) er rétt rúma 100 m norðvestur af (A). Hún er alveg greinileg, 2 x 1 m stór frá norðri til suðurs og um 0,1 m djúp. (C) er tæpa 60 m NNV af (B) og tæpum 50 m norðan við hana eru þrjár grafir til viðbótar, (D)-(F) í nokkurn veginn beina línu frá austri til vesturs. Þær á bilinu 1-2 m í þvermál, sporöskjulaga en ekki sjást hleðslur eða uppkast uppi á brúnum þeirra. Allar eru þær á bilinu 0,1-0,4 m djúpar og algrónar lyngi og grasi. Alls er svæðið um 240 x 55 m stórt frá norðvestri til suðausturs.

Hættumat: engin hætta



Hreiðar Karlsson virðir fyrir sér kolagröf, sjá 021, horft í suðvestur



Varða við Skarðsgötur austan Strýtu, horft í vestur

Förum upp í Skarðið [milli Narfastaðaháls og Narfastaðafells]: "Rétt austur af Grásteinsmýri, skammt frá Grásteini er varða sem heitir Strýta og Blaðstýfing austar; þar var reist upp hella. Litlistrákur er norður af Miðás og Stóristrákur norður af Fellsás, er síðar getur. Þetta eru vörður á leiðinni yfir Skarðið, sem kölluð er Skarðsgötur. Austar eru Kerling, Hrókur og Gamlavarða, röð þeirra óviss." Síðar í sömu skrá segir: "Ofan við Efribrún er Vörðuás, sem er gróinn ás...Syðst á honum við Skarðsgötur er Gamlavarða. Suðvestur um Skarðið liggja götur og stígar (Skarðsgötur). Þær greinast

vestast í Skarðinu í átt að Gafli og Beitarhúsum [sjá 027]. Þessar götur voru fyrrum fjölfarnar við smalamennsku og hjásetu og merktar með mörgum vörðum. Áður var nefnd Gamlavarða, en vestar koma vörður, sem heita Hrókur, Kerling, Stóristrákur og Litlistrákur (röðin óviss)." Götur þessar lágu heiman frá bæ 001, skáhallt upp Narfastaðahálsinn til suðvesturs og áfram yfir skarðið. Þær sjást ekki í hliðinni næst bæ en verða greinilegar þegar komið er 7-800 m suðvestur af bæjarhól 001, um 210 m suður af Þrívörðum 038. Göturnar liggja að mestu um lyngmóa.

Göturnar eru mjög greinilegar og færast í aukana eftir því sem ofar dregur. Í fyrstu sjást aðeins 2-3 götuslóðar en ofar, í Skarðinu, miklu meiri götur. Þær fara þó að verða óljósar við Grástein, sjá 017. Leiðin hefur verið vörðuð í skarðinu og báru margar vörðurnar nöfn eins og sést af örnefnalýsingu. Ekki er þó gott að koma öllum nöfnunum heim og saman, enda hefur röðin ruglast, m.a. af því að nafnlausar vörður eru inn á milli nafngreindra. Samkvæmt örnefnalýsingu heitir vestasta varðan, næst Grásteini, Strýta. Hún er 60-70 m austan við Grástein, á lyngi vöxnu holti. Varðan er ekki eiginleg hleðsla heldur aðeins ein hella, reist upp á rönd og stingst hún ofan í fuglapúfu sem er rofin að norðvestanverðu. Einn steinn er henni til stuðnings að norðaustan og annar flatur að sunnan. Næsta varða er um 280 m austar. Hún er lík Strýtu að gerð, úr fjórum hellum og hefur sú stærsta, um 30 sm há, verið reist upp á rönd en hinar hellurnar styðja við hana. Þetta er þó ekki Blaðstýfing, eins og vænta mætti af lýsingunni, enda mun hún fallin nær Strýtu en til stendur að endurreisa hana. Vörðurnar tvær skera sig nokkuð frá hinum vörðunum austar. Þær eiga það sammerkt að minni vinna hefur verið að koma þeim upp en venjulegum vörðum og minna grjót þurft til verksins. Þrátt fyrir það sjást þær síst verr en hinar vörðurnar austar. Næsta varða er tæpa 150 m norðaustur af nafnlausu vörðunni og hugsanlegt að það sé annaðhvort Litli- eða Stóristrákur sem örnefnalýsing getur um. Líklega hafa göturnar klofnað á þessum stað því að vörður halda áfram, annars vegar í norðaustur og hins vegar í suður en ekki er sú leið þekkt í dag. A.m.k. tvær vörður til viðbótar virðast marka óljósar götur í þá áttina, suður eftir Narfastaðafelli. Næsta varða austan við meintan Stóra- eða Litlastrák er nokkuð sérkennileg, nokkrir steinar í undirstöðum en ofan á þeim er síðan einn nærri höfuðlaga, hnöttóttur steinn. Er helst að giska á að hér sé komin varðan Kerling. Hrókur og Gamlavarða hljóta þá að vera enn austar og má þar finna þrjár ef ekki fjórar vörður til viðbótar fast við göturnar, allar látlausar og frekar grjóthrúgöld en hleðslur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Narfastaðir,3,5

SP-282:026 gata leið

65°39.647N 17°23.510V

Töluverðir göturoðningar liggja til suðurs frá beitarhúsatóft 027. Göturnar liggja annarsvegar á löngu holti sem gengur til suðurs frá beitarhúsunum og hins vegar við það austanvert. Göturnar eru mjög greinilegar, ýmist tvö- eða þrefaldar. Ekki er alveg ljóst hvert þær hafa legið, gætu þó stefnt í Gafl sem var bær vestan Seljadalsár og gætu tengst götum sem liggja á suðurmerkjum Skógarsels (að Gaflslandi) og allt að Ingjaldsstaðaseli.

Hættumat: engin hætta

SP-282:027 tóftir beitarhús

65°39.770N 17°23.577V


"Grjótá kemur langt sunnan að. Hún myndast af tveim lækjum, Pollalæk, sem kemur austan úr Grásteinsmýri,..og Brennislæk sunnan úr Fellsmýri...Suður af Pollalæk er allmikill ás, sem heitir Langás og liggur alllangt til suðurs, samhliða Seljadalsá. Nyrst á ásnúnum eru gömul Beitarhús frá Narfastaðaseli," segir í örnefnaskrá. Í neðanmálgrein segir um húsin: "Talin byggð af Jóni Björnssyni, þeim er byggði í Narfastaðaseli 1836. Hann lét boð út ganga um fyrirhugaða húsbyggingu á tilteknum tíma og að nóg yrði til af brennivíni og nágrannar hans fjölmenntu og húsin risu á einum degi." Í grein eftir Guðmund Frímann um bóndann í Narfastaðaseli er enn minnst á húsin: "Byggðu þeir [Jón og vinnumaður hans] í félagi beitarhús suður með Narfastaðafelli, en þar voru landkostir góðir, sauðland gott og engjar nærtækar. Lét hann vinnumann sinn ganga á beitarhúsin á vetrum, en annaðist sjálfur gæzlu lamba sinna og annarra gripa á heimajörðinni." Tóftir beitarhúsanna eru 1,8 km suður af Narfastaðaseli (283:001).



Tóftir 027. Beitarhús vinstra megin, kofatóft hægra megin. Horft í austur.

Beitarhúsin eru austan í aflöngum ás sem liggur norður-suður. Rétt austan og norðan við tóftirnar er töluverður lækjarfarvegur. Líklega er það Grjótá sem getið er í örnefnalýsingu.

Tóftirnar eru tvær, annars vegar sjálf beitarhúsin og hins vegar einföld kofatóft sem minnir á sæluhús. Beitarhúsatóftin er norðar, alls rúmlega 10 x 5 m stór frá austri til vesturs. Aðaldyrnar virðast hafa snúið í vestur en húsinu hallar hreint ekkert í þá áttina, gólf þess er svotil lárétt og sækir jafnvel heldur í austur. Tóftin er einföld að gerð, garði í miðju en alveg gróið yfir hann. Hlaða er ekki við húsin. Hleðslur eru ógrónar að innanverðu, allt að 7-8 umför grjóts í þeim og er það frekar flatt, fyrirtaks hleðslugrjót. Veggir ná mest hátt í 1 m hæð. Lítillega hefur hrunið úr norðurlangvegg inn í tóftina. Kofatóftin er 2 m sunnan við austurenda



beitarhúsanna. Hún er einföld, 6 x 4 m stór frá austri til vesturs. Dyr eru syðst á vesturlangvegg en op, e.t.v. gluggi, hefur verið austurlega á suðurvegg í tæplega 1 m hæð frá jörðu. Suður- og austurhlið eru stæðilegastar, allt að 1,6 m á hæð og er þokkaleg torfhleðsla, líklega úr streng, enn uppi á austurvegg. Að öðru leyti eru veggir að mestu torfhlaðnir. Suðurveggnum hallar til norðurs, inn í tóftina. Ekki er útilokað að hey hafi verið geymt í kofanum. Framan við hann vottar fyrir hleðslu sem liggur til norðurs, í átt að beitarhúsinu, gæti einungis verið manngerð brún sem hefur myndast við torfskurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2; Guðmundur Frímann, 173

SP-282:028 *Geitakofahóll* örnefni geitakofi 65°40.634N 17°23.687V

"Utan og ofan við [Narfastaða]seltúnið heitir Hnúta. Geitakofahóll er einnig utan við túnið, og enn utar og ofar er Stekkjarlaut [055]," segir í örnefnaskrá. Geitakofahóll er ekki lengur þekktur. Eini hóllinn sem virðist geta passað við lýsinguna, og þá með hliðsjón af staðsetningu stekkjara 055 er lítill hóll rétt neðan við götur 080, 30-40 m sunnan við túngarð SP-283:003. Umhverfis er lyngmói. Engin tóft sést á hólnum, aðeins hundapúfa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

SP-282:029 *Kolhólar* örnefni kolagröf 65°41.065N 17°24.135V

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður (með vörðu úr grjóti) [sjá 011], sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum skammt utan við Narfastaðasel [SP-283:00] og allt austur á háls," segir í örnefnalýsingu. Kolhólar eru hólarnir innan eða sunnan við umræddan garð, um 500 m norðan við túngarð á Narfastaðaseli [SP-283:003]. Nokkrir lyngivaxnir, áberandi hólar, flestir með melkollum.

Ekki fundust merki um kolagrafir í hólunum.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1

SP-282:040 tóft óþekkt

65°38.685N 17°22.602V

Tvískipt tóft er sunnan í löngu og mjóu holti sem liggur norður-suður rétt ofan við Rauðslækjarbotn. Tóftin er rétt við landamerki við Stafn og tæpum 3,6 km í



Tóft 040, horft í suðvestur

beina loftlínu SSV við bæ 001. Tóftin er í suðurenda lágs og lyngivaxins holts.

Sunnar gengur deiglent sund austur-vestur í átt að Seljadalsá.

Tóftin er sigin og lyngivaxin. Hún snýr austur-vestur og er 9 X 5 m að stærð. Op er vestast á suðurvegg austara hólsins en austast á sama vegg vestara hólsins. Veggir eru hrundir og signir, um 1,5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Um 2 m austan við tóftina er lítill, hringlaga tóft um 3 m í þvermál. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Narfastaðir,5

SP-282:042 *Selstígur* gata leið

65°40.701N 17°22.605V

"Neðan við Þrívörður [038] er lægð eða slakki,..Brúnadalur og er allmikið svæði....Syðriskál er í botni lægðar, sem er líklega upphaflegi Brúnadalurinn. Þar aðeins norðar er Ytriskál upp af stórum steini, sem þar er. Þar út og niður af er Tröllaskál. Neðan Brúnadals, upp af Tröllaskál er gata, sem heitir Selstígur eða Selsgötur og liggur upp af Narfastöðum áleiðis að Narfastaðaseli og Skógarseli," segir í örnefnaskrá. Selstígur liggur til suðausturs frá Narfastaðaseli í átt að Narfastöðum. Reyndar hefur stígurinn áður haldið áfram til norðvesturs frá túninu á Narfastaðaseli 283:001 í átt að Skógarseli. Hér verður leiðin frá selinu á bæ 001 hins vegar rakin. Leiðin er vörðuð að mestum hluta. Vestustu vörðurnar eru 200-250 m ofan við túnin í Narfastaðaseli og eru vörður meðfram leiðinni allt þar til komið er yfir hæðina og sér heim að Narfastöðum, 700-800 m norðvestan við bæ 001. Götur liggja að mestu um lyngvaxna móa.



Ein af vörðunum. Horft til vesturs.

Vörðurnar eru flestar um 0,5 m að hæð og innan við 1 m í þvermál. Götuslóða má víða sjá meðfram þeim. Í dagbók Sigurðar Jakobssonar kemur fram að byrjað hafi verið að hlaða smiðjutóft þann 13. maí 1911 og smiðja hafi verið reist þann 6. júlí sama ár. Líkast til er þar átt við þessa smiðju en ekki ljóst hvort hún var reist frá grunni eða endurbyggð úr eldra mannvirki.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,6; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SP-282:053 garðlag landamerki

65°40.829N 17°23.476V

Fornlegur garður liggur allt frá Seljadalsá um 330 m fyrir sunnan við Narfastaðasel 283:001 og til norðausturs, upp hlíðina við stekkin í Stekkjarlout 282:055 og áfram til norðausturs og síðan norður ofan við túnin. Garðurinn hefur líklega legið að landamerkjagarði frá Seljadalsá á merkjum Narfastaða og Daðastaða (sjá 282:010) þótt samskeyti garðanna séu óljós. Þannig má segja að hluta marki hann af land Narfastaðasels að sunnan, austan og norðan. Í Daðastaðalandi sést hann fyrst um 80 m norðan við merki en hefur samanlagt legið á um 1320 m kafla í gegnum landareignina til norðurs en endað í horni nyrsta garðsins sem girti af land Daðastaðasels 281:052.



Garðlag 053, horft í norður

Garðurinn liggur yfir mýrar suðaustast þar sem hann er hvað óskýrastur, síðan upp lyngvaxna móa og mela (hverfur m.a. í rof í melunum á nokkrum stöðum) og síðan á


lyngvaxinni heiði til norðurs að landamerkjagarði og sést svo áfram til norðurs skammt norðan við landamerki Narfastaða og Daðastaða.

Garðlagið liggur því í boga upp frá Seljadalsá skammt sunnan við Narfastaðasel (og hefur markað af heimatún heimaland þess) og um 930 m til austurs áður en það beygir og liggur til norðurs eftir endilöngu Narfastaðaselslandi í 720 m að merkjum við Daðastaði og þá áfram til norðurs, í um 1320 m eftir Daðastaðalandi þar til komið er að vallargarði Daðastaða 281:052. Auk suðurhliðar garðs sem skráð var með langgarðinum liggja fjögur garðlög til vesturs frá því garðlagi sem hér er skráð og fengu þau öll sérnúmer enda virðast þau byggð að/frá garði en ekki vera eðlilegt framhald hans eins og suðurhliðin sem liggur í boga. Fyrst er að nefna garðlag um 1 km norðan við suðurhlið garðsins (sjá 282:011). Það er á merkjum Daðastaða og



Garðlag 053, horft til norðurs. Garðlagið sést neðst í vinstra horni og slitrótt eftir melum til austurs, norðausturs og því næst norðurs. Nálægt vinstra horni efst eru tún Narfastaðasels. Ljósmynd: Árni Einarsson.

Narfastaðasels. Annað garðlag liggur til vesturs frá langgarðinum um 660 m norðar, í Daðastaðalandi (sjá 281:045). Það hefur að öllum líkindum markað heimaland Daðastaðasels



Hólfá garðinum í Daðastaðalandi. Ljósmynd: Á.E.

að sunnan. Á milli meintra landamerkja þessara jarða mynda garðarnir hins vegar þriðja hólfíð sem ekki er ljóst hvaða tilgangi hefur þjónað. Um 530 m norðar er svo þriðja garðlagið (sjá 281:053) sem liggur til vesturs frá langgarði. Það hefur markað land Daðastaðasels til norðurs og um 100 m norðar er svo fjórða garðlagið sem liggur til vesturs frá langgarði og í átt að Seljadalsá. Þar endar langgarðurinn raunar því ekkert framhald hans var unnt að rekja lengra til norðurs (en um 340 m eru frá þessu "horni" og að merkjum). Garðurinn er misgreinilegur. Hann er vart merkjanlegur nema af loftmynd á suðvestasta kaflanum í Narfastaðalandi, yfir

mýrarnar frá Seljadalsá. Garðurinn er lyngivaxinn og víða 3-5 m á breidd þó hann nái allt að 5-8 m á kafla. Garðurinn er víðast 0,3-0,7 m á hæð og er á köflum næstum ógreinilegur, svo mikið er hann sigrin. Hann er víðast lyngivaxin. Vörður hafa verið hlaðnar hér og þar á garðinum í Narfastaðalandi en fæstar þeirra eru meira en steinadreif í sverðinum. Töluvert rof er víða fyrir austan hann. Hann er nokkuð beinn ofan við túnin í Daðastaðaseli. Stutt sunnan við þar sem Skógarselsgötur liggja í gegnum hann klofnar garðurinn í tvennt og liggur hann í einkennilega sveigju niður gildrag og því næst aftur í sveigju upp úr því. Samanlagt verður úr tigullaga hólf sem er 80 m á lengd en 50 á breidd og snýr nálega norður-suður. Úr suðurodda þessa hólf heldur garðlagið áfram í samtals um 900 m en slitrótt þó. Líklegast er að garðlög 281:052, 053 og 051 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels. Þess er rétt að geta að rof í hlíðinni gæti gefið til kynna að framhald garðsins hafi áður legið til suðurs, frá því þar sem garðurinn beygir úr austri til norðurs í norðausturhorni þess svæðis sem líklega markar land Narfastaðasels. Engar leifar garðs sáust þó á þessum slóðum. Sumarið 2005 var tekinn skurður í garðlagið, þar sem rof var í hann ofan við Narfastaðasel. Skurðurinn var hluti af rannsóknarverkefni um forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt upplýsingum gjóskulagafræðings mátti í sniði garðsins sjá gjóskulögin V-1477, H-1300 og H-1158 liggja yfir torfhruni úr garðinum. Um 4 cm voru frá torfi upp í H-1158. Garðurinn er því frá því allöngu fyrir 1158. Að lokum er rétt að geta þess að garðurinn er nefndur landamerkjagarður hér þar sem hann markar af heimahaga Narfastaðasel og Daðastaðasels en engin fullvissa er fyrir því að landareign þessara selja/jarða hafi verið sérstök eignareining þegar garðurinn var byggður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Oscar Aldred ofl., 40

SP-282:055 *Stekkjarlaut* tóft stekkur


65°40.612N 17°23.612V

"Utan og ofan við [Narfastaða]selstúnið heitir Hnúta. Geitakofahóll [028] er einnig utan við túnið, og enn utar og ofar er Stekkjarlaut," segir í örnefnaskrá. Hér segir "utar og ofar" sem ætla mætti af staðháttum að væri norðan og austan við túnið á Narfastaðaseli. Þar eru alls engar tóftir. Hins vegar er mjög stekkjjarleg tóft innan og ofan við túnið, nánar tiltekið tæpa 200 m sunnan við suðausturhorn túngarðs SP-283:003. Tóftin er neðst og vestast í grunnu gili eða laut sem gengur austur-vestur niður brekkurnar rétt ofan við götur 080.



Stekkur 055, horft í austur

Greinileg, tvískipt tóft sem styðst að nokkru leyti við lautarbarmana. Hún er alls 17 x 5 m stór frá austri til vesturs og hefur verið rekið inn að vestanverðu. Vestara hólfíð er um 10 m langt og lítið rof í miðjum suðurveggnum, hugsanlega hefur verið þar op. Innra hólfíð er því skemmra og gæti hafa verið lambakró. Op sést á milli hólfanna, alveg upp við lautarbarminn.




Tóftin er algróin, hvergi sést í grjót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,2

SP-282:059 Tjaldlág tóft hlóðir



65°39.212N 17°22.486V

"Grjótá kemur langt sunnan að. Hún myndast af tveim lækjum, Pollalæk, sem kemur austan úr Grásteinsmýri,..og Brennilek sunnan úr Fellsmýri...Suður af Pollalæk er allmikill ás, sem heitir Langás og liggur alllangt til suðurs, samhliða Seljadalsá...Austur af syðri endanum á Langás er ás, sem heitir Brenniás...Nærri nyrzt á Brenniás er Tjaldlág. Þar mun

hafa verið legið við grös (Herdís Jak. munnl.). Enn mótur fyrir tóftum og eldstæði í láginni," segir í örnefnaskrá. Tjaldlág er lág sem sker Brenniás í tvennt og snýr austur-vestur. Láginn er um 3 km sunnan við Narfastaðasel 283:001.



Tjaldlág, horft í suðvestur

Botn lágarrinnar er grasi vaxinn en hlíðar hennar lyngivaxnar. Láginn liggur í gegnum ásinn að vestan en hækkar til austurs þar til hún sameinast austurbrún ássins. Austan Brenniáss er lág sem lækjarspræna rennur eftir og austan hennar er annar ás, samsíða Brenniás. Tjaldlág er mest um 20 m breið í botninn en víkkar upp.

Í láginni er tvískipt tóft og eldstæði. Tóftin er 9 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Austar er stærra hólfið sem er um 4 m í þvermál en virðist hafa verið opið til norðurs og suðurs. Þar vestar er annað hólfið minna og er eins og því hafi jafnvel verið skipt upp. Tóftin

er algróin og hvergi sést í grjót í henni. Tæpum 10 m austan við tóftina er eldstæðið. Það er um 0,6 X 0,5 m að stærð. Gróið hefur yfir eldstæðið en ennþá má sjá einfalda steinaröð sem gægist upp úr gróðrinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,2

SP-282:075 þúst heystæði

65°38.710N 17°22.633V

Lítill tóft, hugsanlega af heystæði, er um 50 m norður af tóft 040, á sama ás. Tóftin er uppi á háhæðinni.

Lyngi vaxin hæð eða ás, flatur í toppinn. Umhverfis skiptast á engjar og móar.

Tóftin er lítil og einföld, um 5,5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru víða óskýrir og hvergi hærri en 0,3 m. Vegna gróðurfars, staðsetningar og lögunar verður að teljast líklegt að mannvirkið sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta




SP-282:076 þústir óþekkt

65°39.180N 17°22.934V

Nokkrar þústir eru á Brenniás um 60 m sunnan við Tjaldlág 059. Rústirnar eru tæpum 1 km norðan við tóft 040 en tæpum 3 km sunnan við Narfastaðasel (283:001). Á toppi lyngivaxinnar hæðar. Lítil lækur rennur til norðurs austan við hæðina.

Þústirnar eru greinilegar þótt lögun þeirra flestra sé nú mjög óskýr. Hægt er að greina 4-5 þústir. Syðst er ógreinileg dokk, A, 3 X 2 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Um 6 m norðan við hana er önnur þúst, B, 9 X 5 m að stærð. Hún snýr norður-suður og norðvesturhorn hennar er fremur skýrt en hún er annars fremur óskýr utan við dokkina í miðið. 1-2 m norðan við B er skýrasta tóftin á svæðinu, C. Hún er 4 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og op er á norðurvegg hennar. Tóftin er á lítilli hæð. Tæpum 10 m norðan við C er lág hæð með miklum dældum á, D. Hæðin er um 14 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Svo virðist sem hugsanlega hafi verið 2 tóftir á hæðinni en þær eru of óljósar til að hægt sé að fullyrða um það eða nokkuð annað sem snýr að útliti þeirra eða hlutverki. Austast á hæðinni er hringlaga dokk 0,8 m í þvermál. Allar eru tóftirnar algrónar og hvergi sést í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar tóftir hafa gegnt.

Hættumat: engin hætta



0 5 10
metrar


SP-282:077 tóft heystæði

65°39.556N 17°22.244V

Tóft er nokkurn veginn á miðjum Grásteinsás, 2 km suðvestur af bæjarhól 001. Hún er rétt vestan við hringlaga tjörn sem reyndar er þurr þegar þetta er ritað. Þýfður lyngmói er umhverfis tóftina.

Tóftin er nánast hringlaga, 7-8 m í þvermál. Veggir eru mjög signir og skera sig lítið úr umhverfinu, enda lynggrónir. Tóftin sést einkum vegna þess að umhverfis hana er geil, væntanlega pæla, allan hringinn. Að henni meðtalinni er mannvirkið uppundir 10 m í þvermál. Veggjahæð er mest um 0,4 m. Tóftin gæti verið af heystæði og má benda á að hringlaga heystæði sem var notað til 1950 er skráð nr. 044.

Hættumat: engin hætta



10 m

SP-282:080 gata leið

65°40.624N 17°23.665V

Mjög miklar götur liggja til suðurs frá Narfastaðaseli SP-283:001. Þær liggja að mestu um lyngmóa.

Göturnar liggja frá suðaustanverðu túninu til suðurs, vestan við mynni Stekkjarlaurar og þaðan austurfyrir dálitla hólbungu. Þrír eða fjórir samhliða slóðar sjást og er áburður í þeim, enda enn notaðir af kindum. Hreiðar Karlsson telur að göturnar hafi legið á beitarhúsin 027 og virðist það eiga við rök að styðjast ef lega þeirra er skoðuð af loftmynd. Þar sést að göturnar, eða a.m.k. meginkvísl þeirra, liggja með brekkurótum til suðurs og síðan í suðvestur, að beitarhúsatóftunum. Frá beitarhúsunum liggja síðan götur áfram til suðurs, sbr. 026, hugsanlega í Gafli.

Hættumat: engin hætta

SP-282:081 gata leið

65°40.826N 17°23.832V

Gata liggur til norðurs frá bænum á Narfastaðaseli 283:001. Hún liggur norður tún og í gegnum hlið á túngarði. Götuslóða má merkja til norðurs, í svipaðri hæð allt að merkjum við Daðastaði og áfram til norðurs nokkuð slitrótt þó að Daðastaðaseli (282:016). Norðan við Daðastaðasel verða göturnar greinilegar og eru það allt að merkjum við Hóla/Breiðumýri. Áfram má greina göturnar eitthvað til norðurs. Göturnar voru raktar að norðurmerkjum Narfastaða sumarið 2004 og svo áfram að norðurmerkjum Daðastaða sumarið 2008. Göturnar hafa líklega verið á milli bæja í sveitinni, jafnvel norður á Einarsstaði. Gatan liggur að mestu um lyngivaxna móa. Göturnar eru sérstaklega áberandi nálægt Daðastaðaseli 281:016 þar sem þær liggja í hlíðarrótum. Ragnar Árnason getur um þessar götur í Minnispunktum sínum en þar segir hann: "Áður en bílvegur var lagður í vestanverðum Seljadal (1936-ca1945), voru farnar reiðgötur, en þær voru báðum megin í dalnum [...] Reiðgötur austan ár voru töluvert notaðar og þóttu þægilegri þegar farið var í Breiðumýri. Við þessar götur eru Brennisel og Hólasel."

Göturnar eru víða nokkrir samsíða slóðar og liggja víða í brekkurótum. Þær eru víða 2-4 slóðar, nokkuð djúpir og áberandi. Þær eru sérstaklega áberandi á um 1-1,5 km löngu svæði í landi Daðastaða. Þær hafa án efa legið á milli bæja í dalnum austanverðum. Samkvæmt Ragnari voru þessar götur kirkjugötur frá Narfastaðaseli og hugsanlega einnig frá Stafni.

Hættumat: engin hætta


Heimild: Ragnar Árnason. Minnispunktar um eyðibýli o.fl., 3

SP-282:083 tóft óþekkt

65°39.526N 17°22.744V

Sigin tóft er á Seljadal, rúmum 300 m VSV við tóft 019a. Tóftin er um 125 m suðvestan við vörðu 019e. Tóftin er í lyngivöxnum móa, í svolitlum halla til vesturs en vestar eru víða mýrar. Tóftin er vaxin fjalldrapa og lyngi.


Tóftin er lyngivaxin. Hún er 15 X 12 m stór og snýr norður-suður. Erfitt er að greina



skiptingu tóftar vegna þess hversu sigin hún er en helst er að giska á að hún skiptist í 6 hólf sem hverju er gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Hólf A er nyrst í tóftinni og er einna stærst. Það er í raun L-laga. Sá hluti sem snýr austur-vestur er um 8 X 1 m að innanmáli en anginn sem liggur norður-suður frá vesturenda er 4 X 1 m að innanmáli. Sunnan við hólf A er svo hólf B sem er um 4 X 4 m að innanmáli. Úr því er innangengt yfir í hólf C sem er sunnar og er 3 X 1 m að stærð. Hólf C snýr austurvestur og ekki eru önnur op á það en þegar er getið. Hólf D er vestan við hólf C. Það er um 3 X 1 m að stærð og snýr norður-suður. Vestan við það er svo fimmta hólf, E sem er 4 X 1 m að innanmáli, snýr norður-suður og virðist opið til suðurs. Allra syðst er svo ógreinilegt hólf á tóftinni, F. Það er um 4 X 1 m að stærð og snýr austur-vestur og virðist opið til vesturs. Hugsanlegt er að op hafi verið á suðurvegg þessa hólfis en það gæti einnig verið rof. Veggir tóftarinnar eru víða um 0,4 m á hæð en ytri brún veggja er óskýr. Greinilega má hins vegar víða sjá innri brún veggja og er gróðurfar innan í hólfunum örlítið frábrugðinn gróðurfari á veggjum og utan þeirra.

Hættumat: engin hættu

SP-283 Fornleifar í landi Narfastaðasels á Seljadal




1712: Narfastaðasel þá selstaða frá Narfastöðum: "Narfastada Sel heitir selstaða heimajarðarinnar á Seljadalnum, þar hefur búið verið um eitt eður 2 ár fyrir 40 <ár>um en hvorki áður nje síðan." JÁM XI, 187

1919: Tún 2,2 ha. þar af sléttað um 3/4. Narfastaðasel er í Seljadal og þar er mikið graslendi og vel gróið. Það stendur austan Seljadalsár, og erum lágan háls og skamman að fara að Narfastöðum LP I, 298

SP-283:001 *Narfastaðasel* bæjarstæði býli/sel

65°40.742N 17°23.749V



"...Seljadalur...er eyðibýli norðarlega í landinu, sem heitir Narfastaðasel. Til er í skrifum Guðmundar Frímanna saga af stórfelldum reimleikum í Narfastaðaseli (Tímaritið Súgur). Segir hún frá hremmingum Jóns Björnssonar. Söguna hef ég ekki heyrt annars staðar, en löngum þótti villugjarnt og jafnvel reimt á Hálsinum.", segir í örnefnaskrá. "Í norður frá Gafli að austanverðu í Seljadal og nokkurn veginn í vestur frá Narfastöðum í Reykjadal er Narfastaðasel. Það var í byggð 1836 til 1940. Ekki er mér kunnugt hver byggði þar fyrstur. En fyrir aldamótin bjó þar Jón Björnsson [Jón flutti úr Narfastaðaseli 1865 samkvæmt Prestþjónusutubók Einarsstaða], hann gerði eina af fyrstu græðisléttum sveitarinnar. Ég gæti trúað að hún hefði verið

meira en dagsláttu að stærð. Þá byggði hann beitarhús [sjá SP-282:027] fram í heiði," segir í grein Garðars Jakobssonar. Í Lýsingu Þingeyjarsýslu er getið um selið: "Þar var forn selstaða Narfastaða og búið í selkofum skamma hríð um 1670, en sennilega ekki eftir það fyrr en 1836. Narfastaðasel fór í eyði 1940." Narfastaðasel er á Seljadal, um 2 km VNV við Narfastaði (SP-282:001) en um 700 m ofan við Seljadalsá. Guðmundur Frímanna hefur ritað grein um bóndann í Narfastaðaseli. Þar segir m.a.: "Er hér var komið sögu voru selfarir fyrir

nokkru lagðar niður, en sumstaðar voru peningshús seljanna notuð sem beitarhús frá þeim jörðum, sem þau áttu. Þannig hafði verið með Narfastaðasel. En þegar Jón Björnsson falaðist eftir því til ábúðar, hafði einnig verið hætt við að hafa þar á beitarhúsum, en þau byggð að nýju austan í Narfastaðafelli þar sem sauðland var kjarnmeira og betri og nærtækari engjalönd [hér er væntanlega átt við Lambastaði Sp-282:032]....Selið var nær tún- og engjalaust og peningshús komin að falli, þótt enn hængju þau uppi að nafninu til" Ennfremur birtir Guðmundur dálitla lýsingu á bænum, sennilega fengna úr "handritsslitrum úr Reykjadal" eins og hann segir aftan við greinina: "Þó urðu húsakynnin í Selinu, um það er lauk, lítil baðstofa, búr, eldhúskytra, geymsluskot í bæjargöngum og fjóshola undir baðstofupalli, eins og altítt var í Reykjadal í þann tíð, og raunar víðar norðanlands. Ennfremur gildaði Jón upp í verstu skörðin í fjárhúsunum, svo hafa mætti þar hestinn og þessar fáu skjátur, sem hann átti." Bærinn er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis bæinn er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Neðri hluti túnsins er býsna mýrlendur.

Tóftir bæjarins standa enn uppi sáemilega heillegar þótt sauðfé leiti greinilega mikið í þær og af þeim sökum er þar mikið rof. Bæjartóftin er á bæjarhól sem er grænn og ræktarlegur og bendir til langrar byggingarsögu á staðnum. Hóllinn fjarar út upp í brekkuna fyrir ofan bæinn en er samtals um 45 X 25 að stærð og snýr norður-suður, mest 2-3 m á hæð. Bæjartóftin sjálf er 22-23 X 13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er stæðileg en hæstu hleðslur eru um 1,8 m á hæð. Veggir eru byggðir úr torfi og grjóti. Veggir tóftarinnar hafa víða hrunið og sum staðar gefa steinaraðir, á kafi í grasi og hruni, einu vísbendinguna sem fánleg er um nákvæma lögun vistarvera. Bærinn samanstendur úr 6 hólum og bæjargöngum sem liggja austur-vestur eftir tóftinni miðri. Hér verður öllum hólum/vistarverum gefinn bókstafur til aðgreiningar og við lýsingu bæjarrústar haldið inn eftir bæjargöngunum, fyrst lýst hólum norðan við bæjargöng og því næst sunnan. Bæjargöngin hafa verið um 2 m á breidd og fyrir þeim var timburþil. Þau eru á köflum mjög ógreinileg en grjóthleðslur gefa þó skýra mynd af legu þeirra þannig að ætla má að þau hafi verið 4-5 m löng.



Rústir Narfastaðasels 001, horft í suðvestur

Þegar farið var eftir bæjargöngunum er fyrst herbergi/hólf til norðurs þegar komið var inn í mið göng A. Hliðargangur lá þá úr göngunum og í hólfid suðaustast. Þetta hólf var 4 X 3-4 m að stærð og við suðurvegg þess má greina hleðslu (1 X 0,5 m), e.t.v. undirstöðu undir eitthvað. Úr þessu herbergi var einnig hægt að fara beina leið í eldhús (B) að baki en einnig var gengt úr hliðargöngunum í eldhúsið. Það var 6 X 3 m að stærð og snýr norður-suður og má en sjá járnkassa í jörðinni þar sem eldavélin stóð. Nálega til móts við hliðargöngin til norðurs var op inn í annað herbergi, C. Nú hafa veggir nær alveg hrunið yfir opið og er að verða erfitt að greina það. Op var einnig sunnarlega á útvegg hólfs C sem hefur verið 5-6 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hafa töluvert hrunið inn í umrætt hólf. Ef bæjargöngunum var fylgt alla leið til suðurs var komið inn í baðstofuna sem var sunnan við bæjargöngin austast í bænum. Baðstofan var um 6 X 3 m að stærð og snéri norður-suður. Fjós var undir henni. Ekki var innangengt í fleiri herbergi úr bæjargöngunum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1; LP I, 298; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 110-11; Guðmundur Frímánn 167-168

Sp-283:002 þúst óþekkt

65°40.772N 17°23.901V

Dæld, sem virðist eftir tóft, er í hól sem er um 140 m norðvestan við 001. Hóllinn er nálega 100 m beint neðan (vestan) við fjárhústóft 010. Þústin er í túni, í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er neðarlega í túni, nærri því á mörkum sléttaðra og ósléttaðra túna.

Fornleifaskráning 2004: Dældin er 14-15 X 6-7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grasi gróin og fagurgræn hæð gengur til suðurs frá henni. Sumarið 2008 var tekinn prufuskurður í dældina. Skurðurinn var um 5 X 2 m að stærð og snéri norður-suður. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í skurðinum kom í ljós niðurgrafið mannvirki. Norðan við miðjan skurð var komið niður á torfvegg... [...] Í veggjatorfi mátti sjá landnámssyrpuna, með þremur



Suðurhlið túngarðs 003, horft í vestur

dökkum gjóskulögum, en yfir því lágu dökku gjóskulögin H-1300, V1477 og V-1717." Í skurðinum mátti sjá að veggurinn hafði verið endurgerður á einhverjum tímamarki og m.a. fyllt upp í op á veggnum. Sunnan torfveggjar komu í ljós stoðarholur og stoðarsteinar og norðan hans smærri pinnaholur. Sunnan við vegg kom einnig í ljós dæld eða skurður sem fylgdi stefnu veggjar og var túlkaður sem innrétting af einhverju tagi. Engin eiginleg gólfloög fundust í húsinu en þó fannst þar fitukennt, þjappað lag. Engir gripir fundust en gjóskulög

sýna að húsið var byggt fyrir 1300 og samkvæmt gjóskulagasérfræðingi er ekki ólíklegt að það hafi verið byggt 100-200 árum áður en gjóskulagið féll.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Þóra Pétursdóttir. 2008, 6-7

Sp-283:003 garðlag túngarður

65°40.707N 17°23.671V

Stæðilegur túngarður er umhverfist tún á Narfastaðaseli. Í grein um bóndann á Narfastaðaseli segir: "Jón [Björnsson] gerðist fljótt athafnasamur bóndi. Á fyrstu búskaparárunum réðst hann þegar í ýmsar framkvæmdir, búi sínu til eflingar, þótt ekki ætti hann jörðina. Girti hann af allstórt tún með grjót- og torfgirðingu. Um annað girðingarefni var naumast að ræða á þeim árum. Túnið sléttaði hann með hestplóg, sem þá var næsta sjaldgæft. Plógar voru óvída til þar um slóðir. Mun Jón hafa fengið lánaðan plóg á Narfastöðum."

Túnið í selinu er í halla mót vestri og umlykur garðurinn það. Víðast eru lyngmóar utan við hann en mýrar að vestan, í dalbotninum. Efri hluti túnsins er vallendi, að nokkru komið í móa en rækt er aðallega umhverfis rústirnar. Neðri hlutinn er hins vegar mýrlundur.

Skráning 2004: Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 310 x 230 m stórt frá norðri til suðurs og er alls rúmir 800 m að lengd. Hann er víðast hvar mjög stæðilegur en þó er austurhliðin einna mest sigin. Lýsingin hefst syðst. Þar er op á garðinum og liggja þar götur Sp-282:080 í gegn, heim að bæjartóft 001. Frá hliðinu liggur garðurinn til vestnorðvesturs tæpa 200 m en þar sveigir hann í hánorður og liggur því sem næst þráðbeinn með vesturhlið túnsins. Hann hefur verið hlaðinn yfir tvo læki og er annar þeirra bæjarlækurinn. Hann rennur ekki beint undir garðinn heldur meðfram honum til norðurs nokkurn spöl og hefur þar grafið sig undir hann að hluta. Eftir rúma 200 m sveigir garðurinn í austur, upp brekku, og

má rekja hann um 130 m áður en kemur að hliði á norðurhlið. Þar liggja götur Sp-282:081 í gegn. Eftir 30-40 m til viðbótar beygir garðurinn í suður meðfram austurhlið túnsins en þar er hann meira siginn en annarsstaðar, e.t.v. vegna þess að hann er í halla. Austurhlið túngarðsins er um 40-50 m ofan eða austan við bæjarrústina sem og aðrar rústir, enda eru þær flestar á sama hrygg sem liggur N-S í gegnum túnið. Rúma 60 m suðaustur af bæjarrúst 001 liggur garðlag frá túngarðinum í óræktarmóa, inn í túnið til suðvesturs en fjarar þar út eftir 60-70 m. Garður þessi er fornlegur og er án efa mun eldri en túngarðurinn. Þetta gætu hugsanlega verið leifar af eldri túngarði. Við enda þessa garðs er tóft sambyggð honum innanverðum. Hún er fornlegri en flestar aðrar tóftir í túninu, 10 x 5 m stór og myndar túngarðurinn suðausturlanghlið. Tóftin snýr SV-NA. Dyr virðast hafa verið á því horni sem teygir sig lengst í norður. Tóftin virðist einföld og mjókkar heldur til suðvesturs. Hugsanlega eru mannvirki tengd henni að norðaustanverðu, þar vottar fyrir þústum upp við túngarðinn og sér meira að segja í grjót á einum stað en annars er tóftin jafnt sem garðurinn algróin. Að lokum skal greint frá tveimur gerðum sem eru sambyggð túngarði innanverðum. Hið syðra er aðeins 30-40 m norðaustur af áðurnefndri tóft, einmitt á þeim stað þar sem innri og líkast til eldri túngarður sker sig frá þeim yngri. Gerðið er mjög óljóst, 11 x 18 m stórt og snýr frá norðvestri til suðausturs. Hleðslur þess eru mjög signar og alls engin gróska í þeim. Um 10 m norður af gerðinu gengur nokkurra metra langur hleðslustubbur til vesturs frá innanverðum túngarðinum. Hugsanlega er hann leifar af öðru gerði eða viðbyggingu þótt ekki sé það augljóst. Hitt gerðið sem um ræðir er 80-90 m norður af því fyrnefnda. Það er 15 x 15 m stórt og myndar túngarðurinn austurhliðina líkt og á hinu. Hleðslur eru alveg útflattar og lítur út fyrir að þær séu eldri en síðasta byggingarstig garðsins. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m og breidd veggja um 1 m. Þeir eru algrónir. Op sjást á hvorugu gerðanna og gæti verið að þau hafi verið ætluð til einhvers konar ræktunar. Skurður var tekinn í túngarðinn árið 2008. Skurðurinn var 4 X 1 m stór og snéri austur-vestur, þvert á garðinn. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í sniðinu kom í ljós torfhlaðinn garður, en í torfinu voru gjóskulögin V-1477 og V-1717. Greinilegt var að torfið í garðinum var stungið nokkru eftir 1717 og er því ekki ósennilegt að hann sé hlaðinn einhvern tíma á 19. öld." Þess má geta að á túnakorti frá 1919 er túngarðurinn sýndur liggja nokkru vestar en sá angi þar sem skurðurinn var tekinn.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Guðmundur Frímánn, 173, Þóra Pétursdóttir. 2008, 8 og Túnakort 1919.

SP-283:004 tóft útihús

65°40.722N 17°23.813V

Leifar útihúss, sem merkt eru inn á túnakort frá 1919, eru greinilegar rétt norðan við bæjarlæk og um 50 m vestan við bæ 001. Bæjarlækur sprettur upp 5-10 m ofar en tóftin, lækurinn rennur fram hjá tóftinni sunnan hennar. Tóftin er í grasi grónu túni í órækt.

Útihústóftin er fallin og óskýr. Hún er um 12 X 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er þrískipt. Syðst er hólfið A, sem snýr austur-vestur og hefur



Tóft 004, horft í vestur

op verið syðst á vesturvegg þess þótt það sé illgreinilegt nú. Þak og veggir eru hrundir inn í hólfið og er þar mikil grjót- og spýtnadreif. Hólfið hefur verið um 5-6 X 2 m á stærð. Ragnar Árnason, heimildamaður, telur að það hafi verið lækjarhús, þ.e. að lækurinn hafi verið leiddur þar í gegn. Norðan við A er annað hólfið, B, sem er mjög ógreinilegt en gæti hafa verið um 4 m á kant. Nú sést þó aðeins hluti af austur- og suðurvegg en aðrir veggir eru ógreinilegir. Austan við B er þriðja hólfið, C, sem e.t.v. er heytóft. Veggir þess eru lágir (0,3 m) en greinilegir. Ekki er lengur hægt að greina op á hólfinu en engar grjóthleðslur sjást. Til austurs frá tóftinni gengur sigið og óljóst garðlag sem virðist eldra en tóftin. Garðlagið liggur í um 8 m til austurs en beygir þá til suðurs og liggur í aðra 8 m að uppsprettu bæjarlækjar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 2

SP-283:005 þúst útihús

65°40.743N 17°23.869V


Þúst er á hæð um 100 m VNV við bæ 001 en um 90 m beint neðan (vestan) við fjárhústóft 009. Þústin er í túni, í aflíðandi brekku mót vestri. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að Seljadalsá. Tóftin er neðarlega í túni, nærri því á mörkum sléttaðra og ósléttaðra túna.

Ekki er hægt að sjá útlínur þústarinnar en hóllinn er ræktarlegur, fagurgrænn (sérstaklega í toppinn) og líkur eru á að á honum hafi einhvern tíma verið mannvirki. Svólítill spýtnadreif er á hólnum. Það svæði sem mestar líkur er á að geymi hleðslur er um 6 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

SP-283:006 gerði óþekkt

65°40.708N 17°23.873V



Gerði er byggt rétt norðan við bæjarlækinn, um 50 m vestan við útihústóft 004 en um 100 m VSV við bæ 001.

Gerðið er rétt norðan við bæjarlækinn, í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis gerðið eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.


Gerðið er lítið, 6 X 4 m stórt og snýr austur-vestur. Vesturveggur þess er

hlaðinn úr torfi og er tæpur 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ausur- og norðurhliðar gerðisins hafa verið myndaðar með því að stinga út úr brekkunni að lækjarbrún. Ekki er suðurhlið á gerðinu. Torf liggur yfir bæjarlækinn í framhaldi af eystri skammhlið bæjarins. Í botni gerðisins er rennislétt, snöggt gras. Hugsanlegt er að lítill kálgarður hafi verið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

SP-283:007 tóft útihús

Sigin og fornleg tóft er í túni, um 25 m norðan við suðurhlið túngarðs 003. Hún er um 120 m suðvestan við bæ 001 en um 35 m suðvestan við litla tóft 014. Tóftin er innan túngarðs en utan sléttaðra túna. Hún er vaxin lyngi



Tóft 007, horft í vestur

og kjarri. Í aflíðandi halla til vesturs.

Tóftin snýr austur-vestur og er 9 X 5 m að stærð. Hún virðist einföld en er mjög óskýr. Suðurveggur tóftarinnar er skýrastur en þó má greina alla veggina. Svo virðist sem op hafi verið syðst á vesturvegg. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni.

Hættumat: engin hætta


SP-283:008 tóft útihús

Útihústóft er í túni um 60 m SSA við bæ 001 og 20 m neðan við syðra gerðið sem sambyggt er túngarði 003. Tóftin er rétt ofan við götuna sem liggur eftir endilöngu túninu heim að bæ 001 og áfram til suðurs.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í túnstæðinu.

Tóftin er einföld, 6,5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og er mest 0,5 m á hæð. Op er á austarlega á suðurvegg hennar.

Hættumat: engin hætta



65°40.697N 1723.722V




Tóft 008, horft í norðvestur

SP-283:009 tóft fjárhús



Tóft 009, horft í norður



hana. Fyrir framan (vestan) fjárhúsin er fagurgrænt og ræktarlegt svæði.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Túnakort 1919

SP-283:010 tóft fjárhús

Fjárhús, sem merkt eru inn á túnakort frá 1919, eru 80-90 m norðan við bæ 001. Tóftir húsanna eru um 90 m sunnan við norðurhlið túngarðs 003. Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við



Fjárhústóft 010, horft í vestur



sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í

65°40.747N 17°23.752V

Innan við 20 m norðan við bæ 001 er fjárhústóft sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Hún er 50-60 m sunnan við 010.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að Seljadalsá. Tóftin er ofarlega í túni. Sjálf er tóftin grasi gróin.

Tóftin er tvískipt og samtals 18 X 10 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Vestar eru fjárhús sem snúa austur-vestur. Austan við þau er hlaða að baki sem snýr norður-suður. Op er á

milli hólfanna og einnig eru 2 op á vesturgafli fjárhúsanna, beggja vegna garða sem gengur eftir fjárhúsunum endilöngum. Fjárhúsin eru 4 X 8 m að innanmáli en hlaðan 5 X 3 m. Tóftin er úr torfi og grjóti og er enn mjög stæðileg. Hleðslur eru mest 1,7 m á hæð í hlöðunni en 0,4 m í fjárhúsi. Torfhleðslur eru hlaðnar úr streng en nokkuð rof er í tóftinni þar sem kindur leita töluvert í

65°40.776N 17°23.775V

túni. Sjálf er hún grasi gróin. Tóftin er 12 X 12 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Vestast eru fjárhús (A), sem snúa austur-vestur og gengur garði eftir þeim miðjum. Fjárhúsin eru um 6 X 3-4 m á stærð að innanmáli og eru hlaðin úr torfi og grjóti. Op er nyrst á vesturvegg þeirra og einnig á miðjum austurvegg, inn í hlöðu (B) fyrir aftan. Hlaðan er 4 X 2 m að innanmáli og snýr norður suður. Sambyggt fjárhúsasamstæðunni að norðan er lítið hólf (C). Það er til móts við hlöðuna. Það er 2,5 X 1,5 m stórt og snýr norður-suður. Líklega hefur op verið sunnarlega á vesturvegg þess en það er nú orðið óskýrt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-283:011 náma mógrafir
Greinilegt mógrafasvæði er innan túns á Narfastaðaseli, nyrst í því miðju.

Túnið er innan vallargarðs. Efri hluti þess er fremur þurr, þar gengur valllendishryggur eftir því endilöngu, en neðan hans er votlent.

Ein, samfelld mógröf er rétt innan við túngarðinn. Hún er regluleg og ferköntuð, 24 x 9 m stór frá norðri til suðurs og allt að 1 m djúp. Hún er að mestu gróin í botni en þó blaut syðst. Smálækur seytlar niður frá norðurenda hennar til vesturs. Norðurendi nemur næstum við innri brún túngarðs 003.

Hættumat: engin hætta


65°40.811N 17°23.885V



Mógrafir 011, horft í suður

SP-283:012 þúst útihús

65°40.698N 17°23.796V



Um 20 m norðan við tóft 014 en 40-50 m sunnan við 004 er greinileg þúst. Hún er um 70 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Þústin er 11 X 9 m stór og snýr austur-vestur. Hægt er að greina hvar hún hefur verið því að þar er fagurgrænn blettur í túninu sem sker sig úr umhverfinu. Þannig má greina útlínur þeirra tóftar sem þarna hafa verið og líklegast virðist að tóftin hafi skipst upp í tvö hólf. Utan þessa er lítið hægt að segja um þústina þar sem hún er alveg fallin og ógreinileg. Þústin er um 0,4 m

hærri en umhverfið.


Hættumat: engin hætta

SP-283:013 tóft útihús

65°40.792N 17°23.802V

Leifar af sérkennilegu mannvirki eru norðaustarlega í túni Narfastaðasels, um 50 m norður af bæjarrústinni 001.

Grösug brekka mót vestri. Rækt fer hér minnkandi á kostnað lyngs og mosa. Fornleifaskráning 2004: Tóftin er um 18 x 6 m stór frá austri til vesturs og snýr því niður



Tóft 013, horft í vestur

brekkuna. Dyr sjást ekki en götur heim að bæ liggja yfir vesturenda tóftarinnar og því er hann máður. Líklegt er að dyr hafi verið þar. Tóftin er niðurgrafin um allt að 0,4 m. Norðurveggur er allt að rúmlega 1 m breiður og 0,8 m hár sé staðið innan í tóftinni en um helmingi lægri sé mælt utanfrá. Suðurveggur minnir helst á uppgróið hrúgald og má giska á að hann sé myndaður af uppkasti innan úr tóftinni. Sunnan við hann miðjan er óljóst hólf sambyggt, um 9 x 4 m frá austri til vesturs. Sumarið 2008 var tekinn prufuskurður í dældina. Skurðurinn var 5 X 1 m að stærð og snéri norður-suður. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í skurðinum kom í ljós bygging, niðurgrafin að innan um ca. 30 cm, niður fyrir bæði H-3 og H-4. Yfir veggjatorfi lágu tvö svört gjóskulög, V-1477, sem var þykkt og greinilegt, og H-1300, sem var mun þynnra og nokkuð slitrótt. Í veggjatorfinu var að finna gjóskur úr landnámssyrpunni auk H-3." Inni í húsinu fundust stoðarsteinar og nokkur yfirborðslög. Engir gripir fundust en talið var líklegast að húsið hefði verið einhvers konar

skopnuhús. Talið var að yfirborðslögin tvö virtust samtíða og að þau gæfu vísbendingu um ákveðið skipulag innan rýmisins, mögulega stúur og flór. Ofan við þessi lög fannst hins vegar heykennt lag sem gæti bent til þess að hlutverk byggingarinnar hefði breyst á yngri notkunarstigum. Byggingin er a.m.k. nokkru eldri en frá 1300.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þóra Pétursdóttir. 2008: 11-12

SP-283:014 tóft útihús

Lítill kofatóft er í túni um 70 m sunnan við tóft 004 en 80-90 m VSV við bæ 001. Tóftin er 50-60 m norðan við suðurhlíð túngarðs 003.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er á mörkum þess svæðis innan túns sem sléttað hefur verið. Rétt sunnar tekur við mói sem þó er innantúns. Tóftin sjálf er vaxin grasi.

Tóftin er 6 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur sjást. Tóftin er einföld og er op á austurvegg hennar. Hleðslur eru mest 0,7 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-283:015 Lækjarhús tóft brunnur

"Ég kann ekki heiti á einstökum byggingum en brunnhús eða Lækjarhús var yfir




Lækjarhús 015, horft í norður

Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í túni. Sjálf er tóftin grasi gróin og stendur rétt við bæjarlækinn.


Einföld tóft úr torfi. Hún er 3 X 3 m að stærð og er opin til suðurs, hefur teygt sig yfir bæjarlækinn áður. Hæð hleðslna er mest um 1 m.

Hættumat: engin hætta

65°40.685N 17°23.783V



65°40.716N 17°23.812V



bæjarlæknum," segir í örnefnaskrá. Tóftir Lækjarhúss sjást enn 1 m sunnan við útihústóft 004, á norðurbakka bæjarlækjar. Tóftin er um 50 m VSV við bæ 001.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs.

SP-283:016 hleðsla brú



Brú 016, horft í vestur

65°40.716N 17°23.805V


Rétt sunnan við Lækjarhús 015 er torfhleðsla yfir bæjarlækinn, þar sem líklega hefur verið farið yfir hann. Hleðslan er um 10 m vestan við upptök lækjarins.

Hleðslan er á bæjarlæk í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Torfhleðslan er 2-2,5 m á breidd en 1 m á lengd. Hugsanlega hefur þetta verið brú yfir lækinn þó einnig sé hugsanlegt að hleðslan tengist Lækjarhúsinu á annan hátt.

Hættumat: engin hætta

SP-283:017 þúst útihús

65°40.720N 17°23.740V



12 m sunnan við bæ 001 er ógreinileg þúst á rana frá bæjarhólnum. Þústin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Þústin er mjög sigin og ógreinileg, grasi vaxin og fagurgræn. Ekki er hægt að sjá innri brún veggja en þústin er u.þ.b. 6 X 6 m stór. Hleðslur eru mest 0,4-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-283:018 þúst

65°40.723N 17°23.736V

Ógreinileg, hringlaga þúst er 1 m suðaustan við suðausturhorn bæjar 001, við jaðar bæjarhóls. Þústin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Þústin er um 7 m í þvermál. Hægt er að greina óljósar útlínur en innri lögung er óljós.

Hættumat: engin hætta

SP-283:019 gryfja kolagröf

65°40.683N 17°23.669V

Við rannsóknir í Narfastaðaseli 2008 fundust kolagrafir tæpum 100 m SSV við bæ 001 en á milli tveggja arma túngarðsins (þar sem hann greinist í norðausturhorni túns.


Lyngi vaxið svæði efst í túninu og ofan við túngarð samkvæmt túnakorti frá 1919.

Mannvirkið var hringlaga og sigið, lyngi vaxið. Skurðurinn var 4 X 1 m að stærð og snýr norður-suður. Í uppgraftarskýrslu kemur fram að í skurði mátti greina niðurgroft eða holu sem tekin var niður fyrir H-1. Í vestursniði var einn steinn og greinileg torflinsa og talið var líklegt að þessi ummerki bentu til að einhvers konar uppbyggð umgjörð hafi verið um niðurgroftinn. Einnig komu í ljós aðgreinanleg og umfangsmikil viðarkolalög og í fyllingu holunnar og var því talið líklegast að um kolagröf væri að ræða. Tvær smærri holur reyndust einnig í skurðinum. Gjóskulög sýndu að kolagröfin er a.m.k. eldri en frá því um 1300.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þóra Pétursdóttir. 2008, 9-11

SP-284 Fornleifar í landi Stafns á Seljadal



Fornleifar í landi Stafns á Seljadal. Áætluð landamerki sýnd með svartri línu, afmörkun Seljadals sýnd með grænni línu og leiðir með grænblárrí línu. Garðlög eru sýnd með rauðri línu en garðlög sem ekki hafa verið rannsökuð á vettvangi en kortlögð voru af loftmynd, með rauðri brotalínu.

1712: 10 hdr. 21.7.1531: Jón biskup á Hólum gefr ærligri dandi kvinnu Ólofu Einarsdóttur jörðina Stafn í Reykjadal, DI IX, 595 Í Stafni hefur sama ættin búið síðan 1837. Stafnsholt [SP-284b], í landi Stafns var í byggð 1845-1958 [Ragnar Árnason, heimildamaður, telur sig hafa sýnt fram á að byggð hefjist í Stafnsholti (Viðirholti) 1847]. Var stundum nefnt Stafn á Fljótshéiði. Nú hafa verið reist fjögur býli úr gömlu Stafnsjörðinni: Vallholt, nýbýli á 3/16 hluta [byggt 1934], Vellir, nýbýli byggt 1937 á 3/16 hluta; Fellshlíð, nýbýli stofnað 1959; Fellshlíð II, íbúðarhús byggt 1981, í landi Fellshlíðar.

1919: Stafn: Tún 5 ha. Þar af sléttað um 3/4. Var áður landmikil en hefur nú verið skipt mikið upp. Landið vel gróið, mest heiðaland með hrísmóum og mýarsundum, gott sauðland. Til austurs hallar að Reykjadalssá. BBSÞ,387-391.

SP-284:013 *Vörðuás* varða óþekkt

65°36.348N 17°22.822V

"Sunnan Tjarnarmýrar, á milli Kamarlækjar og Hvannlækjarása, er viðarmóaflæmi, sem hallar til vesturs...Sunnan þeirra vestast, og í suðvesturhorni Stafnsheiðar, næst Kamarlæk, er Vörðuás. Samhliða honum og austar, en aðeins mjótt móasund á milli, er Tjaldás," segir í örnefnaskrá. Vörðuás er nálægt suðvesturhorni Stafnslands en merkin liggja þó sunnan við Vörðuás. Vörðuás er næsti ás vestan við Tjaldás 014 og samsíða honum. Brenniasgötur 025 hafa legið sunnan í Vörðuás eða þar um bil. Vörðuás er um 3,5 km suðvestur af bæ 001.

Vörðuás er ósléttur og víða mjög grýtt flög í honum. Hann liggur N-S líkt og Tjaldás.

Nokkrar vörður og vörðubrot eru á ásnum og hefst lýsingin hér syðst. Næstum syðst og vestast á ásnum er alveg hrunin varða (A) á grjóthól, steinahrúga með gulleitum skófum sem rennur saman við hólinn. Varða B er um 35 m norðaustar, á áberandi, smágrýttum hól sem snýr norður-suður. 6-8 hnullungar hafa verið bornir saman og eru nú nokkuð skófum vaxnir,



Tvær af vörðunum, horft til norðvesturs

varðan er 0,5 m í þvermál og á hæð. Þriðja varðan (C) er um 50 m norðvestur af B, á grjóthól vestan til í holtinu. Hún er einnig um 0,5 m á hæð eða tæplega það, klambrað saman úr nokkrum hnullungum. Varða D er um 60 m norðar, einnig á áberandi hól. Milli C og D er reyndar vörðulegur nabbí sem virðist aðeins hundapúfa. Varða D er sú stærsta á ásnum, um 1 m í þvermál og hátt í 1 m há. Að lokum er varða

E um 110 m norður af D, smágrjóthrúgald og stendur lægra en hinar. Rétt norðan við hana er byrgi 074. Ekki er augljóst hvort vörðurnar hafa þjónað sérstökum tilgangi. Einu göturnar sem vitað er um í næsta nágrenni eru Brenniasgötur og reyndar mögulegt að þær hafi legið eftir sjálfum ásnum. Nyrsta varðan á ásnum er til móts við merki Heiðarsels og Brennias.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 3

SP-284:014 *Tjaldás* heimild um tjaldstæði

65°36.381N 17°22.573V

"Sunnan Tjarnarmýrar, á milli Kamarlækjar og Hvannlækjarása, er viðarmóaflæmi, sem hallar til vesturs...Sunnan þeirra vestast, og í suðvesturhorni Stafnsheiðar, næst Kamarlæk, er Vörðuás. Samhliða honum og austar, en aðeins mjótt móasund á milli, er Tjaldás," segir í örnefnaskrá. Tjaldás er nálægt suðvesturhorni Stafnslands, næsti ás austan við Vörðuás 013 og samsíða honum. Norðurendi ássins er um 3,5 km suðvestan við bæ 001.

Móaás, sléttur að ofan, sem liggur frá norðri til suðurs.

Víða hefði mátt tjalda á ásnum, a.m.k. eru þúfur ekki til vandræða þar. Gengið var eftir ásnum endilöngum en engin mannvistarmerki fundust - og kannski ekki við því að búast.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 3-4

SP-284:016 Stöpulsel tóftir sel

65°38.524N 17°23.115V


Miðhluti, frá Hvannalæk til Bæjarása, nokkurn spöl ofan við (vestan við) Stafnsbæ: " Við



Mynd til hægri: Birna Lárusdóttir skráir tóft B. Til hægri: Smalakofatóft sem byggð hefur verið í tóft A.

bug [Seljadals]árinnar, þar sem hún beygir til norðurs eru selrústir, Stöpulsel. Austan Buga og Stöpulsel, allt frá Rauðslæk að norðan, er Selás.", segir í örnefnaskrá. Stöpulsel er 3,2 km VNV við bæ 001, skammt sunnan við veginn að Gafli. Á þessum stað eru tvær rústir og er sú vestari alveg á árbakka Seljadalsár. Tóftirnar eru í hvammi við Seljadalsá, alveg í skjóli að austan. Til suðurs og norðurs eru lyngivaxnir móar í brekkurótum.

Á þessum stað eru tvær greinilegar tóftir (A og B) og tvær þústir (C og E) og mögulegur öskuhaugur (D). Rústasvæðið er 30 X 20 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Austast á svæðinu er stærsta tóftin, A. Hún er 14 X 10 m stór og snýr nálega norður-suður. Vesturbrúnin er þó fremur óskýr og er sum staðar breiðari. Tóftin er þrískipt en ofan í nyrðra hólfið I hefur síðar verið byggður smalakofi IV sem er 2,5 X 2 m stór og snýr norður-suður með opi á



vesturhlið. Nyrðra hólf tóftarinnar, II, er 5 X 2,5 og snýr norður-suður. Inngangur hefur líklega verið á það syðst á vesturhlið. Syðra hólfíð er 3 X 2 og snýr norður-suður. Tóftin er öll gróin og veggir ná mest 0,9 m hæð. Aðeins sjást grjóthleðslur í smalakofanum. Þar eru grjóthleðslur greinilegar, sérstaklega í suðausturhorni. Þriðja hólf tóftarinnar III, er byggt við norðvesturhornið og er 3 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Þetta hólf stendur talsvert lægra en tóftin, kemur undan henni en er sambyggt. Lítil þúst, hugsanlega öskuhaugur D, er rétt neðan (vestan) við tóft A. Hann er um 3 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Tóft B er um 8 m vestan við tóft A en 3 m vestan við öskuhaug D. Hún er tvískipt, 12 X 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðvestur. Hún er algróin. Syðra hólfíð er 3 m langt en það nyrðra 4,5 m. Ekkert op sést á tóftinni en veggir virðast hafa hrunið inn í hana að talsverðu leyti. Hæð veggja er mest 0,4 m. Tóft C er 11 X 7 m stór, einföld og snýr austur-vestur. Hún er talsvert niðurgráfin en þó má greina ytri brún veggja en veggir eru allt að 3 m breiðir. Tóftin virðist signari en bæði A og B. Ekki er neitt greinilegt op á henni en það kann að hafa verið austast á norðurvegg. Tóftin er algróin, vaxin grasi. Um 5 m sunnan við B er dokk E, sem er um 4 m í þvermál að innanmáli. Líklega hefur verið stungið úr bakkanum að norðan og austan en upphlaðið (eða uppkastið notað) að vestan og sunnan. Í vesturendanum er lítil, niðurgráfin hola (0,7 m í þvermál). Þústin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Hún er grasivaxin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Þústin er alveg fram á árbakkanum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 4

SB-284:017 *Stöpulselfvegur* gata leið

65°37.886N 17°21.106V

"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Í Stórás, þar sem Stóráshali byrjar, er lægð í ásinn vestast, Selskarð og austur af því önnur lægð, Draugaskarð [018]. Um



Stöpulselfvegur í Draugaskarði, horft til vesturs.

þessi skörð bæði liggja reiðgötur,

Stöpulselfvegur...", segir í örnefnaskrá. Leiðin í Stöpulself hefur legið á svipuðum slóðum og bílfærvegur í Gafl en þó sennilega heldur sunnar á köflum. Greinilegar götur sjást t.d. í botni Draugaskarðs, 1,4 km vestur af bæ 001. Göturnar liggja á kafla í lyngmóa.

Þrjár til fjórar samhliða götur sjást í skarðinu og liggja þar austur-

vestur. Þar sem skarðið tekur að opnast vestar sveigja þær heldur meira í VNV. Girt hefur verið þvert fyrir Draugaskarð vestast og þar er fyrirhleðsla undan girðingu, nær örugglega 20. aldar verk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 5

SB-284:018 *Draugaskarð* örnefni draugur

65°37.885N 17°21.004V

"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Í Stórás, þar sem Stóráshali byrjar, er lægð í ásinn vestast, Selskarð [kennt við Stöpulself 016] og austur af því önnur lægð, Draugaskarð. Um þessi skörð bæði liggja reiðgötur, Stöpulselfvegur [017]..", segir í örnefnaskrá. Draugaskarð er lág milli tveggja móaholta um 1,4 km vestur af bæ 001. Í botni

hennar sjást greinilegar götur.

"Draugaskarð ber nafn af því, að þar eiga að hafa mætt sendingar, sem Mývetningar og Kinnungar (sumir segja Eyfirðingar) gerðu hverjir öðrum. Tókust sendingarnar fangbrögðum og trúðu lægðina í ásinn," segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 5

SP-284:021 *Heiðarselsgötur* gata leið

"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Stórás er breiður, nánast stórt, ferhyrnt móaflæmi. Suður úr suðvesturhorni þess ferhyrnings gengur mjór langur ás, Beinás (Beiniás),..Yfir Stórás syðst, þar sem Beinás byrjar, liggja reiðgötur, Brennásgötur [025], kenndar við bæinn Brennás (Brenniás). Spöl fyrir vestan Stórás skiptast göturnar, Brennásgötur liggja suðvestur, um Hvannlækjarbotna og Vörðuás [013], en Heiðarselsgötur í hávestur, stefnu á Heiðarsel....í eyði 1936..tilheyrði Bárðardalshreppi," segir í örnefnaskrá.

Heiðarselsgötur voru ekki skoðaðar á vettvangi. Heiðarsel er tæpum 4 km norðar en Brenniás og því hljóta þær að hafa legið umtalsvert norðar, a.m.k. þegar nær dregur vesturhlið Seljadals. Ágætlega virðist móta fyrir götunum á loftmynd, þær klofna frá Brenniásgötum um 1,8 km vestur af Stafni 001, stefna hér um bil beint í vestur og liggja skammt sunnan við Arnarvatn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 5

SP-284:022 *Langamelsvarða* varða

65°38.481N 17°20.604V

"Miðhluti, frá Hvannalæk til Bæjarása, nokkurn spöl ofan við (vestan við) Stafnsbæ: "Langimelur. Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga. Á henni er Langamelsvarða.", segir í örnefnaskrá. Í örnefnskrá Narfastaða segir: "Vestanvert í háfellinu (Narfastaðafelli) heitir Langimelur... Þessi melur nær aðeins inn í Narfastaðaland en er að mestu í Stafnslandi." Varðan sést mjög vel. Hún er 1,8 km NNV við bæ 001, á berum mel sem liggur frá norðri til suðurs. Allt umhverfis eru lyngivaxnir móar. Þetta svæði ber hæst og er blásinn melur. Á honum er hæð í toppinn og á henni miðri gríðarstór varða í miðju og minni allt í kring.

"Á honum er varða frá danska herforingjaráðinu," segir í örnefnaskrá. Aðalvarðan er stór eða tæpir 3 m í þvermál og 1,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr frekar litlum steinum og í henni miðri er staur. Umhverfis vörðuna eru 5 minni vörður eða steinasamsafn. Þær eru allar gerðar úr einu umfari af grjóti og í þeim flestum eru á bilinu 5-14 steinar, sumir allt að 0,6 m í þvermál. Ekki er ljóst hvort þetta hefur verið gert á sama tíma og herforingjaráðsvarðan en a.m.k. er minni vörðunum raðað umhverfis herforingjaráðsvörðuna og þær virðast því í tengslum við hana eða eldra mannvirki á sama stað. Vörðurnar eru flestar 3-4 m frá stóru vörðunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 6



Langamelsvarða, horft til vesturs.

SP-284:024 *Fellshalagötur* gata leið

65°38.240N 17°20.583V

"Langimelur. Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga. Á henni er Langamelsvarða...Suður af Langamel tekur Fellið að lækka, heitir þar Fellshali...Inn í hornið, sem myndast á milli Fells og Fellshala gengur hluti þessa mýrarflæmis og heitir Kriki. Austan hans er lágur ás suður úr Fellinu, Messuás. Um hann eru Messugötur [023]. Yfir ásin og síðan upp úr Krika, liggja Fellshalagötur, gamlar smala-og heybandsgötur. Koma þær síðan saman við Stöpulsselsveg [017]," segir í örnefnaskrá. Fellshalagötur hafa legið til VNV frá bæ, norðan við núverandi veg í Gafli. Þær verða fyrst vel greinilegar á Fellshalanum upp úr rofi en liggja svo nokkuð skýrar í gegnum móann til vesturs.



Fellshalagötur, horft til vesturs

Götturnar liggja um lyngi vaxinn móa.

Gatan er greinileg og nokkuð djúp, um 0,5-1 m á breidd en 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SP-284:025 *Nónskarðsgötur* gata leið 65°36.574N 17°22.756V
Miðhluti, frá Hvannlæk til Bæjarása, nokkurn spöl ofan við (vestan við) Stafnsbæ: "Bæjarásar eru tveir, Efrj [Efri]-Bæjarás og Neðri-Bæjarás. Beint niður af þeim er bærinn Stafn. Þeir liggja norðan frá Bæjargróf og enda í Nónskörðum, sem eru þó aðeins í austari ásin, Ytra-Nónskarð og Syðra-Nónskarð. Er þau eyktamörk frá Stafni. Um þau liggja Nónskarðsgötur sem síðar verða Brennásgötur," segir í örnefnaskrá. Þessar götur hafa legið til suðurs frá bæ, klofnað í tvennt við Gatnaskiptaholt [sjá 040] en þessar götur haldið áfram til suðvesturs um Nónskarð. Síðan lágu þessar götur alla leið að Brenniás, heiðarbylí í Bárðardalshreppi og hétu þegar nær dró Brennásgötur: "Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Stórás er breiður, nánast stórt, ferhyrnt móaflæmi. Suður úr suðvesturhorni þess ferhyrnings gengur mjór langur ás, Beinás (Beiniás),..Yfir Stórás syðst, þar sem Beinás byrjar, liggja reiðgötur, Brennásgötur, kenndar við bæinn Brennás (Brenniás). Spöl fyrir vestan Stórás skiptast götturnar, Brennásgötur liggja suðvestur, um Hvannlækjarbotna og Vörðuás [013], en Heiðarselsgötur [021] í hávestur, stefnu á Heiðarsel..Þau tilheyrðu Bárðardalshreppi.", segir í örnefnaskrá. Gata sem sennilega er hluti af Brennásgötum sést fyrst á smákafli rétt norðaustan við Vörðuás 013 en mjög greinilega 600-700 m norðaustan við ásin. Gatan liggur um lyngmóa.

Gatan er nokkuð grafín og greinileg. Hún líkist mest kindastíg næst Vörðuás en er



Nónskarðsgötur, í Nónskarði

mun greinilegri upp aflíðandi brekku skammt austan hans. Þegar austar dregur er gatan mjög greinileg, víða djúpur troðningur en greinist stundum í tvennt eða þrennt þar sem er greiðfært. Hún var rakin á um 1,3 km kafla á vettvangi, þó ekki alla leið í Nónskarð þar sem götur eru sérlega greinilegar um 800 m suðvestur af bæ 001. Þar sjást 3-4 samhliða troðningar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 5 og 6

SP-284:074 hleðsla skotbyrgi

Norðarlega á Vörðuás er óhrjálæg hleðsla, eiginlega byrgi, um 3-4 m NA af vörðu 013E. Mjög grýttur ás sem tekinn er að lækka á þessum stað.

Byrgið er greinilega ekki gamalt, nær örugglega 20. aldar verk ef marka má að skófir eru nær engar og þar að auki stendur hleðslan enn þótt hún sé óvönduð. Hlaðið er úr stórgrýti svo myndast nánast L eða horn, suður og vesturhlið, um 2 x 2 m. Vesturhlið er mun veglegri, allt að 1,1 m há. Slælega er hlaðið en þrátt fyrir það getur varla talist tilviljun að eyða eða gluggi er í hleðslunni neðan við miðju, má ímynda sér að þar hefði mátt miða byssu í gegn. Mikið er af refaskít á holtinu en byrgið gæti líka hafa verið notað til að veiða annað, t.d. rjúpur.

Hættumat: engin hættu



Skotbyrgið, horft til vesturs

SP-284:075 varða óþekkt

65°36.224N 17°22.083V

Grjótbunga nefnast sérkennilegar, jökulsorfnar klappir í Fljótshéiði, austan við Tjaldás 014 og Vörðuás 013 og hátt í 3,5 km suðvestan af bæ. Á honum er varða.

Ásinn er gott og áberandi kennileiti í annars lynggróinni heiðinni.

Lítið vörðubrot er efst á ásnunum, að mestu gróið en nokkrir lausir steinar hafa verið lagðir ofan á og ber mest á þeim. Vörðubrotið er um 0,5 m í þvermál í grunninn, hæð um 0,5 m að meðtöldum lausum steinum.



Vörðubrotið

Hættumat: engin hættu

5. Saga Seljadals og nágrannajarða

Ritheimildir veita afar litlar upplýsingar um sögu Seljadals. Utan nokkurra fornra heimilda sem geta dalsins (þó ofast í framhjáhlaupi) er næstum ekkert vitað um nýtingu dalsins eða mögulega byggð á honum allt fram á 18. öld.

Eins og áður hefur komið fram hefur aðeins hluti dalsins verið rannsakaður á vettvangi. Þrátt fyrir það verður hér stiklað á stóru um byggðasögu dalsins alls og nágrannajarða hans. Með áframhaldandi rannsóknum á dalnum verður hægt að fylla betur í þær fjölmörgu eyður sem enn eru í þekkingu okkar um upphaf og þróun byggðar á dalnum og leiðréttá það sem hér kann að verða missagt sökum takmarkaðra gagna.

Þar sem eignarhaldi og nýtingu Seljadals var, a.m.k. allt frá miðöldum, að stóru leyti stjórnað frá bæjunum við dalsmynnið og austan við dalinn, verður byggðasaga svæðisins vart sett í samhengi nema í tengslum við byggðarsögu og –þróun á þeim jörðum sem áttu land á dalnum og nýttu hann. Hér verður því byrjað á að stikla á stóru um upphaf byggðar og byggðarþróun á þeim jörðum utan Seljadals sem áttu land á dalnum, en ferðinni þvínæst heitið inn á dalinn þar sem reynt verður að ráða í þær miklu eyður sem þar eru um upphaf byggðar og byggðarþróun á fyrri öldum.

Áður hefur verið fjallað um byggðarþróun í Reykjadal í eldri skráningarskýrslum og byggir sú umfjöllun sem snýr að því svæði m.a. á þeirri umfjöllun.⁹

Nágrannajarðir Seljadals

Eins langt og elstu heimildir ná hefur eignarhald á Seljadal verið í höndum nágrannajarða dalsins, utan við dalsmynnið og austan við dalinn, þ.e. Einarstaða, Breiðumýrar, Hóla, Daðastaða, Narfastaða og Stafns. Hér verður byrjað á að rekja sögu þessara jarða.

Elstu ritheimildir

Heimildir sem nýtast við ritun byggðasögu eru fornrit, s.s. Landnáma, Sturlunga og Íslendingasögur, og fornbréf. Samanlagt gefa þessar heimildir vísbendingar um þær jarðir sem voru í byggð þegar þær voru ritaðar og af þeim má gjarnan fá vísbendingar um hvaða jarðir hafa þá verið álitnar elstu og bestu jarðirnar á hverju svæði.

Samkvæmt Landnámabók eignaði Náttfari sér Reykjadal fyrstur manna „ok hafði

⁹ Sjá Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2005, Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinnsson 2001 og Orri Vésteinnsson. 1999.

merkt á viðum¹⁰. Eyvindur, sonur Þorsteins höfða, er hins vegar sagður hafa rekið Náttfara á braut og síðan sjálfur numið Reykjadal upp frá Vestmannsvatni og búið að Helgastöðum. Bróðir Eyvindar, Ketill hörski, kom á eftir honum og bjó á Einarstöðum. Sonarsonur Ketils var Einar Konálsson og þaðan á nafn jarðarinnar að vera komið.¹¹ Reykdæla saga og Víga-Skútu greinir einnig frá landnámi í dalnum. Samkvæmt henni ákvað Eyvindur að fara á undan Katli til Íslands, því hann kvaðst heyra gott af Íslandi sagt. Ketill vildi ekki fara þá þegar en bað þó bróður sinn um að nema svo mikið land að báðir gætu búið þar. Helgastaðir voru, samkvæmt sögunni, kenndir við Helga son Eyvindar.¹² Sonur Ketils höska var Konáll, sem átti Þórð, sem átti Sokka sem bjó á Breiðumýri.¹³

Í Reykdæla sögu og Víga Skútu, sem er talin rituð á 13. öld, er getið nokkurra jarða á svæðinu s.s. Litlu Lauga, sem nefndust Reykir, Mýri (nú Breiðamýri) og Einarstaða.¹⁴

Jarðanna við mynni Seljadals og austan við dalinn er víða getið í fornum ritum. Einarstaða er t.d. getið í Guðmundarsögu (en samkvæmt henni bjó Ögmundur prestur þar um 1220) og ýmsum máldögum, þeim elsta frá 1318.¹⁵ Á Sturlungaöld bjuggu enn ríkir menn á Einarstöðum, Ljósvetningar af reykðælskum landnámsættum. Fyrir 1500 eru allar Einarstaðaeignir komnar í eigu Ólafar ríku á Skarði við Breiðafjörð en Ari sonur Jóns biskups Arasonar kaupir síðan eignirnar. En um 1700 eru þær í eigu Skarðsættar á ný.¹⁶

Mýrar eða Breiðumýrar er einnig getið víða. Í fornöld bjuggu þar lengi höfðingjar af ætt Ketils hörska og getur þar ríkra manna allt fram á Sturlungaöld.¹⁷ Bæjarins er einnig getið í sölubréfum frá 15. öld.¹⁸ Lauga er getið í Reykdælasögu en með þannig orðalagi að ekki er hægt að sjá við hvora Laugajörðina er átt. Hóla er ekki getið í fornritum svo full vissa sé. Jarðirnar koma annars báðar fyrst fram í skjölum frá 15. og 16. öld.¹⁹ Daðastaða, Narfastaða og Stafns er hvergi getið í fornritum og allar eiga jarðirnar það sameiginlegt að þeirra er fyrst getið í varðveittum sölubréfum frá 15. og 16. öld.²⁰ Ekki er ólíklegt að hin algera heimildapurrið um þessa bæi fram á 15.-16. öld sé til vitnis um að þar hafi ekki búið

¹⁰ ÍF I, 276.

¹¹ Sama, 279.

¹² ÍF X, 151-152.

¹³ ÍF I, 278.

¹⁴ FÍ X, 166-169.

¹⁵ Guðmundarsaga, Bsk I, 511 og Máld DI II 437.

¹⁶ LÞ I, 294.

¹⁷ LÞ I, 295.

¹⁸ DI VI, 544 og DI VI, 567.

¹⁹ Um Hóla hafa varðveist eftirfarandi skjöl: DI IV 565, DI V, 177-78, DI V, 396, DI V, 448-49, DI IX, 767. sbr. DI XI, 115-16 og DI XII, 85-86, DI XII, 603, DI XIII, 487. Um Litlu-Lauga: DI IX, 454-55, DI XI, 880, DI XII, 344 og DI XIII, 487.

²⁰ Um Daðastaði : DI V, 396. Um Narfastaði : DI IX, 766, DI XII, 540-542 og DI XII, 603 og um Stafn : DI IX, 595.

höfðingjar, enda jarðirnar utan við þungamiðju byggðarinnar, á móts við mynni Seljadals.

Kirkjur/bænhús, kuml og dýrleiki jarða

Vísbendingar um í hvaða röð jarðir á ákveðnu svæði hafa byggst, hvaða jarðir áttu mest undir sér og hvar þungamiðja svæðisins var má m.a. finna í tölum um dýrleika jarða og í upplýsingum um staðsetningu kirkna og bænhúsa. Almennt er álitid að þær jarðir þar sem kirkjur og bænhús risu hafi byggst snemma, enda hafi bænhúsin almennt verið stofnsett fljótlega eftir árið 1000. Þá eru kuml óræk sönnun um forna byggð.

Sóknarkirkja var á Einarstöðum sem var um aldir höfuðból þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Hálfkirkjur voru á Breiðumýri og Stóru-Laugum. Á Hólum og Daðastöðum voru bænhús. Jarðfundin bein og kirkjubjalla við gamla bæinn á Narfastöðum benda eindregið til að þar hafi verið bænhús eða hálfkirkja og talsverðar leifar mannabeina sem fundust í Stafni við byggingu fjóshlöðu benda til að þar einnig verið bænhús.²¹

Kuml eru ein áreiðanlegasta vísbending um forna byggð sem völ er á og hafa þónokkur slík fundist í Reykjadal. Á því svæði sem hér er til umræðu hefur þó aðeins fundist einn staðfestur kumlategur, nánar tiltekið á Daðastöðum. Þar fundust á árunum 2003-2007 fjögur heiðin kuml sem öll höfðu verið rænd. Þar höfðu þó orðið eftir einhverjar leifar manna-, hesta- og dýrabeina ásamt einstaka gripum.²² Mannabein fundust einnig í Gráholti á Narfastöðum neðan við gamla túnið, fyrst þegar efni var tekið þar til vegagerðar, líklega snemma á 20. öld og síðan aftur þegar íbúðarhús var byggt á þessum stað 1978. Hugsanlegt er að um sömu bein hafi verið að ræða en ekki er vitað til að gripir eða hrossbein hafi komið upp með þeim og því ekki hægt að staðfesta að þar hafi verið kuml úr heiðni þó flest bendi til þess. Í seinni tíð hafa þær sagnir komist á kreik að landpóstur hafi verið ráðinn af dögum og huslaður með leynd í holtinu en það verður að teljast öllu ólíklegri skýring en að beinin séu úr kumli.

Að samanlögðu má segja að þær vísbendingar sem kirkjur/bænhús og kuml á svæðinu gefa sé bæir á svæðinu hafi almennt verið í betra meðallagi en að Einarstaðir hafi borið höfuð og herðar yfir aðra bæi. Líklegt virðist að bæirnir utan byggðarkjarnans við mynni Seljadals, á því sem e.t.v. mætti álíta að væru slakari bújarðir, hafi þrátt fyrir allt byggst mjög snemma og líklega verið komnir í byggð strax á 10. öld. Dýrleiki jarðanna bendir í sömu átt. Einarstaðir eru í upphafi 18. aldar metin langtum dýrari jörð en allar aðrar jarðir í nágrenninu

²¹ Í næsta nágrenni, en utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér er einnig talið að bænhús hafi verið á nokkrum stöðum og má af því áætla að öflugasti byggðakjarni svæðisins hefur verið í Reykjadal miðjum, á svæðinu norðan og norðaustan undir Mýraröxl. Þar hefur hjáleigubýggð líka orðið gríðarþétt, sennilega snemma á öldum.

²² Adolf Friðriksson ofl. 2009 og Adolf Friðriksson, munnleg heimild þann 25. maí 2009.

eða á 90 hdr. Breiðamýri er metin á 40 hdr, Narfastaðir á 30 hdr, Daðastaðir á 28 hdr, Hólar á 20 hdr og Stafn á 10 hdr.²³ Jarðirnar í mynni Seljadals hafa sem sagt átt mest undir sér en flestar hinna jarðanna töldust um eða yfir meðallagi að dýrleika á norðlenska vísu. Undantekningin frá þessu er helst Stafn fremst á dalnum. Staðsetning bæjarins, dýrleiki og nafn bendir til að þar hafi búseta hafist eitthvað síðar en á hinum bæjunum. Sú staðreynd að þar var bænhús og virðist hafa verið grafið um langt skeið bendir hins vegar til að bærinn hafi verið þokkalega stöndugur.

Landgæði og bæjanöfn

Þegar reynt er að rýna í byggðasögu og geta sér til um í hvaða röð bæir hafi byggst og hvaða jarðir hafi þótt vænstar er mjög gagnlegt að skoða landgæði og reyna að átta sig á því hvernig umhorfs kann að hafa verið þegar landið var numið. Einnig koma bæjanöfn að góðu gagni þegar á að reyna að ákvarða í hvaða röð jarðir hafi byggst sem og landamerki.

Margar ástæður eru fyrir því að ætla að bæirnir fremst í Reykjadal og í jaðri Mývatnsheiðar hafi byggst síðar en þeir sem eru í dalbotninum miðjum.

Í fyrsta lagi eru það landgæðin og hæð yfir sjávarmáli. Líklegt er að landnemar hafi kosið láglandi sem hentaði vel til ræktunar fram yfir heiðlendi. Sá sterki kjarni sem líklegast hefur risið snemma við mynni Seljadals hefur að líkindum frá upphafi sótt hluta af styrk sínum til dalsins og má gera ráð fyrir því að nýting Seljadals hafi ætíð, a.m.k. að hluta, stjórnast af höfðingjunum í dalsmynninu. Enn er ekki hægt að fullyrða hvort dalurinn hafi, á fyrstu öldum, fyrst og fremst verið nýttur af jörðunum utan dals, s.s. fyrir kolagerð, útbeit og selstöðu, eða hvort einhver byggð kunni að hafa risið þar í upphafi en orðið skammlíf líkt og byggðin á Þegjandadal.²⁴ Hvort heldur sem er má búast við að stórjarðirnar við dalsmynnið hafi mótað þá landnýtingu sem þar fór fram og hún hafi styrkt stöðu þeirra sem höfuðbýli svæðisins í upphafi. Til þess benda líka ritheimildir um eignarhald á dalnum á miðöldum en að þeim verður vikið nánar í næsta kafla sem fjallar sérstaklega um sögu dalsins.

Í öðru lagi má nefna bæjanöfn en *–staðir* eru almennt taldir hafa tilheyrt lægri þjóðfélagsstigum og byggst síðar en bæir sem heita einföldum náttúrunöfnum líkt og t.d. Hólar, Laugar og Mýri, en það var hið upphaflega nafn á Breiðumýri.²⁵ Þetta kallar á nokkuð flóknar útskýringar í sambandi við byggðarkjarnann við dalsmynnið, enda greinir Landnáma frá því að fyrst hafi verið byggt á Helgastöðum og Einarstöðum. Út frá byggðanöfnum

²³ Þess má geta að Kvígindisdalur var metinn á 20 hdr. eins Litlu-Laugar en Stóru-Laugar á 60 hdr. JÁM XI, 182-192.

²⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2007.


²⁵ Ólafur Lárusson 1944, 41, Vigfús Guðmundsson. 1926, Magnus Olsen. 1926.

virðist líklegast að Mýri hafi byggst fyrst en einhverra hluta vegna hafi þungamiðja valds fljótlega færst yfir á Einarstaði þar sem sóknarkirkjan reis. Velta má upp þeim möguleika hvort landnámsjörðin á þessum slóðum hafi fyrst verið kjarni tveggja bæja, þ.e. bæði norðan og sunnan við Seljadalsá en að nyrðri bærinn hafi fljótlega náð yfirhöndinni e.t.v. vegna þess að hann hélt yfirráðum sínum yfir vesturhlíð Seljadals á meðan jarðirnar austan dalsins eignuðust smám saman beutilandið í austurhlíð dalsins. Hugsanlega var það m.a. þetta sem olli því að þegar sóknarkirkja rís á svæðinu, þá er það á Einarstöðum. Áþekk dæmi um sterka tvískipta landnámskjarna, við dalsmynni og beggja vegna ár er að finna víða, og má t.d. nefna Litla- og Stóra-Árskóg á Árskógsströnd í Eyjafirði.

Landamerki, önnur garðlög og fornleifar

Eins og áður hefur komið fram hefur fornleifaskráning aðeins farið fram á hluta þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Ef marka má þær fjölbreyttu og fornlegu fornleifar sem fundist hafa á Daðastöðum og Narfastöðum má búast við að áframhaldandi skráning á Hólum, og skráning á Breiðumýri og Einarstöðum gæti bætt miklu við skilning okkar á byggðarsögu Seljadals og svæðisins alls.

Ef litið er til landamerkja virðist líklegt að Narfastaðir, Daðastaðir og Stafn hafi í upphafi byggst úr landi Hóla. Ekki er ólíklegt að á þessum slóðum hafi þá fyrst risið þrjár bæir, Hólar (sem upphaflega hafa átt land inn eftir dalnum að vestan), Laugar (sem síðar skiptust í Litlu- og Stóru-Laugar og hafa líklega upphaflega átt land suður eftir dalnum eða tekið þátt í skipulagningu landnáms þar) og Mýri/Einarstaðir sem áttu þá væntanlega land á Seljadal. Narfastaðir og Daðastaðir hafa þá byggst út frá Hólum mjög fljótlega eða strax á 10. öld en Stafn að mögulega heldur síðar. Ekki er ljóst hvenær Laugar klofna í tvo bæi en það gæti hafa verið mjög snemma, þess vegna á landnámsöld. Svipaða sögu er að segja um Mýri og Einarstaði, þ.e. að hafi ekki verið tveir bæir í kjarnanum frá upphafi, er líklegt að svo hafi orðið mjög snemma. Frá Einarstöðum byggist svo Kvígindisdalur í dalsmynni Seljadals. Ekki er ljóst hvenær það er en það var a.m.k. ekki síðar en á 15. öld eins og nánar verður vikið að í kaflanum um byggðarþróun á Seljadal hér á eftir. Hafi landnámið verið á þessa leið hafa landnámsjarðirnar allar í upphafi tryggt aðgengi sitt að skógi og beutilandi, utan við sjálfa heimahagana. Slík svæði hefðu þannig upprunalega tilheyrt landnámsjörðunum en síðar byggst upp sem sjálfstæðar jarðir ef til vill eftir að skógurinn var farinn að rýrna og það fór að borga sig fyrir skógareigendurna að hafa aðrar tekjur af landinu. Þannig byggjast Daðastaðir og bæirnir þar innan við úr Hólalandi og a.m.k. Kvígindisdalur frá Einarstöðum. Ómögulegt er að vita hvort fleiri slík býli kunni að hafa risið, t.d. á Seljadal en ekki er ólíklegt að



Helstu garðlög á skráningarsvæðinu sem fjallað er um í kaflanum. Garðlögin eru merkt með rauðri línu en garðlög sem fundist hafa við yfirferð korta með brotalínu. Landamerki eru merkt með svartri línu og mörk Seljadals með grænni.

Kvígindisdalur kunni að hafa verið slík nytjæining í upphafi og ekki óhugsandi að slík hafi

verið raunin með fleiri býli á Seljadal. Þá er hugsanlegt að í sumum tilfellum hafi landseti höfðingjans flutt á nytja-jörðina og haldið þar úti litlu búi, höggvið skóg og séð um útbeit fjár. Mögulegt er að umsvif á slíkum jörðum hafi í sumum tilfellum orðið svo mikil að þær urðu að sérstökum einingum sem þó heyrðu undir höfuðbýlið áfram og lentu undir því aftur þegar heilsársbúskapur þar leið undir lok.

Allar þær jarðir sem hér hefur verið getið í Reykjadal virðast hafa haldist í stöðugri byggð í gegnum aldirnar og ekki er vitað til að þær hafi nokkru sinni lagst í eyði. Nokkrar hjáleigur og minni býli eru hins vegar einnig þekkt á svæðinu. Um býlin á Seljadal verður fjallað hér á eftir en í þessum kafla verður getið um aðrar helstu hjáleigur innan landamarka jarðanna austan dals og við dalsmynnið.

Aðeins voru þekkt tvö afbýli á Einarstöðum utan Seljadals. Annars vegar býlið Vallarkot sem fyrst er nefnt í skjölum á 15. öld og virðist hafa verið í nokkuð stöðugri byggð á síðari öldum. Hins vegar er það býlið Skógarfletir vestan við Fljótsheiði sem var í byggð um 1680 en seinna notað sem beitarhús frá Einarstöðum. Býlið hefur ekki verið skráð og er ekkert vitað um ástand þess. Engin hjáleiga er þekkt í landi Breiðumýrar en í landi Hóla er getið um þrjár hjáleigur. Umfangsmestu rústirnar eru norðan við bæ á Hólagerði/Valdys sem heimildir geta fyrst um miðja 15. öld en er löngu komið í eyði þegar Árni og Páll rita jarðabók sína 1712. Þar er tvöfaldur túngarður og 3-4 rústir og má vera að þar hafi verið lítið býli um nokkurt skeið. Bollastaðir og Kárastaðir voru sunnan við bæ og er beggja fyrst getið í jarðabók Árna og Páls en þeir félagar efast hins vegar um að þar hafi byggð verið þó að nöfnin bendi til þess. Öll ummerki um Kárastaði voru sléttuð út þegar nýbýlið Kárhóll var byggt en á Bollastöðum sést hluti af túngarði og þrjár rústir.²⁶ Á Daðastöðum er aðeins þekkt býlið Daðastaðagerði/Glettingsstaðir en á það er fyrst minnst í Jarðabók Árna og Páls. Nýbýlið Lyngbrekka var síðar byggt á sömu slóðum og hefur búskapur þar að miklu leyti skemmt eldri rústir. Þó sjást enn túngarðsleifar og nokkrar tóftir ofan við túnið. Kumlfundur ofan túns sem og mannabeinafundur (sem líklega tengist bænhúsi) neðar gefa vísbendingu um að elsta bæjarstæði Daðastaða hafi upprunalega verið á þessum stað en ekkert er þá vitað um hvenær það var fært. Þó er ljóst að það er löngu áður en jarðabók Árna og Páls er rituð enda minnst þeir ekki á að bærinn hafi verið þar áður, einungis að þar hafi fornt eyðiból verið. Má vera að sannleikskorn leynist í þeim orðum og að búskapur hafi verið haldið áfram á eldra bæjarstæðinu þó að nyrðri bærinn hafi fljótlega náð yfirhöndinni og bæjarnafnið síðar færst yfir á hann. Á Narfastöðum hefur hjáleigubýggð aldrei orðið mikil þrátt fyrir mikið landrými.

²⁶ Sjá Orri Vésteinnsson. 1999.

Í sóknarlýsingu Helgastaðasóknar eru talin þrjú eyðikot í Narfastaðalandi en ekki nefnd með nöfnum og hefur presturinn, sr. Sigurður Grímsson á Helgastöðum, líkast til byggt vitneskju sína á frásögnum af rústum.²⁷ Tvö gerðisörnefni eru skammt frá bæ, Syðragerði og Ytragerði, og sjást á báðum stöðum rústir og garðlög í kring. Á fyrrnefnda staðnum er talið hafa verið fjárhússtaði í Jarðabók Árna og Páls en á Ytragerði var byggð samkvæmt sama riti framyfir miðja 17. öld.²⁸ Í Stafni er þekkt ein hjáleiga, Nóngerði/Mariugerði út frá bænum, en hennar er hvergi getið í fornum heimildum. Rústirnar virðist engu að síður bæði fornar og talsvert umfangsmiklar og sýndi Sigurður Þórarinsson fram á að túngarður þeirra væri eldri en frá því um 1400. Þar sést tvöfaldur vallargarður og óljóst garðlag sem liggur að vallargarði að sunnan. Innan vallargarðanna eru 8-9 mannvirki og öskuhaugur. Samtals er svæðið um 210 x 180 m stórt og ólíklegt er annað en að þar hafi verið allstæðilegt býli, nokkuð snemma.

Samanlagt má segja um hjáleigubbyggð í Reykjadal á þeim jörðum sem áttu land á Seljadal á síðari öldum að hún er óveruleg. Ýmislegt bendir hins vegar til að þau býli sem byggst hafa frá heimajörðunum hafi gert það fremur snemma og verið farin í eyði snemma. Engar vísbendingar eru um hjáleigubbyggð á þessum slóðum á síðari öldum og má velta fyrir sér hvaða merkingu það hefur.²⁹

Auk þeirra fornleifa sem þegar hafa verið nefndar og geta hjálpað til við að ráða í sögu byggðar í Reykjadals (s.s. kuml, kirkjur og hjáleigur) eru það helst forn garðlög sem veita vísbendingar um byggðarþróun. Eins og áður er sagt á enn eftir að ljúka skráningu á Hólum og að auki skrá Breiðumýri og Einarsstaði, af þeim bæjum sem hér er fjallað um. Þrátt fyrir þetta má fá ýmsar vísbendingar með því að skoða forn garðlög á því svæði sem skráð hefur verið.

Lítið af fornlegum garðlögum er að finna í Stafni og má segja að hið mikla garðakerfi sem greinilegt er á Fljótshéiði, víða í Reykjadal og Seljadal virðist fjara út til suðurs við norðurmerki jarðarinnar. Þar er reyndar fornlegur garður og á öðrum stað má sjá leifar af stuttum garðbút en hvorugt bætir nokkru við skilning okkar á byggðinni þar en gæti bent til að bærinn hafi lengi talist eins konar jaðarbær, á mörkum hins byggilega svæðis. Af Daðastöðum, og þó sérstaklega Narfastöðum, er hins vegar ólíka sögu að segja. Setja má fram ýmsar tilgátur um þróun byggðar á þessum slóðum út frá hinum veglegu garðlögum sem enn sjást þar víða. Í fyrsta lagi má benda á það augljósa, þ.e. að gríðarleg garðlög sem virðast afmarka heimahaga beggja jarða gætu bent til að byggð hafi verið komin þar snemma. Í öðru

²⁷ SS, 112.

²⁸ JÁM XI, 186-187.

²⁹ Um þetta verður fjallað nánar þegar skráningu lýkur á dalnum.

lagi vekja sumir þvergarðanna nokkra athygli. Á Narfastöðum virðist t.d. sum garðlaganna hafa verið hlaðin áður en Narfastaðabærinn byggðist á núverandi bæjarstæði. Bærinn stendur rétt sunnan við Gamlagarð sem liggur þvert yfir núverandi heimatún til vesturs allt frá Reykjadalssá en sveigir síðan í norður. Þetta gæti styrkt þá tilgátu sem sést m.a. í örnefnalýsingu að Ytragerði hafi verið upphaflegra bæjarstæði en af einhverjum sökum hafi bærinn verið fluttur suður fyrir Gamlagarð – þá væntanlega eftir að garðurinn féll úr notkun. Gamligarður virðist í raun skipta heimalandi Narfastaða í tvö hólf eða heimahaga. Önnur fornleg garðlög og garðbútar á svæðinu gætu bent til að heimahagar þessir hafi verið áþekkir á stærð og má velta fyrir sér hvort að við upphaf byggðar hafi annað býli verið sunnar, hugsanlega á Syðragerði. Þetta eru reyndar djarfar ályktanir, sér í lagi í ljósi þess að enn er lítið vitað um nákvæmar aldursgreiningar á garðlögum og mannvirkjum á þessum slóðum. Könnunarskurður var þó tekinn í Gamlagarð í tengslum við rannsóknarverkefnið *Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu* sumarið 2005 og varð þá ljóst að yfir garðinum lá gjóskulagið H-1300 og má af því ráða að garðurinn sé talsvert eldri en það.³⁰ Því er það e.t.v. ekki óvarlegt að álykta að flest fornlegu garðlögin á þessum slóðum kunni að vera frá svipuðu skeiði, eða a.m.k. frá því fyrir 1300 og hugsanlega talsvert eldri. Þar að auki má benda á að bronsklukkan sem fannst við hlaðið á Narfastaðabænum fyrir um áratug er talin vera frá því fyrir 1200 sem mætti hugsanlega túlka sem vísbendingu um að bæjarstæðið hafi þá þegar verið flutt á þennan stað. Ein og sér eru það auðvitað haldlítill rök fyrir því að bærinn hafi verið fluttur fyrir 1200, enda gæti svo mikill kjörgripur hafa verið í notkun um aldir.

Fyrirkomulag garðlaganna, bæði Gamlagarðs 282:048 og garðs 282:022 ofar í brekkunni er allsérstætt og mætti velta fyrir sér hvort garður 022 sé upphaflegri en Gamligarður og hafi átt að marka heimaland Daðastaða frá afrétti. Hafi slíkt verið raunin hafa merkin færst til norðurs þegar byggð hefst á Narfastöðum. Narfastaðabærinn og Daðastaðabærinn hafa greinilega verið færðir til, líklega báðir snemma en Narfastaðabærinn hugsanlega fyrr þar sem bænhús hefur líklega verið byggt á nýja bæjarstæðinu mjög snemma.

Engar vísbendingar er lengur að finna um hvers vegna menn hafa ráðist í svo stórtækan flutning enda mun algengara að bæir standi á sama stað um aldur og bæjarstæði séu ekki færð nema að þeim steðji veruleg ógn eða gróðurfar breytist mikið. Í tilfellum Narfastaða og Daðastaða er engar slíkar vísbendingar að finna. Ekki fundust leifar af garðlagi á núverandi merkjum Daðastaða og Narfastaða í Reykjadal en leifar garðs á sömu merkjum sáust í Seljadal. Stæðilegur garður er einnig á merkjum Daðastaða og Hóla. Frekari garðlög virðast

³⁰ Oscar Aldred ofl. 2005, 41.

marka af heimaland Hóla eftir endilangri hlíðinni og jafnvel tvöfaldur garður á kafla en frekari rannsókna er þörf á þessum garðlögum, sem og öðrum garðlögum í landi Hóla, Breiðamýrar og Einarstaða áður en hægt er að velta fyrir sér hvort garðlög geti gegnt lykilhlutverki í skilningi okkar á þróun byggðar í Reykjadal. En víkjum þá sögunni inn á Seljadal og hyggjum að vísbendingum um byggðarþróun þar.

Saga Seljadals

Um sögu Seljadals á fyrri öldum er merkilega lítið vitað og talsvert minna en um sögu Reykjadals. Nafnið eitt og sér bendir til að dalurinn hafi, a.m.k. um talsvert langt skeið, helst verið nýttur fyrir útbeit og selstöður. Enn er erfitt að svara þeirri spurningu hvort svo hafi verið allt frá upphafi, eða hvort mögulegt sé að á fyrstu árum byggðar hafi þar verið heilsársbyggð sem hafi lagst af aftur.

Elstu ritheimildir

Elsta þekkta ritheimildin sem getur dalsins er máldagi kirkjunnar á Einarstöðum frá 1318 en þar kemur fram að kirkjunni tilheyrir land á *Kuigerdadal*.³¹ Ýmsir yngri máldagar geta um eignarhald kirkjunnar á þessum slóðum og er dalurinn þá ýmist nefndur *Kvígudalur*, *Kvíkvændisdalur* eða *Kvígindisdalur*.³² Ekki er alltaf ljóst af umræddum heimildum hvort átt er við jörðina Kvígindisdal eða allan dalinn, sem nú er nefndur Seljadalur. Þó bendir flest til þess síðarnefnda og að dalurinn í heild hafi á fyrri öldum ekki verið nefndur Seljadalur heldur Kvígu-/Kvígindisdalur.³³ Til þess bendir t.d. landamerkjabréf Hóla frá 1459 þar sem landamerki jarðarinnar eru sagðir merkjagarðar á báðum merkjum sem liggja allt frá Reykjadalsá yfir að Kvígindisdalsá. Samkvæmt þessu var áin í dalsbotni, sem eins lengi og menn muna hefur verið nefnd Seljadalsá, á þessum tíma nefnd *Kvíindisdalsá* og þá varla annars að vænta en að dalurinn hafi heitið *Kvíindisdalur*. Einnig má nefna að í heimildum frá 15. öld er jarðarinnar Kvígindisdals víða getið í fornum heimildum en þá er ávalt talað um “jörðina Kvíindisdal”. Samkvæmt því er e.t.v. eðlilegast að gera ráð fyrir að þar sem elstu heimildir geta um Kvíindisdal þá sé átt við dalinn allan. Ef svo er mætti jafnvel ætla að

³¹ DI II, 337

³² DI III, 555, DI IV, 377 og DI IX, 767.

³³ Kvígandi hefur myndast af orðinu kvíga en samkvæmt Árna Magnússyni (Blanda I. bindi: 389) þýðir kvigin(d)e kvíga “sem sífellt leikur á riðli, en kelfist þá aldrei”. Margeir Jónsson fjallaði um örnefnið í samantekt sinni um torskild bæjarnöfn (Margeir Jónsson. 1933:28) og segir að örnefnið hafi breyst með hljóðvarpi í Kvígindi. Til gamans má geta að annar Kvígindisdalur er þekktur í Eyjafjarðarsýslu og Kvígindisfjörður, -nes og -fell eru í Barðastrandarsýslu.

dalurinn í heild hafi verið í eigu kirkjunnar á Einarstöðum í upphafi 14. aldar en kirkjumáldagar eru oft mjög víðtækir í skilgreiningum sínum á landareign og því ber að taka skilgreiningu þeirra með nokkurri varúð.

Utan þeirra heimilda sem geta dalsins í heild og þeirra sem geta jarðarinnar Kvígindisdals í tengslum við eignarhald kirkjunnar á 14.-16. öld eru fornar heimildir þöglar um dalinn og nýtingu hans á fyrr öldum.³⁴ Engar aðrar ritheimildir en þær sem áður er getið, fundust sem bæta nokkru við vitneskju okkar um byggð og nýtingu dalsins frá fyrstu öldum byggðar eða miðöldum. Raunar þegja heimildirnar þunnu hljóði um dalinn á næstu öldum, allt þar til komið er fram á 18. öld. Þá fást nokkrar upplýsingar um dalinn úr Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Á þeim tíma má sjá að dalurinn hefur fengið það heiti sem hann er þekktur undir nú, Seljadalur.

Yngri ritheimildir

Í upphafi 18. aldar voru þekkt fjögur býli á Seljadal samkvæmt Jarðabók Árna og Páls. Af þeim voru þrjú í eyði. Jarðabókin getur um eyðibýlið Láfsgerði sem var við dalsmynnið og “byggt upp frá staðnum fyrir manna minni, en eyðilagðist árinu eftir bóluna”, Glettingsstaðir voru innan við jörðina Kvígindisdal og eru kallaðir “fornt eyðiból” í jarðabókinni og Narfastaðasel var þá komið úr byggð (en notað sem selstaða frá Narfastöðum) og segja þeir félagar að byggð hafi einungis verið þar um tveggja ára skeið á seinni hluta 17. aldar. Kviendisdalur, eins og jörðin er kölluð í Jarðabókinni, er þá ein jarða á dalnum í byggð og metin á 20 hðr.³⁵ Önnur byggð virðist ekki þekkt á dalnum í upphafi 18. aldar en þess ber að geta að þeir félagar geta að jafnaði ekki sérstaklega um leifar selja og má því vel vera að talsverðar byggingar og rústir af slíkum mannvirkjum hafi þá verið þekktar á dalnum.

Af jarðabók Árna og Páls má ráða að Seljadalurinn hafi þótt einkar gott útbeitarland á þeim tíma er þeir rita bók sína en svo virðist að sá skógur sem ætla má að hafi verið á dalnum á fyrri öldum sé þá löngu horfinn og nýta þá t.d. bæði Einarstaðir og Kvígindisdalur skóg þess fyrrnefnda vestan í Fljótshéiði.³⁶

Ekki er víst að miklar sviptingar hafi átt sér stað á Seljadal á næstu áratugum eftir að jarðabókin var rituð, en í upphafi 19. aldar fer nokkur hreyfing að komast á byggðina þar, þó aðallega á vestanverðum dalnum. Á árunum 1818-1919 reis þar smábýlabyggð, sem í raun

³⁴ Fyrir utan varðveitt landamerkjabréf sem áður er getið frá 15. öld þar sem fram kemur að Hólar hafi þá átt land í dalnum austanverðum og að merkjagarðar hafi afmarkað það til bæði norðurs og suðurs.

³⁵ JÁM XI, 180-187.

³⁶ Reyndar virðast einhverjar skógarleifar þá eftir á þeim jörðum sem átt land syðst á dalnum austanverðum, á Narfastöðum og í Stafni en hann hefur líklega ekki verið á dalnum heldur austan í Narfastaðafelli.

mætti kalla heiðarbyggð. Upplýsingum um upphafsár og endalok býlanna ber reyndar oft ekki alveg saman í heimildum en þó virðist ljóst að fyrsta nýbýlið á dalnum, Skógarsel, var stofnað 1818 og hélt það býli lengst velli heiðarbýlanna eða allt fram til 1977.³⁷ Næst hefur líklega hafist búseta í Láfsgerði eða Lásgerði (þó það hafi reyndar áður verið í byggð á fyrri öldum).

Heiti sels/býlis	Samtala	Þekkt sem sel eða beitarhús	Þekkt sem býli	Getið í eldri heimildum?	Stofnað nýbýli	Endanlega í eyði
Narfastaðasel	SP-283:001	já	já	Í JÁM í byggð á 17. öld	1836	1940
Glettingsstaðir	SP-278:007	já	já	Í JÁM í byggð á fyrri öldum	nei	fyrir 1700
Skógarsel	SP-277:001	já	já	nei	1814	1964
Einarsstaðasel	SP-272c:001	já	já	nei	1864	1872
Láfsgerði	SP-274:001	nei	Já	Í JÁM, byggð fyrir manna minni í eyði eftir bólu	óvíst	1885
Kvígindisdalur	SP-278:001	nei	Já	DI, líklega fyrst árið 1465	í byggð	2008
Gafl	SP-272d:001	nei	Já	nei	1918	1956
Stöpulsei	SP-284:016	já	Nei	nei	nei	-
Daðastaðasel	SP-281:016	já	Nei	nei	nei	-
Hólasel	SP-279:014	já	Nei	nei	nei	-
Brennisel	SP-279:015	já	Nei	nei	nei	-
Ingjaldsstaðasel	SP-277:015	já	Nei	nei	nei	-
Hólakot	SP-282:019	nei	Nei	nei	nei	-

Reyndar fundust ekki heimildir fyrir því nákvæmlega hvaða ár það var. Búið var í Lásgerði 1703 skv. manntali en þess finnst ekki getið í manntali 1762 eða bæjartali 1786 en víða í kirkjubókum og manntölum á árabílinu 1795-1880 og er getið í Sýslu- og sóknarlýsingu sr. Sigurðs Grímssonar 1839.³⁸

Búseta í Narfastaðaseli hófst að nýju árið 1836 en Einarsstaðasel varð næsta selstaða á dalnum til að byggjast upp árið 1864. Yngsta býlið sem stofnað var til á dalnum var Gafl, sem byggður var innarlega á dalnum eða “á reginheiði” eins og einn heimamaðurinn orðaði það, árið 1918.³⁹ Býlabyggðin var mis langæ og varaði langt fram á 20. öld. Þá stóð einn eftir sá bær sem líklega var fyrst byggður á dalnum, Kvígindisdalur. Þar var búið fram til ársins 2008.

Landgæði, örnefni og gróðurfar

Þegar velt er fyrir sér hvenær og hvernig Seljadalur var fyrst numinn er rétt að huga að

³⁷ Reyndar var býlið stofnað 1830 samkvæmt sóknarlýsingu Sigurðar Grímssonar frá 1839. SSP, 113.

³⁸ Sjá Björn Lárusson. 1967, 296 og SSP, 113 og upplýsingar frá Ragnari Árnasyni, heimildamanni sem mikið hefur rannsakað búsetusögu bæja á þessum slóðum.

³⁹ Garðar Jakobsson. 1993:109.

landgæðum og gróðurfari á dalnum á fyrri öldum. Seljadalur er fremur gróðursæll en grunnur dalur. Dalurinn er nú víðast lyngi vaxinn og þýfður með mýrlendi við dalsbotninn við Seljadalsá. Flest bendir til að dalurinn, eða a.m.k. hluti hans hafi verið algróinn skógi á fyrstu öldum byggðar. Þar sem skráningu er lokið (á innanverðum dalnum að austan) hafa víða fundist kolagrafir og nafnið Skógarsel að vestan bendir til að þar hafi áður verið skógur þó engar vísbendingar séu um að slíkan gróður hafi verið að sjá þar á síðustu öldum.⁴⁰ Dalurinn hefur á fyrstu öldum kallast Kvígindisdalur/Kvígerðadalur en nafnið á síðari öldum breyst í Seljadal. Bæði nöfnin benda til nýtingar dalsins fyrir útbeit og styðja því kenningar um að það hafi verið aðalhlutverk hans frá upphafi. Flest selstæðin/býlin á dalnum eru nú þekkt undir heitum heimajarðanna ásamt endingunni –sel. Þar er Hólasel, Daðastaðasel, Narfastaðasel, Einarstaðasel og Ingjaldsstaðasel. Að auki eru þar selin Skógarsel, Stöpulsel og Brennisel. Bæjarnöfnin Kvígindisdalur, Glettingsstaðir og Hólakot benda til varanlegrar búsetu en eins og áður kom fram eru heimildir um síðastnefnda örnefnið veikar og engin vissa um að það sé gamalt eða jafnvel rétt. Ljóst er að flest örnefnin á tünnum á dalnum benda til selstöðu. Það er hins vegar spurning hversu alvarlega ber að taka þessi örnefni og í raun eðlilegt að áætla að hafi varanleg búseta verið á einhverju seljanna í upphafi byggðar séu góðar líkur á að bæjarheitið hafi smám saman vikið fyrir selheitinu hafi seljabúskapur orðið ráðandi nýting næstu aldirnar. Þessu til stuðnings má benda á að bæjaheiti á Þegjandadal hafa tekið mjög miklum umskiptum á síðustu öldum, heiti bæja færst á milli rústa og endingar breyst úr –staðir í –kot eða –sel.

Að samanlögðu má segja að lega Seljadals og landgæði hafi væntanlega gert það að verkum að hann var ekki numinn við fyrsta landnám á svæðinu en hefur líklega upphaflega tilheyrt jörðum utan við dalsmynnið eða austan dalsins. Líklegast er að landnýting á dalnum hafi orðið að undirlagi þessara jarða. Það má vel velta upp þeirri spurningu hvort líkur séu á því að heilsársbyggð hafi risið á dalnum á fyrstu öldum, líkt og í Þegjandadal en fallið í eyði fljótlega, þá líklega fyrir 14. öld þar sem samtímaheimildir frá þeim tíma fjalla um dalinn og geta ekki byggðar þar. Ekki er unnt að skera úr um þetta nema að lokinni fornleifaskráningu á dalnum öllum samhliða frekari könnunarskurðum. Enn sem komið er má segja að fátt bendi til varanlegrar búsetu á dalnum á fyrstu öldum byggðar þó að umfang fornra garðlaga og hár aldur útihúsa í Narfastaðaseli gæti verið vísbendingar um að þar hafi einhver heilsársbyggð átt sér stað snemma. Dalurinn er hins vegar snjóþungur og undirlendi víða takmarkað og því ljóst að búsetuskilyrði hafa aldrei verið eins og best væri á kosið.

⁴⁰ A.m.k. ekki síðan 1712 þegar Jarðatal Árna og Páls er gert.

Vísbendingar fornleifa

Eins og margoft hefur komið fram er aðeins lokið fornleifaskráningu á hluta Seljadals. Skráningu er lokið í Stafnslandi, á Narfastöðum/Narfastaðaseli og Daðastöðum/Lyngbrekku en auk þess hafa garðlög verið kortlögð eftir loftmyndum víðar á dalnum. Skráningin, ásamt þeim könnunarskurðum sem grafnir hafa verið á dalnum, hefur þegar gefið fróðlegar upplýsingar um aldur og eðli byggðar og landnýtingu á dalnum. Áður hefur verið minnst á kolagrafirnar sem fundist hafa á nokkrum stöðum á dalnum við skráningu en auk þeirra eru það helst býlis/seljarústir og hin miklu og fornu garðlög á dalnum sem varpað geta ljósi á byggðina. Á því svæði sem skráð hefur verið voru fjórar þyrpingar þar sem ætla má að menn hafi búið, annað hvort árstíðabundið eða samfelld. Afar takmarkaðar heimildir eru um þessar rústir nema helst um Narfastaðasel þar sem vitað er að búið var á 17. öld og síðar. Engar heimildir eru um samfellda búsetu á hinum stöðunum þremur en rústir á þeim öllum eiga það þó sameiginlegt að virðast fornar, a.m.k. að hluta til.

Ekki er sérstök ástæða til að telja að í Stöpulseli hafi nokkru sinni verið heilsársbúseta. Þar er enginn túngarður og þó að þar virðist talverð uppsöfnun sem gæti vitnað um háan aldur er fæð og umfang rústa dæmigert fyrir seljabúskap. Að sama skapi eru túnstæði umhverfis rústirnar svo takmörkuð að óraunhæft er að ætla að þar hafi nokkru sinni verið búið.

Nafnið Hólakot gæti bent til að þar hafi verið kotbýli en ekkert er vitað um hvaðan það á uppruna sinn og í raun er þessa örnefnið hvergi getið nema á herforingjaráðskorti. Rústirnar í Hólakoti eru hins vegar afar athyglisverðar. Þær eru mjög fornlegar og talsvert umfangsmiklar. Þar hafa nú fundist sex rústir í hnappi og sú sjötta skammt frá. Skammt frá rústunum hafði einnig verið borið saman grjót sem gætu mögulega verið leifar af kumli, þó að allt eins megi vera að það sé einfaldlega hrunin varða. Enginn túngarður er þar. Staðsetning rústanna í um 280 m hæð yfir sjávarmáli, í s.k. Skarði milli Narfastaðafells og Narfastaðaháls er ekki upplagt bæjarstæði í neinum skilningi þess orðs en býli hafa þó verið byggð á áþekktum stöðum. Sem dæmi má nefna að fornbylíð Sveigakot inn af Grænavatni er í 286 m h. y. s.. Engin vatnsuppspretta er nú sjáanleg á þessum stað en ekki er hægt að útiloka að lækir eða uppspretta hafi verið þar áður. Miklar kolagrafir eru umhverfis á nokkrum stöðum og má velta fyrir sér hvort rústirnar gætu tengst skógarnytjum á fyrstu öldum byggðar og menn dvalið þar tímabundið á hverju ári til að gera kol og nýta skóg á þessum slóðum. Umfang rústanna er þó e.t.v. meira en svo að slík nýting geti útskýrt þær að fullu og í 1-2 þeirra virðist hægt að greina garða sem gæti bent til að þar hafi verið fjárhús. Erfitt er að álykta um hvers lags búskapur hefur verið stundaður í Hólakoti en e.t.v. er líklegast að þar hafi verið einhvers konar selstaða. Það er vel þekkt að seljabúskapur fyrri alda var mjög fjölbreyttur og má ætla

að umfang þeirrar starfssemi sem fór fram í seljum hafi verið afar mismunandi. Færa má rök fyrir því að í stærstu selunum hafi verið mikil umsvif samfleytt yfir sumartímann. Enn er langur vegur í að skilningur okkar á seljum og því starfi sem þar fór fram sé fullkomnaður. Rannsóknir hafa verið gerðar á staðsetningu selja miðað við bæ og á stærð þeirra en fáir uppgreftir hafa enn verið gerðir á slíkum byggingum og í raun aðeins eitt sel sem grafið hefur verið upp í heild sinni.⁴¹ Sá uppgroftur var gerður á seli nálægt Kárahnjúkum (nefnt Pálssel af fornleifafræðingum) og leiddi hann í ljós að í því litla seli sem þar var (en þar reyndust tvær tóftir, önnur þrískipt en hin einföld) virðist hafa farið fram umfangsmikil og fjölbreytt starfsemi. Þar virðist auk fjárgæslu hafa verið stundaðar veiðar og hugsanlega koparsmiði í smáum stíl.⁴² Umfang rústa í Hólakoti er talsvert meira en í Pálsseli og því mætti vel ætla að hafi umsvifin í Hólakoti verið árstíðabundin selstaða, hafi þau verið umfangsmikil, og ekki ólíklegt að kolagerð hafi verið hluti af þeim.

Í Narfastaðaseli eru, eins og áður er getið miklar mannvistarleifar, bæði frá síðari öldum og fyrri tímum. Talsvert af tóftunum sem þar sést er augljóslega frá mun eldri búsetuskeiðum og þar sem yngri tóftir sjást á yfirborði er í mörgum tilfellum augljóst að eldri mannvistarlög er að finna undir yfirborði. Könnunarskurðir sem teknir voru í kolagrafir og tvær óljósar þústir í túninu síðastliðið sumar sýndu jafnframt að öll þessi mannvirki voru talvert eldri en gjóskulag sem féll um 1300 og sýna þannig að umsvif hafa verið á þessum stað, að öllum líkindum fyrir 1200 og mögulega mun fyrr. Frekari aldursgreining er erfið nema með ítarlegri uppgrefti t.d. í bæjarhól eða öskuhauga. Ekkert er heldur hægt að segja um hvort búsetan í Narfastaðaseli hafi á fyrstu öldum verið árstíðabundin eða hvort þar hafi verið lítið heilsársbýli. Könnunarskurður í garðlag ofan við Narfastaði, sem markar af heimahaga þess og Daðastaða sýndi að garðurinn er löngu fallinn úr notkun árið 1158. Þetta bendir til að umsvif á báðum stöðum hafi hafist mjög snemma, líklega strax á 10.-11.öld.

Á Daðastaðaseli fannst heillegur vallargarður og a.m.k. átta misfornlegar rústir og gerði innan hans og við hann. Líkt og í Narfastaðaseli eru heimahagar selsins afmarkaðir og að auki skráð tvö gerði skammt frá. Greinilegt er að í Daðastaðaseli leynast rústir frá löngu skeiði og bendir útlit sumra rústanna til mjög hás aldurs. Umfang rústa gæti hæglega bent til heilsársbúsetu enda markar vallargarðurinn af svæði sem er um 300 x 200 m stórt, vel áþekkt meðalbýlum frá fyrstu öldum á Þegjandadal. Eins og áður er getið eru engar þekktar heimildir um heilsársbúsetu í selinu og verður vart úr því skorið hvort svo hafi einhvern tíma verið,

⁴¹ Sjá Sædis Gunnarsdóttir. 2002 og Albína Pálsdóttir. 2005.

⁴² Þó rétt sé að taka fram að beinar sannanir fyrir fjárgæslu (þ.e. að þar hafi fé verið haft í seli) fundust ekki enda nær ómögulegt að skera um með fullri vissu um slíka starfsemi. Sjá Gavin Lucas. 2008: 91-93.

nema með uppgreftri. Túngarða í kringum seljarústir má í raun túlka sem annað af tveimur, annars vegar að þeir séu vísbendingu um að tún í selinu hafi verið slegin og heyfengurinn færður heim eða að þar hafi einhverju sinni verið heilsársbúseta. Hafi umsvifin aldrei verið önnur en selstaða er ljóst að hún var umfangsmikil og sjálfsagt hefur mjög fjölbreytt starfsemi þá farið þar fram yfir sumarmánuðina.

Þó að önnur býli og sel á Seljadal hafi ekki enn verið rannsökuð á vettvangi hefur verið rætt við heimildamenn um aðra hluta dalsins og af upplýsingum þeirra að dæma er umfang rústa á nokkrum af hinum seljum/býlum dalsins talsvert og má þar víða greina nokkur byggingarstig. Sú er t.d. raunin í Einarsstaðaseli og Hólaseli þar sem bæði má sjá fornlegar rústir og yngri í bland. Ekki fengust staðfestar frásagnir af garðlögum á þessum stöðum. Á Glettingsstöðum sjást samkvæmt þeim sem þar þekkja til einnig yngri og eldri rústir og leifar garðlaga og svipaða sögu er að segja af Láfsgerði. Ómögulegt er að setja fram nokkrar tilgátur um aldur og umfang byggðar á þeim svæðum í Seljadal sem er óskráð að svo stöddu.

Þegar hefur talsvert verið fjallað um hin fornu garðlög á Seljadal. Eins og áður segir hefur verið grafinn könnunarskurður í eitt þeirra sem legið hefur eftir endilangri hliðinni miðri í landi Narfastaða og Daðastaða og markað af austurhlið heimahaga bæði Daðastaða- og Narfastaðasels. Frá þessu garðlagi liggja önnur sem marka aðrar hliðar heimahaganna sem og hólfi þeirra á milli sem ekki er ljóst hvaða tilgangi hafa gegnt. Á milli þessa garðlags og annars samsíða ofan við heimahaga Narfastaða og Daðastaða er um 1 km, sjálf háheiðin. Af öllum þessum garðlögum virðist ljóst að landinu hefur snemma verið skipt niður í vandlega mörkuð hólfi, túngarða, garða sem girtu af heimahaga og svo úthaga/bithaga. Garðlögin í norðurhluta Daðastaðalands og í landi Hóla/Breiðumýri á Seljadal eru mjög áhugaverð. Forn merkjagarður er á merkjum Hóla og Daðastaða upp á háheiðina en þar hverfur hann í Langaflag. Merki bæjanna héldu áfram til vesturs að Seljadalsá en engan garð er þar að sjá. Þvert á móti virðist hinn forni landamerkjagarður hafa endað í langgarði sem líklega hefur legið á svipuðum slóðum og Langaflag er nú eftir endilangri heiðinni. Slitruv af þessum garði má greina til suðurs frá merkjum í 350-400 m áður en garðlagið beygir aftur til vesturs og endar í vallargarði Daðastaðagerðis. Annað garðlag liggur frá vallargarðinum neðst í dalnum og saman virðast þessir garðar allir geta hafa markað landamerki Daðastaða og Hóla fyrr á öldum. Merkin voru þá 330-400 m sunnar en þau eru nú og hafa verið eins lengi og elstu menn muna. Hafi fornt garðlag legið eftir hábrún heiðarinnar til norðurs, eins og allt bendir til, þá er það afar athyglisvert. Ekki er fullvíst að slíkur garður hafi verið á landamerkjum en hafi hann verið það þá má ætla að hann hafi verið byggður snemma því merkin um miðja 15. öld (samkvæmt varðveittu landamerkjabréfi) ná þá alla leið yfir heiðina og í Kvígindisdalsá.

Mögulegt er að eldri merki hefðu þá markað af landsvæði sem tilheyrði annað hvort litlu býli eða seli (sjálfsagt á þeim slóðum sem Hólasel er nú) sem síðar hefði fallið undir Hóla.

Eins og sjá má af yfirlitinu hér að framan má aðeins fá mjög brotakennda mynd af upphafi byggðar á Seljadal og þróun hennar með því að rannsaka fornar heimildir. Líklegt er að jörðin/jarðirnar við dalsmynnið hafi helgað sér dalinn við landnám. Elstu heimildir má túlka sem svo að allur dalurinn hafi á 14. öld tilheyrt Einarstöðum en líklegast virðist sem einhver hluti af austurhliðinni hafi verið eftirlátinn eða seldur jörðunum vestan við Mýraröxl. Í raun er hægt að hugsa sér tvær mögulegar skýringar á byggðarþróun á Seljadal. Í fyrsta lagi er mögulegt að þar hafi komist á kotbyggð, að undirlagi jarðanna utan dalsins, á allra fyrstu öldum. Hafi svo verið hefur sú byggð líklega lagst af mjög snemma og breyst í árstíðabundna búsetu einhvern tíma fyrir 1300 og dalurinn upp frá því fyrst og fremst þjónað býlunum utan við dalinn sem útbeitarland og selstaða. Hin tilgátan, og sú sem e.t.v. er líklegri er að dalurinn hafi alla tíð fyrst og fremst þjónað heimajörðunum utan við dalinn fyrir útbeit, kolagerð og selstöðu. Kvígindisdalur hefur þó verið þar í byggð um langt skeið og einstaka býli (s.s. Glettingsstaðir, Láfsgerði og mögulega Narfastaðasel) byggst upp tímabundið á öðrum skeiðum. Samkvæmt þessari kenningu varð ekki veruleg heilsársbyggð á Seljadal fyrr en á 18.-19. öld. Um eðli fyrstu byggðar á dalnum mætti e.t.v. skera úr með áframhaldandi fornleifaskráningu og uppgrefti á völdum stöðum.

Heimildir frá 15. öld sýna að jörðin Kvígindisdalur er þá í byggð við dalsmynnið að vestan og að Hólar hafa þá átt land yfir hálsinn og inn á dal. Ekki er ólíklegt að sama máli hafi gengt um allan austurhluta dalsins, þ. e. að bæirnir Breiðamýri, Hólar, Daðastaðir, Narfastaðir og Stafn hafi allir átt land þeim megin dalsins og nýtt það t.d. fyrir útbeit, kolagerð og selstöðu. Þetta kann að vera ástæða þess að býli virðast síður hafa byggst upp á austanverðum dalnum, a.m.k. á síðari öldum, þ. e. sökum þess að bændur áttu þar landræmu yfir heiðina hafi þeir ekki viljað missa útbeitina og selstöður.⁴³ Eins og áður segir hefur eignarhald á vestanverðum Seljadal lengst af verið í höndum Einarstaða þó að Kvígindisdalur hafi átt þar einhver ítök og réttindi. Breiðamýri átti einnig landsvæði inn af dalnum að vestan, þar sem býlið Brenniás byggðist upp síðar. Einu þekktu ítökin í vesturhlið dalsins annars staðar frá er að Ingjaldsstaðir í Bárðardal virðast hafa átt selstöðu, Ingjaldsstaðasel nálægt vesturjaðri dalsins, við Engivatn. Einarstaðir virðast sem sagt hafa haldið yfirráðum sínum yfir vesturhliðinni fram eftir öldum og þar virðast hafa gilt önnur lögmál en að austan.

⁴³ Eina staðfesta undantekningin er Narfastaðasel þar sem byggð var um stutt skeið á 17. öld

Fornleifar sýna að þegar á fyrstu öldum byggðar hafa verið talsverð umsvif á Seljadal, bæði í Narfastaðaseli og eins gefur könnunarskurður í fornt garðlag ástæðu til að ætla að þegar á 10.-11. öld hafi verið búið að skipta dalnum niður í vel afmörkuð hólfi, bæði bithaga, heiðarsvæði og svo heimahaga, hvort sem þeir voru afmarkaðir fyrir seljabúskap eða varanlega búsetu.

Eins og áður er getið er ráðgert að úttekt á minjum í Seljadal og nágrenni ljúki sumarið 2010. Samhliða því er þess vænst að frekari könnunarskurðir verði teknir í ýmis mannvirki á dalnum og samanlagt má ætla að mun betra ljósi verði þá unnt að varpa á upphaf og þróun byggðar á þessu svæði.

6. Seljadalur í fortíð og framtíð: Næstu skref

Þó að enn sé langur vegur í að fornleifar á Seljadal verði fullkannaðar er ljóst að þær rannsóknir sem fram að þessu hafa farið fram á dalnum gefa afar áhugaverðar niðurstöður og eru hvatning til áframhaldandi rannsókna á dalnum. Hinar fjölbreyttu fornleifar á dalnum gefa örlitla innsýn í lífið á dalnum í gegnum aldirnar en ljóst er að til að fá fyllri mynd er nauðsynlegt að halda áfram skráningu á minjum á dalnum og á þeim jörðum sem hafa í gegnum aldirnar átt þar land. Fornleifaskráningin hefur nú farið fram á syðsta hluta dalsins að austan og mun skráningu á minjum haldið áfram sumarið 2009 og þá skráður syðsti hluti dalsins að vestan. Miðað við þá skráningu sem þegar er lokið má ætla að unnt verði að ljúka skráningu á dalnum eigi síðar en sumarið 2010 og mun það marka mikil þáttaskil í þekkingu á sögu dalsins og þeim minjum sem þar leynast.

Samhliða skráningu og öðrum fornleifarannsóknum í Suður-Þingeyjarsýslu hafa nokkrir könnunarskurðir verið grafnir í landi Narfastaða/Narfastaðasels á Seljadal og hafa þeir reynst góð viðbót við þekkingu okkar á þessu svæði. Sumarið 2009 er ráðgert að grafa fleiri skurði á Seljadal, m.a. í fornlegar og forvitnilegar rústir þar sem kallað er Hólakot á herforingjaráðskorti. Ljóst er að einnig væri forvitnilegt að grafa skurði í mannvirki í og við Daðastaðasel sem og í fleiri garðlög á svæðinu. Frekari skráning á dalnum á einnig, án efa, eftir að leiða til uppgötvana á óþekktum rústum, fornlegum og áður óþekktum garðlögum auk þess sem þær minjar sem þekktar eru verða kortlagðar og skráðar. Líklegt er að sú rannsóknarvinna muni varpa ljósi á margar af þeim spurningum sem nú er ósvarað um byggð á Seljadal en jafnfram vekja upp fjöldann allan af nýjum og spennandi spurningum.

En þótt minjarnar á Seljadal séu skemmtilegar og það sé spennandi verkefni fyrir fornleifafræðinga að stunda þar skráningu og aðrar rannsóknir, er hvati rannsókna á dalnum ekki aðeins að svala áhuga fornleifafræðinga og fylla eyður um sögu dalsins. Frá upphafi hafa heimamenn haft mikinn metnað fyrir hönd dalsins og fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um hvernig nýta mætti niðurstöður rannsókna á dalnum bæði fyrir ferðamenn sem og fyrir heimamenn. Mikill fjöldi ferðamanna kemur í Reykjadal á hverju ári og þó að margir þeirra stoppi stutt við hefur bændagisting og önnur ferðaþjónusta á þessum slóðum aukist umtalsvert á síðastliðnum áratug. Fyrir þá sem staldra við á svæðinu er mikilvægt að boðið sé upp á áhugaverða afþreyingu og þegar litið er til þeirra gríðarlega fjölbreyttu og spennandi minja sem eru á þessum slóðum virðist borðleggjandi að þær mætti nýta mun betur. Markmið með rannsóknum á Seljadal er m.a. að miðla þekkingu um fornleifar, búsetu á svæðinu, landnýtingu og sögu til ferðamanna og heimamanna.

Þegar skráningu lýkur eru uppi ráðagerðir um að útbúa minjakort fyrir dalinn fyrir erlenda og innlenda ferðamenn þar sem saga dalsins og minjar verða kynnt og tillögur settar fram um mislangar gönguferðir um dalinn sem jafnvel verða stikaðar. Samhliða þessari útgáfu er ráðgert að útbúa efni til grenndarfræðslu í skólum í héraði þar sem saga dalsins verður kynnt og útbúnar verða hugmyndir að vettvangsferðum um svæðið fyrir nemendur þar sem þeir þurfa m.a. að leysa úr verkefnum og taka sjálfir þátt í að leggja fram hugmyndir um byggðina á dalnum á fyrri öldum. Einnig er ráðgert að kynna niðurstöður verksins á fundum í héraði og reyna þannig að fá sem mesta og besta þátttöku heimamanna í verkefninu og þróun þess.

Minjarnar á Seljadal eru sérlega fjölbreytilegar. Þar má finna mjög áhugaverðar fornleifar frá fyrstu öldum sem og talsverðar leifar frá 18.-20. öld. Rétt er að ítreka að sjálfsagt hefur aldrei verið eins líflegt á dalnum eins og á 18.-19. öld þegar fimm býli rísa þar (auk Kvígingisdals). Þetta tímabil er því ekki síður mikilvægt í sögu Seljadals en elsta byggðin, og á það ætti að leggja áherslu við kynningu á dalnum. Frá þessu yngsta skeiði byggðar eru auk þess tiltækar skemmtilegar heimildir, bæði um búskap sem rekinn var á dalnum sem og það fólk sem þar bjó. Mikið af þessu efni mætti nýta til að útbúa fróðleik um sögu dalsins og fólksins á þessu skeiði.

Við kynningu á minjastöðum á Seljadal væri tilvalið að setja fornleifar í víðara samhengi og fræða gesti staðarins almennt um horfna búskaparhætti og menningarlandslag á Íslandi, enda má þar sjá margar gerðir fornleifa í góðu ástandi: Bæjarhólar, sel, fjárhús, hesthús, beitarhús, stekkir, garðhleðslur af ýmsu tagi, heystæði, kola- og mógrafir, vörður og menjar um vegagerð. Þannig væri hægt að setja saman stutta texta um fráfarur, heyskap, fjárbúskap, kolagerð og landnýtingu á fyrri tímum almennt. Slíkt efni myndi ekki aðeins nýtast ferðamönnum og almenningi heldur einnig grunnskólanemum. Í slíkum texta mætti einnig vekja athygli á áhugaverðum minjastöðum og fornleifarannsóknum almennt í héraðinu. Með því að kynna t.d. garðlögin fornu sem finnast víða í sýslunni væri hægt að sýna fram á samhengi þeirra við minjar á dalnum.

Rannsóknir á Seljadal hafa hlotið stuðning víða. Stór hluti af rannsóknunum hefur verið fjármagnaður af *Hinu þingeyyska fornleifafélagi*. Rannís styrkti verkefnið *Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu* en á vegum þess var grafinn skurður á dalnum 2005. Sumarið 2004 styrkti Kísilgúrsjóður Ferðapjónustuna á Narfastöðum til að taka upphafsskref skráningar á dalnum, í Narfastaðaseli. Vorið 2009 fékkst svo styrkur úr *Nýsköpunarsjóði stúdenta* til áframhaldandi rannsókna á Seljadal með áherslu á þróun hugmynda í tengslum við kynningu dalsins til heimamanna og ferðamanna. Áframhaldandi skráning verður jafnframt styrkt af

Hinu þingeymska fornleifafélagi.

Mikill áhugi er meðal fornleifafræðinga að halda rannsóknum á svæðinu áfram á næstu árum. Til að átta sig betur á samhengi fornleifa, einkum bæjarstæða og garðlaga, er grundvallaratriði að meira verði skráð til að fá skarpari heildarmynd af svæðinu. Það er aftur forsenda þess að hægt sé að móta rannsóknarspurningar og ráðgera áframhaldandi fornleifarannsóknir. Það er ljóst að með frekari rannsóknum, t.d. uppgröftum, mætti bæta mikilli vitneskju við þessa mikilvægu undirstöðu.

Að lokum er rétt að minna á að skýrsla þessi er aðeins eitt skref af mörgum í átt til ítarlegra rannsókna á Seljadal. Ætla má að þær rannsóknir sem munu eiga sér stað á dalnum í sumar og næstu sumur (s.s. ítarlegri yfirferð loftmynda, frekari vettvangsgöngur og prufuskurðir, sem og frekari þróun hugmynda um göngukort og miðlun menningarminja á dalnum) muni bæta miklu í þekkingarbanka okkar.

HEIMILDASKRÁ

- Adolf Friðriksson, Howell Magnús Roberts, Magnús Á. Sigurgeirsson, Freya Sadarangni, James Taylor og Lisa Yeomans. 2007. *Fornleifarannsóknir í S-Pingeyjarsýslu 2007: Samantekt um vettvangsrannsóknir á Þegjandadal, Aðaldal og Reykjadal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS361. Reykjavík.
- Adolf Friðriksson. 2009. "Social and symbolic Landscapes in Late Iron Age Iceland". *Archaeologia Islandica 7: 2009*. Fornleifastofnun Íslands. 9-21.
- Adolf Friðriksson, Thomas McGovern, Hildur Gestsdóttir, Rúnar Leifsson, Colleen Batey og Guðrún Alda Gísladóttir. 2009. *Kuml á Daðastaðaleiti í Reykjadal: Fornleifarannsókn 2004-2005*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS412-03265. Reykjavík.
- Adolf Friðriksson. Munnleg heimild um áframhaldandi rannsóknir í Daðastöðum. Upplýsingar veittar þann 25. maí 2009.
- Albína Pálsdóttir. 2005. *Segðu mér sögu af seli: Fornleifafræðileg úttekt á íslenskum seljum*. Óútgefin B.A. ritgerð við Háskóla Íslands.
- Árni Magnússon. 1918/1920. *Blanda: fróðleikur gamall og nýr, 1. bindi*. Sögufélag gaf út. Reykjavík.
- BBSÞ**: *Byggðir og nú Suður-Pingeyinga 1985*. 1986. Búnaðarsamband Suður-Pingeyjarsýslu.
- Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2005. *Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS261-04151. Reykjavík.
- DI**: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.
- Dagbók Sigurðar Jakobssonar frá Narfastöðum. Handrit varðveitt hjá Hreiðari Karlssyni.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2007. *Fornleifaskráning á Þegjandadal: Niðurstöður rannsókna á dalnum sumurin 2005-2006*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS344-05122. Reykjavík.
- Garðar Jakobsson. 1993. „Eyðibýli í Reykjadal.“ *Árbók Pingeyinga*, bls. 104-119

Gavin Lucas. 2008. "Pálstóftir: A Viking Age Shieling in Iceland". *Norwegian Archaeological Review*. 41:1, bls. 85-100.

Guðmundur Frímann. 1977. „Bóndinn í Narfastaðaseli.“ *Sútur* 14, bls.166-177.

Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Menningarminjar í Reykdælahreppi. Svæðisskráning*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS151-01021. Reykjavík.

Ingólfur Sigurgeirsson. 1997. "Grafreiturinn í Stafni". *Árbók Þingeyinga 1997*. Bls. 115-117.

ÍF I: *Íslendingabók. Landnámabók*. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

ÍF X: *Ljósvetninga saga. Reykdæla saga ok Víga-Skútu*. 1940. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla*. XI bindi. 1943. Kaupmannahöfn.

Landamerkjabréf fyrir Hóla frá 1863. Eftirrit af lögfestu fyrir Hóla í Reykjadal. Ritað af Stefáni Jónssyni 27. maí 1863 og rituð í eignarskjala- og veðmálabók Þingeyjarsýslu.

Landamerkjaskrá fyrir Hóla frá 1889. Haraldur Sigurjónsson, eigandi lét gera. Skrifuð á Einarstöðum 19. nóvember 1889.

Loftmynd af Narfastöðum frá Loftmyndum ehf.

LP I: Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. 1954. Helgafell. Reykjavík.

Margeir Jónsson. 1933. *Bæjarnöfn á Norðurlandi: rannsóknir og leiðréttingar IV, Þingeyjarsýslur*. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Magnus Olsen. 1926. *Ættegárd og helligdom*. Osló.

Morgunblaðið 12. janúar 1996. „Kirkjuklukka finnst á Narfastöðum í Reykjadal.“

Oscar Aldred, Árni Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. 2005. *Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu/A system of earthworks in north-east Iceland: Framvinduskýrsla/A interim report*. Fornleifastofnun Íslands og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS292-04262. Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1999. Menningarminjar á Hólum og lóð Laugaskóla í Reykjadal. Fjölrit. Fornleifastofnunar Íslands nr. FS100-99181. Reykjavík.

Ólafur Lárusson. 1944. *Byggð og saga*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Skámyndir Árna Einarssonar frá 2002-2006. Varðveittar á Fornleifastofnun Íslands og Náttúruverndarstöðinni við Mývatn.

Sædis Gunnarsdóttir. 2002. *The transhumant landscape of Saurbæjarhreppur. A study of shielings, dependent farm and their locations in connections to the mother settlements*. Óbirt M.A. ritgerð. School of Archaeological Studies. University of Leicester.

SS: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. 1994. Gott mál. Reykjavík.

Vigfús Guðmundsson. 1926. “Nafngjafir landnámsmanna á Íslandi”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1925-1926*, bls. 22-31.

Þóra Pétursdóttir (ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni). 2009. *Frumrannsókn menningarminja í Narfastaðaseli*. Fjölrit Fornleifastofnunar nr. FS418-08161. Reykjavík.

Túnakort: Uppdrættir af túnnum í Reykdælahreppi 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Daðastaðir, J.A.: Örnefnalýsing Jóns Aðalsteinssonar um Daðastaði. Bréf frá 15. apríl 1983. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Daðastaðir PHJ: Örnefnalýsing Daðastaða. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni eftir Þorgils Jónssyni og Ívari Árnasyni en endurskráð af Páli H. Jónssyni árið 1968. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka: Örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. Ari Gíslason skráði eftir upplýsingum Þorgils Jónssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hjalli: Örnefni Hjalla. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hjalli ath og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Hjalla. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Lyngbrekka J.A.: Örnefnaskrá Lyngbrekku. Jón Aðalsteinsson skráði árið 1983. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Lyngbrekka P. H.J.: Örnefnalýsing Lyngbrekku. Páll H. Jónsson skráði árið 1968.

Upphafleg skrá gerð af Ara Gíslasyni en Páll lagfærði m.a. með aðstoð Jóns Aðalsteinssonar og Þorgils Jónssonar.

Ö-Narfastaðir: Örnefnalýsing Narfastaða. Ari Gíslason skráði eftir Karli Jakobssyni, bónda. Hreiðar Karlsson yfirför og endurbætti 1992-1999. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stafn: Örnefnaskrá Stafns. Ari Gíslason skráði eftir Ingólfi Sigurgeirssyni 1966. Árið 1967 lásu Ingólfur Sigurgeirsson og Páll H. Jónsson handrit Ara og leiðréttu. Örnefnastofnun Íslands.

Viðauki 1: Óstytt skrá yfir fornleifar í landi Daðastaða, Narfastaða, Narfastaðasels og Stafns, án myndefnis

SP-281 Daðastaðir

1712: 24 hdr. Konungsjörð. Bænhús var á jörðinni áður fyrr. Er stundum kölluð Dattstaðir [og Dazstaðir] í fornskjöllum og er ein af svokölluðum Reykjadalssjörðum. 26.1.1437 selur Þorsteinn Magnússon Birni Sæmundssyni Dattstaði og fleiri jarðir í Reykjadal "skyldi biornn suara fyrir tuo bænhús er nidvr voru fallen aa dattstodum ok holum upp aa sina peninga." DI IV, 565. 10.10.1463: Björn Sæmundsson gefur með samþykki Sigurðar sonar síns Halli Jónssyni til kaups við Guðnýju Ólafsdóttur jörðina Dattstaði í Einarstaðapingum... Sagdi Björn Sæmundsson að garðr sá sem liggir í mirinni fyrir sunnan Hóla og gengur upp á ásinn neðan frá ánni. redi landamerkið midlum jarðanna Hóla og Dattstada." DI V, 396. Með jörðinni er talin eyðihjálegan Glettingstaðir eða Daðastaðagerði. Nýbýlið Lyngbrekka byggt 1932 á 1/2 Daðastöðum.

26.1.1437: Daðastaðir liggja j reykiadal j einarstada þingum; DI IV 565

1919: Tún 4,4 ha. þar af sléttað um 9/10. "Túninu spillir skriðufall úr fjallinu og hefur tekið nærri þriggja daga slátt, sem nú er nokkuð upp vaxið og afræktað. Engjar öngva, nema það sem hent er úr mýrlendum útögum. Úthagar eru bjarglegir og í betra lagi." JÁM XI, 186. Frá austri til vesturs nær landið frá Reykjadalssá vestur yfir hálsinn að Seljadalsá. Bærinn stendur allhátt uppi í hálsinum og voru áður hálfdeigjur og mýrar neðan túns sem nú hafa verið ræstar fram og gerðar að túni. BBSÞ, 395.

SP-281:001 *Daðastaðir* bæjarhóll bústaður 65°41.886N 17°21.905V

"[Lyngbrekka] var byggð á grasi gróinni smáhæð neðan brekku og austan (neðan) Reykjadalssbrautar. Þar hét Gerði [009]... Bendir margt til þess að Daðastaðabær hafi áður fyrr staðið þar sem nú er Lyngbrekka [009], en síðan verið fluttur út og upp í brekkuna, þar sem hann er nú," segir í örnefnaskrá. "Þar sem Lyngbrekka er nú, hygg ég [Jón Aðalsteinsson] að hinn forni Daðastaðabær hafi staðið.", segir í örnefnaskrá J.A. Bæjarhóllinn á Daðastöðum, mögulega yngri en sá á Lyngbrekku/Daðastaðagerði 009 ef marka má sögusagnir og fornleifafundi, er beint ofan og vestan við núverandi íbúðarhús á Daðastöðum sem er nýlegt. Á þessum stað stóð gamli bærinn á Daðastöðum árið 1919, sbr. túnakort, og þar er nú eldra íbúðarhús sem er aðallega notað sem geymsla.

Íbúðarhúsið er lítið, tvílyft steinhús með viðyggingu að norðanverðu. Það stendur h.u.b. þar sem hóllinn er hæstur. Húsið er að stofni til frá 1918. Trjálundur er sunnan við húsið en hvönn vex að norðan. Núverandi íbúðarhús er fast við austurjaðar bæjarhólsins á sléttuðu malarplani og jafnvel eins og hafi verið tekið örlítið úr hólnum fyrir því.

Bæjarhóllinn er mjög greinilegur en gæti verið náttúrulegur að nokkru leyti. Hann er alls um 40 x 40 m stór frá norðri til suðurs og allt að 2-3 m hár. Enginn kjallari er undir gamla íbúðarhúsinu og sennilega eru minjar í hólnum í nokkuð góðu ástandi. Langt frameftir 20. öld var fjós sambyggt bænum að norðanverðu og þar sjást leifar af steiptum grunni, sennilega hlandfor. Nýtt fjós var reist norðar í túninu um 1960. Vestan við bæ er lítil, járnklædd hlaða. Á túnakorti sést að kálgarður hefur verið suðvestan við bæ. Ekki sér móta fyrir honum lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Lyngbrekka P.H.J., 1; Ö-Daðastaðir J.A., 1-2

SP-281:002 mannabein bænhús 65°41.509N 17°21.384V

Í Íslensku fornbréfasafni hefur varðveist sölubréf frá 1437 þar sem fram kemur að bænhús er þá aflagt á Daðastöðum en þar segir: "skyldi biornn [Sæmundsson kaupandi] suara fyrir tuo bænhús er nidvr voru fallen aa dattstodum ok holum upp aa sina peninga," Vitað er hvar bænhúsið var þar sem komið var niður á beinagrindur við býlið Lyngbrekku á 20. öld en þar er talið að Daðastaðir hafi verið áður. Í grein Garðars Jakobssonar um fundinn segir: "Við jarðrask hafa komið í ljós beinagrindur [010], sem bent gætu til grafreits [þar sem býlið Lyngbrekka er]. Í heimildum frá 15. öld er sagt frá hálfkirkju á Daðastöðum." Niður á beinin var komið þegar grafið var fyrir votheysgryfju. Hún var Rétt austan við norðausturhorn viðbyggingar við íbúðarhúsið á Lyngbrekku, á milli Lyngbrekku og hlöðubyggingar vestan við. Þegar komið var niður á beinin var hætt við frekari framkvæmdir á þessum slóðum.

Á þessum stað er nú viðbygging við íbúðarhús, nokkuð niðurgráfin hlaða og malarlóði á milli.

Samkvæmt Hallgrími Þorgilssyni bónda á Daðastöðum sást lengi móta fyrir garðlagi í hálfhring á þessum slóðum en það er nú horfið í framkvæmdir. Bænhúsið er talið hafa verið frá Daðastöðum, þegar bærinn stóð þar sem Lyngbrekka gerir nú (sjá 006). Ekki er vitað hvar sjálfur bærinn hefur þá staðið en líklega hefur það ekki verið fjarri bænhúsinu og e.t.v. á svipuðum stað og íbúðarhúsið á Lyngbrekku gerir nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lyngbrekka P.H.J., 1; DI IV, 565; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 116

SP-281:003 *Lambhús* tóft lambhús 65°41.868N 17°21.972V

"Lambhús ofan við bæinn á Daðastöðum var þá með torfþaki, einnig eldhúskofi [028] utan og neðan við bæinn," segir í örnefnaskrá. Útihúsið er merkt inn á túnakort um 60 m VSV við bæ 001 (en 30 m frá jaðri bæjarhóls).

Leifar þess sjást enn efst í túni og er það sambyggt túngarði 013.

Efst í sléttuðu túni sem er í halla til austurs. Ofar eru grösugar brekkur.

Tóftin er löng og mjög eða 21 X 4-6 m. Hún er örllítið breiðari að norðan en að sunnan. Tóftin er á kafi í grasi og á köflum illgreinanleg sökum þess. Hún er úr torfi og grjóti en einnig hefur verið notað timbur og bárujárni í hana enda var hún í notkun fram undir 1960. Norðan við fjárhúsin var hlaða sem búið er að rífa. Samkvæmr heimildamanni var húsið síðast nýtt undir kýr og nautfé, rétt áður en núverandi fjós var byggt um 1960. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf. Það nyrðra, I, er 3-4 X 9 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Sunnar er annað áþekkt hólf II, sem stendur mikið hærra e.t.v. vegna þess að hluta af veggjum hefur verið rutt inn í það. Þetta hólf er alveg yfirgróid og á kafi í mjög háu grasi. Nokkuð af bárujárni er í tóftinni og því er ómögulegt að meta stærð þess. Veggir eru hlaðnir með grjóti upp í 0,9 m hæð en torfhleðsla þar ofan á. Mest ná vegghleðslur um 1,8 m hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lyngbrekka J.A., 1 og Túnakor 1919

SP-281:004 *Hólshús* heimild um útihús

65°41.931N 17°22.000V

Daðastaðatún: "Hesthús [006], ofarlega á Tungu, og ofan við bæinn var og er Lambhús [003], þar norðan við, utan og ofan við bæinn var Hólshús, en yst á túninu við endann á vallargarðinum [013] var Ysthús [005] og er enn," segir í örnefnaskrá. Hólshús voru merkt inn á túnakort frá 1919 og voru um 100 m norðvestan við bæ 001. Þar sem húsin stóðu er hæð efst í túninu og þar eru nú geymdir ónýtir bílar og úr sér gengnar vélar. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lyngbrekka J.A., 2 og Túnakort 1919

SP-281:005 *Yzthús* heimild um fjárhús

65°41.963N 17°21.967V

"Neðst í Daðastaðatúni er flöt,..Kallasléttu. Þar upp af eru fjárhús, Yzthús á Yzthúshól.", segir í örnefnaskrá. Ysthús eru merkt inn á túnakort frá 1919 og voru um 150 m norðan við 001.

Á þessum stað er hóll í túninu og á honum standa fjárhús sem nú eru nýtt fyrir hænsni enda ekki sauðfjárbúskapur á jörðinni eftir að riða kom upp á bæum á 9. áratug 20. aldar.

Engar leifar sjást af eldra húsi en það hús sem stendur á þessum stað er þó líklega fremur gamalt. Það er byggt úr torfi, grjóti, timbri, steypu og bárujárni. Húsið snýr austur-vestur og er 30 X 18 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2 og Túnakort 1919

SP-281:006 þúst hesthús

65°41.845N 17°21.952V

Daðastaðatún: "Hesthús, ofarlega á Tungu, og ofan við bæinn var og er Lambhús [003], þar norðan við, utan og ofan við bæinn var Hólshús [004], en yst á túninu við endann á vallargarðinum [013] var Ysthús [005] og er enn.", segir í örnefnaskrá. Hesthúsið var merkt inn á túnakort frá 1919 og var tæpum 90 m suðvestan við bæ 001. Það var efst í túni, 5-10 m sunnan við lækjarsprænu sem rennur niður túnið nálægt þeim stað sem, traðirnar 040 lágu í gegnum túngarðinn 013.

Á þessum stað er greinilegur, ræktarlegur hóll í túninu

Á hólnum má sjá þúst sem er gróflega áætluð 9 X 5-6 m og snýr norður-suður. Í þústinni er dæld sem er 7 X 2-3 m að stærð og snýr eins og tóftin. Allt eru þetta afar óljós ummerki en þó næg vísbending til að segja með nokkurri vissu að þarna hafi hesthúsið staðið en vart verður meira um það sagt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919 og Ö-Lyngbrekka J.A., 2

SP-281:007 *Torfsund* örnefni rista

65°41.745N 17°21.405V

"Suður með Reykjadal[sánni] er Bæjarlækjarbakki, og þar kemur niður Bæjarlækur, en það er bæjarlækurinn á Daðastöðum. Þá er nafnlaust hér um tíma, þar til kemur að merkjum móti Lyngbrekku. Þar er við ána Ránhúsbakki...en merkin eru hér um skurð. Ofar rétt neðan við veginn er Torfsund, og Kerling er holtsnibba við sundið," segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. Torfsundið var um 440 m suðaustan við bæ 001 en um 280 m ofan (vestan) við þjóðveg.

Aflangt mýrarsund sem snýr nálega austur-vestur. Lág, grasgefinholt eru umhverfis.

"Ég [Jón Aðalsteinsson, skrásetjari] man eftir að torf var rist í Torfsundi, bæði til að þekja hey og dytta að húspökum.", segir í örnefnaskrá J.A. Engin ummerki sjást lengur um ristu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 1; Ö-Daðastaðir J.A., 1

SP-281:008 *Torfsund* heimild um ristu

65°41.771N 17°21.617V

"Svo var annað Torfsund ofar, beint upp af Torfsundi [007] ofan við veginn, mig minnir líka að þangað væri sótt

torf til smáræða (það var styttra)," segir í örnefnaskrá J.A. Þetta Torfsund er ofan gamla þjóðvegur um 300 m suðaustur af bæ 001.

Vel afmarkað, deigt mýrarsund; lágt holt að norðan en hærra holt að sunnan.

Engin greinileg merki sjást um torfristu í sundinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Daðastaðir J.A., 1

SP-281:009 *Daðastaðagerði* býli bústaður 65°41.568N 17°21.568V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Glettingstader, kallast af sumum Dattstadagerde, nefnist fornt eyðiból hjer í landinu fram frá jörðunni, og sjást þar bæði tófta og girðinga leifar líkt því að þar hafi byggt ból verið. Ekki má hjer aftur byggja því túnstæðið er viði vaxið." "Syðst við merkin er norðurendinn á svonefndu Narfastaðabjargi. Ofar, innan við þar sem býlið Lyngbrekka er, var Daðastaðagerði," segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. "Gerði (Daðastaðagerði) lá suður og niður undan Höfðanum, sem var höll úr ísaldarruðningi, sem skagaði fram úr mýrlendi, er liggur frá Daðastaðatúni suður að Leiti ofan við Höllin, sem liggja frá Höfðanum norður að Einbúa [019].", segir í örnefnaskrá J.A. "Aldrei heyrði ég þetta eyðiból annað nefnt en Daðastaðagerði. En það var þar sem nú er býlið Lyngbrekka og því allar fornar rústir horfnar þar sem bærinn stóð. Hins vegar er þar mikið um greinileg garðbrot, og hefur túnið verið mjög stórt eftir túngarðinum að dæma. Það renna margar stoðir undir það að þarna hafi gamli Daðastaðabærinn staðið en af einhverjum ástæðum verið færður upp í brekkuna þar sem hann stendur nú," segir í grein Garðars Jakobssonar. "Þar voru miklar rústir, og kom upp gröftur eins og hér hafi verið grafreitir, beingrindur o.fl. [sjá 002]," segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. "Þar sem Lyngbrekka er nú, hygg ég [Jón Aðalsteinsson] að hinn forni Daðastaðabær hafi staðið. Það sem bendir til þess er, að hér er forn kirkjugarður [sjá 002]. Engin merki eru hinsvegar á Daðastöðum um verulega forn mannvirki, að því ég fæ séð. Svo var mér forðum sagt, að hér hafi verið kallað Daðastaðagerði áður en byggt var, og var hér áður stekkur. Til gamans get ég nefnt, að nágretta minn, Sigurð Jakobsson, nú löngu látinn, heyrði ég ekki segja Daðastaði, heldur Daðstaði..eða öllu heldur: Daðstaði," segir í örnefnaskrá J.A. Leifar af gömlu býli sjást uppi í brekkunni fyrir ofan Lyngbrekku. Þar er bogadregið garðlag ofan gamla þjóðvegarins um Reykjadal, 120-130 m ofan eða vestan við núverandi bæ í Lyngbrekku.

Lyngmói í halla mót austri. Sumarbústaður er tæpum 20 m ofan garðs í brekkunni.

Á staðnum sést garðlag (A) með sambyggðri rúst (B) og stök, mjög fornleg tóft (C). Að auki er óljós tóft austan gamla vegar (D) og óljós garðlög norðan við svæðið (E). Alls er rútasvæðið um 360 x 180 m stórt frá norðri til suðurs ef allt er talið. Norðurhluti garðlagsins á upptök sín ofan gamla vegar um 120 m beint vestan við Lyngbrekkubæ. Þaðan liggur það í boga til SV, suðurs og að lokum sveigir það aftur niður brekkuna í SA að gamla þjóðvegi og vottar reyndar einnig fyrir því austan hans. Garðurinn er lyngi vaxinn og fornlegur, allt að 3 m breiður og allt að rúmur metri á hæð. Fyrstu 20-30 metrana virðist hann klofinn eða jafnvel tvöfaldur en vera má að það séu sprungur vegna frostverkunar. Tæpa 45 m suður frá upptökunum mótir fyrir garðlagi sem liggur frá honum til austurs, niður að gamla vegi og er það um 18 m langt en frekar ógreinilegt. Garðlagið er algróið og sigið líkt og bogadregni garðurinn. Skammt sunnan við það er gömul malarnáma frá því er gamli vegur var lagður. Hún er rúmir 15 m í þvermál og býsna djúp, vesturbakkinn allt að 4-5 m hár sé staðið inni í gryfjunni. Ekki er ósennilegt að gryfjan hafi raskað hluta af fornleifum á Daðastaðagerði. Tóft B er sambyggð innanverðum túngarði að vestan 75 m suður frá upptökunum. Hún snýr N-S og er alls um 11 x 4 m stór og tvískipt. Norðurhólfíð er heldur stærra og á því eru dyr í austur. Meiri gróska er í tóftinni en annarstaðar í kring og hugsanlega er þetta stekkurinn frá Daðastöðum 001 sem getið er í örnefnalýsingu J.A. Fjarlægð frá Daðastöðum að stekki er um 830 m. Tóftin er vallgróin, ekki sér í grjóti og um 0,5 m háir veggir. Stígur upp að sumarbústaðnum liggur yfir garðlag A norðan við stekki. Stærri og fornlegri tóft (C) er um 12 m suðaustur af B. Hún er voldug og fornleg, lyngivaxin og tvískipt og liggja bæði hólfín samsíða niður brekkuna frá vestri til austurs. Veggir eru algrónir og lyngi vaxnir en grax vex í botni beggja hólfá sem eru allslétt að innan. Alls er tóftin um 18 x 12 m stór A-V og eru hólfín á móta breið en það syðra nær ekki jafnlangt í vestur, munar um 5 m. Sneitt hefur verið framan af báðum hólfum við gerð gamla vegar en sennilega ekki meira en 2-4 m. Veggir eru allt að 3 m breiðir. Aftur skal þá vikið að túngarði. Hann sést að nýju austan gamla vegar í lyngmóa sem er sléttari og votlendari en ofan vegar og er mun ógreinilegri þar. Vottar þó fyrir honum á 75 m löngum kafla og stefnir hann áfram í suðsuðaustur en fjarar á endanum út. Tóft D er í brekkunni austan gamla vegar, 35 m suðaustur af tóft C. Þetta er sporöskjulaga upphækkun með dæld í miðju, um 7 x 6 m stór A-V, frekar óljós. Frekar bratt er fram af henni til austurs. Veggirnir eru signir, algrónir og um 0,4 m háir, dyr sjást ekki. Trjárækt er allt í kringum tóftina en ekki verið plantað í vegg. Í hliðinni utan (NNV) við Daðastaðagerði eru óljós ummerki á nokkrum stöðum sem gætu verið leifar hruninna garðlaga en sum þeirra kunna að vera náttúrusmíði. Þessi óreglulegu mannvistarleifar eru hér nefndar einu nafni E en hverjum búi svo gefið sérstakt númer. Skammt neðan við Holtin þar sem kuml 014 voru stingur grasi gróinn hryggur (E1) sér undan holti. Hann er 2-3 m á breidd en rúmlega 25 m á lengd. Ekki er fullvíst að hryggurinn sé mannaverk en hann líkist þó mjög forn og signum garði. Hryggurinn er fagurgrænn og grasi gróinn og sker sig mikið úr lyngivaxna móanum umhverfis.

Óljós ummerki eru um 10 m neðan (norðaustan) við norðausturenda E1. Þar má greina enn óljósari hrygg (E2) á rúmlega 10 m kafla til ASA. Þessi hryggur er alveg hlaupinn í þúfur. Um 20 m ASA við suðausturenda E2 var annar hryggur (E3) áþekkur. Um hann var svipaða sögu að segja og E2, þ.e. ummerkin eru of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða án efa að hann sé áreiðanlega mannaverk. Þessi ummerki eru greinileg á um 10 m kafla NNA-SSV. Á þessum stutta kafla er greinileg brún að suðvestan en engin upp í brekkuna. Um 40 m neðan við E3 er svo það garðlag sem langskýrast er af þessum gördum. Þetta garðlag (E4) er lítill garðstubbur á milli vegarslóðanna tveggja ofan við bæ á Lyngbrekku. Garðurinn er er 3-4 m á breidd og grasi gróinn. Hann er mest 0,8 m á hæð en 40-50 m langur. Snið sést í austurenda hans þar sem hann endar í skurði ofan við bíslóða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 1-2; JÁM XI, 186; Ö-Daðastaðir J.A., 1-2; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 115

SP-281:010 garðlag óþekkt 65°42.164N 17°22.202V
Regluleg upphækkun, hugsanlega fornt garðlag, liggur norður-suður í hliðinni norðaustan við Daðastaði 001. Suðurendi þess er um 500 m norðaustur af bæ.

Lyngmói í halla mót austri.

Alls er garðbúturinn 100-120 m langur, liggur fyrst nokkurn veginn beint í norður en sveigir svo lítilllega í austur, í átt að Kárhól. Aðeins mótar óljóst fyrir vesturbrún garðsins en sú eystri er miklu greinilegri, enda eins og móinn þar neðan við hafi rofnað, jarðvegur fokið burt og þannig er land um 1 m lægra neðan garðs en ofan. Garðurinn er á bilinu 1,5-2 m breiður, algróinn og hvergi sér í grjót. Hæð garðs að vestanverðu er um 0,3 m en um 1 m að austan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2; Ö-Lyngbrekka P.H.J., 1; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 116

SP-281:011 heimild um mógrafir 65°41.978N 17°21.559V
Mógrafir voru um 300 m ANA við bæ 001 þar sem nú eru sléttuð tún en hafa einnig náð lengra til austur, austur fyrir gamla veginn en þar sjást enn talsverðar leifar neðan vegar. Grafirnar er um 100 m sunnan við heimreið að Daðastöðum.

Sléttuð tún eru á þessum slóðum ofan vegar en grasi vaxinn hagi neðan.

Samkvæmt Hallgrími Þorgilssyni voru grafirnar að mestu ofan vegar og þar sem vegurinn liggur nú. Ofan vegar er dekkra gras vex neðst á ferhyrningslaga kafla og gæti það gefið vísbendingu um staðsetningu grafanna innan túna. Neðan túna eru hins vegar dældir sem við fyrstu sýn gætu vel komið heim og saman við mógrafir. Þær eru samtals um 50 m á lengd en hvergi breiðari en 15-20 m og víðast aðeins um 5 m. Á þessu svæði voru hins vegar urðaðar kindur með riðuveiki undir lok 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SP-281:012 *Nónvarða* varða eyktamark 65°41.810N 17°22.431V
"Upp og suður af túni er Bæjargil, og vörðubrot upp af því heitir Nónvarða.", segir í örnefnaskrá. Varðan sést frá Daðastöðum og er um 430 m VSV við 001. Hún er um 120 m sunnan við austustu vörðuna í Skógarselsgötum 033.

Varðan er á lágum melhól.

Varðan er um 1 m í þvermál en 0,3 m á hæð. Steinar hennar eru vaxnir skófum en hún er ekki sérlega vel hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2

SP-281:013 *Vallargarður* garðlag túngarður 65°41.828N 17°21.794V
"Suður af bænum er Gróf, og fram af henni er grjótskriða, sem heitir Skriða. Stykkið þar suður af, að Vallargarði, heitir Tunga,..." segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. "Vallargarður stendur enn og er hlaðinn hérumbil eingöngu úr torfi. Ofan við túnið er hann mjög þykkur niður og gróinn og heillegur, en víða farinn að láta á sjá að sunnan. Ég held að hann nái víðast enn eins metra hæð og sumstaðar mun meira," segir í örnefnaskrá J.A. Túngarðurinn sést um tún Daðastaða 001 að sunnan og vestan. Austurendi suðurhliðar er um 170 m SA af bæ 001.

Garðurinn liggur um tún sem er að hluta slegið og að hluta nýtt sem beitiland. Girðing er ofan á garðinum.

Óvíst er að garðurinn hafi nokkurn tíma náð lengra. Frá upphafspunkti garðs liggur hann svotil beint í vestur. 60-70 m vestur frá upptökum garðsins hefur hitaveita verið lögð gegnum hann. Þar sést glögg í sniði að hann hefur eingöngu verið hlaðinn úr torfi. Garðurinn er nokkuð siginn, mest um 0,8 m hár en almennt signari. Hann er hærri að utan en innan, sjálfsagt allt að 1,2-1,4 m hár. Garðurinn er á köflum allt að 1,4 m hár að innanverðu en sumstaðar komið rof í hann. Eftir um 215 m frá upptökunum beygir garðurinn um 90° til norðurs og tekur svo á sig smákrók til NA áður en hann sveigir aftur beint í norður. Þar sem krókur mætir norðurhlið hefur verið

hlið á garðinum, um 5 m breitt en verið fyllt upp með grjóti að mestu. Lambhús 003 er sambyggt túngarði innanverðum um 20 m þar norðan við. Vesturhlið garðsins er allt að rúmir 2 m á hæð að innanverðu, mun hærri en túngarðar eru yfirleitt og ekki ósennilegt að hann hafi átt að hlífa túni við vatnsrennsli ofan úr brekkunni. Garðurinn sveigir lítilla til austurs um 140 m norðan við lambhúsið en endar þar, skammt ofan við Yzthús 005. Alls er því garðurinn tæplega 500 m langur og afmarkar tún sem er um 280 x 200 m stórt frá norðri til suðurs og breiðkar til suðurs. Ekki er ólíklegt að syðsti hluti túnsins, sem er sunnan við lítið gil sunnan bæjarhóls 001 sé nýrækt eða í það minnsta yngri en aðrir hlutar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2; Ö-Daðastaðir J.A., 2

SP-281:014 kuml legstaður

65°41.477N 17°21.728V

"Upp og norður af bæ í Lyngbrekku heitir Höfði nafnlaus holt, og þar suður beint upp liggur svonefnt Leiti. Þar um Yztaleiti eru merkin. Þar eru þrjár fornmannagrafir, er snúa út og suður.", segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. Grafirnar eru á fremur lágu holti um 100 m norðvestan við sumarhús í landi Lyngbrekku en um 280 m vestan við þar sem mannabein fundust og bænhús hefur verið en líklegast er að eldri bær hafi verið þar nærri. Beinir eru hins vegar um 880 m sunnan við bæinn á Daðastöðum 001.

Allt umhverfis eru fjölmörg áþekkt holt í brekkunni en norðar tekur við mýrlendi. Brekkurætur sjálfjar heiðarinnar eru um 150 m ofar. Frá holtinu er feikigott útsýni til bæði norðurs og suðurs.

"Þar sem hinn forni reiðvegur [nr.28] lá (í daglegu tali: Gömlugötur) varð leiti eitt sunnan mýrlendis þess, er liggur ofan við Höllin, sunnan við Daðastaðatún og var kallað stundum Daðastaðaleiti, mér var sagt í bernsku, að hetjur hefðu þar barist í fornöld og sumar ekki kembt hærurnar og verið dysjaðar á vígvelli. Var sagt að slíkt stæði í Íslendingasögum, en ekki veit ég það. Í leitinu má sjá lægðir þrjár, er snúa út og suður og gætu vel verið gamlar grafir, en gætu eins verið dyntir náttúrunnar.", segir í örnefnaskrá J.A. Á þessum slóðum fundust síðar kuml og voru þau grafin sumurin 2003-2005 og 2007 af Fornleifastofnun Íslands. Í skýrslu um rannsóknina segir: "Arin 2003-2005 var gerð athugun á meintum kumlum á leitinu ofan við nýbýlið Lyngbrekku í Reykjadal, Suður-Pingeyjarsýslu. Rannsókuð var gröf manns og hests, en líkur voru taldar á að þar leyndust fleiri grafir. Uppgrefti var haldið áfram sumarið 2007 og bar góðan árangur.[...] Ljóst er að á Daðastaðaleiti var kumlategur í heiðni, og á honum a.m.k. 4 kuml. Öll hafa þau verið rænd. Þau sneru eins við áttum, inn og út Reykjadal, eða því sem næst í N-S. Nyrst voru kuml 1 (sem var rannsakað 2004-5) og kuml 2 [...]. Kumli 1 hefur verið lýst í fyrri skýrslu. Í kuml 2 fundust beinaleifar úr manni. Óvíst er um upprunalegar stellingar, en líklegt er að höfuð hafi legið í suðurenda. Beinir voru mjög úr lagi færð, en svo virðist sem átt hafi verið við þau skömmu eftir að maðurinn hafði verið lagður í gröfina, eða a.m.k. meðan eitthvert hold var enn á beinum, því 2 hryggjalliðir og önnur bein hengu 18 saman þó svo að líkaminn eða líkamshlutar virðist hafa verið hreyfðir til. Í kumlina fannst kambur úr beini. [...] Í skurðbrún sjást gjóskulögin sem upphaflega gröfin var tekin í gegnum. Um 8-9 m suðvestan við kuml 1 og 2, fannst þriðja kumlið (merkt "D"). Reyndust þar vera tvær grafir, en þeim hefur verið mikið raskað við haugbrot fyrir á tíð. Afstaða gjóskulaga bendir til að kumlið hafi verið rænt í tvígang, þ. e. áður en gjóska féll 1477, og eftir. Mannsbeinir voru í suðurenda syðri grafar og voru öll á tvístringi. Í miðri norðurgröfinni voru hestbein. Í hrossgröfinni fannst heilleg gjaðrarhringja. Dr Lisa Yeomans hefur athugað dýrabeinir og telur þau vera úr fleiri einu einu hrossi. Má vera að einn hestur hafi verið lagður í gröfina, en að bein úr öðrum hafi slæðst yfir í hana þegar kumlategurinn var rændur. Beinir eru úr fullorðnu dýri, líklega hesti fremur en hryssu. Í hrossgröfinni fannst vel varðveitt gjaðrarhringja. Hún er úr járn og af einfaldri gerð, óskreytt, ferhyrningslaga með sljóum hornum. Þorninn er vafinn um grunnhliðina. Kuml 4 lá 6-7 m suðvestan við kuml 3. Hafði það orðið fyrir miklu raski þegar það var rænt og var sérlega illa varðveitt. Rétt eins og kuml 2, hefur það verið rænt í tvígang. Í því voru aðeins fáeinir beinaleifar, aðallega fótabeinir. Höfuðkúpuna vantaði og mest af sjálfum

búknum. Á kumlategnum á Daðastaðleiti hafa nú fundist 4 mannskuml. Eru hestar grafnir með tveimur þeirra. Öll kumlir hafa verið rænd, kuml 1 og 2 sennilega "aðeins" einu sinni og þ.a.l. betur varðveitt, en kuml 3 og 4 verr farin og rænd tvívegis. Gerðar voru tilraunir til að finna fleiri grafir á teignum og á næsta hólrana, en þær báru engan árangur. Ekki er hægt að fullyrða að þar leynist ekki fleiri kuml, en hér verður látið staðar numið. Kumlategurinn sem fannst og hefur nú verið rannsakaður er staðsettur með dæmigerðum hætti, á leiti, við leið og sennilegast þar sem þjóðleið og heimreið að býlinu sem í fornöld stóð þar sem nú er nýbýlið Lyngbrekka." Snyrtilega hefur verið gengið frá kumlunum, fyllt upp í grafirnar, tyrft yfir og það grjót sem úr gröfunum kom lagt ofan á þær.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2 og Adolf Friðriksson og fleiri. 2009, Adolf Friðriksson o.fl. 2007, 17-22 og Adolf Friðriksson. Munnleg heimild.

SP-281:015 gata leið

65°41.842N 17°24.425V

Greinileg gata liggur til norðurs frá Daðastaðaseli 016. Hún liggur austan við tóft 016F og áfram til norðurs gegnum hlið á garðlögum 053 og 052.

Lyngmói.

Greinileg gata og stundum 2-3 samhliða. Þær eru að mestu uppgrónar og voru raktar 2-300 m norður frá selinu en virðast hafa legið áfram, í átt að Hólasel. Ekki er ósennilegt þær liggja norður allan Seljadal og komi niður mynni hans hér um bil gegnt Einarstöðum í Reykjadal.

Hættumat: engin hættu

SP-281:016 *Daðastaðasel* tóft+garðlag sel 65°41.661N 17°24.308V

"Svo fer landinu að halla vestur niður að Seljadalsá...Daðastaðasel er þar norðarlega hátt uppi í brekku. Eru tættur þess þar," segir í örnefnaskrá Daðastaða og Lyngbrekku. "Á Daðastaðaseli hafa verið töluverð umsvif til forna, því að þar eru býsna miklir garðar umhverfis og rústahrúgur eru þar allstórar. Mér þykir sennilegt, að málnytta hafi verið kostmikil, þegar ær voru setnar við Smjörhóla [örnefni neðan við Daðastaðasel niðri við Seljadalsá]," segir í örnefnaskrá J.A. Tóftir Daðastaðasels eru á Seljadal, hér um bil gegnt Skógarseli, um 1,6 km norður af Narfastaðaseli og um 1,9 km vestur af bæ 001.

Lyngmói með vallgrónum hólum í halla mót vestri. Tært uppsprettuauka er um 20 m norðvestur af rústahól A. Miklar rústir eru á Daðastaðaseli, sýnilega bæði ungar, hugsanlega frá 19. öld, og mjög fornar. Auk þess er fornlegt garðlag austan við rústasvæðið og annað enn ógreinilegra kann að hafa markað aðrar hliðar þess. Samtals má því áætla að rústasvæðið sé um 300 x 200 m stórt (norður-suður). Hér hefst lýsingin á yngstu rústunum sem eru tvær, enda ber einna mest á þeim þegar að er komið. Rústahóll A er alveg vallgróinn nálægt miðbiki svæðisins. Hann er um 20 x 15 m stór frá austri til vesturs og greinilega upphlaðin mannvistarlæg í honum. Á hólnum er algróin rúst sem er um 12 x 7 m stór austur-vestur, tvískipt og næstum eins og 8 í laginu, austurhólfíð minna og líkist tóftin nokkuð stekkt. Op er milli hóla syðst á millivegg og í framhaldi af því dyr á útvegnum. Þústir, sennilega eldri leifar, gægjast undan rústinni að vestan og sunnan; gæti leynst öskuhaugur vestan og neðan við hólinn sem er allt að 2 m hár. Rústahóll B er um 60 m sunnar og örlítið ofar í brekkunni. Hann er allt að 4 m hár ef staðið er við hann að neðanverðu (að vestan). Hóllinn er um 16 x 16 m stór og iðjagrænn. Á honum er einföld rúst í svipuðu ástandi og sú sem er á hól A. Hún er 6 x 4 m og snýr norður-suður með dyr nyrst á vesturhlið. Grillir í einn hleðslustein en annars eru veggir algrónir, um 0,3 m háir. Austan við tóftina vottar fyrir hólf sem er sýnilega eldra en hún, um 6 x 6 m stórt. Fast NNA við hól B er stakstað tóft, C. Hún er nokkuð lyngvaxin en þó sennilega ekki meðal elstu tófta á svæðinu. Hún er um 7 x 6 m stór austur-vestur með dyr í vestur og mjókkar í þá áttina. Hæð veggja er um 0,6 m. Vestan við þessa tóft og norðan við B er mikið stórþýfi sem gætu verið rústaleifar en svæðið rís mun lægra en rústahóll B. Lækjarsyrtrur eru bæði neðan við hóla A og B. Um 50 m beint austur af rústahól B er fornleg tóft D utan og ofan við garðlag E, sem annars markar rústasvæðið til austurs. Hún er lyngi vaxin og sigin og skiptist í tvennt hið minnsta. Tóftin er alls 18 m löng og 12 m breidd mest. Stærra hólfíð er norðan til. Það er með skálalagi og 13 x 7 m að utanmáli frá norðri til suðurs. Sunnan við það er annar húshluti sem liggur hornrétt á hinn fyrri austur-vestur. Sá skiptist sennilega í þrjú hólf eins og sýnt er á teikningu. Það vestasta, beint suður af skála er óljóst en inn af því gengur L-laga hólf. Vestur af tóftinni hallar landi til vesturs og er þar býsna slétt allt niður eða austur að túngarði E. Garðurinn hefst um 10 m vestan við suðurenda tóftar D. Þaðan liggur hann fyrst 90 m til norðvesturs. Garðurinn er siginn og lyngivaxinn, um 3 m breiddur og allt að tæpum 1 m á hæð neðri brúnnin þar sem best lætur. Við NA horn rústahóls A beygir hann beint í norður. Þessi sérkennilegi krókur á túngarði bendir eindregið til þess að mannvirki hafi staðið þar sem rústahóll A er nú þegar hann var fyrst reistur. Um 40-50 m norður af A virðist mögulegt að gerði hafi verið sambyggt túngarði innanverðum, þar er reglulegt og slétt svæði um 12 x 6 m stórt frá norðri til suðurs en engar eiginlegar veggjahleðslur sjáanlegar. Áfram liggur garðurinn og virðist tengjast SA-horni á fornlegri tóft F en ekki sést hann eftir það. Frá garðsendanum eru 30-40 m að garðlagi 051, en það er þvergarður sem liggur frá norðri til suðurs. Hér má bæta því við að svo virðist sem túngarðurinn hafi einnig legið með suður- og vesturhlið túnsins og a.m.k. hluta norðurhliðar. Þessi ummerki eru hins vegar nær ógreinileg af jörðu niðri ef frá er talinn sá hluti sem legið hefur frá tóft D til vesturs en þar mótar óljóst fyrir hrygg sem sést fyrst um 30 m suðvestur af tóft D og er rekjanlegur rúma 30 m til suðvesturs. Reynt var að áætla lag þessa hluta túngarðs af skámynd Árna Einarssonar. En aftur að tóft F. Hún er nyrst í túni Daðastaðasels, um 15 m sunnan við garð 051 en 10 m austan við gerði G. Hún er um 100 m NNV við rústahól A. Tóftin er fast neðan við hlið á túngarði, á svolitlum hól. Hóll og tóft eru hvort tveggja lyngivaxin og hæð veggja 0,3 m en breidd víða 2 m. Tóftin er sigin, fornleg og aflöng, um 15 X 6 m stór og snýr norður-suður. Hún hefur áreiðanlega ekki verið notuð á yngri byggingarstigum Daðastaðasels. Greinilegir inngangar eru á tóftinni á bæði austur- og vesturvegg en þeir standast ekki alveg á. Út frá suðurgafli opsins á vesturhlið virðist hafa gengið veggur sem þá hefur stúkað af hólf syðst í tóftinni (I), 2,5 X 2 m að innanmáli. Út frá norðurgafli ops á austurhlið virðist liggja áþekkur veggur sem þá hefur markað af hólf í norðurenda (II), 2 X 1,5 m að innanmáli. Á milli þessara hóla er svo þriðja hólfíð sem báðir inngangar eru að (III) og er það 2,5 X 2 m að innanmáli. Öll snúa hólfín eins og tóftin sjálf. Ekki eru önnur op greinileg. Gerði G er sambyggt við innri túngarðinn 051 að norðan, innan túns. Gerðið er rúmum 100 m norðan við tóft A. Það er í halla til vesturs eins og reyndar túnið allt. Gerðið er byggt við túngarðinn og hlið er á túngarði, að því er virðist, inn í gerðið. Það er 32 X 24 m stórt og snýr austur-vestur. Það er tvískipt. Austara hólfíð er um 10 X 17 m að innanmáli og snýr norður-suður en það eystra

er 16 X 17 m og snýr eins. Op eru á milli hólfanna nyrst á millivegnum en op er einnig á gerðið og túngarð austast á norðurvegg. Gerðið er lyngi vaxið og sigið og ekki meira en 0,4 m á hæð. Veggir eru víða 1,5-2 m á breidd. Auk þeirra mannvistarleifa sem þegar er lýst fundust óljós ummerki um uppsprettu I, um 30 m vestan við vallargarðinn (E) og örfáum metrum norðvestan við rúst A. Óljós þúst K var einnig neðarlega (eða suðvestarlega) í túni Daðastaðasel, tæpum 60 m VSV við þúst B. Önnur óljós þúst, J, var byggð við túngarðinn E að vestan, á milli tófta A og F. Að lokum ber að nefna að lítið gerði eða þúst, H, sem er stutt sunnan við tún, á tungu milli tveggja lækjarspræna. Gerðið hefur snúið eins og dalurinn. Sökum þess hversu óljós mannvirkin eru er lítið hægt að segja um þau eða hlutverk þeirra nema með ítarlegri rannsóknunum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2; Ö-Daðastaðir J.A., 1

SP-281:017 *Svarðgrafir* náma mógrafir 65°42.206N 17°21.363V

Neðan Reykjadalabrautar: "Norðurmerki liggja um Merkihvamm, sunnan Merkiness í Kárhólslandi. Þar sunnan við er við ána allbreiður tangi, Nes. Í Nesi eru gamlar mógrafi[r], Svarðgrafir," segir í örnefnaskrá P.H.J. Mógrafirnar sjást enn rúma 700 m norðaustur af bæ 001.

Sléttuð tún eru bæði norðan og sunnan við grafirnar. Milli túna hefur verið grafinn skurður sem breiðir mjög úr sér um mitt tún. Þar sem breiddin er mest á skurðinum voru mógrafirnar.

"Niðri í Nesi minnir mig, að grafir væru um tíu rekustungur og voru fyrst hirtar nokkrar stungur sem húsasvörður, þangað til að kom að hvítu ösku eða leirlagi. Ekki get ég fullyrt hvenær hætt var að taka upp svörð hér um slóðir, en ég veit að 1955 var tekinn upp svörður, en það mun ekki hafa verið víða," segir í örnefnaskrá J.A. Alls ná grafirnar yfir svæði sem gæti hafa verið um 40 m langt frá austri til vesturs og eru allt að 20 m á breidd þar sem mest er. Hátt gras er á skurðbökkunum en þó virðist móta fyrir reglulegum, köntuðum gröfum inn í bakkana á nokkrum stöðum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J., 2; Ö-Daðastaðir J.A., 1

SP-281:018 *Vaðhólavað* heimild um vað 65°42.183N 17°21.263V

Neðan Reykjadalabrautar: "Suðaustur frá Nesi er á ánni Vaðhólavað," segir í örnefnaskrá P.H.J.. Ekki er vitað nákvæmlega hvar vaðið var á ánni en það var suðvestan við Nesið og líklega VNV við íbúðarhúsið á Hjalla.

Á þessum slóðum er áin ágæt yfirferðar og brot er á henni ANA-VSV. Þegar þetta er ritað (ágúst 2008) er áin vart meira en í öklahæð á þessum slóðum. Hvorki sjást slóðar að eða frá á en á vesturbakka árinna eru sléttuð tún.

"Vaðhólavað, ég þekki bara Vaðshóla austan ár, en það kann að vera að vaðið hafi stundum verið kennt við þá, en ég veit að Kirkjuvað var á ánni, en ég veit ekk[i] hvar, gaman væri að vita hvort það sést í örnefnaskrá Hjalla." segir í örnefnaskrá J.A. Þar [í örnefnaskrá Hjalla] segir: "Út og niður frá bæ [288:001] niður við á eru Vaðshólar. Þar fyrir neðan er Ytri-Vaðhólaeyri og Syðri-Vaðhólaeyri. Þarna var gömul kirkjuleið". Er þetta því að líkindum sama vað og nefnt var Kirkjuvað. Í örnefnaskrá Hjalla kemur fram að vaðið neðan Vaðshóla hafi ekki verið nefnt neitt sérstakt, en verið ágætt vað. Kirkjuleiðin og vaðið eru því skráð með Hjalla sjá fornleif: SP-288:009 og SP-288:010.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J., 2; Ö-Daðastaðir J.A., 2; Ö-Hjalli, 1; Ö-Hjalli, ath og viðb., 1

SP-281:019 *Einbúi* heimild um óþekkt 65°42.103N 17°21.490V

Neðan Reykjadalabrautar: "Suður og upp af Nesi er í mýrinni grasigróinn hóll, Einbúi. Í honum sér fyrir rústum (kofí eða heystæði ?)," segir í örnefnaskrá. Einbúi er nú horfinn. Hann var áður þar sem heimreiðin að Daðastöðum liggur frá þjóðvegi um 500 m NNA við bæ 001.

Þjóðvegur 1 og heimreið Daðastaða liggja yfir það svæði þar sem Einbúi var. Ofan við þjóðveg og sunnan heimreiðar er mói og tún en ofan þjóðvegur og norðan heimreiðar er grænfeldursrækt.

Engin ummerki sjást lengur um hól eða tóftir enda hafa þau horfið í vegagerð.

Hættumat: hætt, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J., 2

SP-281:020 garðlag traðir 65°41.843N 17°21.713V

Traðarbútur er sýndur á túnakorti um 140 m suðaustur af bæ 001. Sennilega hefur vegur legið inn í tún úr suðaustri en þó ekki alla leið heim að bæ.

Sléttuð tún.

Vegur liggur nú um túnið SA-VNV, sennilega á svipuðum slóðum og traðir hafa áður gert. Frá túngarðsenda (sjá 013) gengur hleðslubútur til VNV meðfram veginum að sunnanverðu og gætu verið leifar af traðarvegg. Þessi hleðsla er 16 m löng, nokkuð úr lagi gengin, rúmlega 1 m breið og 0,5 m há. Hún er grasi gróin.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1919

SP-281:021 *Brunnhús* tóft brunnur 65°41.910N 17°21.886V
"Brunnhús var norðan við Bæjarhól, byggt yfir vatnsból, uppsprettu Bæjarlækjar,..Fellur hann þar um túnið.", segir í örnefnaskrá. Bæjarlækur sprettur fram 30-40 m norðaustur af bæjarhól 001. Brunnhúsið var yfir uppsprettunni.

Þar er mikið hvanntóð norðan við heimreiðina og varla hægt að sjá lækinn en ef lagt er við hlustir heyrir gutl í vatni.

Hallgrímur Þorgilsson telur að brunnhústóftin sé á kafi í hvanntóðinu. Ómögulegt er að sjá hana jafnvel þótt að brotist sé um þykknið en sjálfsagt er hún greinileg þegar gróður er fallinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Daðastaðir P.H.J. , 4

SP-281:022 *Helluvað* heimild um vað 65°41.515N 17°20.813V

"Landið neðan Hringvegarins og niður að Reykjadalssá kallast Hólf. Þar er í ánni Merkjasteinn og nokkru sunnar í ánni eru flúðir, þar heita Hellur og þar er Helluvað og norðan þess Ullarpollur [023].", segir í örnefnaskrá J.A. Talsverðar hellur eru við árbakkan um þetta leyti, bæði í Ullarpollu 023 og um 70 ofar (sunnar) þar sem vaðið var skráð. Það hefur verið um 460 m austan við Lyngbrekku en um 1,1 km SSA við Daðastaði 001.

Grasi vaxnir árbakkar. Flatar klappir ganga út í ána að vestan austan við á virðist mega greina óljósan slóða upp frá árbakkanum.

Áin er fremur lygn á þessum slóðum og 8-10 m breið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Lyngbrekka J.A., 1

SP-281:023 *Ullarpollur* örnefni þvottastaður 65°41.551N 17°20.785V

"Landið neðan Hringvegarins og niður að Reykjadalssá kallast Hólf. Þar er í ánni Merkjasteinn og nokkru sunnar í ánni eru flúðir, þar heita Hellur og þar er Helluvað [022] og norðan þess Ullarpollur," segir í örnefnaskrá. Ullarpollur er í Reykjadalssá rúmlega 1 km suðaustur af bæ 001.

Grónir árbakkar.

Klappir eru við ána beggja vegna við pollinn og áin rennur að mestum hluta í þröngri og nokkuð straumharðri rás á milli þeirra. Bakkar eru mjög grösugir og engin mannvistarmerki sjást.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Lyngbrekka J.A., 1

SP-281:024 garðlag óþekkt 65°41.660N 17°20.842V

Garðlag liggur niður til austurs frá holti í Lyngbrekkulandi, því sama og tóftir 055 eru á.

Garðurinn liggur fyrst niður holti, þá um grösuga dokk við holtið og svo áfram yfir lyngholt,

Garðurinn er mjög greinilegur niður holtið og í grasdökkinni. Hann er þar allt að 2 m breiður og 0,3 m á hæð. Hægt er að rekja hann á um 20 m kafla en þá hverfur hann í h.u.b. 15 m en birtist að nýju á öðru lægra holti og er hægt að rekja hann þar í um 35 m í lyngi vöxnum móa. Hann hverfur á bröttum bakka við Reykjadalssá. Vestan til virðist garðurinn hverfa áður en háholtinu er náð, í stefnu milli heystæða 055 A og B. Alls hefur hann verið 50-60 m langur.

Hættumat: engin hætta

SP-281:025 náma mógrafir 65°41.534N 17°21.828V

"Sunnan Grófar og suður og upp af túninu er holt grasigróið, þar uppi hét Kvíaból [026]. Allnokkru sunnar og neðar, norður og upp frá Höfðanum voru (fyrir mitt minni) svarðargrafir (nú í Lyngbrekkulandi).", segir í örnefnaskrá. Svarðargrafirnar eru um 650 m sunnan við Daðastaði, um 500 m SSA við Kvíaból 026 en um 350 m vestan við Lyngbrekku.

Á mýri fast neðan við brekkurætur. Svæðið er aflíðandi til austurs. Götuslóði liggur austur-vestur fast vestan við grafirnar.

Í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar kemur fram að torfstunga hafi verið næg á Daðastöðum: "Torfrista og stunga næg." Í örnefnaskrá segir: "Þar var mér [Jóni Aðalsteinssyni, skrásetjara] sagt, að ekki hefðu þær djúpar verið né svörður góður," Mógrafir eru greinilegar á þessum slóðum. Þær eru mjög skýrar og enn blautar. Mógrafirnar eru 17 X 14 m að stærð austur-vestur og mest um 0,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Lyngbrekka J.A., 1; JÁM XI, 185

SP-281:026 *Kvíaból* tóft kvíar 65°41.799N 17°22.048V

"Sunnan Grófar og suður og upp af túninu er holt grasigróið, þar uppi hét kvíaból," segir í örnefnaskrá. Kvíarnar

eru greinilegar um 200 SSV við bæ 001. Þær eru um 70 m SSV við túngarð 013.

Tóftin er í brekkurótum en skammt vestar tekur brattari og lyngivaxin hlíðin við. Annars er nokkuð grasivaxið umhverfis.

Tóftin er 12 X 10 m stór og snýr austur-vestur. Hún er algróin og sigrin. Veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð og engar grjóthleðslur sjást í henni. Hún skiptist í 3 hólf. Vestast er hólf I sem er 2,5 X 2 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á því yfir í hólf II. Það er stærsta hólfíð og er 4,5 X 2-2,5 m stórt. Eins og áður segir er op á milli hólfa I og II en á hólf II er einnig op á útvegg vestarlega á norðurvegg. Eftir miðju hólfinu endilöngu gengur þúfnaröð sem líkist mest alveg signum og útflöttum garða. Syðst er svo lítið hólf sambyggt tóftinni. Það er um 3 -4 X 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á austurvegg þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lyngbrekka J.A., 1

SP-281:027 tóft óþekkt

65°41.464N 17°21.890V

Lítill, einföld og fremur fornleg tóft er um 400 m vestan við íbúðarhúsið í Lyngbrekku en um 785 m sunnan við bæ á Daðastöðum 001. Tóftin er í rötum heiðarinnar.

Allt í kring eru lyngi vaxnir móar í mjög aflíðandi halla til austurs. Um 30 m ofar tekur við brattari brekka sem nær allt upp á brún Seljadalsheiðar (Háls).

Tóftin er einföld, 11 X 10 m srór og snýr austur-vestur. Ekki er greinilegt op á henni en veggir eru mjög þykkir, víða 2-3 m á breidd en 0,5 m á hæð. Tóftin er mjög fornleg og veggir vaxnir lyngi. Aðeins sést nú dæld í miðju hennar um 4 X 1 m að stærð. Ekki er auðvelt að koma auga á hvaða hlutverki tóft þessi hefur gegnt og vart hægt að skera úr um það nema með uppgreftri.

Hættumat: engin hætta

SP-281:028 heimild um eldhús

65°41.894N 17°21.893V

"Lambhús [003] ofan við bæinn á Daðastöðum var þá með torfþaki, einnig eldhúskofi utan og neðan við bæinn," segir í örnefnaskrá. Hallgrímur Þorgilsson man eftir torfkofa á þessum stað en hann var síðast notaður sem reykkofti. Hann stóð skammt frá norðvesturhorni núverandi íbúðarhúss, við norðausturjaðar bæjarhóls 001.

Þar er nú bílastæði.

Engin merki um kofa eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lyngbrekka J.A., 1

SP-281:029 Gömlugötur hleðsla leið

65°42.070N 17°22.310V

"Þar sem hinn forni reiðvegur lá (í daglegu tali: Gömlugötur) varð leiti eitt sunnan mýrlendis þess, er liggur ofan við Höllin, sunnan við Daðastaðatún og var kallað stundum Daðastaðaleiti, mér var sagt í bernsku, að hetjur hefðu þar barist í fornöld og sumar ekki kembt hærurnar og verið dysjaðar á vígvelli [sjá kuml 014].", segir í örnefnaskrá J.A. Gömlugötur sjást mjög vel, t.d. 460 m NV af bæ 001.

Lyngmói. Götur liggja talsvert hátt í brekkunni, uppundir heiðarbrún, en stefna svo niður á við og liggja skammt ofan við túngarð 013 á Daðastöðum.

Greinilegur, uppgróinn en alldjúpur troðningur og sumstaðar tveir. Leiðin var rakin á tæplega 600 m löngum kafla og sáust á þeirri leið þrjár torfbrýr sem hafa verið hlaðnar yfir torfærur. Um 460 m NV af bæ hefur verið hlaðin torfbrú (A) á leiðinni yfir mýrarsund. Hún er um 20 m löng, 4 m breið og allt að rúmur metri á hæð og hlýtur að benda til að leiðin hafi verið fjölfarin. Mikil gróska er í brúnni en göturnar eru býsna fornlegar og virðast aflagðar af sauðfé og mönnum. Önnur torfbrú (B), mjög svipuð að allri gerð, er nokkrum tugum metra sunnar. Hún er örlítið bogadregin þannig að suðurendinn sveigir dálítið í SV. Þriðja brúin (C) er síðan suður af brú B, hlaðin yfir lítið gil og veigaminni en hinar. Götur voru raktar að túngarði Daðastaða og meðfram honum að miðri vesturhlíð en verða mjög óskýrar þar. Götur sjást einnig mjög vel ofan eða vestan við Daðastaðagerði 009.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lyngbrekka J.A., 2

SP-281:030 tóft rétt

65°41.923N 17°22.028V

Lítill einföld, tóft, hugsanlega kvíar eða rétt, er sambyggt við túngarðinn á Daðastöðum 013 nálægt norðvesturhorni hans og um 120 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er byggð utan túngarðs.

Fast vestan við er fremur brött, lyngivaxin brekka en neðar sléttuð tún.

Tóftin er 17 X 6 m stór, einföld og snýr norður-suður. Túngarður myndar austurhlíð hennar sem er hæst. Veggir eru úr torfi og grjóti en þó sjást aðeins grjóthleðslur í austur- og norðurvegg. Op er austast á suðurvegg. Hæð veggja er mest 1,3 í austurvegg, annars 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SP-281:031 varða óþekkt

65°41.125N 17°22.125V

"Að sunnan, forn landamerki á milli Daðastaða og Narfastaða, frá Reykjadalssá, rétt norðan við Narfastaðabjarg, um merkjavörður og klöpp í Hálsbrún," segir í örnefnaskrá. Ekki eru lengur mjög greinilegar vörður á merkjum Daðastaða og Narfastaða. Neðan þjóðvegjar hafa tún verið ræst fram en hluti af merkjum var genginn ofan þjóðvegjar og upp hlíðina. Á þessu svæði fannst varða er uppi á hálsbrún um 30 m norðan við merkjagirðingu milli Narfastaða og Daðastaða. Hún er um 1,4 km suðsuðvestur af bæjarhól 001. Varðan er líklega landamerkjavarða og gæti verið hluti af þeim vörðum sem getið er í örnefnaskrá. Ekki fundust aðrar vörður í nágrenninu og varðan er hvorki mjög fornleg né mikil að umfangi.

Flatur lyngmói.

Nokkrir steinar hafa verið bornir saman í litla hrúgu og eru þeir neðstu nokkuð sokknir og grónir. Þvermál hrúgunnar er um 0,5 m og hæð um 0,4 m. Landamerkjagirðing milli Narfastaða og Daðastaða (nú Lyngbrekku) er skammt sunnan við vörðuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Daðastaðir P.H.J., 1

SP-281:032 *Miðhús* heimild um fjárhús

Daðastaðatún: "Efst í túni, meðfram Vallargarði [nr.13], heitir Kinn. Nær hún suður að Gróf, sem er vatnsgrafningur í túninu og nær upp í Háls. Í Kinn stóðu fjárhús, Miðhús.", segir í örnefnaskrá P.H.J. Ekki er lengur þekkt hvar Miðhús hafa verið og ekki sjást leifar í túninu á þessum slóðum. Líklegast er að Miðhús hafi annað hvort verið á milli Lambhúsa 003 og Ysthúsa 005 og þá e.t.v. á sama stað eða í það minnsta á svipuðum slóðum og Hólshús 004, eða verið á milli miðhúsa 004 og Ysthúsa 005. Ekki er unnt að staðsetja húsin nákvæmlega.

Í sléttuðu túni.

Ég hef aldrei á ævi minni heyrt nafnið Miðhús.", segir í örnefnaskrá J.A.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Daðastaðir P.H.J., 4; Ö-Daðastaðir J.A., 2

SP-281:033 *Skógarselsgötur* gata leið

65°41.771N 17°23.310V

"Götur, út og upp frá Daðastöðum heita Skógarselsgötur og aðrar suður og upp frá bæ, Narfastaðaselsgötur," segir í örnefnalýsingu. Götur hafa legið h.u.b. í beina línu milli bæjanna tveggja. Beint fyrir ofan bæ, á brúninni, sjást tvær vörður. Sú syðri er Nónvarða 012 en nyrðri varðan vísar á Skógarselsgötur.

Götur liggja um lyngmóa og blásin flög á milli.

Götur eru ekki greinilegar í hlíðinni ofan við Daðastaði en sjást þegar komið er upp á brún. Þaðan eru þær auðrekjanlegar allt að garðlagi 051 sem er skammt ofan eða austan við Daðastaðasel 016. Götur hafa þó legið áfram niður hlíðina og yfir að Skógarseli. Götur eru mjög djúpar og greinilegar og sumstaðar fleiri en ein samhliða. Leiðin virðist hafa verið vörðuð, allavega eystri hlutinn og voru skráðar 4-

5 vörður við götuna, sem var rakin á um 900 m löngum kafla, allar unglagar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Daðastaðir P.H.J., 3

SP-281:034 *Narfastaðaselsgötur* gata leið

65°41.311N 17°22.403V

"Götur, út og upp frá Daðastöðum heita Skógarselsgötur [033] og aðrar suður og upp frá bæ, Narfastaðaselsgötur," segir í örnefnalýsingu. Götur sem líklega eru Narfastaðaselsgötur sjást ágætlega uppi á hálsi, 400 m norðan við merkjagirðingu milli Narfa- og Daðastaða og um 1,1 km m SV af bæ 001. Þær liggja þar yfir fornt garðlag 049.

Lyngmóar.

Ekki ber mjög mikið á götunum á þessum stað. Ein eða tvær samhliða og næstum uppgrónar slóðir liggja um móana til suðvesturs. Ekki sjást vörður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Daðastaðir P.H.J., 3

SP-281:035 varða óþekkt

65°41.712N 17°24.580V

Grjóthrúga sem er líklega vörðuleifar er um 220 m norðvestan við Daðastaðasel 016A. Hún er um 30 m sunnan við garðlag 053 sem gæti verið vallargarður býlis á þessum slóðum. Götur um dalinn 035 liggja 20 m neðar til norðurs.

Grjóthrúgan er á mel sem greinilega hefur einhvern tím blásið talsvert illa þó að nú sé hann farinn að gróa aftur. Hrúgan er á miðjum melnum. Allt umhverfis er lyngivaxinn mói í halla til vesturs.

Grjóthrúgan er greinilega sett þarna saman og virðist fremur fornleg. Hún er um 1,5 m í þvermál en framan í hana hefur verið reistur upp á rönd einn fremur flatur steinn, um 40-50 cm í þvermál. Ekki er útilokað að þetta gætu verið leifar af kumli en varða er þó líklegri skýring.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:036 varða óþekkt 65°41.465N 17°23.834V

Varða er uppi á hálsi Seljadalsmegin heldur sunnar en gegnt suðurenda Skógarselstúns. Hún er um 450 m suðaustur af Daðastaðaseli 016, Rétt vestan við fornlegt garðlag 044.

Sléttur lyngmói og víða rof í kring á háhálsinum.

Ekki eiginleg hleðsla heldur steinahrúga og ekki víst að hún sé mjög gömul því botninn er illa gróinn. Alls eru um 10 steinar í hrúgunni sem er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m há.

Hættumat: engin hætta

SP-281:037 garðlag landamerki 65°42.041N 17°23.337V

"Að norðan forn landamerki á milli Daðastaða og Hóla (Nú Kárhóls) frá Reykjadalssá, rétt sunnan við Merkjaness, til vesturs um fornan landamerkjagarð, er enn sér fyrir, og merkjavörðu í brún í Langaflag [047].," segir í örnefnalýsingu. Í landamerkjabréfi frá 1863 segir: "Lögfesti ég téðrar garðar gagn og gæði, [...], nefnilega að sunnanverðu ræður garður sá, sem liggur frá Reykjadalssá upp fyrir sunnan svonefnda Káragróf og vestur yfir heiði, hverr garður nú sjézt ljóslega skammt utan við Daðastaðasel [016] ofan Seljadalsár" og í landamerkjabréfi frá 1889 segir enn fremur: "Að sunnan ræður garður sem liggur vestur svonefnt Merkjaness og uppá Reykjadalssbrún. Þá ræður bein stefna í vörðu þá er stendur á austurbrún Seljadals [sja 047] og nefnist Markavarða, þá bein stefna frá henni til Seljadalsár." Garðurinn er nokkuð slitróttur en hefur án efa náð frá á í dalsbotni og í það minnsta upp að þvergarði á hálsinum 049. Hann sést lítið Reykjadalssmegin og ekkert næst dalsbotninum. Hann má fyrst greina um 680 m ofan við Þjóðveg 1. Garðurinn er þar merkjanlegur á um 100 m kafla áður en hann hverfur, rétt áður en uppblástursflag tekur við í sömu stefnu. Á þessum slóðum er um 600 m eyða í garðinn en vestar má aftur greina hann á 170 m kafla. Þá hverfur hann aftur en ætla má að hann hafi legið um 200 m til viðbótar til VSV að þvergarði 049 sem þar er.

Garðurinn liggur um lyngi vaxna heiðina.

Garðurinn er alls staðar lyngi vaxinn og víða 4-8 m á breidd en mest tæpur 1 m á hæð. Ef gert er ráð fyrir að hann hafi upphaflega náð allt frá Reykjadalssá og að þvergarði 049 hefur hann verið rúmlega 2 km langur. Hann er nú orðinn mjög slitróttur en samtals má greina hann á um 870 m löngu svæði, austur-vestur en innan þess er löng (um 600 m) eyða. Landamerkjagarðurinn er fyrst merkjanlegur austan í heiðinni, undir merkjagirðingu og um 680 m ofan við Þjóðveg 1. Girðingin er þó víðast norðan garðs og hann liggur til vesturs og VSV í um 100 m áður en hann verður ógreinilegur, rétt áður en hann hefur horfið í mikið uppblásturssvæði. Allra efst á þessum kafla er hann um 40 m sunnan við merkjagirðingu. Á þessum kafla (A-D) er garðurinn víða mjög útflattur en skýrari eftir því sem austar dregur en hann er víða 5-8 m breiður á þessum kafla. Þúst 046 er byggð við hann á þessu svæði. Austan við þennan part hverfur garðurinn á 600 m löngum kafla en legu hans má áætla með því að rekja langt rofabarð sem vafalaust hefur myndast vegna þess jarðvegs sem upp var stunginn í garðinn á sínum tíma. Allra vestast í rofinu má einnig greina garðinn á stuttum kafla (E-F). Því næst hverfur hann í stutt (45 m langt) flag en birtist aftur austan þess en er þar mjög útflattur og ógreinilegur. Þar má þó rekja hann á 90 m löngum kafla (G-H) áður en hann hverfur aftur í flag um 180 austan við Langaflag. Ætla má að þar hafi legið garður eftir endilangri heiðinni (049) og landamerkjagarðurinn hefur líklega endað þar.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Daðastaðir, 3, Landamerkjaskrá frá 1889 (nr. 19) og Landamerkjabréf frá 1863 (Stefán Jónsson).

SP-281:038 heimild um mógrafir 65°41.532N 17°21.034V

"Ofan við Hringveginn, sunnan við Hjallableytu hétu Víðrar sunnan þeirra voru Svarðgrafir," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar hafa sennilega verið 200-300 m austan við Lyngbrekku, Rétt vestan við Þjóðveg. Sléttáð tún.

Ekki sést til mógrafa á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Daðastaðir J.A.

SP-281:039 Svarðargrafir náma mógrafir 65°41.121N 17°24.350V

"Engin örnefni þekki ég á Seljadal nema Svarðgrafir eru syðst í landinu norðan Kolhóla í Narfastaðalandi. Þær voru nýttar úr Narfastaðaseli og jafnvel Skógarseli," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru skammt norðan við merki móti Narfastöðum, rétt neðan við mót mýrar og móa. Þetta er tæpa 700 m norður af Narfastaðseli og um 1 km suður af Daðastaðaseli 016.

Flatt mýrlendi.

Mógrafirnar virðast ekki gamlar. Þær eru með greinilega niðurstungnar brúnir, alls um 25 x 12 m stórar norður-suður en óstungin grastunga gengur út í þær miðjar úr austri. Norðan tungunnar eru grafirnar dýpstær, allt að 1,6 m. Stórt, gróið hrúgald er sunnarlega í gröfunum og sunnan við þær rennur lækur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ó-Daðastaðir J.A.

SP-281:040 heimild um traðir 65°41.867N 17°21.946V
Á túnakorti frá 1919 eru merktar traðir, til vesturs frá bæ 001, út um hlið á túngarði 013 sem enn sést.
Það sem traðirnar lágu eru nú sléttuð tún í halla til austurs. Dálítill lægð er í túninu u.þ.b. þar sem traðirnar lágu en ekki eru önnur ummerki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SP-281:041 þúst óþekkt 65°41.232N 17°22.353V
Upphækkun sem gæti verið leifar af fornu mannvirki er um 260 m norðan við merkjagirðingu móti Narfastöðum, fast austan við garðlag 282:022 sem liggur alla leið úr Narfastaðalandi og gæti raunar hafa verið samfast því.
Lyngmói. Ekki sést til bæja vestan Reykjadalárs frá þessum stað.

Regluleg upphækun, um 7 x 5 m stór norður-suður, næstum ferhyrnd en þó með mjög bogadregnum hornum. Vesturbrún er ekki skýr og sennilega hefur hún runnið saman við garðinn þar. Þústin er nokkuð slétt að ofan en þó sjást í henni tvær dældir. Sú syðri er um 2 x 1 m og snýr austur-vestur en hin mun óreglulegri, um 1 m í þvm.
Hættumat: engin hætta

SP-281:042 gryfja kolagröf 65°41.497N 17°22.847V
Gryfjur, mjög líklega gamlar kolagrafir, eru uppi á hálsi rétt rúman 1 km SV af bæ 001.
Lyngmói austan undir mjög áberandi melbungu.

Kolagröfin sem er mest áberandi (A) er austan við bunguna. Þetta er áberandi niðurgroftur, um 2 m í þvermál og nokkurn veginn hringlaga. Botn næstum sléttur en enginn krugi meðfram brúnum. Dýpt er rúmlega 1 m. Tvær kolagrafir til viðbótar eru norðan undir sömu bungu. B er rúma 90 m vestur af A en heldur minni, um 1 m í þvermál, nokkurn veginn hringlaga og 0,5 m djúp. Þriðja kolagröfin (C) er 30-40 m NNA af henni, mjög lík B að stærð og gerð. Ekki er ósennilegt að fleiri kolagrafir leynist í móanum umhverfis. Alls er þetta svæði sem hér um ræðir þá um 90 x 40 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

SP-281:043 varða óþekkt 65°41.481N 17°23.009V
Hrunið vörðubrot er vestarlega á áberandi melbungu uppi á hálsi rúma 60 m suðvestan við kolagrafir 042.
Blásið melholt. Þetta er vestan við hábungu þess.

Vörðubrotið er alveg hrunið og að töluverðu leyti hulið jarðvegi. Það er um 0,6 m í þvm og 0,2 m hátt en hærra rís þó einn stór steinn syðst. Það virðist mögulegt að steinaröð, jafnvel tvær samhliða, liggja frá hrúgaldinu til norðvesturs.

Hættumat: engin hætta

SP-281:044 tóftir heystæði 65°41.665N 17°20.847V
Tvær tóftir, sennilega heystæði, eru í Lyngbrekkulandi neðan þjóðvegur um 900 m suðaustur af Daðastöðum.
Aflangt holt sem liggur norður-suður. Vestan þess er ræktað tún.

Tóftirnar eru með veigalitlar veggheðslur og geta því sennilega ekki verið hústóftir. Tóft A er norðar. Hún er 6 x 5 m stór og snýr norður-suður, nánast ferköntuð. Aðeins vottar óljóst fyrir hleðslu að sunnan og ekki ósennilegt að hún hafi verið opin í þá áttina. Veggjahæð er mest um 0,3 m. Tóft B er um 20 m sunnar. Hún er 6,5 x 4,5 m stór og snýr norður-suður, minnir svolítið á hrúgald með dokk í miðju. Dyr sjást ekki á henni og grjót sést í hvorugri tóftanna.

Hættumat: engin hætta

SP-281:045 garðlag óþekkt 65°41.441N 17°24.209V
Mjög fornlegt og illa farið garðlag liggur til vesturs niður frá garðlagi 282:053 um 350 m sunnan við Daðastaðasel og stefnir heldur sunnar en á skurð sem markar Skógarselstún að sunnanverðu handan Seljadalsár.
Lyngmói.

Garðurinn er illa farinn og ógreinilegur. Hann sést ekki í mýrinni næst Seljadalsá en birtist í brekkurótum á að giska rúma 100 m austan árbakkans. Þaðan liggur hann upp brekkuna í grunnu gildragi sem er mikið rofið og gæti raunar verið tilkomið vegna efnistöku í garðinn. Dragið er allt að 20 m breitt en garðurinn sjálfur mest um 6-7 m breiður og 0,6 m hár. Sumstaðar er hann rofinn í miðju og víða alveg horfinn á köflum. Alls hefur garðurinn verið um 300 m langur (og raunar lengri hafi hann náð alla leið að ánni) en sést þó illa á köflum.

Hættumat: engin hætta

SP-281:046 þúst óþekkt 65°42.164N 17°22.483V

Afar óljós og ógreinileg rúst virðist vera byggð upp við landamerkjagarð 037 á norðurmerkjum Daðastaða. Þústin er tæpum 700 m norðvestan við bæ 001.

Umhverfis eru lyngivaxnir móar en flag (uppblástur) er 4-5 m suðvestar.

Þústin er afar fornleg og virðist gömul. Hún virðist helst of regluleg til að um náttúrumyndun geti verið að ræða þó erfitt sé að fullyrða nokkuð um það. Erfitt er að ákvarða nákvæmt lag þústa en þó er skýrasti hluti hennar um 10 m í þvermál, hringlaga og op á austurvegg nyrst. Austan og sunnan við tóftina eru fleiri dokkir en þær eru óljósari og erfiðara að ákvarða hvort séu mannaverk. Lýsa þeim betur af teikningu. Þústin er lyngi vaxin en örlítið gras vex í botni hólfis. Frá því eru um 1,5 m upp á innri brún veggjar. Ytri brún er alveg óskýr.

Hættumat: engin hætta

SP-281:047 *Merkisvarða* heimild um landamerki 65°41.997N 17°23.736V

"Að norðan forn landamerki á milli Daðastaða og Hóla (nú Kárhóls) frá Reykjadalssá, rétt sunnan við Merkjanes, til vesturs um fornan landamerkjagarð [037], er enn sér fyrir, og merkjavörðu í brún í Langaflagi....," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Hallgrími Þorgilssyni er þetta sama varða og getið er um í örnefnaskrá Þorgils Jónssonar en í henni segir: "Fyrir ofan brún eða efst í henni á suðurmerkjum er Merkjasteinn, en þar ofar á hálsinum heitir Bunga. Á norðurmerkjum er Merkisvarða.", segir í örnefnaskrá. Í Landamerkjaskrá Hóla frá 1889 segir: "Þá [frá merkjagarði 037] ræður bein stefna í vörðu þá er stendur á austurbrún Seljadals og heitir Merkiverða,...." Merkjavarðan er horfin. Þar sem landamerkjagarður hefur náð í Langaflag er nú allt blásið og hvergi vörðu að sjá enda er hún sjálfsagt löngu horfin í flagið.

Uppblásin flög eru á þessum slóðum.

Ekki sést til vörðu á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Daðastaðir P.H.J. , 1, Ö-Daðastaðir og Lyngbrekka, 2 og Landamerkjaskrá frá 1889.

SP-281:048 mannvirki óþekkt 65°41.979N 17°22.150V

Sérkennileg dæld sem gæti verið af mannavöldum er í lynghól 120 m NV af norðvesturhorni túngarðs 013 á Daðastöðum. Hún er rétt við Gömlugötur 029.

Lyngmói, brekka í halla mót austri.

Dældin er um 2 x 1 m stór eða tæplega það frá norðri til suðurs, algróin en regluleg. Gæti verið kolagröf eða raskað kuml.

Hættumat: engin hætta

SP-281:049 garðlag óþekkt 65°41.829N 17°23.631V

Garðlag liggur úr Langaflagi til suðurs þar sem uppblæstrinum sleppir og alls um 230 m að næsta uppblásturssvæði sunnan við. Bíslóði liggur á garðinum á þessum kafla. Uppblásturssvæðið liggur austur-vestur en ekki er hægt að sjá neinar leifar af garðlaginu sunnan við það og er helst eins og hann hafi beygt á þessum stað og legið þaðan til vesturs. Nokkru vestar sjást einmitt garðleifar í þá stefnu (sjá 050)

Garðurinn liggur um lyngi vaxna heiði, ofan á honum er bíslóði.

Garðurinn er lyngi vaxinn og mest um 0,8 m hár en víðast lægri eða 0,5-0,6 m. Hann er allt að 8-10 m breiður en 230 m langur. Hann hefur hins vegar upprunalega sjálfsagt verið miklu lengri og e.t.v. legið eftir mestallri heiðinni. Langaflag gefur líklega vísbendingu um legu hans en af því að dæma kann garðurinn að hafa verið a.m.k. 2 km langur og hugsanlega talsvert lengri.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SP-281:050 garðlag óþekkt 65°41.783N 17°23.803V

Þar sem garðlag 049 endar í flagi er erfitt að sjá nokkuð framhald garðakerfisins en flagið sjálft gæti gefið vísbendingu. Ekkert framhald er af garði 049 sunnan flags og líklegast verður að telja að garðurinn hafi beygt þar til vesturs. Þannig snýr flagið og svo langt sem það nær sjást engin ummerki um garðlag. Þar sem flaginu sleppir, í raun á milli tveggja flaga má hins vegar sjá stuttan bít af garði sem snýr austur-vestur og endar í flagi til beggja enda.

Lyngi vaxinn mói, en talsvert er af uppblástursflögum inn á milli.

Garðurinn er 15-20 m langur og 3-4 m á breidd. Hann er 0,3 m á hæð og lyngivaxinn. Ef gert er ráð fyrir að garðurinn hafi náð frá suðurenda garðs 049 og að garði 282:053 sem er ofan við Daðalstaðasel 016 má áætla að hann hafi verið um 300 m langur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SP-281:051 garðlag óþekkt 65°41.740N 17°24.831V

Um 125 m utan (norðan) við Daðastaðasel 016A gengur garðlag austur (upp) hliðina. Þettan garðlag endar í þvergarði 282:053 til austurs. Annað garðlag sem liggur eins 052 er um 20-90 m norðar.

Garðurinn liggur í lyngi vaxinni hlið sem hallar til vesturs.

Garðlagið er um 640 m langt en virðist hafa legið að garðlagi 052 austast og sameinast því áður en það liggur yfir mýrarnar í botni Seljadals og austur að Seljadalsá. Garðlagið er víðast 2,5-3,5 m á breidd en nær allt að 8 m breidd á kafla. Garðlagið er 0,2-0,3 m á hæð. Það er lyngi vaxið. Líklegast er að garðlög 045, 051, 052 og 282:053 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:052 garðlag óþekkt

65°41.794N 17°24.031V

Um 210 m ofan (norðan) við Daðastaðasel (tóft A) gengur garðlag austur (upp) hliðina. Þettan garðlag endar í langgarði 282:053 til austurs, þó réttar væri e.t.v. að tala um að garðlagið beygi. Annað garðlag sem liggur eins 051 er á bilinu 20-90 m sunnar.

Garðurinn liggur í lyngi vaxinni hlið sem hallar til vesturs.

Garðlagið er vel greinilegt á um 620 kafla, frá horninu (við 282:053) og alla leið að austurbrún mýra í Seljadal. Þar má þó sjá óljósa línu í framhaldinu og er greinilegt að garðurinn hefur náð yfir mýrina og allt að Seljadalsá. Samkvæmt því hefur garðurinn þá verið um 850 m langur. Garðlagið er víðast 2,5-3,5 m á breidd en nær þó mest allt að 10 m breidd allra austast, áður en það hverfur í mýrina. Það er 0,2-0,3 m á hæð allra austast. Á köflum sjást skurðir vel beggja vegna við hann. Líklegast er að garðlög 045, 051, 052 og 282:053 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SP-281:053 garðlag óþekkt

Af loftmyndum sem teknar voru á Seljadal í júlí 2004 virðist sem garðlag hafi legið frá vesturenda garðlags 052. Garðlagið virðist liggja nokkuð beint til norðurs og hafa náð norður fyrir merki.

Garðlagið liggur neðst í hliðinni ekki langt frá Seljadalsá.

Af loftmyndinni að dæma virðist garðlagið liggja neðan við brekkurætur og að hluta til í mýrlendi. Það virðist vera grasi gróid og ekki er ólíklegt að það sé hluti af hinu þetta kerfi fornra garða sem víða má finna á dalnum. Garðlagið var ekki skoðað á vettvangi sumarið 2008.

Hættumat: engin hætta

SP-281:054 gerði óþekkt

Af skámynd Árna Einarssonar sem tekin var af Daðastaðaseli og nágrenni sumarið 2004 má sjá mjög óljós ummerki ofan við túnin í Daðastaðaseli. Svo virðist sem 40-60 m ofan við tóft 016d sé að finna sporöskjulaga gerði í hliðinni ofan við selið.

Gerðið virðist sporöskjulaga og virðist lyngi vaxið þýfi innan þess, sérstaklega í suðvestari hluta þess. Það er í halla til vesturs.

Gerðið virðist mjög óljóst og næstum því falla alveg inn í landið. Af loftmyndinni að dæma er það sporöskjulaga og má giska á að það hafi verið 70-90 m á lengd en 40-60 m á breidd. Það snýr NNA-SSV. Hugsanlegt er að e.k. þúst sé í gerðinu miðju en ekki er það greinilegt á loftmyndinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skámynd Árna Einarssonar frá 2004, nr. F1000013

SP-282 Narfastaðir

1712: 30 hdr. og meðtaldar eru eyðihjáleigurnar Ytragerði og Syðragerði. "...Narfastada Sel [SP-283] heitir selstaða heimajarðarinnar á Seljadalnum,..." JÁM XI, 186-87. Narfastaðir B: Árið 1977 voru reist á jörðinni hús og 1/2 Narfastaðir teknir á leigu. Narfastaða er fyrst getið 6. maí árið 1536 en þá seldi Ari lögmaður Jónsson Páli Grímssyni nokkrar jarðir og fékk í staðinn m.a. Narfastaði. DI IX, 766.

1919: Tún 5,1 ha. sléttun um 9/10 (óskýrt). "Engjar öngvar, nema hvað hent er í úthögum innan um víðirunna. Úthagar eru góðir og miklir." JÁM XI, 186. Bærinn stendur norðan undir Narfastaðafelli, sem er bratt austan allt niður að Reykjadalssá. Í brekkunni er birkiskógur. Suður og suðvestur frá bænum er hallalítil brekka upp á fellið og vestan við bæinn er lágur háls. Landið er víðáttumikið og mjög vel gróid. Segja má að túnræktarmöguleikar skipti hundruðum ha. BBSÞ, 392. Hér er eini skógurinn vestan ár í Reykjadal sem getið er í Jarðabók Árna og Páls árið 1712.

SP-282:001 *Narfastaðir* bæjarhóll bústaður

65°40.498N 17°21.070V

Gamli bærinn á Narfastöðum var þar sem elsta íbúðarhúsið á jörðinni, byggt 1924, er nú. Gamli bærinn var um 550 m VSV (ofan) við núverandi þjóðveg og 310 m suðvestan við aðalhúsnæði bændagistingar á Narfastöðum.

Elsta íbúðarhúsið á Narfastöðum stendur á bæjarhól. Það er tímurhús með hlöðnum kjallara. Bæjarhóllinn er um 45 X 30 m stór og snýr austur-vestur. Hann fjarar út til vesturs fast vestan við íbúðarhúsið þar sem aflíðandi brekka rís til vesturs. Hann fjarar út til suðurs skammt sunnan við íbúðarhúsið, við bæjarlækinn sem rennur niður hliðina um 20 m sunnan við íbúðarhúsið. Norður- og austurhliðar bæjarhólsins eru greinilegastar. Til norðurs

liggur rani úr honum, nokkru lægri en sjálfur hóllinn í um 13 m til norðurs. Þar sem bæjarhóllinn er hæstur er hann um 2 m á hæð.

Torfbær var á Narfastöðum um aldamótin 1900. Árið 1907 var byggt framhús úr timbri við torfbæinn en 1924 var byggt hús að baki og síðustu leifar torfbæjarins rifnar. Er það húsið sem enn stendur, óbreytt að öðru leyti en því að skúrbygging sem var reist upp við það er horfin. Sambyggt torfbænum að norðan var fjós en innangengt var í það úr bænum. Torfveggur var að norðanverðu í fjósinu. Yngra fjós var vestan við það eldra en bæði fjósin hafa verið rifin þótt steinsteypdur grunnur þess yngra sé enn greinilegur. Bæjarhóllinn hefur tekið töluverðum breytingum í seinni tíð. Sléttað var úr snidduhlöðnum garði og ójöfnum fast vestan við hús (sjá 068) en þess var gætt að slétta einungis yfir hleðslur sem komið var niður á, ekki ryðja þeim út. Að öðru leyti hefur litlu verið rótað eða rutt til á hólnum en breytingarnar stafa að mestu af stórfelldum uppfyllingum. Miklu efni hefur verið bætt við hólinn austanverðan, nú síðast fyrir fáeinum árum. Hann hefur því aðallega stækkað til austurs en einnig dálítið í norður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SB-282:002 heimild um smiðju

65°40.485N 17°21.044V

Smiðja, byggð úr torfi og grjóti, var tæpum 10 m suðaustan við bæ 001, um 15 m suðvestan við horn íbúðarhússins sem nú stendur (byggt 1924). Smiðjan var í jaðri bæjarhóls en 10-15 m sunnan hennar rennur bæjarlækurinn.

Smiðjan stóð í suðurjaðri bæjarhólsins. Þar er nú órækt.

Í dagbók Sigurðar Jakobssonar kemur fram að byrjað hafi verið að hlaða smiðjutóft þann 13. maí 1911 og smiðja hafi verið reist þann 6. júlí sama ár. Líkast til er þar átt við þessa smiðju en ekki ljóst hvort hún var reist frá grunni eða endurbyggð úr eldra mannvirki. Smiðjan stóð uppi fram til um 1970 en nú eru öll ummerki um hana horfin. Sumarið 2004 var grafinn grunnur skurður frá palli norðan við íbúðarhús og í læk og við þær framkvæmdir komu upp nokkur járnverkfæri og blekbytta þar sem smiðjan var. Nokkuð af grjóti var einnig í jörðu á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SB-282:003 *Lambhús* tóft fjárhús

65°40.488N 17°21.182V

Fjárhús stóðu efst í túni, sambyggt við túngarð 062, innan hans. Standa tóftir þeirra enn uppi. Húsin eru um 70 m ofan við gamla bæinn 001. Í vestasta hluta tóftarinnar hefur síðar verið byggður reykkofti úr torfi og grjóti, en hann var upphaflega notaður sem hæsnakofi. Þessi fjárhús nefndust Lambhús.

Tóftin er á kafi í gróðri. Norðan við hana eru sléttuð tún, en annars móar og grasi gróið svæði. Trjárækt er sunnan og austan við tóftina en ekki hefur verið gróðursett í tóftina sjálfa. Hlið var á túngarði fast norðan við húsið og lá heimreiðin á bænum (065) í gegnum það og meðfram fjárhúsinu norðanverðu til austurs.

Tóftin er samtals 19 X 18 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún hefur verið tvískipt; hlaða (B) aftar (vestar) sem snýr norður-suður en framar (austar) fjárhús (A) sem snúa austur-vestur. Op var á milli hólfanna og op virðist einnig hafa verið á norðurvegg fjárhústóftarinnar, nálega þar sem norðvesturhorn reykkofa er. Tóftin er stæðileg, mest um 1,8 m á hæð. Veggir eru úr torfi og grjóti, en grjóthleðslur eru mest áberandi í hlöðunni. Annars staðar eru veggir fremur hrundir og grónir og því grjóthleðslur minna áberandi. Hvorki sjást jötur né garðar í tóftinni en Hreiðar Karlsson man eftir garða þar. Reykkofinn austast í tóftinni stendur enn undir þaki. Hann er um 3 X 3 m að innanmáli og er vestari hluti hans töluvert niðurgraffinn. Kofinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Grjóthleðslurnar eru um 1 m á hæð en torf mest 0,6-0,7 m þar ofan á. Timburgrind er í kofanum og hvílir bárujárnsþak á henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SB-282:004 *Götuhaus* heimild um fjárhús

65°40.506N 17°20.975V

"Efra og Neðra hesthús [008 og 009] voru norður undir vallargarði [062] en Götuhaus beint niður af bænum. Þessi hús eru nú ýmist horfin eða rústir einar," segir í örnefnaskrá. Götuhaus voru 50-60 m neðan (austan) við bæ 001. Þau voru þar sem nú er hæð í túninu rétt sunnan heimreiðar. Húsin eru merkt inn á túnakort frá 1919.

Sléttuð en dældótt hæð í túni.

Hæðin þar sem Götuhaus stóðu er 12-14 X 10-12 m stór og snýr austur-vestur þó að dældirnar virðist fremur snúa norður-suður. Í húsunum voru tveir garðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 8 og Túnakort 1919

SB-282:005 heimild um kolagröf

Á lágflugsloftmyndum sem Árni Einarsson hefur tekið sjást kolagrafir uppi á Narfastaðahálsi, milli Narfastaða

og Narfastaðasels. Þessar grafir hafa ekki verið skoðaðar á vettvangi.
Þurrt mólendi og sumstaðar uppblástur.

SP-282:006 *Nýhús* tóft fjárhús 65°40.550N 17°21.156V
Fjárhústóft er 30-40 m vestur af Hólshúsum 057 og rúma 100 m norður af bæjarhól 001. Hús er sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1919 og var skv. Hreiðari Karlssyni nefnt Nýhús.
Tóftin er í túni sem hefur verið sléttað allt um kring - henni hallar örlítið til austurs.
Tóftin er mjög stæðileg, af einföldum garðahúsum með hlöðu, alls 15 x 9 m stór. Veggir eru lítið sem ekkert farnir að hrynja, einkum stendur strenghlaðinn torfveggur milli húss og hlöðu vel. Tóftin snýr austur-vestur. Dyr eru í austurátt, þar hangir enn uppi ófúin stoð í dyrum sem eru við það að falla saman. Dyraumbúnaður sést. Bárujárnsplata hefur verið lögð yfir dyraopið og tyrft yfir. Tóft fjárhúsanna er alls 7 m breið en hlaðan aftan við er allt að 9 m að breidd. Fjárhúsin hafa verið um 10 m löng en við vesturenda þeirra er þverhleðsla milli þeirra og hlöðunnar, allt að 2,5 m hár torfveggur, geysivel hlaðinn með grjóttundirstöðu. Norðurhluti hans er heillegur, dyr í miðju en suðurhlutinn annaðhvort fallinn eða hefur aldrei verið hærri. Vestan milliveggjar taka við ógreinilegri leifar hlöðu eða heygards, á kafi í grasi. Hann er um 5 m frá austri til vesturs en virðist ná lengra til suðurs en tóftin, sem nemur 2-3 metrum. Garðaleifar eru í miðju tóftar en sjást illa vegna grasvaxtar. Veggir eru í einkar góðu ástandi og vel hlaðnir, suðurlangveggur þó sýnu lakastur, enda hefur hann hrúnið út. Fremur kantað, meðalstórt grjót er í veggjum en torf efst. Fjárhúsin voru notað fyrir fé allt fram til um 1960 og hugsanlega höfð eitthvað fyrir hross eftir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SP-282:007 *Miðhús* heimild um útihús 65°40.563N 17°21.199V
"Norðvestast í heimatúni hét Miðhúsbrekka [...]," segir í örnefnalýsingu. Hús sem koma heim og saman við lýsinguna eru merkt inn á túnakort frá 1919, 30-40 m norður af vesturenda Nýhúss 006.
Þar er sléttað tún sem hallar til austurs.
Húsið er með öllu horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Narfastaðir, 8

SP-282:008 *Efra-Hesthús* tóft hesthús 65°40.584N 17°21.213V
"Efra og Neðra hesthús [sjá 009] voru norður undir vallargarði [062] en Götuhús [004] beint niður af bænum. Þessi hús eru nú ýmist horfin eða rústir einar," segir í örnefnaskrá. Tóft Efra-Hesthúss er mjög greinileg, í norðvesturhorni túns, 190 m NNV af bæjarhól 001 og rúma 70 m vestur af Neðra-Hesthúsi 009. Húsið er sýnt á túnakorti frá 1919.
Sléttað tún er sunnan og austan við tóftina en kálgarður að norðan- og vestanverðu, milli hennar og túngarðs sem enn stendur vel. Tóftin er á hól og hallar frá honum til austurs.
Tóftin er tvískipt, alls 14 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Vestar er geysistæðilegt hól, þaklaust en annars lítt hrúnið. Það er ferningslaga, um 7 x 7 m stórt að utanmáli. Norður- og vesturveggur eru nær alveg óhrundir, hlaðnir úr grjóti upp í um 0,6 m hæð og hafa torfur verið lagðar á milli steinaraða sem eru alls sex talsins. Þar ofan á er svo strenghleðsla úr torfi, allt upp í 1,4 m há þannig að veggir ná allt að 2 m hæð, mest að norðanverðu. Um 1 m breitt og 1,3 m hátt op er á miðjum vesturvegg, óhrúnið og hefur timbur verið lagt yfir og síðan verið tyrft yfir. Suður- og austurveggir tóftar láta minna yfir sér, eru lægri og algrónir. Op hefur verið á austurvegg, heldur norðar en fyrir miðju, yfir í hól sem er samansigið, gróið og ógreinilegt, vart meira en 7 x 5 m stórt frá norðri til suðurs, dýpt allt að rúmum metra. Líkast til er hólfíð niðurgrafið. Ekkert hrún er innan veggja í fyrrnefnda hólfinu og virðist sem rutt hafi verið innan úr því. Þar er þó dálítið timburrusl, gamlar flöskur og stígvél.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Narfastaðir, 8

SP-282:009 *Neðra hesthús* tóft hesthús 65°40.600N 17°21.130V
"Efra [008] og Neðra hesthús voru norður undir vallargarði [062] en Götuhús [004] beint niður af bænum. Þessi hús eru nú ýmist horfin eða rústir einar," segir í örnefnaskrá. Neðri-Hesthús eru merkt inn á túnakort frá 1919. Tóftin af húsinu er nálægt norðurjaðri gamla Narfastaðatúnsins, 190 m norður af bæjarhól 001 og rúma 80 m norður af Hólshúsum 057.
Áberandi hól, grösugur og ósleginn, við túnjaðar. Hóllinn liggur NA-SV og virðist náttúrulegur hryggur að mestu.
Tóftin er greinileg, þó hún sé uppfull af rusli, þ.e. timbri og járn og einnig hrúni úr veggjum. Hún er einföld og ferköntuð, um 6 x 6 m stór. Dyr blasa ekki við en gætu hafa verið á norðausturhorni. Veggir eru algrónir og um 0,5 m háir. Mögulegt virðist að fleiri byggingar hafi verið norðar á hólnum, þar eru óljósar þústir. Heystæði,

ekki upphlaðið, mun hafa verið við húsið sem rúmaði tvö hross. Túngarður 062 er 15-20 m norðan við tóftina. Í geil milli hans og hólsins er nú kartöflugarður, langur og mjór frá austri til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Narfastaðir,8; Túnakort 1919

SP-282:010 *Garður* garðlag landamerki 65°41.026N 17°24.660V

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður (með vörðu [nr. 011] úr grjóti), sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum skammt utan við Narfastaðasel [SP-283:001] og allt austur á háls," segir í örnefnaskrá. Garður þessi er á norðurmerkjum Narfastaða, á móti Lyngbrekku. Hann á upptök sín við Seljadalsá, um 850 m norðvestur af Narfastaðaseli.

Garðurinn liggur í fyrstu um mýri, vestast, en síðan um gróið gil í lyngmóa.

Vesturendi garðsins er við Seljadalsá, frammi á nokkuð háum bakka. Næst ánni sést þó fremur dæld en upphleðsla fyrstu 15-20 metrana, líklega pæla en sjálfur garðurinn er mjög sokkinn í mýrina. Rétt aðeins örlar á honum en þó mjög óljóst um 110 m til austurs þaðan sem pælan endar. Hann sést einkum vegna gróðurbreytinga en ris nánast ekkert yfir mýrina, sést líklega best úr fjarska í kvöldbirtu og á loftmyndum. Eftir 110 m liggur hann upp á holt og verður þá alveg greinilegur, allt að 3-4 m breiður. Þá hverfur hann á 20 m kafla en sést á ný í Kolhólalág, fyrst í örlitilli sveigju úr norðvestri en stefnir svo beint upp lágina til austurs. Hann er þar allt að 4 m breiður og nær mest um 1 m hæð en miklar dældir eða pælur eru beggja megin við hann víðast hvar. Séu þær taldar með er breidd garðsins allt að 7 m. Ofan við lágina er blásið melholt og þar fjarar garðurinn smám saman út og hverfur loks alveg. Á þeim stað eru nálægt 800 m að Seljadalsá. Þess má geta að skammt sunnar liggur annar garður, 053, suður hæðina og virðist líklegt að hann hafi komið í framhaldi af þessum þótt ekki sé það ótvírætt. Staðsetning garðsins ofan í láginni er nokkuð óvenjuleg, enda algengara að slíkir garðar annaðhvort endi við slík náttúruleg landamæri ellegar fylgi fremur brúnum þeirra en botnum til að þjóna betur sem aðhöld. Hugsanlega hefur aðgengi að hleðsluefni ráðið þar nokkru en jarðvegur ofan í láginni er mjúkur en skammt niður á mel beggja megin við hana. Garðurinn er óvenju völdugur ofan í Kolhólaláginni og gæti hafa verið hlaðinn upp þar í seinni tíð þótt ekki sé það alveg augljóst.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:011 *varða* landamerki 65°41.113N 17°23.798V

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður [010] (með vörðu úr grjóti), sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum [029] skammt utan við Narfastaðasel [SP-283:001] og allt austur á háls," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er nálægt horni garðs 010 þar sem hann kemur upp úr Kolhólalág og tekur að sveigja í suðurátt.

Lyngholt en blásnir melar í kring.

Varðan er steinahrúga sem getur vart talist hleðsla. Hún samanstendur af um 20 grjóthnullungum. Hún er alveg ógróin og um 0,6 m í þvermál. Lítill varða er um 170 m austar og ekki útilokað að átt sé við hana í örnefnalýsingu. Hún er líkast til á merkjum, enda í stefnu beint austur af garðinum. Þessi varða er einnig alveg hrunin en ógróin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:012 *Grafir* frásögn mógrafir 65°40.746N 17°20.981V

Mógrafir voru neðan (austan) við gamla þjóðveginn, 460 m norðaustur af bæjarhól 001.

Þar eru nú framræst og slétt stykki með kafagrasi.

Mógrafirnar eru horfnar vegna framræslu og jarðræktar en Hreiðar Karlsson man eftir þeim. Þær voru nefndar Grafir og sjást vel á gömlum loftmyndum af Narfastöðum. Grafirnar voru taldar hættulegar skepnur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Narfastaðir,1

SP-282:013 *Merkigarður* garðlag landamerki 63°38.962N 17°18.908V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni [SP-284] Merkigarður frá Reykjadalssá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum," segir í örnefnaskrá. Merkijagarður er á merkjum Stafns og Narfastaða allra austast frá Reykjadalssá. Garðurinn nær langleiðina upp að Stafnsvegi en engin ummerki hans sjást ofar og óvíst að hann hafi verið lengri. Garðurinn liggur í lyngvöxnum móa í fremur brattri brekku að Reykjadalssá. Hann er í jaðri skógræktarreiðs og liggur skógræktargirðing víða á garðinum og hann því að hluta inni í skógrækt. Utan (norðan) skógræktargirðingar eru einnig tré á stangli og er vestasti hluti garðsins að hverfa í skóg af þessum sökum.

Garðurinn er greinilegur fast ofan við gilbrúnina ofan Reykjadalssár. Þar sveigir hann lítilllega til norðurs og er mun greinilegri en ofar. Garðurinn liggur í um 10 m til vesturs áður en hann verður meiri um sig en fellur jafnframt meira saman við umhverfið. Garðurinn er víðast 4-5 m að breidd en 0,6 m á hæð og er lyngi vaxinn.

Norðan garðsins er mikil dæld, þaðan hefur efni í hann sjálfsagt verið tekið þótt dældin gæti verið náttúrulega að stofni til. Sunnan við garðinn má merkja óljósa dæld á kafla en víða hverfur hún alveg í gróðurinn. Garðurinn er samtals rúmlega 400 m á lengd og fjarar endanlega út endanlega um 30 m neðan við Stafnsveg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,1

SP-282:014 varða landamerki 65°38.754N 17°20.828V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni [SP-284] Merkigarður frá Reykjadalssá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkijagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) [015] við Rauðslækjarbotn," segir í örnefnaskrá. Varðan er norðarlega á Langamel um 3,5 km SSV við bæ 001 og um 30 m sunnan við norðurjaðar rofs á Langamel.

Umhverfis vörðuna er örfoka land, en annars eru lyngivaxnir móar allt í kring.

Varðan er hrúnin en greinileg. Steinadreifin nær yfir 1,8 X 1,5 m svæði og er mest 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir,1

SP-282:015 heimild um landamerki 65°38.667N 17°22.610V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni Merkigarður frá Reykjadalssá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkijagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu [014] nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) við Rauðslækjarbotn," segir í örnefnaskrá. Varðan við Rauðslækjarbotn er horfin en líklegast hefur hún verið á holtunum ofan við botnana. Hún var um 3,6 km í beina loftlínu SSV við bæ 001.

Í suðurenda lyngi vaxins holts sem liggur norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,1

SP-282:016 varða landamerki 65°38.726N 17°21.399V

"[Landamerki]...sunnan á móti Stafni [SP-284] Merkigarður [013] frá Reykjadalssá upp eins og hann nær, eða að gamla veginum. Svo að sunnan við Merkijagil og beint vestur yfir Narfastaðafell, um vörðu [014] nyrst á Langamel og í vörðu (nú horfin) [015] við Rauðslækjarbotn. Þá Rauðslækur ofan í Seljadalsá. Einnig vörðubrot á merkjum að vestan," segir í örnefnaskrá. Ekki er nákvæmlega vitað við hvað er átt með "vörðubroti á merkjum að vestan". Seljadalsá ræður merkjum alveg að vestan. Hreiðar Karlsson telur að hugsanlega eigi setningin við vörðu sem var á milli vörðu við Rauðslækjarbotna 015 og á Langamel. Hefur sú varða verið um 3,3 km SSV við bæ 001 en um 440 m vestan við vörðu á Langamel 014.

Varðan var neðst í lyngi vöxnum móa en neðar tekur deiglent engi við.

Engin varða sést nú á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,1

SP-282:017 hleðsla óþekkt 65°39.839N 17°22.664V

"Úr henni [Grásteinsmýri] kemur Pollalækurinn sem fyrr var nefndur og fellur til vesturs norðan við Beitarhúsin [027]. Rétt suður og austur af mýrinni er allstór steinn, sem heitir Grásteinn, og gefur hann mýrinni nafn," segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er rúma 700 m austur af beitarhúsunum. Farið er framhjá honum ef götum 025 milli Narfastaða og beitarhúsa 027 er fylgt. Sunnan undir steininum er lausagrjót, hugsanlega leifar af lítilli hleðslu.

Grásteinn er á holti í austurjaðri mýrar og sést vel að, hefur því væntanlega verið mikið notað kennileiti á annars kennileitasnauðu fellinu. Hann er rúmur metri á hæð og skjól fyrir norðanátt við hann að sunnan.

Gróinn blettur er undir steininum. Grjóthleðslan er fast upp við steininn, líkt og litlum steinum hafi verið raðað í rúmlega hálfhring, tæpir 40 sm á kant. Gróid er yfir hleðsluna að mestu en geta má þess til að einhver hafi gert sér einfaldar hlóðir á staðnum, e.t.v. í smalamennsku eða í hjásetu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,3

SP-282:018 heimild um myllu 65°40.481N 17°21.037V

"Skarð nefnist slakkinn milli Narfastaðaháls og Narfastaðafells...Ærlækur...flæðir út syðst og austast á Skarðinu, þar sem heitir Ærlækjarflæða. Á öldinni sem leið [19. öld] var Ærlæknum veitt heim á Narfastaði ásamt Víðralæknum til kornmyllu, sem Ólafur Grímsson kom upp. Þá varð til Ærlækjarskurður, sem nú er mjög fallinn saman," segir í örnefnaskrá. Bæjarlækurinn rennur 30-40 m sunnan við bæ 001 og var myllan á honum, nærri beint sunnan við bæ 001.

Þar sem myllan stóð er svolítið af grjóti í og við bæjarlækinn. Aflíðandi brekka er að læknum norðanmegin á þessum stað.

Ekkert sést til myllunnar, hún var rifin 25. júní 1910 skv. dagbók Sigurðar Jakobssonar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Narfastaðir, 2-3; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SB-282:019 *Hólakot?* tóftir óþekkt

65°39.634N 17°22.440V

"Skarð nefnist slakkinn milli Narfastaðaháls og Narfastaðafells...Sunnar og austar, eða nánar sagt vestast [?] í skarðinu ...er...Grásteinsmýri...Rétt suður og austur af mýrinni er allstór steinn, sem heitir Grásteinn...Suðaustur af honum gengur ás,...Grásteinsás...Vestan í Grásteinsásnum, nærri nyrzt, eru nokkrar tóftir eða rústir af einhvers konar mannvirkjum eða húsum. Rústirnar virðast fornar, en ekkert er vitað um sögu þeirra, heiti né aldur," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru u.þ.b. 500 m suður af Grásteini og 1,9 km suðvestur af bæ 001. Þess má geta að á korti herforingjaráðs er merkt "Hólakot" á þessum stað en nú kannast enginn við það örnefni og það finnst ekki skráð, hvorki í örnefnalýsingu né öðrum heimildum. Í neðanmálgrein í örnefnalýsingu segir: "Ragnar Árnason frá Skógarseli skoðaði rústirnar og gerði uppdrátt af þeim (1998)."

Í þýfðum lyngmóa, vesturjaðri Grásteinsás. Suðvestan við hann er blásinn ás, nefndur Flagás og norðan hans, beint neðan við rústirnar er mýri. Engir lækir eða vatnsból eru nálægt rústunum.

Staðurinn var fyrst skoðaður 2004 og fundust þá fjórar tóftir og varða (sjá A, B, C, D og E). Árið 2008 var aftur farið á staðinn og fundust þá tvær tóftir til viðbótar (F og G) á svæðinu en að auki önnur tóft um 300 m í burtu og var hún skráð undir sérstöku númeri (sjá 282:083). Í skráningu frá 2004 segir: Auk tóftanna eru nokkrar kolagrafir á svæðinu (sjá 021). Tóftirnar ná yfir svæði sem er um 55 x 40 m stórt. Tóftunum verður hér lýst hverri fyrir sig og fær hvert mannvirki bókstaf. Allar tóftirnar eru mjög fornlegar og lyngi vaxnar, veggir mjög bólgnir og sér hvergi í grjóti í þeim. Tóft (A) er stærst og mest. Hún er vestust tóftanna, reist utan í brún. Hún er 19 x 12 m stór og snýr norður-suður en sléttur kampur er neðan við hana, dældalaus og alls ekki ljóst hvort ber að telja hann með rústinni. Að honum meðtöldum er tóftin alls 19-20 m breið. Ytri brúnir veggja renna saman við móann umhverfis og veggir eru mjög bólgnir. Alls má greina þrjú hólfi í tóftinni. Syðst í henni er sporöskju-eða hringlaga hólfi, um 4 m í þvermál að innanverðu. Frá því virðist op til norðurs, yfir í aflangt hólfi eða skoru sem gengur allt til norðurenda tóftarinnar, alls um 9 x 2-3 m stórt. Hugsanlega hafa verið op á tveimur stöðum á því, annars vegar syðst á vesturvegg og hins vegar nyrst. Út frá norðurendanum gengur líkt og afhýsi til austurs en það er fremur óskýrt. Dæld sést þar í, 2-3 m í þvermál og gætu hafa verið dyr í suður eða suðaustur. Tóft (B) er 25-30 m austar. Hún er einföld, 8 x 7 m stór en mög sigin. Hún er nærri sporöskjulaga en dyr sjást ekki á henni. Veggir eru allt að 2-3 m breiðir. Tóft (C) er 18 m suður af (B). Hún er 6 x 8 m stór, óljós og einkum að sunnan þar sem hún fjarar út í móann. Hún virðist einföld, dyr hafa sennilega snúið í suður. Veggjahæð er ekki nema um 0,2 m þar sem mest er en veggjaþykkt um 1,5 m. Að lokum er tóft (D) nyrst á svæðinu, 20 m norður af (B). Hún er 14 x 10 m stór frá norðri til suðurs og hefur líklega skipst í þrjú hólfi. Eitt greinilegt hólfi er í vesturhlutanum, um 8 x 3 m að innanmáli og liggur eins og rústin, norður-suður. Þar vex fjalldrapi og lágt kjarr. Dyr hafa verið úr þessu hólfi til suðvesturs. Austurhluti tóftarinnar er mun ógreinilegri, þó eru þar að líkindum tvö hólfi, hvort um sig um 2 x 1 m að stærð frá norðri til suðurs. Um 200 VSV af rústunum, á Flagásnum sem er með blásnum mel í kalli, sjást leifar af grjóthlöðnu mannvirki (E), e.t.v. vörðu en þó gæti steinum hugsanlega hafa verið hlaðið saman í öðrum tilgangi. Ekki stendur steinn yfir steini og flestir steinanna eru raunar sokknir ofan í melinn. Þeir mynda hér um bil sporöskjulaga stall, sem er um 1 m í þvermál. Árið 2008 fundust, eins og áður segir tvær tóftir til viðbótar við þá tóftaþyrpingu sem lýst er að ofan og með þeim verður rústasvæðið samtals 95 x 50 m stórt og snýr norður-suður. Tóftunum tveimur sem bættust við er hér gefnir bókstafirnir F og G. Tóft F er í lágru brekku til vestur, um 60 m SV við tóft A en 50 m SA við tóft C. Tóftin er 12 X 4 m stór og snýr norður-suður. Eftir henni endilangri virðist ganga garði og op er á miðjum suðurvegg. Tóftin er einföld og mest 0,2 m á hæð, hún er kjarri vaxin og útlöft þannig að erfitt er að greina hana af jörðu niðri. Garðinn sem gengur eftir henni endilagnri er 0,8-1 m á breidd. Austurveggur tóftarinnar er greinilegastur. Veggir eru víða um 1,2 m á þykkt. Tóft G er um 25 m SSA við tóft A en 40 m ANA við tóft F. Hún er 12 X 6 m stór og snýr norður-suður. Tóftin virðist skiptast í tvö hólfi, annars vegar stórt hólfi að norðan sem snýr eins og tóftin. Í því virðist vera garði að hluta og op hefur verið á norðurvegg. Sunnar er lítið hólfi og er innangengt úr nyrðra hólfinu í það syðra en einnig virðist hafa verið op á vesturvegg þess. Tóftin er sigin og veggir hennar eru þykkir eða um 1,3 m á hæð. Hæð veggja er um 0,2 m utanfrá en frá innri brún og að gólfi eru þeir um 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Narfastaðir, 3

SB-282:020 gryfja kolagröf

65°39.665N 17°22.009V

Nokkrar kolagrafir eru á Miðási. Sú syðsta sem skoðuð var á vettvangi er um 240 m austan við tóftir 019 á Grásteinsás og 270 m norðaustur af heystaðistöft 077.

Harðlent lyngmóaholt. Hvergi sést skógur í grennd.

Alls fundust þrjár kolagrafir á holtinu. Staðsetningu þeirrar syðstu var þegar lýst, næsta gröf er um 80 m NNV af henni og sú þriðja um 150 m NNV af þeirri í miðið. Allar eru þær mjög greinilegar og áreiðanlega manngerðar gryfjur, líkar að löng og gerð. Þær eru um 1 m í þvermál og mest um 0,5 m djúpar, algrónar í hliðum jafnt sem botni. Ekki sjást upphleðslur eða kragar á börmum þeirra. Gengið var eftir öllum Miðásnum og ekki sáust fleiri

grafir en þessar. Fleiri kolagrafir eru hins vegar nyrst á Grásteinsási, sbr. 021.

Hættumat: engin hætt

SB-282:021 gryfja kolagröf

65°39.721N 17°22.455V

Nokkrar kolagrafir eru norðan og austan við töftir 019. Sú fyrsta sem hér verður lýst er 60 m austan við töft 019d.

Purrt móaholt, fremur harðlent.

Sex kolagrafir fundust á svæðinu og verður hér lýst stuttlega hverri fyrir sig. (A) er tæpa 60 m austur af töft 019d, uppi á háholtinu. Hún er rúmlega 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m djúp. (B) er rétt rúma 100 m norðvestur af (A). Hún er alveg greinileg, 2 x 1 m stór frá norðri til suðurs og um 0,1 m djúp. (C) er tæpa 60 m NNV af (B) og tæpum 50 m norðan við hana eru þrjár grafir til viðbótar, (D)-(F) í nokkurn veginn beina línu frá austri til vesturs. Þær á bilinu 1-2 m í þvermál, sporöskjulaga en ekki sjást hleðslur eða uppkast uppi á brúnum þeirra. Allar eru þær á bilinu 0,1-0,4 m djúpar og algrónar lyngi og grasi. Alls er svæðið um 240 x 55 m stórt frá norðvestri til suðausturs.

Hættumat: engin hætt

SB-282:022 garðlag óþekkt

65°41.098N 17°22.276V

Mikill garður liggur norður-suður austan undir efstu brún Narfastaðaháls. Suðurendi hans er um 1 km norðvestur af bæjarhól Narfastaða 001.

Garðurinn liggur um lyngmóa.

Garðurinn var skráður í Narfastaðalandi sumarið 2004. Þá var hann rakinn frá merkjum við Daðastaði og til suðurs: Garðurinn er mjög áberandi. Hann liggur úr norðri, úr Daðastaðalandi og frá merkjagirðingu milli Daðastaða og Narfastaða má rekja hann rúma 500 m til suðurs undir brúninni. Ekki eru pælar áberandi meðfram hleðslunni sem er 3-4 m breið og allt að 0,5 m há. Um 420 m suður af merkjagirðingunni endar garðurinn skyndilega við litla laut en rúmum 90 m suður af henni sést garður liggja niður brekkuna frá vestri til austurs og gæti verið framhald af sama garði. Hann er allt að 6 m breiður að meðtöldum pælum sem sjást beggja vegna við hann. Garður þessi endar skyndilega við mel eftir tæpa 130 metra. Líklegt virðist að garður þessi hafi tengst þeim áður nefnda. Báðir garðarnir eru lyngi vaxnir og fornlegir. Sumarið 2008 var áframhald garðsins skráð í Daðastaðalandi. Garðurinn er greinilegur norðan merkjagirðingar. Hann liggur áfram til norðurs, er nær alveg jarðlægur, 3-4 m breiður og víðast hvar um 0,4 m hár. Rof eru í honum sumstaðar. Garðurinn endar 600 m norðan við merkjagirðinguna, við grunnt gildrag sem liggur austur-vestur. Þá er heildarlengd hans orðin um 1,3 km ef allt er talið frá upptökum í Narfastaðalandi. Þar ofan í draginu og eftir því virðist liggja garður frá austri til vesturs en þó eru um 3 m milli hans og áður nefnda langgarðsins. Þessi garður sem liggur í sveig til vesturs og svo norðvesturs er reyndar ótrúlega mikill, allt að 1,5 m hár og 6-7 m breiður. Raunar gæti gildragið verið myndað af pælum sem rof hefur komið í eftir að efni var tekið í garðinn. Af loftmynd mætti ætla að garðurinn liggji lengra til norðurs en af rofi í hlíðinni mætti ætla að þegar komið er til móts við túngarðshorn Daðastaða hafi hann beygt til austurs og jafnvel legið alla leið í túngarðinn. Ekki sáust hins vegar merki garðsins á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætt

SB-282:023 *Nónvarða* varða eyktamark

65°40.341N 17°21.365V

"Rétt ofan við brúnina suðvestur frá bæ er Nónvarða, ber hana við loft," segir í örnefnaskrá. Nónvarða er uppi í hlíðinni 370 m suðvestur af bæjarhól 001.

Hún er á litlum hól í lyngi vaxinni brekku.

Lítill varða, ekki nema 0,4 m í þvermál og 0,4 m há, hrúgald fremur en hleðsla. Undirstöður hennar eru grónar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Narfastaðir,3

SB-282:024 *Heygarður* örnefni heygarður

65°41.146N 17°20.817V

"Norður við merki niður við [Reykjadals]á heitir Ytrabjarg. Út og upp af Bjarginu (ofan við nýja veginn)...Undir Bjarginu heitir Bjargpollur, en rétt suðaustur af Bjargpolli er Fosspollur, undir fossinum...Í norðurbrún [Heybands]hvammsins, suðaustur af Bjarginu er hæð með hring á. Þessi hæð heitir Heygarður..." segir í örnefnaskrá. Engin rúst virðist koma vel heim og saman við þessa lýsingu og ekkert fannst í norðurbrún Heybandshvamms. Hins vegar eru greinilegar heytóftir töluvert sunnar, sbr. 078 og hugsanlega 051. Hugsanlegt er að Heygarður hafi farið undir þjóðveginn.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Narfastaðir,6

SB-282:025 *Skarðsgötur* gata leið

65°39.930N 17°22.159V

Förum upp í Skarðið [milli Narfastaðaháls og Narfastaðafells]: "Rétt austur af Grásteinsmýri, skammt frá

Grásteini er varða sem heitir Strýta og Blaðstýfing austar; þar var reist upp hella. Litlistrákur er norður af Miðás og Stóristrákur norður af Fellsás, er síðar getur. Þetta eru vörður á leiðinni yfir Skarðið, sem kölluð er Skarðsgötur. Austar eru Kerling, Hrókur og Gamlavarða, röð þeirra óviss." Síðar í sömu skrá segir: "Ofan við Efribrún er Vörðuás, sem er gróinn ás...Syðst á honum við Skarðsgötur er Gamlavarða. Suðvestur um Skarðið liggja götur og stígar (Skarðsgötur). Þær greinast vestast í Skarðinu í átt að Gafli og Beitahúsum [sjá 027]. Þessar götur voru fyrrum fjölfarnar við smalamennsku og hjásetu og merktar með mörgum vörðum. Aður var nefnd Gamlavarða, en vestar koma vörður, sem heita Hrókur, Kerling, Stóristrákur og Litlistrákur (röðin óviss)." Götur þessar lágu heiman frá bæ 001, skáhallt upp Narfastaðahálsinn til suðvesturs og áfram yfir skarðið. Þær sjást ekki í hlíðinni næst bæ en verða greinilegar þegar komið er 7-800 m suðvestur af bæjarhól 001, um 210 m suður af Þrívörðum 038.

Göturnar liggja að mestu um lyngmóa.

Göturnar eru mjög greinilegar og færast í aukana eftir því sem ofar dregur. Í fyrstu sjást aðeins 2-3 götuslóðar en ofar, í Skarðinu, miklu meiri götur. Þær fara þó að verða óljósar við Grástein, sjá 017. Leiðin hefur verið vörðuð í skarðinu og báru margar vörðurnar nöfn eins og sést af örnefnalýsingu. Ekki er þó gott að koma öllum nöfnum heim og saman, enda hefur röðin ruglast, m.a. af því að nafnlausar vörður eru inn á milli nafngreindra. Samkvæmt örnefnalýsingu heitir vestasta varðan, næst Grásteini, Strýta. Hún er 60-70 m austan við Grástein, á lyngi vöxnu holti. Varðan er ekki eiginleg hleðsla heldur aðeins ein hella, reist upp á rönd og stingst hún ofan í fuglþúfu sem er rofin að norðvestanverðu. Einn steinn er henni til stuðnings að norðaustan og annar flatur að sunnan. Næsta varða er um 280 m austar. Hún er lík Strýtu að gerð, úr fjórum hellum og hefur sú stærsta, um 30 sm há, verið reist upp á rönd en hinar hellurnar styðja við hana. Þetta er þó ekki Blaðstýfing, eins og vænta mætti af lýsingunni, enda mun hún fallin nær Strýtu en til stendur að endurreisa hana. Vörðurnar tvær skera sig nokkuð frá hinum vörðunum austar. Þær eiga það sammerkt að minni vinna hefur verið að koma þeim upp en venjulegum vörðum og minna grjót þurft til verksins. Þrátt fyrir það sjást þær síst verr en hinar vörðurnar austar. Næsta varða er tæpa 150 m norðaustur af nafnlausu vörðunni og hugsanlegt að það sé annaðhvort Litli- eða Stóristrákur sem örnefnalýsing getur um. Líklega hafa göturnar klofnað á þessum stað því að vörður halda áfram, annars vegar í norðaustur og hins vegar í suður en ekki er sú leið þekkt í dag. A.m.k. tvær vörður til viðbótar virðast marka óljósar götur í þá áttina, suður eftir Narfastaðafelli. Næsta varða austan við meintan Stóra- eða Litlastrák er nokkuð sérkennileg, nokkrir steinar í undirstöðum en ofan á þeim er síðan einn nærri höfuðlaga, hnöttóttur steinn. Er helst að giska á að hér sé komin varðan Kerling. Hrókur og Gamlavarða hljóta þá að vera enn austar og má þar finna þrjár ef ekki fjórar vörður til viðbótar fast við göturnar, allar látlausar og frekar grjóthrúgöld en hleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,3,5

SP-282:026 gata leið

65°39.647N 17°23.510V

Töluverðir göttroðningar liggja til suðurs frá beitarhúsatóft 027.

Göturnar liggja annarsvegar á löngu holti sem gengur til suðurs frá beitarhúsunum og hins vegar við það austanvert.

Göturnar eru mjög greinilegar, ýmist tvö- eða þrefaldar. Ekki er alveg ljóst hvert þær hafa legið, gætu þó stefnt í Gafli sem var bær vestan Seljadalsár og gætu tengst götum sem liggja á suðurmerkjum Skógarsels (að Gafli) og allt að Ingjaldsstaðaseli.

Hættumat: engin hætta

SP-282:027 tóftir beitarhús

65°39.770N 17°23.577V

"Grjótá kemur langt sunnan að. Hún myndast af tveim lækjum, Pollalæk, sem kemur austan úr Grásteinsmýri, og Brennislæk sunnan úr Fellsmyri...Suður af Pollalæk er allmikill ás, sem heitir Langás og liggur alllangt til suðurs, samhliða Seljadalsá. Nyrst á ásnum eru gömul Beitarhús frá Narfastaðaseli," segir í örnefnaskrá. Í neðanmálgrein segir um húsinn: "Talin byggð af Jóni Björnssyni, þeim er byggði í Narfastaðaseli 1836. Hann lét boð út ganga um fyrirhugaða húsbyggingu á tilteknum tíma og að nóg yrði til af brennivíni og nágrannar hans fjölmenntu og húsinn risu á einum degi." Í grein eftir Guðmund Frímann um bóndann í Narfastaðaseli er enn minnst á húsinn: "Byggðu þeir [Jón og vinnumaður hans] í félagi beitarhús suður með Narfastaðafelli, en þar voru landkostir góðir, sauðland gott og engjar nærtækar. Lét hann vinnumann sinn ganga á beitarhúsin á vetrum, en annaðist sjálfur gæzlu lamba sinna og annarra gripa á heimajörðinni." Tóftir beitarhúsanna eru 1,8 km suður af Narfastaðaseli (283:001).

Beitarhúsin eru austan í aflöngum ás sem liggur norður-suður. Fast austan og norðan við tóftirnar er töluverður lækjarfarvegur. Líklega er það Grjótá sem getið er í örnefnalýsingu.

Tóftirnar eru tvær, annars vegar sjálf beitarhúsin og hins vegar einföld kofatóft sem minnir á sæluhús. Beitarhúsatóftin er norðar, alls rúmlega 10 x 5 m stór frá austri til vesturs. Aðaldyrnar virðast hafa snúið í vestur en húsinn hallar hreint ekkert í þá áttina, gólf þess er svotil lárétt og sækir jafnvel heldur í austur. Tóftin er einföld að gerð, garði í miðju en alveg gróid yfir hann. Hlaða er ekki við húsinn. Hleðslur eru ógrónar að

innanverðu, allt að 7-8 umför grjóts í þeim og er það frekar flatt, fyrirtaks hleðslugrjót. Veggir ná mest hátt í 1 m hæð. Lítillega hefur hrunið úr norðurlangvegg inn í tóftina. Kofatóftin er 2 m sunnan við austurenda beitarhúsanna. Hún er einföld, 6 x 4 m stór frá austri til vesturs. Dyr eru syðst á vesturlangvegg en op, e.t.v. gluggi, hefur verið austurlega á suðurvegg í tæplega 1 m hæð frá jörðu. Suður- og austurhlíð eru stæðilegastar, allt að 1,6 m á hæð og er þokkaleg torfhleðsla, líklega úr streng, enn uppi á austurvegg. Að öðru leyti eru veggir að mestu torfhlaðnir. Suðurveggnum hallar til norðurs, inn í tóftina. Ekki er útilokað að hey hafi verið geymt í kofanum. Framan við hann vottar fyrir hleðslu sem liggur til norðurs, í átt að beitarhúsinu, gæti einungis verið manngerð brún sem hefur myndast við torfskurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,2; Guðmundur Frímann, 173

SP-282:028 *Geitakofahóll* örnefni geitakofi 65°40.634N 17°23.687V

"Utan og ofan við [Narfastaða]seltúnið heitir Hnúta. Geitakofahóll er einnig utan við túnið, og enn utar og ofar er Stekkjarlaut [055]," segir í örnefnaskrá. Geitakofahóll er ekki lengur þekktur. Eini hóllinn sem virðist geta passað við lýsinguna, og þá með hliðsjón af staðsetningu stekkiar 055 er lítil hól rétt neðan við götur 080, 30-40 m sunnan við túngarð SP-283:003.

Lyngmói.

Engin tóft sést á hólum, aðeins hundapúfa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,2

SP-282:029 *Kolhólar* örnefni kolagröf 65°41.065N 17°24.135V

"Að norðan eru merki jarðarinnar móti Daðastöðum og Lyngbrekku Garður (með vörðu úr grjóti) [sjá 011], sem liggur frá Seljadalsá, eftir Kolhólalág norðan undir Kolhólum skammt utan við Narfastaðasel [SP-283:00] og allt austur á háls," segir í örnefnalýsingu. Kolhólar eru hólarnir innan eða sunnan við umræddan garð, um 500 m norðan við túngarð á Narfastaðaseli [SP-283:003].

Nokkrir lyngivaxnir, áberandi hólar, flestir með melkollum.

Ekki fundust merki um kolagrafir í hólunum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir,1

SP-282:030 *Fjánhólsstígur* heimild um leið 65°40.178N 17°20.150V

"Er þá best að halda áfram austan í Narfastaðafelli...innan við Bæjarlækjarmýri heita Engjateigar eða Augnteigar...Í brekkunni ofan við Teigana sunnanverða er hól, sem heitir Fjánhóll...Suður frá hólum er stígur, sem heitir Fjánhólsstígur," segir í örnefnaskrá. Fjánhóll er um 930 m suðaustan við bæ 001 en rúmlega 400 m ofan við þjóðveg. Fjánhólsstígur lá til suðurs frá hólum en ekki er vitað hvert.

Nokkur skógrækt er á þessum slóðum og hefur m.a. verið gróðursett í Fjánhól. Stígurinn hefur legið frá hólum um lyngi- og mosavaxna aflíðandi hlíð. Hann er horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,4

SP-282:031 *Fjánhóll* örnefni 65°40.178N 17°20.151V

"Er þá best að halda áfram austan í Narfastaðafelli...innan við Bæjarlækjarmýri heita Engjateigar eða Augnteigar...Í brekkunni ofan við Teigana sunnanverða er hól, sem heitir Fjánhóll...Suður frá hólum er stígur, sem heitir Fjánhólsstígur [030]," segir í örnefnaskrá. Fjánhóll er um 930 m suðaustan við bæ 001 en rúmlega 400 m ofan við þjóðveg.

Fjánhóll er inni í skógrækt og hefur verið gróðursett í hann. Hóllinn er fagurgrænn og vaxinn mosa, lyngi og grasi.

Engar rústir eru á eða við hólinn en ekki er víst að svo hafi nokkru sinni verið. Nafnið gæti einfaldlega verið tilkomið sökum þess að fé hélt sig til í námunda við hólinn eða var rekið þangað.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,4

SP-282:032 *Lambastaðir* tóftir beitarhús 65°39.613N 17°19.327V

"Sunnan og suðaustan við Hettuholt er lágt og breitt nes í [Reykjadals]ánni...Víðines...Sunnan við Víðinesið eða syðst á því eru gömul beitarhús; þar heita Lambastaðir. Rétt norðan þeirra er stærsti geirinn, sem heitir Húsageiri.", segir í örnefnaskrá. Lambastaðir eru allra syðst á Víðinesi, 2,1 km suður af Narfastöðum 001 og hér um bil gegnt bænum Brún en vestan Reykjadalárs. Húsageiri hefur væntanlega verið kenndur við rústir á Lambastöðum. Í frásögn um bóndann í Narfastaðaseli segir: "En þegar Jón Björnsson felaðist eftir því [Narfastaðaseli] til ábúðar, hafði einnig verið hætt við að hafa þar á beitarhúsum, en þau byggð að nýju austan í

Narfastaðafelli þar sem sauðland var kjarnmeira og betri og nærtækari engjalönd." Hér er væntanlega átt við beitarhús á Lambastöðum, í það minnsta er ekki vitað um önnur beitarhús austan í Narfastaðafelli.

Geysimikill lággróður er í jafri Narfastaðaskógar, hátt og mikið gras, elfting og sóleyjar. Tóftirnar eru í brekku sem hallar mót austri, niður að Reykjadalssá, á mjög gróskumiklum rana. Sunnan við hann fer kjarr vaxandi en norðan við rennur lækur í gili út í Reykjadalssá.

Tvær tóftir sjást á Lambastöðum, hvorug mjög fornleg, en sökum lággróðurs er erfitt að segja til um hvort eldri tóftir gætu leynst í kring. Efri tóftin, (A), er greinilega af beitarhúsum. Hún snýr austur-vestur, niður brekkuna, með dyr í austurátt. Hún er alls um 13 x 6 m stór, mótar fyrir garða eftir miðju og hlöðukorni aftan við sem er tæplega þriðjungur af heildarlengd húsanna. Tóftin lítur ekki út fyrir að vera gömul en er þó nánast kaffærð af gróðri og því ekki hægt að skoða gerð veggja en þó virðist grjót í þeim. Suðurveggur hlöðunnar rís hæst, allt að 1 m. Tóft (B) er um 25 m austar og virðist sem hún hafi aldrei verið fullkláruð. Gerð hefur verið gryfja, ferköntuð og um 6 x 6 m stór, allt að rúmur metri á dýpt, mjög regluleg. Engar hleðslur sjást í gryfjunni en hins vegar hefur miklu hleðslugrjóti verið safnað saman í hrúgur á 2-3 stöðum umhverfis tóftina. Talið er að beitarhús á þessum stað hafi verið notuð fram á 20. öld en í dagbók sem Sigurður Jakobsson ritaði í upphafi 20. aldar kemur fram að grjót hafi verið rífið úr Neðra beitarhúsi í október 1909. Er þar líklega átt við beitarhús á Lambastöðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5; Guðmundur Frímánn, 167

SB-282:033 garðlag

65°40.325N 17°20.362V

Fornlegt garðlag liggur frá norðri til suðurs ofan við Fjánhól 031, en það er nokkuð áberandi hól í brekku hér um bil beint vestur af brúnni yfir Reykjadalssá áður en haldið er á Mývatnsheiði. Nyrðri endi garðsins er 630 m suðaustur af bæjarhól 001.

Garðurinn liggur um gljúpan og gróðurmikinn móa. Trjárækt er hafin þar í nokkrum mæli og hafa nokkrar plöntur verið settar niður í garðinn.

Garðurinn sést fyrst 40-50 m vestan við Syðragerði 067 en er þar ákaflega sokkinn og illgreinilegur. Svo er ástatt fyrir honum fyrstu 100 metrana til suðurs og aðeins hægt að rekja hann með herkjum. Á tveimur stöðum hverfur hann alveg í mýrardrög. Eftir tæpa 200 m frá upptökunum er hann orðinn vel greinilegur, allt að 0,8 m hár að austanverðu og 2-2,5 m breiður. Garðurinn hverfur við lítinn læk sem rennur í gili rúma 200 m sunnan við Syðragerði og sést ekki á rúmlega 160 m kafla. Hann birtist þó að nýju um 20 m sunnan við Fjánhól og má þaðan rekja hann um 120 m til viðbótar til suðurs. Ekki er að sjá að garðurinn hafi tengst öðrum slíkum á svæðinu en þó virðist ekki útilokað að hann hafi tengst gerðinu sem umlykur Syðragerði. Ætla má að garðurinn hafi upphaflega verið a.m.k. rúmlega 500 m langur en nú sjást um 340 metrar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SB-282:034 Gamlistekkur tóft stekkur

65°39.640N 17°19.235V

"Rétt út og niður af Lambastöðum [032] eru eldgamlar tættur á hól, sem heita Gamlistekkur," segir í örnefnaskrá. Tóft sem passar við lýsinguna er um 65 m norðaustur af tóft (B) á Lambastöðum 032. Þetta er 3,7 km suðaustur af bæjarhól 001 og verður það að teljast mjög langur stekkjavegur frá Narfastöðum.

Tóftin er á suðurbarmi gils sem rennur í Reykjadalssá. Vel er gróið allt í kring.

Tóftin er einföld og lætur lítið yfir sér, enda á kafi í grasi. Hún er um 11 x 5 m stór frá austri til vesturs, sporöskjulaga, en suðurlangveggurinn, sem er á gilbarminum, er afar ógreinilegur. Nokkuð regluleg dokk, um 3 m í þvermál, er fast vestan við tóftina en óljóst hvort hún er manngerð. Mesta hæð tóftar er um 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SB-282:035 Gamlikofi tóft geitakofi

65°39.387N 17°19.258V

"Á gilbarminum talsvert sunnan við Lambastaði [032] er hins vegar gamall kofi, Gamlikofi. Talið er að þar hafi verið geitakofi", segir í örnefnaskrá. Meint geitakofatóft er dálítið innar (sunnar) en til móts við innstu tún á Brún, þau sem eru næst Reykjadalssá, 420 m suður af Lambastöðum 034.

Tóftin er á rana sem er á kafi í grasi, á barmi brattrar brekku sem liggur niður að ánni. Norðan við hann er djúpt en gróið gil sem lækur rennur um. Birkiskógur er í námunda við tóftina.

Tóftin er frekar óljós. Engir eiginlegir veggir sjást heldur aðeins gryfja eða niðurgroftur, um 3 x 1,5 m stór frá austri til vesturs. Meiri gróska er umhverfis dældina en annarsstaðar í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SB-282:036 Gildruholt heimild um refagildru

"Ingólfur frá Vallholti segir frá því, að honum hafi sem dreng verið sýnd gömul refagildra úr grjóti á grasi vöxnu

holti eða gilbrún suður með [Reykjadals]ánni vestanverðri og hafi hann þreifað inn í gildruna með hendinni. Þar telur hann að hafi verið Gildruholt, en það þekki ég ekki. Þarf betri skoðunar við.", segir í örnefnaskrá. Ekki var leitað að Gildruholti á vettvangi. Það virðist nú óþekkt.

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SB-282:037 *Stafnsvegur* vegur leið 65°40.591N 17°21.257V

"Ofan [Skógarhlíðar, skógar sem er sunnan við Gamlakofalæki] er Gatnahjalli, sem nær norður á mótis við Gamlakofa [035] og suður að merkjum. Eftir honum er Stafnsvegurinn," segir í örnefnaskrá. Vegurinn náði inn í Stafnsland eins og nafnið gefur til kynna og hans er getið í framhjáhlaupi í örnefnaskrá jarðarinnar: "Suður af Lágarbörnum ytri er smáhjalli í annars mjög aflíðandi halla landsins til austurs. Nær hann suður að efri mörkum gamla Stafnstúns og raunar lengra. Norðan bæjar heitir þessi hjalli Efrihöll, eða aðeins Höll. Um hjallann liggur Stafnshverfisvegur." Gamli Stafnsvegurinn liggur upp fyrir túnið á Narfastöðum skammt fyrir norðan norðvesturhorn gamla túnsins. Þaðan liggur hann samsíða túninu vestanverðu til suðurs og suðsuðvesturs. Hann mætir svo núverandi Stafnsvegi um það leyti sem hann sveigir úr austri til suðurs. Frá Bæjarásum að Reykjadalásá og Laugagróf, norðan Stafnshverfis. Í Stafnslandi var hann oft nefndur Narfastaðavegur.

Vegurinn liggur um lyngmóa sem þó eru fremur grösugir næst túni.

Nyrst sést vegurinn fyrst um 30 m norðan við norðvesturhorn túngarðs 062. Hann liggur svo í sveig með norðanverðu túni til vesturs en sveigir svo í suðurátt með því vestanverðu, að jafnaði um 20 m ofan við túngarð. Um 90 m sunnan við upptökin hefur hann verið lagður gegnum Gamlagarð 048 sem liggur til vesturs frá túngarði. Vegurinn er víðast 4-5 m breiður og hefur verið ruddur um móann. Þó vottar fyrir upphleðslu þegar sunnar dregur, allt að 0,3 - 0,4 m hárrí og sést þar skurður eða ræsi meðfram vesturhliðinni, sem snýr upp í brekkuna. Vegurinn liggur austur fyrir réttartóft 063 og svo áfram til suðurs en fer víða að verða illgreinilegur sökum lággróðurs sem færir allt á kaf. Hann hefur greinilega verið kerrufær og síðar bílfær en hann mun hafa verið í notkun allt þar til nýi vegurinn kom. Ekki er ljóst hversu gamall hann er.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5 og Ö-Stafn, 7

SB-282:038 *Þrívörður* varða 65°40.363N 17°21.764V

"Snúum norður fyrir og upp á hálsinn: Þrívörður heita þrjár vörður á brúninni beint upp af Narfastaðabæ hinum eldri [001]. Þrívörðustígur [nr.39] er upp með nafnlausum skorningi að vörðunum og Klöpp er við stíginn í brekkunni. Þar var fyrrum tekið grjót í hús á Narfastöðum," segir í örnefnaskrá. Í neðanmálgrein segir: "Sögn er um það, að Drauga-Brandur, sem eitt sinn bjó á Narfastöðum, hafi haft refagildrur við Þrívörður og á SyðraBjargi. Hrafnar létu Brand vita, þegar refir gengu í gildruna, en Brandur skildi mál þeirra." Þrívörður eru uppi á brún beint upp af bæ, 590 m vestur af bæjarhól 001.

Lágt grjótholt sem liggur norður-suður.

Á holtinu eru nú um 15 vörður af ýmsum stærðum og gerðum, flestar greinilega hlaðnar til gamans. Nokkuð augljóst er þó að þrjár þeirra eru upprunalegastar, enda stærstar og með grónum undirstöðum. Engin þeirra er þó mjög stór. Syðsta varðan af þessum þremur er allra syðst á holtinu, um 0,7 m há, stendur á lyngtorfu. Hún líkist uppmjóu hrúgaldi og er um 0,8 m í þvermál í grunninn. Miðvarðan er 6 m norðar, um 0,5 m há, einnig lík hrúgaldi. Nyrsta varðan er rúma 10 m norður af miðvörðunni. Hún hefur ekki verið nema smáhruga en toppurinn þó verið hlaðinn upp, líkast til nýlega. Í grunninn er hún ekki nema um 0,4 m í þvermál og núverandi hæð er um 1 m. Hinar vörðurnar eru á víð og dreif inn á milli Þrívörðanna. Ekki sést til refagildru á ásnúm og kemur ekki á óvart, enda hefur mikið af grjóti verið fært við vörðugerðina. Sést nú ekkert lausagrjót kringum vörðurnar.

Hættumat: hættu, vegna mannaferða

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5-6

SB-282:039 *Þrívörðustígur* heimild um leið 65°40.396N 17°21.601V

"Snúum norður fyrir og upp á hálsinn: Þrívörður [038] heita þrjár vörður á brúninni beint upp af Narfastaðabæ hinum eldri. Þrívörðustígur er upp með nafnlausum skorningi að vörðunum og Klöpp er við stíginn í brekkunni. Þar var fyrrum tekið grjót í hús á Narfastöðum," segir í örnefnaskrá. Stígurinn hefur legið til vesturs frá bæ 001, beint upp að vörðum 038.

Lyngi vaxin brekka.

Skorningurinn sem nefndur er í lýsingunni er alveg greinilegur en stígurinn sést hins vegar ekki, hlýtur að hafa gróið yfir hann. Ekki er ljóst hvort menn áttu sérstakt erindi upp að Þrívörðum, nema ef vera skyldi að sækja grjót. Þá gæti þetta hafa verið ágæt leið til að komast inn á Skarðagötur.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SB-282:040 tóft óþekkt

65°38.685N 17°22.602V

Tvískipt tóft er sunnan í löngu og mjóu holti sem liggur norður-suður rétt ofan við Rauðslækjarbotn. Tóftin er rétt við landamerki við Stafn og tæpum 3,6 km í beina loflínu SSV við bæ 001.

Tóftin er í suðurenda lágs og lyngivaxins holts. Sunnar gengur deiglent sund austur-vestur í átt að Seljadalsá.

Tóftin er sigin og lyngivaxin. Hún snýr austur-vestur og er 9 X 5 m að stærð. Op er vestast á suðurvegg austara hólfins en austast á sama vegg vestara hólfins. Veggir eru hrundir og signir, um 1,5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Um 2 m austan við tóftina er lítil, hringlaga tóft um 3 m í þvermál. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5

SP-282:041 *Náttmálavörður* varða eyktamark 65°40.690N 17°22.067V

"Á brúninni út og upp af Narfastöðum, við göturnar yfir í Sel, eru Náttmálavörður og ber þar við loft, séð heiman frá bæ," segir í örnefnaskrá. Náttmálavörður eru um 840 m VNV af bæ 001. Vörðurnar eru tvær en er sú syðri síðasta varðan í varðaðri leið, Selstíg 042. Vörðurnar ber við loft þegar horft er heiman frá bæ.

Vörðurnar eru á melum sem eru berir í toppinn.

Vörðurnar eru um 0,6 m á hæð og rúmur 1 m á breidd neðst en mjökka upp. Um 60 m eru á milli varðanna tveggja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,5-6

SP-282:042 *Selstígur gata leið* 65°40.701N 17°22.605V

"Neðan við Þrívörður [038] er lægð eða slakki..Brúnadalur og er allmikið svæði...Syðriskál er í botni lægðar, sem er líklega upphaflegi Brúnadalurinn. Þar aðeins norðar er Ytriskál upp af stórum steini, sem þar er. Þar út og niður af er Tröllaskál. Neðan Brúnadals, upp af Tröllaskál er gata, sem heitir Selstígur eða Selsgötur og liggur upp af Narfastöðum áleiðis að Narfastaðaseli og Skógarseli," segir í örnefnaskrá. Selstígur liggur til suðausturs frá Narfastaðaseli í átt að Narfastöðum. Reyndar hefur stígurinn áður haldið áfram til norðvesturs frá túninu á Narfastaðaseli 283:001 í átt að Skógarseli. Hér verður leiðin frá selinu á bæ 001 hins vegar rakin. Leiðin er vörðuð að mestum hluta. Vestustu vörðurnar eru 200-250 m ofan við túnin í Narfastaðaseli og eru vörður meðfram leiðinni allt þar til komið er yfir hæðina og sér heim að Narfastöðum, 700-800 m norðvestan við bæ 001.

Göturnar liggja að mestu um lyngivaxna móa.

Vörðurnar eru flestar um 0,5 m að hæð og innan við 1 m í þvermál. Götuslóða má víða sjá meðfram þeim.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir,6; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SP-282:043 *Gráholt* mannabein legstaður 65°40.664N 17°20.899V

"Stykkið frá merkjum neðan við gamla þjóðveg og heim að túni er nefnt sem ein heild Bithagi. Heitir Gráholt rétt ofan við veginn fast við túnið neðst að norðan, og þar utan og neðan heita Gráholtsgeirar. Hér á Gráholtinu byggði Tryggvi Ingason og sjást nú lítil ummerki þessara örnefna.", segir í örnefnaskrá. "Snemma á þessari öld fannst beinagrind af manni í Gráholtinu, skammt frá vegi. Þegar næst varð að gáð, fan[n]st ekki neitt og hvorki er vitað um aldur né uppruna þessara beina," segir í örnefnaskrá. Gráholt er 330 m norðaustur af bæjarhól 001. Þar stendur íbúðarhús Unnsteins Ingasonar.

Nú er steinsteypt íbúðarhús á einni hæð á holtinu. Steyptur sökkull er undir því en enginn kjallari. Garður er vestan við húsið, að því er virðist ræktaður á uppfyllingu sem nær allt undir húsið. Gamli þjóðvegurinn liggur fast austan við húsið og frá honum tekur landi að halla til austurs. Skjólbelti er sunnan við húsið.

Vitað er um tvo beinafundi á holtinu. Annars vegar fundust þar bein snemma á 20. öld, væntanlega við vegagerð, enda var tekin mól í veginn í Gráholti. Hins vegar fundust bein árið 1978 þegar verið var að byggja húsið og var oft álitid að um sömu bein væri að ræða, enda hefðu þau verið husluð aftur á sama stað. Um þetta er nú ekkert vitað og Gráholtið verður að teljast mikið skemmt af byggingum og væntanlega malartekju áður fyrr. Í seinni tíð hefur komist á kreik munnmælasaga um að landpóstur hefði verið myrtur á leið sinni framhá Narfastöðum og grafinn í holtinu en hljómar ólíklega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,6

SP-282:044 tóft heystæði 65°40.392N 17°19.729V

Tóft af heystæði er um 30 m austan við þjóðveg, rétt vestan við Reykjadalásá í svonefndum Teigum eða Engjateigum, rúman 1 km ASA af bæjarhól 001.

Smápýft stykki, líklega framræst, enda er skurður við það norðanvert.

Heystæðið var enn í notkun um 1950. Það er lág upphækkun, um 10 x 10 m stórt, sporöskju- eða hringlaga. Þýfi er töluvert við tóftina að austanverðu og hugsanlegt að hún hafi einhverntíma verið stærri. Hleðsluhæð er mest um 1 m en hleðslur algrónar.

Hættumat: engin hætta

SB-282:045 *Heybandsvað* heimild um vað 65°41.092N 17°20.489V
"Norður við merki niður við [Reykjadals]á heitir Ytrabjarg. Út og upp af Bjarginu (ofan við nýja veginn)...Undir Bjarginu heitir Bjargpollur, en rétt suðaustur af Bjargpolli er Fosspollur, undir fossinum...Í norðurbrún [Heybands]hvammsins, suðaustur af Bjarginu er hæð með hring á. Þessi hæð heitir Heygarður [sjá 024], en austur úr hvamminum er Heybandsvað á [Reykjadalsánni]," segir í örnefnaskrá. Vaðið er nú óþekkt en hefur líklega verið nálægt þar sem nes sunnan Bjargsins svonefnda teygir sig hvað lengst út í ána eða skammt þar sunnan við. Þetta er rúmlega 1 km norðaustur af bæjarhól 001. Bakkar eru grónir og gróska mikil, áin virðist væð víðast hvar. Ekki sést til götu neins staðar og ekki ljóst hvort hey var reitt til eða frá Narfastöðum á vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,6

SB-282:046 *Stekkjjarhvammur* tóft stekkur 65°40.873N 17°20.640V
"Norður við merki niður við [Reykjadals]á heitir Ytrabjarg. Út og upp af Bjarginu (ofan við nýja veginn)...Undir Bjarginu heitir Bjargpollur, en rétt suðaustur af Bjargpolli er Fosspollur, undir fossinum...Í norðurbrún [Heybands]hvammsins, suðaustur af Bjarginu er hæð með hring á. Þessi hæð heitir Heygarður [024], en austur úr hvamminum er Heybandsvað á [Reykjadalsánni]...Þar sunnar er Stekkjarhvammur," segir í örnefnaskrá. Stekkjarleg tóft er austan undir áberandi hól 30-40 m suðvestur af tóft 051 og 750 m norðaustur af bæjarhól 001. Mjög grösugur hvammur og þrýðilegt aðhald undir hólnum. Skammt sunnar er mýlend kvos og þar í gegn skurður út í á.

Tóftin er greinileg, alls 16 x 8 m að stærð. Hún greinist í meginatriðum í tvennt: Annars vegar stæðilegt hólf, líklega lambakró og hins vegar hleðslur sem mynda aðhald upp við hólinn vestan og norðan við. Mikill grasvöxtur er í krónni sem er 6 x 11 m stór NNA-SSV. Líklega hefur verið rekið inn syðst á vesturhlíðinni. Veggir eru miklir um sig en algrónir, allt að rúmum 1 m á hæð og virðist ekki ólíklegt að þeir séu reistir á eldri veggjum. Frá norðausturhorni króarinnar gengur hleðsla 4-5 m til norðurs, tekur þar 90° beygju til vesturs og fjarar út við hólsrætur eftir 7-8 m. Innri brún hleðslunnar sem er utan í brekkunni sést, hefur gengið til suðurs eða suðvesturs. Þannig myndast aðhald milli áður nefndrar króar og hólsins, mest 8 m breitt en alls um 16 m langt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,6

SB-282:047 *gryfja kolagröf* 65°39.727N 17°19.260V
Tvær dokkir sem líkjast kolagröfum er á litlu holti syðst á Víðinesi, um 100 m vestur af Reykjadalssá og 215 m norður af Lambastöðum 032. Þetta er í norðausturjaðri Narfastaðaskógar. Áberandi kúpt, lítið lyngholt með víðikjarri og stöku birkihríslu. Nyrðri dokkin er um 0,5 m djúp, 1 x 0,5 m stór frá norðri til suðurs og virðist manngerð því brúnir hennar eru reglulegar. Sú syðri er um 5 m sunnar, næstum ferköntuð, um 1 x 1 m stór og 1 m djúp. Birkihrísla er fast við hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Narfastaðir,7

SB-282:048 *Gamli garður* garðlag 65°40.731N 17°20.284V
"Gamli garður er ævafornt mannvirki, sem liggur frá ánni og upp yfir Skiphólana báða, upp að túni (er horfinn undir tún) og síðan ofan túns beint upp undir Brúnadal, vinkilbeygir þar norður neðan dalsins og liggur svo niður rétt suður af Kollugili," segir í örnefnaskrá. Garðurinn á upptök sín við Reykjadalssá, austur af Skiphól, tæpa 900 m norðaustur af bæ.

Garðurinn liggur að mestu um gras- eða mólendi.

Skráning sumarið 2004: Lýsingin hefst við Reykjadalssá og svo verður haldið vestur á bóginn. Næst ánni er garðurinn ógreinilegur - einna best er að skoða hann ef staðið er á Skiphól og horft í austur. Fyrstu 130 metrana liggur hann um graslendi en heldur síðan upp á Skiphól og verður þar greinilegri, enda jarðvegur þéttari í sér þar. Garðurinn er reyndar ekki vel sjáanlegur efst á hólnum, þar sem jarðvegur er hvað þynnstur, en virðist þar hafa legið í beina stefnu á hálfgróíð grjóthrugald sem gæti verið vörðurúst eða kuml. Grjóthruga þessi er um 3 x 2 m stór frá norðri til suðurs og er fuglaþúfa á henni þar sem gróðurþekjan er mest en steinar gægjast út úr jöðrunum. Garðurinn sést óljóst vestan í hólnum á 10-20 m kafla en hverfur þá í manngerða tjörn sem reyndar er vatnslaus þegar þetta er ritað. Þar hefur mikill jarðvegur verið fjarlægður og engin von til að leifar sjáist af garðinum. Ofan vegarins vottar óljóst fyrir honum að nýju, a.m.k. á loftmyndum, en þar er mikið gras og mýrlent sumstaðar. Garðurinn hefur klárlega legið yfir Litla-Skiphól sem hefur orðið illa úti vegna malarnáms á 20. öld. 140 m ofan við hann er vegur, gamli þjóðvegurinn og hefur hann farið gegnum garðinn. Þá kemur grasi vaxið

svæði þar sem garðurinn er mjög óljós á yfirborði en á loftmyndum mótar óljóst fyrir honum. Þá tekur tekur heimatún Narfastaða við, um 160 m ofan eða vestan við veginn. Þar hefur garðurinn verið sléttaður út að mestu, væntanlega fyrir allöngu síðan en mótar þó fyrir honum á loftmyndum sem Árni Einarsson tók sumarið 2003. Á myndunum mótar fyrir leifum garðsins skammt norðan við Hólshús 057 og Nýhús 006 og heldur hann ávallt sömu stefnu allt frá ánni og upp til fjalls. Utan við túnið, um 5 m vestan við túngarð 062, verður garðurinn glöggur að nýju og er það án efa greinilegasti hluti hans. Garðurinn liggur beint í vestur upp brekkuna. Rúmum 15 m ofan eða vestan garðsins sker gamli Stafnsvegurinn 037 hann í sundur á um 5 m kafla. Garðurinn er annars greinilegur, 2-3 m breiður og 0,3-0,4 m há. Hann er lyngi vaxinn og algróinn svo að hvergi sér í grjóti. 210 m vestan við túngarðinn beygir garðurinn um 100° til norðvesturs. Um 10 m vestan við hornið er lítilfjörleg, uppgróin steinahruga í fullkomlega beinni sjónlínu við garðinn og auðvelt að ímynda sér að hún hafi verið notuð sem viðmið þegar hann var hlaðinn, á móti hleðslunni á Skipphól. Eftir beygjuna má rekja garðinn um 15 m til norðvesturs og er hann geysimikill þar, allt að 4-5 m breiður en gæti þó verið utan í náttúrulegum hæðarhrygg að hluta. Þá hverfur garðurinn í rof en hefst að nýju 100 m norðar. Á rofna bilinu liggur vegarslóði upp fjallið. Þar sem garðurinn birtist að nýju er hann áfram mikill um sig, allt að 4-5 m breiður en rennur saman við hliðina að vestanverðu og því aðeins neðri brúin greinileg, víðast hvar um 0,5 m há en nær þó allt að 1,6 m á hæð þar sem mest er. Garðurinn endar þar eftir rúma 700 m frá beygjuni. Hann hefur því upphaflega verið alls tæpir 2 km að lengd. Prufuskurður 2005: Sumarið 2005 var tekinn prufuskurður í garðlagið í tengslum við verkefnið Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Í skýrslu um prufuskurðina segir um þennan skurð "Yfir garðinn liggja gjóskulöggin V-1477 og H-1300. Slitra af grænleitu gjóskulagi er neðar, um 3-4 cm ofan við niðurgröft. Samkvæmt smásjárskoðun gæti verið um sama lag að ræða og fannst í sniðinu við Þverá. Sé sú raunin er um að ræða gjósku frá seinni hluta 13. aldar. Landnámssyrpan er varðveitt undir torfhleðslunni. Hún er enn fremur í torfinu ásamt Heklu-3. Garðurinn er frá því fyrir 1300 (sennilega talsvert fyrr)."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 7 og Oscar Aldred ofl. 2005, 41

SP-282:049 *Syðravað* heimild um vað 65°40.589N 17°19.921V

"Syðst í Skipphólsnesi er lægð, engjastykki sem heitir Syðstalág en Krókalág norðar. Suður af Syðstulág eru lág og viði vaxin holt,..Árholt,..Austur af árholtunum er tvö vöð á [Reykjadals]ánni, Syðravað og Ytravað," segir í örnefnaskrá. Vaðið er talið hafa verið u.þ.b. 200 m suður af Ytravaði 050, austan við enda skurðar sem gengur þvert á suðurenda Árhóltsins.

Bakkar Reykjadalárs eru grónir og áin vel væð víðast hvar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 7

SP-282:050 *Ytravað* heimild um vað 65°40.674N 17°20.003V

"Syðst í Skipphólsnesi er lægð, engjastykki sem heitir Syðstalág en Krókalág norðar. Suður af Syðstulág eru lág og viði vaxin holt,..Árholt,..Austur af árholtunum er tvö vöð á [Reykjadals]ánni, Syðravað [049] og Ytravað," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Ytravaðs er ekki vel þekkt lengur. Þó er það talið hafa verið suðaustur af Skipphól og 870 m ANA af bæjarhól 001.

Grasi vaxnir árbakkar.

Nokkur breidd er á ánni sem þó er líklega fær víðast hvar þegar rennsli er með eðlilegu móti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 7

SP-282:051 *tóft* heystæði 65°40.886N 17°20.586V

Tóft er um miðja vegu milli þjóðveggar og Reykjadalárs, um 800 m norðaustur af bæjarhól 001.

Mjög grösugur hvammur sem hallar mót austri, að ánni. Tóftin er í hvamminum miðjum, þar er sléttlendi og ekkert aðhald frá náttúrunnar hendi. Af langt lyngholt gengur frá austurvegg tóftarinnar í sveig til suðurs.

Tóftin er einföld og greinileg, 7 x 9 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er nánast ferhyrmd og mjög regluleg, dyr sjást ekki. Veggir eru allt að 0,8 m háir að utan en að innanverðu er aðeins lág dæld. Smálægð er í norðausturhorni, lík dyrum. Líklegt er að tóftin sé af heystæði, augljóst heyskaparland er í kring.

Hættumat: engin hætta

SP-282:052 *mannabein* bænhús 65°40.488N 17°21.060V

"Brattur hlaðvarpi er upp af bænum en sléttur bali vestan við bæinn, en næst húsinu er alldjúp kvos," segir í örnefnaskrá. Í neðanmálgrein sömu skrár segir: "Um 1950 fundust mannabein austan í hlaðvarpanum á Narfastöðum, þegar grafið var fyrir frárennsli. Beininn virtust gömul, en ekki eru sagnir um grafreit né kirkju á bænum." Nú hefur verið smíðaður pallur með heitum potti fast norðan við elsta íbúðarhúsið á Narfastöðum 001. Áður stóð viðbygging við bæinn á sama stað. Þegar grafið var fyrir frárennsli vegna viðbyggingarinnar var komið niður á bein, í hlaðinu beint fyrir austan hana.

Nú er malarborið plan á bæjarhól þar sem beinin fundust.

Beinin og bjallan (sjá 068) eru sterkar vísbendingar til þess að á Narfastöðum hafi verið bænhús. Það hefur verið á bæjarhól en nákvæm staðsetning er ekki kunn. Milli þess staðar þar sem bjallan fannst og mannabeinanna er íbúðarhúsið sjálft og því hugsanlegt að það sé þar sem bænhúsið var áður. Einnig er hugsanlegt að þær hleðslur sem komið var niður á austast í bakgarði íbúðarhússins þegar sléttað var þar (sjá 068) gætu verið leifar af bænhúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 7

SP-282:053 garðlag landamerki

65°40.829N 17°23.476V

Fornlegur garður liggur allt frá Seljadalsá um 330 m fyrir sunnan við Narfastaðasel 283:001 og til norðausturs, upp hliðina við stekkin í Stekkjarlaut 282:055 og áfram til norðausturs og síðan norður ofan við túnin. Garðurinn hefur líklega legið að landamerkjagarði frá Seljadalsá á merkjum Narfastaða og Daðastaða (sjá 282:010) þótt samskeyti garðanna séu óljós. Þannig má segja að að hluta marki hann af land Narfastaðasels að sunnan, austan og norðan. Í Daðastaðalandi sést hann fyrst um 80 m norðan við merki en hefur samanlagt legið á um 1320 m kafla í gegnum landareignina til norðurs en endað í horni nyrsta garðsins sem girti af land Daðastaðasels 281:052.

Garðurinn liggur yfir mýrar suðaustast þar sem hann er hvað óskýrastur, síðan upp lyngvaxna móa og mela (hverfur m.a. í rof í melunum á nokkrum stöðum) og síðan á lyngivaxinni heiði til norðurs að landamerkjagarði og sést svo áfram til norðurs skammt norðan við landamerki Narfastaða og Daðastaða.

Garðlagið liggur því í boga upp frá Seljadalsá skammt sunnan við Narfastaðasel (og hefur markað af heimatún heimaland þess) og um 930 m til austurs áður en það beygir og liggur til norðurs eftir endilöngu Narfastaðaselslandi í 720 m að merkjum við Daðastaði og þá áfram til norðurs, í um 1320 m eftir Daðastaðalandi þar til komið er að vallargarði Daðastaða 281:052. Auk suðurhliðar garðs sem skráð var með langgarðinum liggja fjögur garðlög til vesturs frá því garðlagi sem hér er skráð og fengu þau öll sérnúmer enda virðast þau byggð að/frá garði en ekki vera eðlilegt framhald hans eins og suðurhliðin sem liggur í boga. Fyrst er að nefna garðlag um 1 km norðan við suðurhlið garðsins (sjá 282:011). Það er á merkjum Daðastaða og Narfastaðasels. Annað garðlag liggur til vesturs frá langgarðinum um 660 m norðar, í Daðastaðalandi (sjá 281:045). Það hefur að öllum líkindum markað heimaland Daðastaðasels að sunnan. Á milli meintra landamerkja þessara jarða mynda garðarnir hins vegar þriðja hólflið sem ekki er ljóst hvaða tilgangi hefur þjónað. Um 530 m norðar er svo þriðja garðlagið (sjá 281:053) sem liggur til vesturs frá langgarði. Það hefur markað land Daðastaðasels til norðurs og um 100 m norðar er svo fjórða garðlagið sem liggur til vesturs frá langgarði og í átt að Seljadalsá. Þar endar langgarðurinn raunar því ekkert framhald hans var unnt að rekja lengra til norðurs (en um 340 m eru frá þessu "horni" og að merkjum). Garðurinn er misgreinilegur. Hann er vart merkjanlegur nema af loftmynd á suðvestasta kaflanum í Narfastaðalandi, yfir mýrarnar frá Seljadalsá. Garðurinn er lyngivaxinn og víða 3-5 m á breidd þó hann nái allt að 5-8 m á kafla. Garðurinn er víðast 0,3-0,7 m á hæð og er á köflum næstum ógreinilegur, svo mikið er hann sigrin. Hann er víðast lyngivaxin. Vörður hafa verið hlaðnar hér og þar á garðinum í Narfastaðalandi en færast þeirra eru meira en steinadreif í sverðinum. Töluvert rof er víða fyrir austan hann. Hann er nokkuð beinn ofan við túnin í Daðastaðaseli. Stutt sunnan við þar sem Skógarselsgötur liggja í gegnum hann klofnar garðurinn í tvennt og liggur hann í einkennilega sveigju niður gildrag og því næst aftur í sveigju upp úr því. Samanlagt verður úr tigullaga hólf sem er 80 m á lengd en 50 á breidd og snýr nálega norður-suður. Úr suðurodda þessa hólfis heldur garðlagið áfram í samtals um 900 m en slitrótt þó. Líklegast er að garðlög 281:052, 053 og 051 hafi öll verið reist í þeim tilgangi að afmarka heimahaga Daðastaðasels. Þess er rétt að geta að rof í hliðinni gæti gefið til kynna að framhald garðsins hafi áður legið til suðurs, frá því þar sem garðurinn beygir úr austri til norðurs í norðausturhorni þess svæðis sem líklega markar land Narfastaðasels. Engar leifar garðs sáust þó á þessum slóðum. Sumarið 2005 var tekinn skurður í garðlagið, þar sem rof var í hann ofan við Narfastaðasel. Skurðurinn var hluti af rannsóknarverkefni um forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt upplýsingum gjóskulagafræðings mátti í sniði garðsins sjá gjóskulögin V-1477, H-1300 og H-1158 liggja yfir torfhruni úr garðinum. Um 4 cm voru frá torfi upp í H-1158. Garðurinn er því frá því allöngu fyrir 1158. Að lokum er rétt að geta þess að garðurinn er nefndur landamerkjagarður hér þar sem hann markar af heimahaga Narfastaðasel og Daðastaðasels en engin fullvissa er fyrir því að landareign þessara selja/jarða hafi verið sérstök eignareining þegar garðurinn var byggður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Oscar Aldred ofl., 40

SP-282:054 náma mógrafir

65°41.107N 17°20.660V

Mógrafir eru við Reykjadalssá, nyrst og austast í Narfastaðalandi. Þær eru austan þjóðvegjar, 1,2 km norðaustur af bæjarhól 001.

Grafirnar eru í grasi grónum slakka, hreint ekki svo blautum, sem hallar mót norðaustri, að ánni. Dálitið kjarr er í brúskum hér og þar í kring og bjarg við ána skammt norðar.

Mógrafirnar eru greinilegar, alveg samfelldar og um 30 x 20 m að stærð frá norðaustri til suðvesturs. Þær eru lítið samansignar, sennilega vegna þess hve land er þurr í kring. Grafasvæðið er allt að 1,9 m djúpt suðaustast og reglulegt að lögun, nærri ferhyrnt. Skurður liggur frá því til norðausturs, út í á. Líkast til hafa þessar mógrafir verið notaðar lengst allra á Narfastöðum. Í dagbók Sigurðar Jakobssonar er getið um mótekju í júnimánuði 1913, hugsanlega á þessum stað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SP-282:055 *Stekkjarlaut* tóft stekkur 65°40.612N 17°23.612V

"Utan og ofan við [Narfastaða]selstúnið heitir Hnúta. Geitakofahóll [028] er einnig utan við túnið, og enn utar og ofar er Stekkjarlaut," segir í örnefnaskrá. Hér segir "utar og ofar" sem ætla mætti af staðháttum að væri norðan og austan við túnið á Narfastaðaseli. Þar eru alls engar tóftir. Hins vegar er mjög stekkjjarleg tóft innan og ofan við túnið, nánar tiltekið tæpa 200 m sunnan við suðausturhorn túngarðs SP-283:003.

Tóftin er neðst og vestast í grunnu gili eða laut sem gengur austur-vestur niður brekkurnar rétt ofan við götur 080.

Greinileg, tvískipt tóft sem styðst að nokkru leyti við lautarbarmana. Hún er alls 17 x 5 m stór frá austri til vesturs og hefur verið rekið inn að vestanverðu. Vestara hólfíð er um 10 m langt og lítið rof í miðjum suðurveggnum, hugsanlega hefur verið þar op. Innra hólfíð er því skemmra og gæti hafa verið lambakró. Op sést á milli hólfanna, alveg upp við lautarbarminn. Tóftin er algróin, hvergi sést í grjóti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,2

SP-282:056 *Smiðjutótt* örnefni smiðja 65°40.592N 17°21.100V

"Norður og niður af Hólshúskúpu [sjá 057] eða syðst og efst á Neðstafleti sást móta fyrir rúst sem var talin Smiðjutótt Drauga-Brands," segir í örnefnaskrá. Smiðjutóftin var um 180 m NNA við bæ 001 en um 20 m SSA við Neðri-Hesthús 009.

Lág hæð er í túninu þar sem smiðjan var.

"Draugabrandur" mun hafa verið Guðbrandur Einarsson, sem einnig bjó á Fljótsbakka og var síðast í Haga. Hann var tengdafaðir Þórðar sýslumanns í Garði. Guðbrandur var talinn göldróttur, en hann var góður smiður og skáld og orti kvæðið Hrafnahrekk (Sjá þætti Konráðs Vilhjálmssonar í Degi)," segir í örnefnaskrá.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8

SP-282:057 *Hólshús* heimild um útihús 65°40.554N 17°21.121V

"Þar sem nú er eldra fjárhús frá 1956 stóð áður Hólshús en Næsthús [058] (sunnar) og Nýhús [006] (norðar) ofan við Hlaðahólinn," segir í örnefnaskrá. Hlaðahóll mun hafa verið kenndur við taðhlaða. Hólshús hafa verið um 30 m austur af Langhúsi 006 og rúma 100 m NV af bæjarhól 001.

Þar standa nú steinsteypt fjárhús sem hljóta að hafa verið reist á rústum Hólshúss. Greinilegur og mikill hóll er undir húsunum, einkum greinilegur ef staðið er austan við þau. Rof er í honum austanverðum og virðist hann að miklu leyti samsettur af taðlögum, a.m.k. sá hluti hans. Húsið er alveg horfið en það var einfalt, með einum garða.

Gamla Hólshús er alveg horfið en það var einfalt, með einum garða. Þess má geta að steinsteypt hlaða, sem er áföst núverandi fjárhúsum, var nefnd Steinka, hún var ein elsta steypa hlaða í sveitinni og þótti bygging hennar hið mesta glapræði. Mól í steypuna var fengin í lítilli gryfju sunnan við tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8

SP-282:058 *Næsthús* heimild um útihús 65°40.526N 17°21.083V

"Þar sem nú er eldra fjárhús frá 1956 stóð áður Hólshús [057] en Næsthús (sunnar) og Nýhús [006] (norðar) ofan við Hlaðahólinn," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Næsthúsa er nú týnd. Af nafngiftinni að dæma hefur húsið verið það útihús í norðurtúninu sem stóð hvað næst bænum 001 og því væntanlega á milli bæjar og Nýhúss. Á þeim stað var hænsnakofi þegar Hreiðar Karlsson man eftir - töluvert nær Nýhúsi en bænum.

Þar sem húsið var eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8

SP-282:059 *Tjaldlág* tóft hlóðir 65°39.212N 17°22.486V

"Grjóta kemur langt sunnan að. Hún myndast af tveim lækjum, Pollalæk, sem kemur austan úr Grásteinsmýri,..og Brennilek sunnan úr Fellsmýri...Suður af Pollalæk er allmikill ás, sem heitir Langás og liggur alllangt til suðurs, samhliða Seljadalsá...Austur af syðri endanum á Langás er ás, sem heitir Brenniás...Nærri

nyrzt á Brenniás er Tjaldlág. Þar mun hafa verið legið við grös (Herdís Jak. munnl.). Enn mótar fyrir tóftum og eldstæði í láginni," segir í örnefnaskrá. Tjaldlág er lág sem sker Brenniás í tvennt og snýr austur-vestur. Láginn er um 3 km sunnan við Narfastaðasel 283:001.

Botn lágarrinnar er grasi vaxinn en hliðar hennar lyngivaxnar. Láginn liggur í gegnum ásinn að vestan en hækkar til austurs þar til hún sameinast austurbrún ássins. Austan Brenniáss er lág sem lækjarspræna rennur eftir og austan hennar er annar ás, samsíða Brenniás. Tjaldlág er mest um 20 m breið í botninn en víkkar upp.

Í láginni er tvískipt tóft og eldstæði. Tóftin er 9 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Austar er stærra hólfið sem er um 4 m í þvermál en virðist hafa verið opið til norðurs og suðurs. Þar vestar er annað hólfið minna og er eins og því hafi jafnvel verið skipt upp. Tóftin er algróin og hvergi sést í grjóti henni. Tæpum 10 m austan við tóftina er eldstæðið. Það er um 0,6 X 0,5 m að stærð. Gróið hefur yfir eldstæðið en ennþá má sjá einfalda steinaröð sem gægist upp úr gróðrinum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Narfastaðir,2

SP-282:060 Barnakofi tóft leikvöllur

65°40.447N 17°20.955V

Sunnan við bæ 001 og bæjarlæk, á svonefndu Kolaholti, eru tættur af litlum kofum þar sem börn á Narfastöðum höfðu "bú". Tóftirnar eru á hæð um 20 m sunnan við suðurhlið túngarðs en 130 m suðaustan við bæ 001.

Umhverfis er lyngi vaxinn, aflíðandi mói. Kolaholt er lyngi vaxið en engin merki sjást um kolagrafir.

Á holtinu höfðu börn bú og má sjá talsverð ummerki þess. Garðlag (11-12 m) liggur austur-vestur eftir hólnum. Það er víðast um 0,4 m á hæð en 0,7-0,8 m á breidd, torfhlaðið. Við garðlagið er lítil kofatóft, sambyggð. Hún er 3 X 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Inni í henni er umfangslítil torfhleðsla sem virðist skipta henni í tvennt. Op hefur verið norðarlega á vesturvegg. Rof er einnig vestarlega á suðurvegg en skv. Hreiðari Karlssyni voru ekki dyr þar. Hreiðar telur að faðir sinn og föðurbræður hafi byggt kofann. Um allt svæðið er mikið af búsáhöldum, flöskur, bali og ýmis ílát.

Hættumat: engin hættu

SP-282:061 heimild um áveitu

65°40.516N 17°20.901V

Um 140 m neðan (austan) við gamla bæinn 001 var ræsi sem lá norður suður í túninu. Enn má sjá hvar ræsið lá frá heimreið og í um 20 m til suðurs, þar er dæld í túninu.

Sléttuð tún í halla til austurs.

Ræsið var niðurgráfin renna, líklega með einhverjum grjóthleðslum í.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-282:062 garðlag túngarður

65°40.529N 17°20.939V

"Efra og Neðra hesthús [008 og 009] voru norður undir vallargarði en Götuhús [004] beint niður af bænum. Þessi hús eru nú ýmist horfin eða rústir einar..," segir í örnefnaskrá. Túngarður var umhverfis túnið á Narfastöðum og sést hann víðast hvar ennþá.

Innan túngarðs eru sléttuð tún sem enn eru slegin nema allra syðst. Utan hans eru móar og órækt.

Túngarðurinn er stæðilegur og hátt í 2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er að mestu hlaðinn úr torfi en á einstaka stað má sjá glitta í grjóthleðslur, e.t.v. hleðslur eldri garðs. Garðurinn afmarkar svæði sem er 300 m NNV-SSA en mest 210 m ANA-VSV. Hann er samtals um 830 m langur. Austurhlið túngarðsins er greinileg um 20 m norðan við heimreiðina heim að gamla bænum. Þar er garðurinn algróinn og um 1,5 m á hæð, 2 m á breidd í grunninn en mjókkar upp. Garðurinn liggur í 130-140 m til norðurs áður en 50 m langt skarð kemur í garðinn við norðausturhornið og heldur garðurinn þá áfram beint í vestur í um 100 m áður en hann sveigir aðeins til VSV. Hann liggur í um 50 m í VSV en þar er hlið í norðvesturhorni hans. Áfram heldur garðurinn til suðvesturs í um 50 m þar til hann stefnir að heita má beint í suður. Garðurinn liggur í 150-160 m til suðurs en þar er annað hlið á honum við fjárhús 003. Fjárhúsin eru byggð upp við garðinn og hann má greina áfram um 3 m frá þeim. Sunnan við húsin hverfur garðurinn á um 15 m kafla en má aftur greina, þó óskýrari en víða (eða 0,4-0,5 m á hæð) í um 100 m en þá fer hann að verða greinilegri aftur. Hann sést mjög vel með allri suðurhlið túnsins, liggur þar í sveig frá norðvestri til austurs og er hlaðinn yfir lækjarsprænu á tveimur stöðum. Víðast hvar er hann mjög hár og stæðilegur. Nálægt suðaustasta hluta hans er hlið, rúmur metri að breidd, og enn standa uppi leifar af trégrind í því. Þar sem hliðinu sleppir liggur garðurinn enn fáeina metra til austurs en snarbeygir þá um næstum 90° beint í norður að bæjarlæknum sem er um 10 m fjær. Hann sést ekki handan við lækinn og hefur væntanlega verið sléttuð út þar. Þess ber að geta að við áður nefnda beygju má sjá garðspotta liggja áfram beint í austur út frá túngarðinum, um 5 m en þar hverfur hann. Myndast því smáhorn utan við garðinn og má vera að þar hafi verið smáaðhald, e.t.v. kvíar eða hestarétt sem þá hefur markast af bæjarlæknum að norðanverðu. Vitað er að garðinum var haldið við á 20. öld.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8

SP-282:063 *Kvíaból* tóft kvíar

65°40.494N 17°21.243V

"Kvíaból er ofan við túnið; og þar var fjárrétt ásamt gömlum kofa," segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 130 m vestan við bæ 001 og 20-30 m ofan við túngarð 062.

Kvíarnar eru í grösugum haga, við hliðarrætur en rétt ofan við heimatún. Um 20 m sunnar rennur lækur. Þrjár aspir hafa verið gróðursettar inn í tóftina en veggir hennar eru annars á kafi í gróðri og illgresi.

Tóftin er þrískipt og 18 X 18 m að stærð, úr torfi og grjóti. Hólfín snúa öll austur-vestur í röð norður-

suður. Nyrsta hólfíð (C) er lítið, líklega þar sem kallað er kofi í örnefnalýsingu. Op er á austurvegg þess miðjum og virðist garði hafa gengið eftir því miðju. Hólfíð er um 4 X 4 m að stærð. Skv. Hreiðari Karlssyni voru upphaflega dyr fram úr báðum króm á húsinu. Kofinn var stundum hafður fyrir fé eða hesta í smalastússi en þar á undan er talið að hann hafi þjónað hlutverki sumarfjóss. Í dagbók Sigurðar Jakobssonar er tvívegis minnst á "kúakofa" í maímánuði 1913 og er þar líkast til átt við þetta hús. Annars vegar er þess getið að kúakofi hafi verið rifinn þann 8. maí, hins vegar að undirstaða hafi verið teikin að kúakofa þann 14. sama mánuðar. Virðist því um endurbyggingu sama húss að ræða. Sunnan við C er stórt hólf A, það var kallað Réttin. Það er um 18 X 4 m að stærð. Í norðvesturhorni þess vex ösp. Op er á miðjum austurvegg þess en einnig á suðurveggnum, yfir í syðsta hólfíð B. Það er 7 X 3 m að stærð, dilkur skv. Hreiðari Karlssyni, opið til austurs. Tvær aspir hafa verið gróðursettar inni í hólfínu. Tóftin er mest um 1,5 m á hæð hlaðin úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 3; Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SP-282:064 *Lækjarhúsavöllur* þúst fjárhús

65°40.487N 17°20.983V

"Suður og niður í gamla túni syðst og neðst er Lækjarhúsavöllur," segir í örnefnaskrá. Lækjarhúsavöllur er tæpa 100 m ASA af gamla íbúðarhúsi á bæjarhól 001.

Sléttuð grastunga sem teygir sig í suður en markast þar af bæjarlæk.

Húsin eru horfin en greinilegur hóll er á tungunni, kúptur og áreiðanlega ekki með öllu náttúrulegur. Hann liggur niður brekkuna, frá suðvestri til norðausturs - rétt eins og við mætti búast að hús sneri á þessum stað. Stærð hans er um 10 x 6 m en hann fjarar út efst í brekkunni. Til eru svarthvítar loftmyndir af svæðinu, bæði frá 1960 og 1976. Húsin sjást á hvorugri myndanna og verður því að gera ráð fyrir að þau hafi verið horfin í síðasta lagi upp úr miðri 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 8

SP-282:065 heimild um leið

65°40.491N 17°21.202V

Heimreiðin að gamla bænum 001 lá áður úr vestri, inn um túngarð 062 við fjárhúsin efst í túni 003 og beint niður (austur) að bæ. Hún er merkt inn á túnakort frá 1919.

Sléttuð tún eru þar sem heimreiðin lá og skjólbelti er fast sunnan við.

Heimreiðin er merkt inn á túnakort frá 1919. Einu ummerki um hana eru hliðið á túngarði sem er greinilegt. Heimreiðin var upphlaðin en hefur nú verið sléttuð í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-282:066 *Ytragerði* tóft+garðlag býli

65°40.637N 17°21.267V

"Gamalt tún er norður af Narfastöðum, sem heitir Ytragerði. Þar eru miklar tættur og jafnvel talið að Narfastaðabær hafi staðið til forna...Þá má enn sjá nokkur garðlög í brekkunni ofan við Gerðið. Gerðislækur kemur ofan úr brekkunni, rennur niður að Ytragerði og hverfur þar," segir í örnefnaskrá. "Ytragerði er norðan við Narfastaðatún, og hyggja menn það forna hjáleigu..." segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. Suðurhlið vallargarðar Ytragerðis hefur einungis verið um 60 m norðan við norðurhlið túngarðs Narfastaða. Sléttað hefur verið yfir eystri hluta rústa og vallargarðs Ytragerðis en vestari hlutinn er óraskaður, rétt vestan við túnjaðar. Enn má sjá móta fyrir þeim leifum sem sléttaðar hafa verið í tún á loftmyndum.

Austari hluti túna Ytragerðis hefur verið sléttaður í tún og er illgreinilegur á jörðu niðri í sléttum en grasi vöxnum túnunum. Vestari hlutinn er enn greinilegur enda í grasivöxnum haga ofan túna. Þær leifar sem þar eru eru þó á kafi í gróðri.

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Ytragerde kallast eyðihjáleiga hjer í landinu út frá jörðunni, sem hefur nú í eyði legið yfir 40 ár [síðan um 1670]...Fóðrast kunni, seinast bygt var, naumlega kýr, en nú er hjer enginn heyskapur, og má því ei aftur byggja. "Einnig er talað um Ytragerði sem hjáleigu, en rústir virðast óeðlilega miklar til þess. Hluti af þessu túni og einhverjar tóftir lentu undir tún[i]... 17. Auk þess sem virðist vera túngarður þessa forna býlis eru menjar eftir fleiri garða í brekkunni," segir í örnefnaskrá. "En sennilegast þykir mér að Narfastaðir hafi verið fluttir af einhverjum ástæðum þangað sem bærinn er nú. Því þessar rústir eru engin smásmíði og garðar miklir eru þar einnig. Bæjarrústirnar taka yfir stórt svæði og virðast svo þykkar eins og oft hafi verið byggt á sömu rústunum. En af hverju var bærinn fluttur? Líklega hefur snjóléttasta vetrarveitin legið betur á syðri

staðnum, en mikið þótti undir því komið að næðist til jarðar. Þá mun hafa verið fremur ótryggt vatnsból á ytri staðnum.", segir í grein Garðars Jakobssonar. Af þeim ummerkjum sem enn sjást á jörðu niðri á Ytragerði, sem og leifum sem greina má úr lofti, virðast tún og tóftir býlisins hafa náð yfir svæði sem í það minnsta er um 430 X 240 m stórt NNV-SSA. Meirihluti svæðisins hefur verið sléttaður í tún en þar má þó enn greina hluta vallargarðs sem hrygg í túninu, sem og nokkrar þústahæðir. Fimm lágur hæðir eru í röð á um 150 m kafla (NNV-SSA) norðaustarlega í túninu. Sjötta hæðin í túninu er um 230 m SSV við þá suðvestustu af fyrrnefndum hæðum. Umrædd hæð er um 130 m beint ofan (vestan) við vesturhluta aðalbyggingar ferðaþjónustunnar á Narfastöðum. Milli hennar og þústa-þyrpingarinnar virðist hugsanlega hafa legið garðlag þar sem hryggur er merkjanlegur í túninu NNA-

SSV á um 100 m kafla. Allar eru þessar leifar illgreinanlegar af jörðu niðri en betur merkjanlegar af loftmyndum. Fast ofan við (vestan við) tún (og skurð) eru hins vegar minjar sem ekki hafa verið sléttaðar og eru því sjáanlegar þó þær séu bæði hrundar og huldar gróðri. Ber fyrst að nefna vallgarð, sem hefur verið tvöfaldur. Austara garðlagið liggur frá skurði í suðri til norðurs- og norðvesturs í um 260 m áður en hann beygir skarpt til austurs og liggur 5-10 m að skurðinum þar sem hann hverfur. Garður þessi er slitróttur og ógjörningur er að greina hann á köflum. Vestan við garðinn, um 30 m frá suðurenda hans, er þúst og líklega hefur þar lítið hólfið verið byggt við hann. 30 m norðan við þessa þúst, fast ofan við skurð er önnur ógreinileg þúst sem ekki hefur verið byggð við garðinn. Um 60 m NNV við hana er hins vegar þriðja þústin sem að líkindum hefur verið byggð fast vestan við innri vallgarðinn vestanverðan. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið tvískipt þótt erfitt sé nú að greina lag hennar vegna gróðurs. Hún hefur þó snúið NNV-SSA. Fjórða þústin í námunda við innri vallgarðinn er 30-40 m neðan (austan) hans 40-50 m norðan við þar sem hann beygir til austurs. Líkt og með aðrar tóftir á svæðinu er erfitt að greina lag hennar en hún hefur snúið NNV-SSA. Víkur þá sögunni af ytri vallargarðinum (þeim vestari) sem liggur úr suðri frá skurði, rétt eins og sá innri en um 60 m sunnan við suðurenda hans. Garðurinn liggur samsíða þeim innri um 35 m vestar, samtals í um 270 m áður en hann beygir til austurs og tengist innri garðinum. Stærsta þústin á svæðinu er byggð milli garðanna tveggja um 90 m norðan við suðurenda þess austari. Þústin er um 35 m í þvermál og í henni eru víða dældir, ummerki hólfra sem nú eru að mestu sigin og horfin í gróður. Um 20 m NNV við þessa þúst og um 10 m ofan (vestan) við vestari vallargarðinn er stórt gerði. Gerðið er eitt greinilegasta mannvirkið á svæðinu, er um 26 X 29 m stórt auk þess sem lítið sambyggt hólfi (8 X 12 m) er byggt við það að sunnan. 15-20 m ofan við norðvesturhorn gerðisins liggur langt garðlag í hlíðinni til norðurs (sjá 079). Þar sem ytri vallgarðurinn beygir til austurs og tengist því innri eru tvær, mjög ógreinilegar þústir utan garðs. Allar líkur eru á að undir sverði reynist mun fleiri minjar en þær sem hér hefur verið getið enda fer það eftir sjónarhorni hversu margar þústir má greina í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8; JÁM XI, 186-7; LÞ I, 297; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 116-17

SP-282:067 Syðragerði garðlag fjárhús 65°40.349N 17°20.309V

Í ornefnalýsingu Narfastaðar segir: "...allangt suður og niður frá bæ rétt ofan við gamla þjóðveginn heitir Syðragerði. Þar eru nokkrar rústir í grasgefnu túni og garður umhverfis. Virðast hringlaga. Ekki eru sagnir um byggð þar." Í Lýsingu Þingeyjasýslna I segir ennfremur: "...en aldrei hefir verið byggð í Syðragerði, sem er rétt sunnan við túnið." Syðragerði er rétt ofan við vegarslóða sem liggur ofan þjóðveggar, samsíða honum. Vegslóðinn hefur skemmt hluta af gerðinu en smá spotta af garðlagi má þó sjá neðan vegar. Syðragerði er um 640 m suðaustan við bæ 001.

Í lyngi og grasivöxnum móa. Fast sunnan við gerðið hefur runnið lækjarspræna. Neðan vegar eru talsverðir skurðir og er þar hafin töluverð skógrækt. Svoltil skógrækt er einnig hafin ofan vegar og hefur verið gróðursett í garðinn að suðvestanverðu.

"Syðra gerde heitir fornt fjárhússtæði suður frá túninu aldri atla menn að þar hafi byggð verið, sjást þess og engin merki" segir í Jarðabók Árna og Páls. Myndarlegur vallargarður er enn umhverfis tún í Syðragerði. Vallargarðurinn er fimmhyrndur og afmarkar svæði sem er samtals tæpir 100 m á lengd (NNV-SSA) en um 70 m á breidd. Að norðan má sjá um 10 m langan garðstúf neðan vegar en hann hverfur fljótlega í skurði og umrót sem er allsráðandi neðan vegar. Garðurinn er víða um 2 m að breidd en 0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í honum og er hann nú fremur hruninn og gróinn. Ekki eru greinilegar tóftir innan vallargarðar en þúfnahæðir þar sem ekki er ólíklegt að hleðsluleifar reynist undir sverði eru á a.m.k. 3 stöðum, nærri vesturhlið vallargarðsins.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Narfastaðir,8; JÁM XI, 187; LÞ I, 297

SP-282:068 gripir 65°40.487N 17°21.086V

"... (líklega 1995) fannst...forn koparklukka í balanum vestan við gamla íbúðarhúsið [á Narfastöðum]," segir í ornefnaskrá. Vestan við íbúðarhúsið á Narfastöðum (byggt 1924, sjá 001) var áður garðhleðsla sem gekk frá norðvesturhorni íbúðarhúss til vesturs. Sunnan við garðhleðsluna voru ójöfnur. Úr garðinum og ójöfnunum var sléttað 1995 og kom þá klukkan í ljós, aðeins suðvestar en á miðri flötinni, gróflega áætlað um 10 m frá íbúðarhúsinu.

Nú er á þessum stað rennilétt grasflöt sem hækkar til vesturs, vestan við íbúðarhúsið.

"Er hún talin frá kaþólskum tíma og hafa verið notuð í kirkjuhúsi," segir í örnefnaskrá. Morgunblaðið 12. janúar 1996: "Kirkjuklukkan finnst á Narfastöðum í Reykjadal: Kirkja eða bænhús hefur verið á Narfastöðum. - Lítil kirkjuklukkan úr kaþólskum sið fannst á Narfastöðum í Reykjadal í sumar. Þór Magnússon þjóðminjavörður, telur að kirkjuklukkan geti verið frá fyrri hluta miðalda eða frá því fyrir 1200. Hann segist hafa nýfregnað að mannabein hafi fundist á Narfastöðum á fyrrihluta aldarinnar. Samkvæmt þeim fundi hafi kirkja eða bænhús verið á Narfastöðum. Þór segir fundinn óvæntan og skemmtilegan. "Ingi Tryggvason, fyrrum alþingismaður, býr á Narfastöðum. Hann var að jafna jarðveg með skóflu, eftir að unnið hafði verið með traktorsskóflu á hlaðinu þegar hann kom skyndilega auga á grænan hlut. Fyrst hélt hann að hluturinn væri steinn en svo gerði hann sér grein fyrir því að hann var lítil klukka eða réttara sagt bjalla. Bjallan er 14,5 sm löng og álíka víð." sagði Þór. / Fágætar klukkan / Hann sagði að bjallan væri úr kopar og sennilega frá fyrri hluta miðalda. "Mjög svipuð bjalla en aðeins stærri fannst norður á Öngulsstöðum ... " Bjallan er miklu minni en venjulegar kirkjuklukkan. ... [Þór] sagðist ekki hafa þekkt heimildir um kirkjustað á Narfastöðum fram til gærdagsins. "En Sigurður Pétur Björnsson á Húsavík, sem safnað hefur saman heimildum um kirkjugarða í Þingeyjarsýslu, hafði samband við mig í dag [miðvikudag] og sagði mér að fyrir allmörgum árum hefði kona sagt sér að á Narfastöðum hefðu komið upp mannabein snemma á öldinni [sjá 052]." Ingi Tryggvason segir að við sléttunina hafi menn komið niður á "einhverjar hleðslur" austast og neðst, næst íbúðarhúsinu en ekki hafi verið hreyft við þeim heldur einungis sléttað yfir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 7; Morgunblaðið 12. janúar 1996.

SP-282:069 tóft óþekkt

65°40.824N 17°21.366V

Fornleg tóft er í móa 20-30 m NNV af garðinum sem umlykur Ytragerði 066.

Lyngmói í smáhalla mót austri. Neðan við er sléttað tún.

Tóftin er lyngivaxin og sigin, alls 8 x 7 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld og op gæti hafa verið í norðurátt. Veggirnir renna saman við þýfðan móa umhverfis og eru því ógreinilegir, sýnast þó allt að 1 m breiðir en 0,4 m háir. Norðurendi tóftarinnar er heldur mjórri en sá syðri.

Hættumat: engin hætta

SP-282:070 þúst óþekkt

65°40.470N 17°20.865V

Sigin og ógreinileg þúst er á hæð um 15 m sunnan við túngarð 062. Þústin er um 80 m austan við Barnakofa 060 en 160-170 m suðaustan við bæ 001.

Þústin er í lyngi vöxnum aflíðandi haga, rétt sunnan við tún. Þústin sjálf er vaxin lyngi, mosa og grasi.

Þústin er mjög sigin og fornleg. Hún er 7-8 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Suður- og austurveggir eru enn merkjanlegir, sérstaklega innri brún þeirra en vestur- og þó sérstaklega norðurveggur eru nær alveg hrundir og óskýrir. Líklega hefur verið op á austurvegg tóftarinnar. Hugsanlegt er að lítið hólf hafi verið á tóftinni norðaustan til en tóftin er of óskýr til að hægt sé að fullyrða um það. Veggir þústarinnar eru 1,5-2 m á breidd. Innri veggbrúnin er skýr og frá henni og niður í botn tóftarinnar eru allt að 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

SP-282:071 tóftir óþekkt

65°39.665N 17°19.406V

Þrjár tóftir eru í röð (austur-vestur) í jaðri Narfastaðaskógar, um 2 km SSA við bæ 001 en 100 m NNV við Lambastaði 032.

Tóftirnar eru í aflíðandi hlíð sem hallar að Reykjadalásá. Umhverfis er lyngi- og kjarrivaxið þó áður hafi svæðið verið vaxið þéttari víði.

Á þessum stað eru 3 einfaldar tóftir í röð austur vestur. Efsta (vestasta) tóftin er skýrust. Hún er grasi vaxin og sker sig því úr lynginu umhverfis. Tóftin er 7-8 X 4-5 m og snýr norður-suður. Ekkert op er greinanlegt í tóftinni og engar grjóthleðslur. Veggir eru mest 0,8 m á hæð. 12 m neðan við A er önnur tóft, B. Hún er mun óskýrari og á kafi í lyngi. Hún er nálægt því að vera 5 X 6 m að stærð en erfitt er að geta til um lögun hennar. 10 m neðan (austan) við B er svo þriðja tóftin, C, sem er fornlegust tóftanna þó hún sé eilítið skýrari en B. C er sigin og lyngivaxin, og er um 11 X 6 m stór. Veggir hennar eru óskýrir og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

SP-282:072 heimild um tún

65°40.546N 17°20.985V

Beðasléttur sjást í túni, rétt vestan við austurhlíð túngarðs 062 milli bæjar 001 og Hólshúsa 005. Beðasléttur má enn greina óljóst en þær sjást greinilega á loftmyndum.

Sléttuð tún eru nú á þessu svæði. Greinilegar hæðir sjást í túninu þar sem beðasléttur voru.

Sléttur sjást á svæði sem er 90 X 60 m stórt og snýr NNV-SSA. Raunar má, mjög óljóst, sjá móta fyrir hæðum í túninu lengra til vesturs og því óljósar leifar á samtals 90 X 90 m stóru svæði. Mest hæð frá dæld upp í topp beðsléttu er 0,4 m. Hver hryggur (með dældum) er allt að 9 m breiður. Í dagbók Sigurðar Jakobssonar er

sagt frá vinnu við beðasléttur í Narfastaðatúni; auðvitað er ekki víst að það séu þær sem hér sjást þótt það gæti verið. Til dæmis voru tvö beð herfuð og þakin í júní 1909 og aftur 1917.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Dagbók Sigurðar Jakobssonar

SP-282:073 garðlag óþekkt

65°40.160N 17°20.467V

Mjög fornlegur garður liggur langsum í hlíðinni suðaustan við bæ. Suðurendi hans sést fyrst um 800 m suður af bæjarhól 001, hér um bil 40 m austan við núverandi veg í Stafn.

Garðurinn liggur að mestu um grösuga lyngmóa sem hafa verið friðaðir undanfarin ár. Lággróður er því með allra mesta móti og trjárækt er hafin í einhverjum mæli, a.m.k. hefur lerki verið plantað hér og þar í brekkuna austan undir garðinum.

Uptök garðsins eru í óbitnum lyngmóa og hefur þar greni og lerki verið plantað austan undir honum í brekkunni. Garðinn má rekja rúma 20 m til NNV, að litlum læk sem rennur í alldjúpu gili. Á þessu bili er garðurinn ekki mjög greinilegur, raunar sést aðeins neðri brún hans en þó allt að 1 m há. Þegar kemur yfir gilið sést ekkert - þar hefur landi verið raskað og þar handan við liggur Stafnsvegur niður brekkuna til austurs. Aftur birtist garðurinn tæpum 10 m vestan við beygjuna á Stafnsvegi, fast við austurendann á áberandi hól. Þaðan heldur hann til norðnorðvesturs í átt heim að bæ. Á þessum stað er harðlendara en neðan vegar. Vitanlega er ekki hægt að vera viss um að garðurinn sem hér er lýst hafi tengst því sem sést sunnan við veginn, túlkunin hér er byggð á stefnu garðendanna. Frá hólnum má rekja garðinn alls 200 m til norðurs til viðbótar en reyndar hverfur hann á því bili í míri á um 20 m kafla. Garðurinn er víðast hvar mjög óljós, enda á kaf í grasi. Hann virðist einhliða, þ.e. aðeins neðri brúnin sést. Ef marka má stefnu á garði 048 má telja hugsanlegt að þessi garður hafi tengst honum einhversstaðar vestan við Narfastaðatún en hann er þá alveg horfinn á stóru svæði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SP-282:074 tóft óþekkt

65°41.066N 17°20.516V

Tóft er norðaustarlega í Narfastaðalandi, um 130 m SA af mógrofum 054 og 1,1 km norðaustur af bæjarhól 001. Hún er norðarlega á nesi sem gengur fram í Reykjadalásá.

Mjög grasgefið, þurr nes með lágu víðikjarri sumstaðar. Hross ganga á svæðinu.

Tóftin er lágreist en sker sig úr sökum gróðurs. Gras á henni er með sterkum, ljósgrænum lit en mun dekkri gróður er allt í kring. Tóftin snýr frá norðri til suðurs og er um 14 x 6 m stór, algróin og grjót sést hvergi. Veggir eru víða gengnir til og runnir í sundur. Innra byrði þeirra er heldur greinilegra en það ytra en austurlangveggur er allra ógreinilegastur. Tóftin virðist heldur mjókka til endanna en hefur þó ekki ótvírætt skálalag. Veggjabreidd er víðast um 1 m en hæð um 0,3 m. Þúfnahlaup er heldur sunnar en fyrir miðju og hugsanlega hefur þar verið milliveggur og hefur þá tóftin skipst í tvennt heldur sunnar en fyrir miðju. Ekki er unnt að fullyrða neitt um hvar dyr hafa verið. Iðjagræn þúst er um 15 m sunnan við tóftina, hugsanlega tóftaleifar en ekkert lag á henni.

Hættumat: engin hætta

SP-282:075 þúst heystæði

65°38.710N 17°22.633V

Lítill tóft, hugsanlega af heystæði, er um 50 m norður af tóft 040, á sama ás. Tóftin er uppi á háhæðinni.

Lyngi vaxin hæð eða ás, flatur í toppinn. Umhverfis skiptast á engjar og móar.

Tóftin er lítil og einföld, um 5,5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru víða óskýrir og hvergi hærri en 0,3 m. Vegna gróðurfars, staðsetningar og lögunar verður að teljast líklegt að mannvirkið sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta

SP-282:076 þústir óþekkt

65°39.180N 17°22.934V

Nokkrar þústir eru á Brenniás um 60 m sunnan við Tjaldlág 059. Rústirnar eru tæpum 1 km norðan við tóft 040 en tæpum 3 km sunnan við Narfastaðasel (283:001).

Á toppi lyngivaxinnar hæðar. Lítil lækur rennur til norðurs austan við hæðina.

Þústirnar eru greinilegar þótt lögun þeirra flestra sé nú mjög óskýr. Hægt er að greina 4-5 þústir. Syðst er ógreinileg dokk, A, 3 X 2 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Um 6 m norðan við hana er önnur þúst, B, 9 X 5 m að stærð. Hún snýr norður-suður og norðvesturhorn hennar er fremur skýrt en hún er annars fremur óskýr utan við dokkina í miðið. 1-2 m norðan við B er skýrasta tóftin á svæðinu, C. Hún er 4 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og op er á norðurvegg hennar. Tóftin er á lítilli hæð. Tæpum 10 m norðan við C er lág hæð með miklum dældum á, D. Hæðin er um 14 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Svo virðist sem hugsanlega hafi verið 2 tóftir á hæðinni en þær eru of óljósar til að hægt sé að fullyrða um það eða nokkuð annað sem snýr að útliti þeirra eða hlutverki. Austast á hæðinni er hringlaga dokk 0,8 m í þvermál. Allar eru tóftirnar algrónar og hvergi sést í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar tóftir hafa gegnt.

Hættumat: engin hætta

SP-282:077 tóft heystæði

65°39.556N 17°22.244V

Tóft er nokkurn veginn á miðjum Grásteinsás, 2 km suðvestur af bæjarhól 001. Hún er rétt vestan við hringlaga tjörn sem reyndar er þurr þegar þetta er ritað.

Þýfður lyngmói er umhverfis tóftina.

Tóftin er nánast hringlaga, 7-8 m í þvermál. Veggir eru mjög signir og skera sig lítið úr umhverfinu, enda lynggrónir. Tóftin sést einkum vegna þess að umhverfis hana er geil, væntanlega pæla, allan hringinn. Að henni meðtalinni er mannvirkið uppundir 10 m í þvermál. Veggjahæð er mest um 0,4 m. Tóftin gæti verið af heystæði og má benda á að hringlaga heystæði sem var notað til 1950 er skráð nr. 044.

Hættumat: engin hætt

SP-282:078 tóftir heystæði

65°40.665N 17°20.066V

Árholt eru við Reykjadalás, suður af Skiphól, en það er kúptur og áberandi hól sem blasir við austur frá bæ. Tvær tóftir eru í Árholtum, rúma 200 m suðaustur af hólum.

Holtið er lágt og fremur flatt, gróið fjalldrapa.

Nyrðri tóftin, (A), er sporöskjulaga, vaxin lyngi að mestu, líklega heystæði. Hún er alls 12 x 10 m að stærð og heldur lengri norður-suður en austur-vestur. Tóftin er einföld að gerð og fremur lík upphækkun en að um eiginlega veggi sé að ræða - þó er dæld í miðju hennar. 20-30 m sunnar er iðjagrænn, lítill hól sem reynist við nánari skoðun önnur tóft (B), líklega einnig heystæði. Hún er um 10 x 8 m stór norður-suður og virðist hafa verið tvískipt. Norðurhluti hennar er hæstur, allt að 1,5 m. Slægjur hafa vafalaust verið í mýrunum norðan og sunnan við holtin og e.t.v. einnig í þeim sjálfum.

Hættumat: engin hætt

SP-282:079 garðlag

65°40.881N 17°21.393V

Garðlag liggur í hlíðarrótum skammt ofan eða vestan við Ytragerði 066.

Lyngmói í brekku mót austri.

Norðurendi garðsins er í móanum hér um bil beint ofan við skjólbelti sem marka norðurenda heimatúns. Uppgrónir götuslóðar liggja neðanundir garðinum, í átt að Ytragerði. Garðurinn er lyngi vaxinn og siginn, 3-4 m breiður og 0,3-0,4 m hár. Neðri brúnn er heldur greinilegi en sú efri. Annars er garðurinn ekki mjög reglulegur og hefur víða sigið undan brekkunni. Hann virðist fjara út í brekkunni ofan við stórt, ferkantað gerði sem tilheyrir Ytragerði, þar er óvenjulega sléttur stallur, e.t.v. af manna völdum. Alls er hann 250 m langur í það minnsta. Ef loftmyndir eru skoðaðar sést að garðurinn heldur áfram sunnan við gerðið, í átt að norðvesturhorni tungarðs 062. Á heildina lítið virðist hann taka sveig um gerðið og mætti því ætla að hann sé byggður síðar en það.

Hættumat: engin hætt

SP-282:080 gata leið

65°40.624N 17°23.665V

Mjög miklar götur liggja til suðurs frá Narfastaðaseli SP-283:001.

Þær liggja að mestu um lyngmóa.

Göturnar liggja frá suðaustanverðu túninu til suðurs, vestan við mynni Stekkjarlautar og þaðan austur fyrir dálitla hólungu. Þrír eða fjórir samhliða slóðar sjást og er áburður í þeim, enda enn notaðir af kindum. Hreiðar Karlsson telur að göturnar hafi legið á beitarhúsin 027 og virðist það eiga við rök að styðjast ef lega þeirra er skoðuð af loftmynd. Þar sést að göturnar, eða a.m.k. meginkvísl þeirra, liggja með brekkurótum til suðurs og síðan í suðvestur, að beitarhúsatóftunum. Frá beitarhúsunum liggja síðan götur áfram til suðurs, sbr. 026, hugsanlega í Gafli.

Hættumat: engin hætt

SP-282:081 gata leið

65°40.826N 17°23.832V

Gata liggur til norðurs frá bænum á Narfastaðaseli 283:001. Hún liggur norður tún og í gegnum hlið á tungarði. Götuslóða má merkja til norðurs, í svipaðri hæð allt að merkjum við Daðastaði og áfram til norðurs nokkuð slitrótt þó að Daðastaðaseli (282:016). Norðan við Daðastaðasel verða göturnar greinilegar og eru það allt að merkjum við Hóla/Breiðumýri. Áfram má greina göturnar eitthvað til norðurs. Göturnar voru raktar að norðurmerkjum Narfaðstaða sumarið 2004 og svo áfram að norðurmerkjum Daðastaða sumarið 2008. Göturnar hafa líklega verið á milli bæja í sveitinni, jafnvel norður á Einarstaði. Ragnar Árnason getur um þessar götur í Minnispunktum sínum en þar segir hann: "Áður en bílvegur var lagður í vestanverðum Seljadal (1936-ca1945), voru farnar reiðgötur, en þær voru báðum megin í dalnum [...] Reiðgötur austan ár voru töluvert notaðar og þóttu þægilegri þegar farið var í Breiðumýri. Við þessar götur eru Brenniseil og Hólaseil." Samkvæmt Ragnari voru þessar götur kirkjugötur frá Narfastaðaseli og hugsanlega einnig frá Stafni.

Gatan liggur að mestu um lyngivaxna móa. Göturnar eru sérstaklega áberandi nálægt Daðastaðaseli 281:016 þar sem þær liggja í hlíðarrótum.

Götur eru víða nokkrir samsíða slóðar og liggja víða í brekkurótum. Þær eru víða 2-4 slóðar, nokkuð djúpir og áberandi. Þær eru sérstaklega áberandi á um 1-1,5 km löngu svæði í landi Daðastaða. Þær hafa án efa legið á milli bæja í dalnum austanverðum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ragnar Árnason. Minnispunktar um eyðibýli o.fl., 3

Sp-282:082 garðlag

65°41.141N 17°21.109V

Á vormánuðum 2005 fann Unnsteinn Ingason áður óþekkt garðlag á Narfastöðum. Garður þessi hefur að mestu verið sléttaður í tún. Austurendi hans er 1,3 km norður af bæ, skammt vestan þjóðvegjar.

Garðurinn liggur í fyrstu um mjög grösugt óræktarsvæði en síðan um ræktuð og framræst stykki.

Austurendi garðsins er greinilegastur, í það minnsta af loftmyndum. Hann er í það minnsta 60 m langur og liggur NA-SV. Þá kemur skurður þvert á hann frá austri til vesturs en garðurinn sést ógreinilega eftir það, heldur þó sömu stefnu skáhallt gegnum 3-4 samhlíða túnstykki sem liggja frá norðri til suðurs. Þar sem þeim sleppir er óræktarmói en þar virðist garðurinn ógreinilegur. Alls sést hann á 420 m löngum kafla hið minnsta og virðist líklegt að hann hafi tengst garðlögum suðvestar, t.d. 079 eða 048.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Sp-282:083 tóft óþekkt

65°39.526N 17°22.744V

Sigin tóft er á Seljadal, rúmunum 300 m VSV við tóft 019a. Tóftin er um 125 m suðvestan við vörðu 019e.

Tóftin er í lyngivöxnum móa, í svolitlum halla til vesturs en vestar eru víða mýrar. Tóftin er vaxin fjalldrapa og lyngi.

Tóftin er lyngivaxin. Hún er 15 X 12 m stór og snýr norður-suður. Erfitt er að greina skiptingu tóftar vegna þess hversu sigin hún er en helst er að giska á að hún skiptist í 6 hólf sem hverju er gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Hólf A er nyrst í tóftinni og er einna stærst. Það er í raun L-laga. Sá hluti sem snýr austur-vestur er um 8 X 1 m að innanmáli en anginn sem liggur norður-suður frá vesturenda er 4 X 1 m að innanmáli. Sunnan við hólf A er svo hólf B sem er um 4 X 4 m að innanmáli. Úr því er innangengt yfir í hólf C sem er sunnar og er 3 X 1 m að stærð. Hólf C snýr austurvestur og ekki eru önnur op á það en þegar er getið. Hólf D er vestan við hólf C. Það er um 3 X 1 m að stærð og snýr norður-suður. Vestan við það er svo fimmta hólf, E sem er 4 X 1 m að innanmáli, snýr norður-suður og virðist opið til suðurs. Allra syðst er svo ógreinilegt hólf á tóftinni, F. Það er um 4 X 1 m að stærð og snýr austur-vestur og virðist opið til vesturs. Hugsanlegt er að op hafi verið á suðurvegg þessa hólfis en það gæti einnig verið rof. Veggir tóftarinnar eru víða um 0,4 m á hæð en ytri brún veggja er óskýr. Greinilega má hins vegar víða sjá innri brún veggja og er gróðurfar innan í hólfunum örliðið frábrugðinn gróðurfari á veggjum og utan þeirra.

Hættumat: engin hætt

Sp-283 Narfastaðasel

1712: Narfastaðasel þá selstaða frá Narfastöðum: "Narfastada Sel heitir selstaða heimajarðarinnar á Seljadalnum, þar hefur búið verið um eitt eður 2 ár fyrir 40 <ár>um en hvorki áður nje síðan." JÁM XI, 187

1919: Tún 2,2 ha. þar af sléttað um 3/4. Narfastaðasel er í Seljadal og þar er mikið graslendi og vel gróið. Það stendur austan Seljadalsár, og erum lágan háls og skamman að fara að Narfastöðum Lb I, 298

Sp-283:001 *Narfastaðasel* bæjarstæði býli/sel

65°40.742N 17°23.749V

"...Seljadalur...er eyðibýli norðarlega í landinu, sem heitir Narfastaðasel. Til er í skrifum Guðmundar Frímanns saga af stórfelldum reimleikum í Narfastaðaseli (Tímaritið Súllur). Segir hún frá hremmingum Jóns Björnssonar. Söguna hef ég ekki heyrt annars staðar, en löngum þótti villugjarn og jafnvel reimt á Hálsinum.", segir í örnefnaskrá. "Í norður frá Gafli að austanverðu í Seljadal og nokkurn veginn í vestur frá Narfastöðum í Reykjadal er Narfastaðasel. Það var í byggð 1836 til 1940. Ekki er mér kunnugt hver byggði þar fyrstur. En fyrir aldamótin bjó þar Jón Björnsson [Jón flutti úr Narfastaðaseli 1865 samkvæmt Prestþjónusutubók Einarsstaða], hann gerði eina af fyrstu græðisléttum sveitarinnar. Ég gæti trúað að hún hefði verið meira en dagsláttu að stærð. Þá byggði hann beitarhús [sjá Sp-282:027] fram í heiði," segir í grein Garðars Jakobssonar. Í Lýsingu Þingeyjarsýslu er getið um selið: "Þar var forn selstaða Narfastaða og búið í selkofum skamma hríð um 1670, en sennilega ekki eftir það fyrr en 1836. Narfastaðasel fór í eyði 1940." Narfastaðasel er á Seljadal, um 2 km VNV við Narfastaði (Sp-282:001) en um 700 m ofan við Seljadalsá. Guðmundur Frímann hefur ritað grein um bóndann í Narfastaðaseli. Þar segir m.a.: "Er hér var komið sögu voru selfarir fyrir nokkru lagðar niður, en sumstaðar voru peningshús seljanna notuð sem beitarhús frá þeim jörðum, sem þau áttu. Þannig hafði verið með Narfastaðasel. En þegar Jón Björnsson falaðist eftir því til ábúðar, hafði einnig verið hætt við að hafa þar á beitarhúsum, en þau byggð að nýju austan í Narfastaðafelli þar sem sauðland var kjarnmeira og betri og nærtækari engjalönd [hér er væntanlega átt við Lambastaði Sp-282:032]...Selið var nær tún- og engjalaust og peningshús komin að falli, þótt enn hængju þau uppi að nafninu til" Ennfremur birtir Guðmundur dálitla Lýsingu

á bænum, sennilega fengna úr "handritsslitrum úr Reykjadal" eins og hann segir aftan við greinina: "Þó urðu húsakynnin í Selinu, um það er lauk, lítil baðstofa, búr, eldhúskytra, geymsluskot í bæjargöngum og fjóshola undir baðstofupalli, eins og altítt var í Reykjadal í þann tíð, og raunar víðar norðanlands. Ennfremur gildaði Jón upp í verstu skörðin í fjárhúsunum, svo hafa mætti þar hestinn og þessar fáu skjátur, sem hann átti."

Bærinn er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis bæinn er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Neðri hluti túnsins er býsna mýrlendur.

Tóftir bæjarins standa enn uppi sæmilega heillegar þótt sauðfé leiti greinilega mikið í þær og af þeim sökum er þar mikið rof. Bæjartóftin er á bæjarhól sem er grænn og ræktarlegur og bendir til langrar byggingarsögu á staðnum. Hóllinn fjarar út upp í brekkuna fyrir ofan bæinn en er samtals um 45 X 25 að stærð og snýr norður-suður, mest 2-3 m á hæð. Bæjartóftin sjálf er 22-23 X 13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er stæðileg en hæstu hleðslur eru um 1,8 m á hæð. Veggir eru byggðir úr torfi og grjóti. Veggir tóftarinnar hafa víða hrúnið og sum staðar gefa steinaraðir, á kafi í grasi og hrúni, einu vísbendinguna sem fáanleg er um nákvæma lögun vistarvera. Bærinn samanstendur úr 6 hölfum og bæjargöngum sem liggja austur-vestur eftir tóftinni miðri. Hér verður öllum hölfum/vistarverum gefinn bókstafur til aðgreiningar og við lýsingu bæjarrústar haldið inn eftir bæjargöngunum, fyrst lýst hölfum norðan við bæjargöng og því næst sunnan. Bæjargöngin hafa verið um 2 m á breidd og fyrir þeim var timburþil. Þau eru á köflum mjög ógreinileg en grjóthleðslur gefa þó skýra mynd af legu þeirra þannig að ætla má að þau hafi verið 4-5 m löng. Þegar farið var eftir bæjargöngunum er fyrst herbergi/hólf til norðurs þegar komið var inn í mið göng A. Hliðargangur lá þá úr göngunum og í hólfid suðaustast. Þetta hólf var 4 X 3-4 m að stærð og við suðurvegg þess má greina hleðslu (1 X 0,5 m), e.t.v. undirstöðu undir eitthvað. Úr þessu herbergi var einnig hægt að fara beina leið í eldhús (B) að baki en einnig var gengt úr hliðargöngunum í eldhúsið. Það var 6 X 3 m að stærð og snýr norður-suður og má en sjá járnkassa í jörðinni þar sem eldavélin stóð. Nálega til móts við hliðargöngin til norðurs var op inn í annað herbergi, C. Nú hafa veggir nær alveg hrúnið yfir opið og er að verða erfitt að greina það. Op var einnig sunnarlega á útvegg hólfis C sem hefur verið 5-6 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hafa töluvert hrúnið inn í umrætt hólf. Ef bæjargöngunum var fylgt alla leið til suðurs var komið inn í baðstofuna sem var sunnan við bæjargöngin austast í bænum. Baðstofan var um 6 X 3 m að stærð og snéri norður-suður. Fjós var undir henni. Ekki var innangengt í fleiri herbergi úr bæjargöngunum. Sunnan við bæjartóftirnar sem hér hefur verið lýst, þeim samföst, voru tvö hólf til viðbótar. Vestar var lítið fjárhús, E, 4 X 4 m stórt. Það var með opi á miðjum vesturvegg með garða eftir endilöngu. Úr fjárhúsinu virðist hafa verið innangengt í hólf (F) að baki sem var um 4 X 3 m að stærð og snéri norður-suður. Þetta hólf var einnig opið austast á suðurvegg. Talsvert hefur hrúnið af austurvegg inn í hólfid. Samkvæmt Hreiðari Karlssyni var síðastnefnda herbergið stofa Jóns Bjarnasonar sem bjó á Narfastöðum snemma á 19. öld. Sagan segir að þegar hann seldi jörðina á eldri árum hafi kaupandi ekki haft efni á að hafa stofuna með í kaupum og því hafi Jón tekið hana með sér. Framan (vestan) við bæinn er hlað, um 13 m breitt (norður-suður) en mest um 6 m á lengd. Framan við það eru tvær hæðir (G) í bæjarhólnum, neðan við hlaðið. Hugsanlegt er að þessar hæðir séu öskuhaugar. Fast sunnan við bæinn austanverðan er lítil og regluleg dæld (H), 3 X 2 m á stærð, ferköntuð en 0,3 m á dýpt. Ekki er ljóst hvað hefur verið á þessum stað. Norðan við bæinn miðjan er dæld (I) sem er um 3 m í þvermál, þar var rotþró. Eins og áður segir eru veggir bæjarins víða mjög rofnir og auk heldur hafa þeir fallið inn í tóftina og gróid þar. Af þeim sökum er lag hólfá að verða nokkuð óskýrt þótt það megi enn rekja vegna grjóthleðslna sem glittir í hér og hvar. Athuga ber að við teikningu á bænum var miðað við hólfín eins og þau hafa verið og enn má sjá af hleðslum, jafnvel þó að torfhrun valdi því að við fyrst sýn virðist bæjarmyndin allt annað en skýr. Teikningin gefur því e.t.v. skýrari mynd af bænum en efni standa til.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Narfastaðir, 1; LP I, 298; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 110-11; Guðmundur Frímánn 167-168

SP-283:002 þúst óþekkt

65°40.772N 17°23.901V

Dæld, sem virðist eftir tóft, er í hól sem er um 140 m norðvestan við 001. Hóllinn er nálega 100 m beint neðan (vestan) við fjárhústóft 010.

Þústin er í túni, í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er neðarlega í túni, nærri því á mörkum sléttadra og ósléttadra túna.

Fornleifaskráning 2004: Dældin er 14-15 X 6-7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grasi gróin og fagurgræn hæð gengur til suðurs frá henni. Sumarið 2008 var tekinn prufuskurður í dældina. Skurðurinn var um 5 X 2 m að stærð og snéri norður-suður. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í skurðinum kom í ljós niðurgrafið mannvirki. Norðan við miðjan skurð var komið niður á torfvegg... [...] Í veggjatorfi mátti sjá landnámsstyrpuna, með þremur dökkum gjóskulögum, en yfir því lágu dökku gjóskulögin H-1300, V1477 og V-1717." Í skurðinum mátti sjá að veggurinn hafði verið endurgerður á einhverjum tímamarki og m.a. fyllt upp í op á veggnum. Sunnan torfveggjar komu í ljós stoðarholur og stoðarsteinar og norðan hans smærri pinnaholur. Sunnan við vegg kom einnig í ljós dæld eða skurður sem fylgdi stefnu veggjar og var túlkaður sem innréttung af einhverju tagi. Engin eiginleg gólflegg fundust í húsinu en þó fannst þar fitukennt, þjappað lag. Engir gripir fundust en gjóskulög sýna að húsið var byggt fyrir 1300 og samkvæmt gjóskulagasérfræðingi er ekki ólíklegt að það hafi verið byggt

100-200 árum áður en gjóskulagið féll.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Þóra Pétursdóttir. 2009, 6-7

Sp-283:003 garðlag túngarður

65°40.707N 17°23.671V

Stæðilegur túngarður er umhverfist tún á Narfastaðaseli. Í grein um bóndann á Narfastaðaseli segir: "Jón [Björnsson] gerðist fljótt athafnasamur bóndi. Á fyrstu búskaparárunum réðst hann þegar í ýmsar framkvæmdir, búi sínu til eflingar, þótt ekki ætti hann jörðina. Girti hann af allstórt tún með grjót- og torfgirðingu. Um annað girðingarefni var naumast að ræða á þeim árum. Túnið sléttaði hann með hestplóg, sem þá var næsta sjaldgæft. Plógar voru óvíða til þar um slóðir. Mun Jón hafa fengið lánaðan plóg á Narfastöðum."

Túnið í selinu er í halla mót vestri og umlykur garðurinn það. Víðast eru lyngmóar utan við hann en mýrar að vestan, í dalbotninum. Efri hluti túnsins er vallendi, að nokkru komið í móa en rækt er aðallega umhverfis rústirnar. Neðri hlutinn er hins vegar mýrlendur.

Skráning 2004: Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 310 x 230 m stórt frá norðri til suðurs og er alls rúmir 800 m að lengd. Hann er víðast hvar mjög stæðilegur en þó er austurhliðin einna mest sigin. Lýsingin hefst syðst. Þar er op á garðinum og liggja þar götur Sp-282:080 í gegn, heim að bæjartóft 001. Frá hliðinu liggur garðurinn til vestnorðvesturs tæpa 200 m en þar sveigir hann í hánorður og liggur því sem næst þráðbeinn með vesturhlið túnsins. Hann hefur verið hlaðinn yfir tvo læki og er annar þeirra bæjarlækurinn. Hann rennur ekki beint undir garðinn heldur meðfram honum til norðurs nokkurn spöl og hefur þar grafið sig undir hann að hluta. Eftir rúma 200 m sveigir garðurinn í austur, upp brekku, og má rekja hann um 130 m áður en kemur að hliði á norðurhlið. Þar liggja götur Sp-282:081 í gegn. Eftir 30-40 m til viðbótar beygir garðurinn í suður meðfram austurhlið túnsins en þar er hann meira siginn en annarsstaðar, e.t.v. vegna þess að hann er í halla. Austurhlið túngarðsins er um 40-50 m ofan eða austan við bæjarrústina sem og aðrar rústir, enda eru þær flestar á sama hrygg sem liggur N-S í gegnum túnið. Rúma 60 m suðaustur af bæjarrúst 001 liggur garðlag frá túngarðinum í óræktarmóa, inn í túnið til suðvesturs en fjarar þar út eftir 60-70 m. Garður þessi er fornlegur og er án efa mun eldri en túngarðurinn. Þetta gætu hugsanlega verið leifar af eldri túngarði. Við enda þessa garðs er tóft sambyggð honum innanverðum. Hún er fornlegri en flestar aðrar tóftir í túninu, 10 x 5 m stór og myndar túngarðurinn suðausturlanghlið. Tóftin snýr SV-NA. Dyr virðast hafa verið á því horni sem teygir sig lengst í norður. Tóftin virðist einföld og mjókkar heldur til suðvesturs. Hugsanlega eru mannvirki tengd henni að norðaustanverðu, þar vottar fyrir þústum upp við túngarðinn og sér meira að segja í grjót á einum stað en annars er tóftin jafnt sem garðurinn algróin. Að lokum skal greint frá tveimur gerðum sem eru sambyggð túngarði innanverðum. Hið syðra er aðeins 30-40 m norðaustur af áðurnefndri tóft, einmitt á þeim stað þar sem innri og líkast til eldri túngarður sker sig frá þeim yngri. Gerðið er mjög óljóst, 11 x 18 m stórt og snýr frá norðvestri til suðausturs. Hleðslur þess eru mjög signar og alls engin gróska í þeim. Um 10 m norður af gerðinu gengur nokkurra metra langur hleðslustubbur til vesturs frá innanverðum túngarðinum. Hugsanlega er hann leifar af öðru gerði eða viðbyggingu þótt ekki sé það augljóst. Hitt gerðið sem um ræðir er 80-90 m norður af því fyrnefnda. Það er 15 x 15 m stórt og myndar túngarðurinn austurhliðina líkt og á hinu. Hleðslur eru alveg útflettur og lítur út fyrir að þær séu eldri en síðasta byggingarstig garðsins. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m og breidd veggja um 1 m. Þeir eru algrónir. Op sjást á hvorugu gerðanna og gæti verið að þau hafi verið ætluð til einhvers konar ræktunar. Skurður var tekinn í túngarðinn árið 2008. Skurðurinn var 4 X 1 m stór og snéri austur-vestur, þvert á garðinn. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í sniðinu kom í ljós torfhlaðinn garður, en í torfinu voru gjóskulög V-1477 og V-1717. Greinilegt var að torfið í garðinum var stungið nokkru eftir 1717 og er því ekki ósennilegt að hann sé hlaðinn einhvern tíma á 19. öld." Þess má geta að á túnakorti frá 1919 er túngarðurinn sýndur liggja nokkru vestar en sá angi þar sem skurðurinn var tekinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Guðmundur Frimann, 173, Þóra Pétursdóttir. 2009, 8 og Túnakort 1919.

Sp-283:004 tóft útihús

65°40.722N 17°23.813V

Leifar útihúss, sem merkt eru inn á túnakort frá 1919, eru greinilegar rétt norðan við bæjarlæk og um 50 m vestan við bæ 001.

Bæjarlækur sprettur upp 5-10 m ofar en tóftin, lækurinn rennur fram hjá tóftinni sunnan hennar. Tóftin er í grasi grónu túni í órækt.

Útihústóftin er fallin og óskýr. Hún er um 12 X 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er þrískipt. Syðst er hól A, sem snýr austur-vestur og hefur op verið syðst á vesturvegg þess þótt það sé illgreinilegt nú. Þak og veggir eru hrundir inn í hólfið og er þar mikil grjót- og spýtnadreif. Hólfið hefur verið um 5-6 X 2 m á stærð. Ragnar Árnason, heimildamaður, telur að það hafi verið lækjarhús, þ.e. að lækurinn hafi verið leiddur þar í gegn. Norðan við A er annað hól B, sem er mjög ógreinilegt en gæti hafa verið um 4 m á kant. Nú sést þó aðeins hluti af austur- og suðurvegg en aðrir veggir eru ógreinilegir. Austan við B er þriðja hólfið, C, sem e.t.v. er heytóft. Veggir þess eru lágir (0,3 m) en greinilegir. Ekki er lengur hægt að greina op á hólfinu en engar grjóthleðslur sjást. Til austurs frá tóftinni gengur sigið og óljóst garðlag sem virðist eldra en tóftin. Garðlagið liggur í um 8 m

til austurs en beygir þá til suðurs og liggur í aðra 8 m að uppsprettu bæjarlækjar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Narfastaðir,2

SP-283:005 þúst útihús 65°40.743N 17°23.869V

Þúst er á hæð um 100 m VNV við bæ 001 en um 90 m beint neðan (vestan) við fjárhústóft 009.

Þústin er í túni, í aflíðandi brekku mót vestri. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að Seljadalsá. Tóftin er neðarlega í túni, nærri því á mörkum sléttaðra og ósléttaðra túna.

Ekki er hægt að sjá útlínur þústarinnar en hóllinn er ræktarlegur, fagurgrænn (sérstaklega í toppinn) og líkur eru á að á honum hafi einhvern tíma verið mannvirki. Svolítill spýtnadreif er á hólnum. Það svæði sem mestar líkur er á að geymi hleðslur er um 6 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

SP-283:006 gerði óþekkt 65°40.708N 17°23.873V

Gerði er byggt rétt norðan við bæjarlækinn, um 50 m vestan við útihústóft 004 en um 100 m VSV við bæ 001.

Gerðið er fast norðan við bæjarlækinn, í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis gerðið eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Gerðið er lítið, 6 X 4 m stórt og snýr austur-vestur. Vesturveggur þess er hlaðinn úr torfi og er tæpur 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ausur- og norðurhliðar gerðisins hafa verið myndaðar með því að stinga út úr brekkunni að lækjarbrún. Ekki er suðurhlið á gerðinu. Torf liggur yfir bæjarlækinn í framhaldi af eystri skammhlið bæjarins. Í botni gerðisins er rennislétt, snöggt gras. Hugsanlegt er að lítill kálgarður hafi verið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

SP-283:007 tóft útihús 65°40.669N 17°23.807V

Sigin og fornleg tóft er í túni, um 25 m norðan við suðurhlið túngarðs 003. Hún er um 120 m suðvestan við bæ 001 en um 35 m suðvestan við litla tóft 014.

Tóftin er innan túngarðs en utan sléttaðra túna. Hún er vaxin lyngi og kjarri. Í aflíðandi halla til vesturs.

Tóftin snýr austur-vestur og er 9 X 5 m að stærð. Hún virðist einföld en er mjög óskýr. Suðurveggur tóftarinnar er skýrastur en þó má greina alla veggina. Svo virðist sem op hafi verið syðst á vesturvegg. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SP-283:008 tóft útihús 65°40.697N 17°23.722V

Útihústóft er í túni um 60 m SSA við bæ 001 og 20 m neðan við syðra gerðið sem sambyggt er túngarði 003. Tóftin er rétt ofan við götuna sem liggur endilöngu túninu heim að bæ 001 og áfram til suðurs.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í túnstæðinu.

Tóftin er einföld, 6,5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og er mest 0,5 m á hæð. Op er á austarlega á suðurvegg hennar.

Hættumat: engin hætta

SP-283:009 tóft fjárhús 65°40.747N 17°23.752V

Innan við 20 m norðan við bæ 001 er fjárhústóft sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Hún er 50-60 m sunnan við 010.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að Seljadalsá. Tóftin er ofarlega í túni. Sjálf er tóftin grasi gróin.

Tóftin er tvískipt og samtals 18 X 10 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Vestar eru fjárhús sem snúa austur-vestur. Austan við þau er hlaða að baki sem snýr norður-suður. Op er á milli hólfanna og einnig eru 2 op á vesturgafli fjárhúsanna, beggja vegna garða sem gengur eftir fjárhúsunum endilöngum. Fjárhúsin eru 4 X 8 m að innamáli en hlaðan 5 X 3 m. Tóftin er úr torfi og grjóti og er enn mjög stæðileg. Hleðslur eru mest 1,7 m á hæð í hlöðunni en 0,4 m í fjárhúsi. Torfhleðslur eru hlaðnar úr streng en nokkuð rof er í tóftinni þar sem kindur leita töluvert í hana. Fyrir framan (vestan) fjárhúsin er fagurgrænt og ræktarlegt svæði.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Túnakort 1919

SP-283:010 tóft fjárhús 65°40.776N 17°23.775V

Fjárhús, sem merkt er inn á túnakort frá 1919, eru 80-90 m norðan við bæ 001. Tóftir húsanna eru um 90 m sunnan við norðurhlið túngarðs 003.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka

þó við sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í túni. Sjálf er hún grasi gróin.

Tóftin er 12 X 12 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Vestast eru fjárhús (A), sem snúa austur-vestur og gengur garði eftir þeim miðjum. Fjárhúsin eru um 6 X 3-4 m á stærð að innanmáli og eru hlaðin úr torfi og grjóti. Op er nyrst á vesturvegg þeirra og einnig á miðjum austurvegg, inn í hlöðu (B) fyrir aftan. Hlaðan er 4 X 2 m að innanmáli og snýr norður suður. Sambyggt fjárhúsasamtæðunni að norðan er lítið hólf (C). Það er til móts við hlöðuna. Það er 2,5 X 1,5 m stórt og snýr norður-suður. Líklega hefur op verið sunnarlega á vesturvegg þess en það er nú orðið óskýrt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-283:011 náma mógrafir

65°40.811N 17°23.885V

Greinilegt mógrafasvæði er innan túns á Narfastaðaseli, nyrst í því miðju.

Túnið er innan vallargarðs. Efri hluti þess er fremur þurr, þar gengur valllendishryggur eftir því endilöngu, en neðan hans er votlent.

Ein, samfelld mógröf er fast innan við túngarðinn. Hún er regluleg og ferköntuð, 24 x 9 m stór frá norðri til suðurs og allt að 1 m djúp. Hún er að mestu gróin í botni en þó blaut syðst. Smálækur seytlar niður frá norðurenda hennar til vesturs. Norðurendi nemur næstum við innri brún túngarðs 003.

Hættumat: engin hætta

SP-283:012 þúst útihús

65°40.698N 17°23.796V

Um 20 m norðan við tóft 014 en 40-50 m sunnan við 004 er greinileg þúst. Hún er um 70 m suðvestan við bæ 001.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Þústin er 11 X 9 m stór og snýr austur-vestur. Hægt er að greina hvar hún hefur verið því að þar er fagurgrænn blettur í túninu sem sker sig úr umhverfinu. Þannig má greina útlínur þeirra tóftar sem þarna hafa verið og líklegast virðist að tóftin hafi skipst upp í tvö hólf. Utan þessa er lítið hægt að segja um þústina þar sem hún er alveg fallin og ógreinileg. Þústin er um 0,4 m hærri en umhverfið.

Hættumat: engin hætta

SP-283:013 tóft útihús

65°40.792N 17°23.802V

Leifar af sérkennilegu mannvirki eru norðaustarlega í túni Narfastaðasels, um 50 m norður af bæjarrústinni 001.

Grösug brekka mót vestri. Rækt fer hér minnkandi á kostnað lyngs og mosa.

Fornleifaskráning 2004: Tóftin er um 18 x 6 m stór frá austri til vesturs og snýr því niður brekkuna. Dyr sjást ekki en götur heim að bæ liggja yfir vesturenda tóftarinnar og því er hann máður. Líklegt er að dyr hafi verið þar. Tóftin er niðurgrafin um allt að 0,4 m. Norðurveggur er allt að rúmlega 1 m breiður og 0,8 m hár sé staðið innan í tóftinni en um helmingi lægri sé mælt utanfrá. Suðurveggur minnir helst á uppgróid hrúgald og má giska á að hann sé myndaður af uppkasti innan úr tóftinni. Sunnan við hann miðjan er óljóst hólf sambyggt, um 9 x 4 m frá austri til vesturs. Sumarið 2008 var tekinn profuskurður í dældina. Skurðurinn var 5 X 1 m að stærð og snéri norður-suður. Í uppgraftarskýrslu segir: "Í skurðinum kom í ljós bygging, niðurgrafin að innan um ca. 30 cm, niður fyrir bæði H-3 og H-4. Yfir veggjatorfi lágu tvö svört gjóskulög, V-1477, sem var þykkt og greinilegt, og H-1300, sem var mun þynnra og nokkuð slitrótt. Í veggjatorfinu var að finna gjóskur úr landnámssyrpunni auk H-3." Inni í húsinu fundust stóðarsteinar og nokkur yfirborðslög. Engir gripir fundust en talið var líklegast að húsið hefði verið einhvers konar skepnuhús. Talið var að yfirborðslögin tvö virtust samtíða og að þau gæfu vísbindingu um ákveðið skipulag innan rýmisins, mögulega stíur og flór. Ofan við þessi lög fannst hins vegar heykennt lag sem gæti bent til þess að hlutverk byggingarinnar hefði breyst á yngri notkunarstigum. Byggingin er a.m.k. nokkru eldri en frá 1300.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þóra Pétursdóttir. 2008: 11-12

SP-283:014 tóft útihús

65°40.685N 17°23.783V

Lítill kofatóft er í túni um 70 m sunnan við tóft 004 en 80-90 m VSV við bæ 001. Tóftin er 50-60 m norðan við suðurhlið túngarðs 003.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er á mörkum þess svæðis innan túns sem sléttað hefur verið. Fast sunnar tekur við mói sem þó er innantúns. Tóftin sjálf er vaxin grasi.

Tóftin er 6 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur sjást. Tóftin er einföld og er op á austurvegg hennar. Hleðslur eru mest 0,7 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-283:015 Lækjarhús tóft brunnur

65°40.716N 17°23.812V

"Ég kann ekki heiti á einstökum byggingum en brunnhús eða Lækjarhús var yfir bæjarlæknum," segir í örnefnaskrá. Tóftir Lækjarhúss sjást enn 1 m sunnan við útihústöft 004, á norðurbakka bæjarlækjar. Tóftin er um 50 m VSV við bæ 001.

Tóftin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á. Tóftin er ofarlega í túni. Sjálf er tóftin grasi gróin og stendur fast við bæjarlækinn.

Einföld tóft úr torfi. Hún er 3 X 3 m að stærð og er opin til suðurs, hefur teygt sig yfir bæjarlækinn áður. Hæð hleðslna er mest um 1 m.

Hættumat: engin hætta

SP-283:016 hleðsla brú 65°40.716N 17°23.805V

Fast sunnan við Lækjarhús 015 er torfhleðsla yfir bæjarlækinn, þar sem líklega hefur verið farið yfir hann. Hleðslan er um 10 m vestan við upptök lækjarins.

Hleðslan er á bæjarlæk í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana eru tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Torfhleðslan er 2-2,5 m á breidd en 1 m á lengd. Hugsanlega hefur þetta verið brú yfir lækinn þó einnig sé hugsanlegt að hleðslan tengist Lækjarhúsinu á annan hátt.

Hættumat: engin hætta

SP-283:017 þúst útihús 65°40.720N 17°23.740V

Um 12 m sunnan við bæ 001 er ógreinileg þúst á rana frá bæjarhólnum.

Þústin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Þústin er mjög sigin og ógreinileg, grasi vaxin og fagurgræn. Ekki er hægt að sjá innri brún veggja en þústin er u.þ.b. 6 X 6 m stór. Hleðslur eru mest 0,4-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-283:018 þúst óþekkt 65°40.723N 17°23.736V

Ógreinileg, hringlaga þúst er 1 m suðaustan við suðausturhorn bæjar 001, við jaðar bæjarhóls.

Þústin er í aflíðandi brekku til vesturs. Umhverfis hana er tún en annars lyngi vaxin brekka. Neðan við tún taka þó við sléttar engjar að á.

Þústin er um 7 m í þvermál. Hægt er að greina óljósar útlínur en innri lögun er óljós.

Hættumat: engin hætta

SP-283:019 gryfja kolagröf 65°40.683N 17°23.669V

Við rannsóknir í Narfastaðaseli 2008 fundust kolagrafir tæpum 100 m SSV við bæ 001 en á milli tveggja arma túngarðsins (þar sem hann greinist í norðausturhorni túns.

Lyngivaxið svæðið efst í túninu og ofan við túngarð samkvæmt túnakorti frá 1919.

Mannvirkið var hringlaga og sigið, lyngivaxið. Skurðurinn var 4 X 1 m að stærð og snýri norður-suður. Í uppgrافتarskýrslu kemur fram að í skurði mátti greina niðurgröft eða holu sem tekin var niður fyrir H-1. Í vestursniði var einn steinn og greinileg torflinsa og talið var líklegt að þessi ummerki bentu til að einhvers konar uppbyggð umgjörð hafi verið þum niðurgröftinn. Einnig komu í ljós aðgreinanleg og umfangsmikil viðarkolalög í fyllingu holunnar og var því talið líklegast að um kolagröf væri að ræða. Tvær smærri holur reyndust einnig í skurðinum. Gjóskulög sýndu að kolagröfin er a.m.k. eldri en frá því um 1300.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þóra Pétursdóttir, 2009, 9-11

SP-284 Stafn

1712: 10 hdr. 21.7.1531: Jón biskup á Hólum gefr ærligri dandi kvinnu Ólofu Einarsdóttur jörðina Stafn í Reykjadal, DI IX, 595 Í Stafni hefur sama ættin búið síðan 1837. Stafnsholt [SP-284b], í landi Stafns var í byggð 1845-1958 [Ragnar Árnason, heimildamaður, telur sig hafa sýnt fram á að byggð hefjist í Stafnsholti (Víðirholti) 1847]. Var stundum nefnt Stafn á Fljótsheiði. Nú hafa verið reist fjögur býli úr gömlu Stafnsjörðinni: Vallholt [byggt 1934], nýbýli á 3/16 hluta, Vellir, nýbýli byggt 1937 á 3/16 hluta; ; Fellshlíð, nýbýli stofnað 1959; Fellshlíð II, íbúðarhús byggt 1981, í landi Fellshlíðar.

1919: Stafn: Tún 5 ha. þar af sléttað um 3/4. Var áður landmikil en hefur nú verið skipt mikið upp. Landið vel gróið, mest heiðaland með hrísmóum og mýrarsundum, gott sauðland. Til austurs hallar að Reykjadalásá. BBSÞ,387-391.

SP-284:001 Stafn bæjarhóll bústaður 65°37.686N 17°19.275V

Gamli bærinn í Stafni stóð nálega þar sem íbúðarhúsið í Stafni gerir nú. Bærinn stendur á myndarlegum bæjarhól

fremur ofarlega (vestarlega) í túninu. Bærinn í Stafni var um 5,3 km sunnan við bæinn á Narfastöðum. Íbúðarhúsið er á myndarlegum bæjarhól en fast norðan við rennur Bæjarlækurinn. Bíslóði liggur heim að bæ, upp á bæjarhólinn og annar slóði liggur fast austan við hólinn. Ofan (vestar) er stutt en fremur brött brekka. Gamli bærinn stóð á sama stað og íbúðarhúsið í Stafni gerir nú. Torfbærinn var rifinn milli 1937 og 1939 en timburfrámhús, sem kom í stað þriggja bursta sem sneru fram á hlað, kom í stað gamla bæjarins að hluta. Suðurendi torfbæjarins stóð áfram, en þar voru tvær baðstofur; sú minni var sunnar en aftan við hana (suðvestar) var enn eldri baðstofa og undir henni fjós sem var í notkun allt þar til bærinn var rifinn. Yfirleitt var tvíbýlt í Stafni og í bæjarröðinni var fjóshlaða sem tilheyrði öðrum bænum en stakstæð hlaða sem tilheyrði hinum bænum [009] stóð skammt sunnan við bæ. Smiðja var sambyggð fremri baðstofu að sunnanverðu og var það eina burstin sem eftir stóð af gamla torfbænum eftir byggingu framhússins. Smiðjan var síðar flutt upp á Tungu þar sem áður hafði verið hesthús, sjá 010, en það er nú reykkofi. Undir eldhúsi núverandi íbúðarhúss er enn grjóthlaðinn, handgrafinn kjallari sem er helmingur af stærð upprunalegs kjallara, enda var hann fylltur upp til hálf. Bæjarhóllinn er áberandi og allt að 3 m há. Hann er um 70 X 40 m stór ef allt er talið en þó má kannski segja að hinn eiginlegi hóll fjari út fyrir til suðurs og sé því nær því að vera 50 m langur norður-suður. Austurbrún hólsins er skýrust og bröttust en norðurhliðin er einnig mjög skýr en hana markar Bæjarlækurinn. Vesturhliðin fjarar út inn í brekkuna ofan við og suðurhliðin fjarar einnig út smám saman. Bygging íbúðarhúss með hlöðnum kjallara hefur án efa raskað bæjarhólnum mikið en þó er afar líklegt að talsverðar mannvistarleifar leynist enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-284:002 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°37.710N 17°19.321V

"Norðan bæjar, á milli bæjarlæks og túnskurðar að norðan, heitir Hesthústunga, og ofarlega í henni Hesthúshóll.", segir í örnefnaskrá. Á þessum stað er sýnt útihús á túnakorti frá 1919. Á túnakorti frá 1919 er sýnt hús á þessum stað tæpa 40 m norðvestur af bæjarhól 001. Hesthúshóll var þar sem nú er gróðurhús við íbúðarhúsið Velli en á milli rennur bæjarlækur. Húsið hefur verið 20-30 m ofan (vestan) við íbúðarhúsið á Völlum.

Grasi vaxinn hóll, rennisléttur. Örlitlar dældir eru æi hann í toppinn hér og þar en engar skýrar þústir enda var húsið þar sem gróðurhúsið er nú.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 12

SP-284:003 *Nýhús* tóft fjárhús 65°37.695N 17°19.186V

Í Stafnstúni: "Nokkru neðar en bærinn eru þrjú hólur í röð út og suður, Miðhúshóll syðst [055], þá Nýhúshóll... Á Nýhúshóli eru fjárhús, Nýhús...", segir í örnefnaskrá. Á þessum stað er sýnt hús á túnakorti frá 1919 40-50 m austnorðaustan við bæjarhól 001. Þar sjást greinilegar tóftir.

Í túni sem er slegið en óræktarblettur er þó kringum Nýhús.

Talið er að Nýhús hafi ekki verið byggð fyrir en 1918, í það minnsta var ártalið rist á stoð innandyra. Í húsunum voru tveir garðar og hlaða aftan við og þau tóku um 80 kindur. Tóftin er alveg greinileg og á kafi í grasi og hvönn. Hún er alls um 17 x 15 m stór og snýr með op í austur. Veggir eru mest rúmlega 2 m háir úr torfi og grjóti og eru enn mjög heillegar torfhleðslur ofantil. Sökum gróðurs er erfitt að lýsa tóftinni nákvæmlega en garðahús hafa þó verið austar og hlaða vestan við. Húsin sjálf eru um 12 m norður-suður og 10 m austur-vestur en hlaðan nokkuð breiðari en húsin, nær um 5 m lengra til norðurs og er um 7-8 m breið. Súrheysturn er við suðausturhorn tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 13

SP-284:004 *Lækjarkofi* heimild um fjárhús 65°37.713N 17°19.207V

Í Stafnstúni: "Nokkru neðar en bærinn eru þrjú hólur í röð út og suður, Miðhúshóll [055] syðst, þá Nýhúshóll [003] „og norðan Lækjarkofahóls á lækjarbakkanum, Lækjarkofi," segir í örnefnaskrá. Á þessum stað er sýnt útihús á túnakorti frá 1919 rúma 70 m norðaustan við bæjarhól 001.

Þar sem kofinn stóð áður er nú útihúsasamstæða.

Lækjarkofi var lítill fjárhúskofi, löngu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 13

SP-284:005 heimild um hesthús 65°37.672N 17°19.121V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 120 m austan við bæjarhól 001. Samkvæmt Snorra Kristjánssyni var lítill hesthúskofi á þessum stað.

Á þessum slóðum er nú sléttað tún ofan við gamalt refahús.
Engin ummerki sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-284:006 *Neðsthús* heimild um útihús 65°37.652N 17°19.104V

Samkvæmt túnakorti voru útihús 120 m ASA við bæjarhól 001 og rúmum 30 m sunnan við hesthús 005. Um þennan stað segir í örnefnalýsingu: "Neðan [Nýhús-, Efsthús-, og Lækjarkofahóls] er lægð í túnið, en neðan hennar lágur rani, út og suður, Neðsthúshóll og sunnan í honum Kinn. Á hólnum syðst er Neðsthús."

Á þessum stað er sléttað tún en skammt ofar stærðarinnar steinsteypt fjárhús með hlöðu.

Neðsthús er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 13

SP-284:007 *Neðstikofi* heimild um fjárhús 65°37.647N 17°19.047V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 180 m suðaustan við bæjarhól. Um þennan stað segir í örnefnalýsingu: "Austan í [Neðsthús]hólnum nyrst eru Hesthúspúfur og norðaustan þeirra tjarnarstæði...Norðan og ofar Tjarnar eru Óræktarþúfur. Í suðaustur horni túnsins er Neðstikofi og norðan hans Neðstakofamór, lyngmór innan túngirðingar," segir í örnefnaskrá. Neðstikofi var fjárhús, um 20 kinda kofi. Hann var þar sem nú er suðurendi refahúss.

Refahús en tún allt um kring.

Húsið er horfið, líklega undir suðurenda hússins skv. Snorra Kristjánssyni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 13

SP-284:008 *Efsthús* heimild um fjárhús 65°37.630N 17°19.284V

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús rúma 80 m sunnan við bæjarhól 001. Um þennan stað segir í örnefnaskrá: "Efsti hluti túnsins og sá hallamesti heitir Kvíjabrekka...Beint suður af bænum, neðan Kvíjabrekku, er Efsthúshóll og stórþýfi í kring um hann, Efsthúspúfur. Neðan hólsins er þúfnastykki, Efsthústunga og sunnan hólsins við túnjaðar, fjárhús, Efsthús," segir í örnefnaskrá. Efsthús var þar sem nú er hesthús og hlaða. Þetta voru fjárhús sem tóku um 80 kindur.

Nýleg útihús og gerði er austan við þau.

Efsthús eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 12-13

SP-284:009 heimild um hlöðu og bænhús 65°37.678N 17°19.297V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús innan við um 6 m sunnan við bæ og aðeins heimreiðin á milli. Þetta var fjóshlaða sem tilheyrði öðrum bænum, en yfirleitt var tvíþýlt í Stafni. Á túnakortinu sést að matjurtagarður var sambyggður hlöðunni að sunnanverðu. Samkvæmt grein Ingólfs Sigurgeirssonar var þetta fjóshlaða sem Páll H. Jónsson lét byggja skömmu eftir aldamótin 1900 og kom við þær framkvæmdir niður á mikið af mannabeinum. Um hlöðuna segir: "Hlaðan skyldi rúma um 80 hestburði af heyi. Gólfllöturinn hefur því verið um 25 m² en tóftin, sem grafin var fyrir hlöðunni, hefur verið allmiklu stærri. Grjóti átti að hlaða upp með jarðveginum". Sunnan við íbúðarhúsið í Stafni er tæplega 10 m breið grasflöt en þar sunnan við tekur við gróðurreitir þar sem tré og rabarbari vaxa. Hlaðan hefur náð inn í garðinn.

Engin ummerki húsanna sjást lengur. Þess ber að geta að við byggingu fjóshlöðunnar í Stafni um aldamótin 1900 fannst talsvert af mannabeinum. Í grein Ingólfs Sigurgeirssonar um beinafundinn í Árbók Þingeyinga segir: "Á eins metra dýpi var komið niður á samfellt beinalag um allan botn tóftarinnar og var auðsýnt að um mannabein var að ræða og augljóst að þarna hafði verið grafreitur kristinna manna en til þess benti lega beinanna. [...] Þótti augljóst að þarna hefði verið grafið um mjög langt árabili, sennilega aldir. Það varð að ráði að halda áfram hlöðubyggingunni á þessum stað og öllum beinum, er kæmu í ljós við gróftinn, skarað saman í haug. Þegar farið var að leggja undirstöður að grjóthleðslunni innan í tóttinni var þessum beinaleifum og mold mokað bak við undirstöðusteinana þar sem þörf var fyllingar. Bak við stóran undirstöðustein í suðausturhorni tóftarinnar voru látnar 7 heillegustu höfuðkúpurnar, sumar alveg heilar. Það sem ekki komst á bak við fyrsta lagið var svo sett á bak við næsta lag. Grjóti var svo hlaðið nokkuð upp fyrir jarðvegsbrún og síðan hlaðnir upp veggir úr torfi í fulla hæð. [...] Hann [Jóel Tómasson föðurbróðir Guðrúnar Tómasdóttur ábúanda] sagði mér [árið 1915] ennfremur að vorið eftir að hlaðan var byggð hafði komið upp vatn í henni og þá verið gert lokræsi austur úr henni u.þ.b. 30 m langt og komu þá í ljós beinaleifar í því. Þar sem ræsið endaði var dálítil laut í túnið og settist oft vatn í hana á vorin. Lautin sást vel þangað yfir hana var lagður bílvegur fyrir fáeinum árum. Hlaðan var rifin nálægt 1930. Grjót úr neðri hluta veggja fékk ég að hirða og notaði það í undirstöður á býli mínu, Vallholti. Á hlöðugrunni

vex nú [1997] upp trjá- og blómareitur."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919 og Ingólfur Sigurgeirsson, 115-117

SB-284:010 heimild um smiðju

65°37.684N 17°19.351V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 25 m vestan við bæjarhól 001. Þar var smiðja, svo hesthús og svo aftur smiðja eins og frá greinir í örnefnaskrá: "Túnið milli Millu og bæjar heitir Smiðjutunga. Þar stóð þó ekki smiðja í tíð núlifandi kynslóða, heldur hesthús." Nú er á þessum stað endurbyggður reykkofti.

Reykofni úr torfi, grjóti og timbri er þar sem hesthúsið var áður í grasi gróinni og sléttaðri brekku í halla til austurs.

Engin ummerki húsanna sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 12

SB-284:011 *Milla* þúst mylla

65°37.685N 17°19.354V

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús um 40 m vestan við bæ. Þetta var mylla en um hana segir í örnefnaskrá: "Rétt ofan við túnið, norðar en Kvíjar [051], var tekið vatn úr Bæjarlæk í Millulæk. Myndaði hann Milluhólma, efst í túninu. Neðan við Milluhólma er Milla...Þar var um langan aldur malað korn til heimilis í Stafni og fyrir önnur heimili. Sneri Millulækur undirvatnshjóli og knúði milluna." Mylluleifar eru enn greinilegar að hluta við Bæjarlækinn, rétt ofan (vestan) við reykkofa.

Í grasi gróinni og sléttaðri brekku í halla til austurs. Fast norðar er bæjarlækurinn.

Nú sjást leifar af skurði þar sem vatn var leitt úr bæjarlæk til að knýja áfram mylluhjólið og óljós þúst þar sem myllan var. Skurðurinn hefst 3 m neðan (austan) við túngarð 058. Þar sést ekki hvernig hann tengist Bæjarlæknum. Skurðurinn liggur í um 5 m áður en hann verður ógreinilegur þar sem dæld liggur frá honum og að læk sem er þar um 5 m norðar. Áfram heldur skurðurinn í um 17 m til austurs og er svæðið á milli hans og bæjarlækjar nefnt Mylluhólmi. Þar sem skurðurinn endar taka við óljós ummerki myllunnar. Vestast er niðurgroftur, um 2 X 2 m að innanmáli. Í beinu framhaldi er svo þúst, L-laga og 5 X 3 m að stærð. Hún snýr austur-vestur eins og mannvirkið gerir reyndar í heild sinni. Þústin er hlaðin úr torfi og grjóti og er mest 1 m á hæð, mælt utanfrá. Hún er á kafi í háu grasi og er enn ógreinilegri af þeim sökum. Fast norðan og norðaustan við þústarvegginn er dæld að Bæjarlæk. Líklega hefur hluti þessara mannvirkja horfið í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stafn, 12

SB-284:012 *Kvíhús* tóft fjárhús

65°37.675N 17°19.394V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru útihús sambyggð innanverðum túngarði 058, um 60 m VSV við bæjarhól 001, rétt norðan við tröðina 051 og 3 m norðan við kvíarnar 035. Tóftir húsanna sjást enn.

Tóftin er á brekkubún fast ofan (vestan) við túnjaðar. Vestar eru lyngi vaxnir móar en austan brekkan niður að bæ 001.

Samkvæmt Snorra Kristjánssyni og Ólöfu Helgadóttur voru þetta fjárhús með einum garða sem tóku 40 kindur. Húsin voru einnig notuð fyrir kýr. Tóftin er tvískipt og 10 X 13 m stór. Þau snúa austur-vestur. Vestara hólfið er mun greinilegra. Það er 5 X 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þak hefur hrúnið inn í húsið og í því er mikið spýtnadrasl og því erfitt að meta innri lögun og ekki sést op. Hæð veggja 1,5 m. Austara hólfið snýr eins og það vestara en er 6,5 X 4 m að stærð. Garði gengur eftir því miðju og er steipt kindabað syðst í honum. Veggheðslur eru mun lægri en í vestara hólfinu eða 0,5 m. Op var líklega á suðurvegg vestast en það er óskýrt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SB-284:013 *Vörðuás* varða óþekkt

65°36.348N 17°22.822V

"Sunnan Tjarnarmýrar, á milli Kamarlækjar og Hvannlækjarása, er viðarmóaflæmi, sem hallar til vesturs...Sunnan þeirra vestast, og í suðvesturhorni Stafnsheiðar, næst Kamarlæk, er Vörðuás. Samhliða honum og austar, en aðeins mjótt móasund á milli, er Tjaldás," segir í örnefnaskrá. Vörðuás er nálægt suðvesturhorni Stafnslands en merkin liggja þó sunnan við Vörðuás. Vörðuás er næsti ás vestan við Tjaldás 014 og samsíða honum. Brenniasgötur 025 hafa legið sunnan í Vörðuás eða þar um bil. Vörðuás er um 3,5 km suðvestur af bæ 001.

Vörðuás er ósléttur og víða mjög grýtt flög í honum. Hann liggur N-S líkt og Tjaldás.

Nokkrar vörður og vörðubrot eru á ásnunum og hefst lýsingin hér syðst. Næstum syðst og vestast á ásnunum er alveg hrúnin varða (A) á grjóthól, steinahrúga með gulleitum skófum sem rennur saman við hólinn. Varða B er um 35 m norðaustar, á áberandi, smágrýttum hól sem snýr norður-suður. 6-8 hnullungar hafa verið bornir saman og eru nú nokkuð skófum vaxnir, varðan er 0,5 m í þvermál og á hæð. Þriðja varðan (C) er um 50 m norðvestur af B, á grjóthól vestan til í holtinu. Hún er einnig um 0,5 m á hæð eða tæplega það, klambrað saman úr nokkrum

hnullungum. Varða D er um 60 m norðar, einnig á áberandi hól. Milli C og D er reyndar vörðulegur nabbi sem virðist aðeins hundapúfa. Varða D er sú stærsta á ásnunum, um 1 m í þvermál og hátt í 1 m há. Að lokum er varða E um 10 m norður af D, smágrjóthrugald og stendur lægra en hinar. Fast norðan við hana er byrgi 074. Ekki er augljóst hvort vörðurnar hafa þjónað sérstökum tilgangi. Einu göturnar sem vitað er um í næsta nágrenni eru Brennásgötur og reyndar mögulegt að þær hafi legið eftir sjálfum ásnunum. Nyrsta varðan á ásnunum er til móts við merki Heiðarsels og Brenniáss.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 3

SP-284:014 *Tjaldás* heimild um tjaldstæði 65°36.381N 17°22.573V

"Sunnan Tjarnarmýrar, á milli Kamarlækjar og Hvannlækjarása, er viðarmóaflæmi, sem hallar til vesturs...Sunnan þeirra vestast, og í suðvesturhorni Stafnsheiðar, næst Kamarlæk, er Vörðuás. Samhliða honum og austar, en aðeins mjótt móasund á milli, er Tjaldás.", segir í örnefnaskrá. Tjaldás er nálægt suðvesturhorni Stafnslands, næsti ás austan við Vörðuás 013 og samsíða honum. Norðurendi ássins er um 3,5 km suðvestan við bæ 001.

Móaás, sléttur að ofan, sem liggur frá norðri til suðurs.

Víða hefði mátt tjalda á ásnunum, a.m.k. eru þúfur ekki til vandræða þar. Gengið var eftir ásnunum endilöngum en engin mannvistarmerki fundust - og kannski ekki við því að búast.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 3-4

SP-284:015 *Vatnsgötuvað* heimild um vað 65°37.589N 17°18.529V

"Neðan Dagmálarmýrar á gilbarminum er melhóll, ekki hár, en nokkur um sig Dagmálahóll, eyktamark frá Stafni...Í gilbarminum, sunnan og austan í hólunum er stór steinn, Sólskríkusteinn...og þar liggur Vatnsgatan [043] í gilið. Suður og niður af steininum er á ánni Vatnsgötuvað.", segir í örnefnaskrá. Vatnsgötuvað var á ánni um 620 m austan við bæ 001.

Á þessum slóðum er lítill hólmi á ánni og er hún lygn og auðveld yfirferðar, 8-10 m breið og hvergi dýpri en í hnéhæð. Ef dæma má af slóða austan ár hefur verið farið sunnan hólman.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 10

SP-284:016 *Stöpsusel* tóftir sel 65°38.524N 17°23.115V

Miðhluti, frá Hvannalæk til Bæjarása, nokkurn spöl ofan við (vestan við) Stafnsbæ: " Við bug [Seljadals]árinnar, þar sem hún beygir til norðurs eru selrústir, Stöpsusel. Austan Buga og Stöpsels, allt frá Rauðslæk að norðan, er Selás.", segir í örnefnaskrá. Stöpsusel er 3,2 km VNV við bæ 001, skammt sunnan við vegginn að Gafli. Á þessum stað eru tvær rústir og er sú vestari alveg á árbakka Seljadalsár.

Tóftirnar eru í hvammi við Seljadalsá, alveg í skjóli að austan. Til suðurs og norðurs eru lyngivaxnir móar í brekkurótum.

Á þessum stað eru tvær greinilegar tóftir (A og B) og tvær þústir (C og E) og mögulegur öskuhaugur (D). Rústasvæðið er 30 X 20 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Austast á svæðinu er stærsta tóftin, A. Hún er 14 X 10 m stór og snýr nálega norður-suður. Vesturbrúnn er þó fremur óskýr og er sum staðar breiðari. Tóftin er þrískipt en ofan í nyrðra hólfið I hefur síðar verið byggður smalakofi IV sem er 2,5 X 2 m stór og snýr norður-suður með opi á vesturhlið. Nyrðra hólfið tóftarinnar, II, er 5 X 2,5 og snýr norður-suður. Inngangur hefur líklega verið á það syðst á vesturhlið. Syðra hólfið er 3 X 2 og snýr norður-suður. Tóftin er öll gróin og veggir ná mest 0,9 m hæð. Aðeins sjást grjóthleðslur í smalakofanum. Þar eru grjóthleðslur greinilegar, sérstaklega í suðausturhorni. Þriðja hólfið tóftarinnar III, er byggt við norðvesturhornið og er 3 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Þetta hólfið stendur talsvert lægra en tóftin, kemur undan henni en er sambyggt. Lítil þúst, hugsanlega öskuhaugur D, er fast neðan (vestan) við tóft A. Hann er um 3 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Tóft B er um 8 m vestan við tóft A en 3 m vestan við öskuhaug D. Hún er tvískipt, 12 X 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðvestur. Hún er algróin. Syðra hólfið er 3 m langt en það nyðra 4,5 m. Ekkert op sést á tóftinni en veggir virðast hafa hrunið inn í hana að talsverðu leyti. Hæð veggja er mest 0,4 m. Tóft C er 11 X 7 m stór, einföld og snýr austur-vestur. Hún er talsvert niðurgráfin en þó má greina ytri brún veggja en veggir eru allt að 3 m breiðir. Tóftin virðist signari en bæði A og B. Ekki er neitt greinilegt op á henni en það kann að hafa verið austast á norðurvegg. Tóftin er algróin, vaxin grasi. Um 5 m sunnan við B er dokk E, sem er um 4 m í þvermál að innanmáli. Líklega hefur verið stungið úr bakkanum að norðan og austan en upphlaðið (eða uppkastið notað) að vestan og sunnan. Í vesturendanum er lítill, niðurgráfin hola (0,7 m í þvermál). Þústin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Hún er grasivaxin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Þústin er alveg fram á árbakkanum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 4

SP-284:017 *Stöpsulsvegur* gata leið 65°37.886N 17°21.106V
"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Í Stórás, þar sem Stórashali byrjar, er lægð í ásin vestast, Selskarð og austur af því önnur lægð, Draugaskarð [018]. Um þessi skörð bæði liggja reiðgötur, Stöpsulsvegur...", segir í örnefnaskrá. Leiðin í Stöpsusel hefur legið á svipuðum slóðum og bilfær vegur í Gafli en þó sennilega heldur sunnar á köflum. Greinilegar götur sjást t.d. í botni Draugaskarðs, 1,4 km vestur af bæ 001.
Göturnar liggja á kafla í lyngmóa.
Þrjár til fjórar samhliða götur sjást í skarðinu og liggja þar austur-vestur. Þar sem skarðið tekur að opnast vestar sveigja þær heldur meira í VNV. Girt hefur verið þvert fyrir Draugaskarð vestast og þar er fyrirhleðsla undan girðingu, nær örugglega 20. aldar verk.
Hættumat: engin hættu
Heimildir:Ö-Stafn, 5

SP-284:018 *Draugaskarð* örnefni draugur 65°37.885N 17°21.004V
"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Í Stórás, þar sem Stórashali byrjar, er lægð í ásin vestast, Selskarð [kennt við Stöpsusel 016] og austur af því önnur lægð, Draugaskarð. Um þessi skörð bæði liggja reiðgötur, Stöpsulsvegur [017]...", segir í örnefnaskrá. Draugaskarð er lág milli tveggja móaholta um 1,4 km vestur af bæ 001.
Í botni hennar sjást greinilegar götur.
"Draugaskarð ber nafn af því, að þar eiga að hafa mætt sendingar, sem Mývetningar og Kinnungar (sumir segja Eyfirðingar) gerðu hverjir öðrum. Tókust sendingarnar fangbrögðum og tróðu lægðina í ásin," segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hættu
Heimildir:Ö-Stafn, 5

SP-284:019 *Dagmálalabrot* heimild um vað 65°37.754N 17°18.559V
"Austan undir honum [Dagmálahól] í ánni er Dagmálapollur og litlu norðar Dagmálalabrot, vað á ánni," segir í örnefnaskrá. Þar sem vaðið var er smáeyja í Reykjadalánni og var farið þar um á leið í Víða og Máskot. Dagmálalabrot er um 560 m austur af bæ 001.
Vaðið er á ánni þar sem hún breiðir úr sér og er lygn. Á þessum stað er hún 15-20 m breið og í hnéhæð. Hvorki sést greinilegur slóði að eða frá á. 10-15 m löng, örmjó eyja er á ánni á þessum stað.
Hættumat: engin hættu
Heimildir:Ö-Stafn, 10

SP-284:020 gata leið 65°37.754N 17°18.567V
Leið lá um vaðið Dagmálalabrot 019, sennilega í Víða og Máskot. Engar greinilegar götur sjást upp af vaðinu þar sem leiðin hefur legið en óljós ummerki sjást aðeins ofar í brekkunni, á stuttum kafla.
Grösugur hvammur og brekka upp af honum.
Afar óljóst má sjá móta fyrir götu á þessum slóðum þar sem hún sker brekkuna og liggur í 2-3 beygjur áður en hún verður óljós. Skorningurinn er 0,8-1 m á breidd.
Hættumat: engin hættu

SP-284:021 *Heiðarselsgötur* gata leið
"Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Stórás er breiður, nánast stórt, ferhyrnt móaflæmi. Suður úr suðvesturhorni þess ferhyrnings gengur mjór langur ás, Beinás (Beiniás)..Yfir Stórás syðst, þar sem Beinás byrjar, liggja reiðgötur, Brennásgötur [025], kenndar við bæinn Brennás (Brenniás). Spöl fyrir vestan Stórás skiptast göturnar, Brennásgötur liggja suðvestur, um Hvannlækjarbotna og Vörðuás [013], en Heiðarselsgötur í hávestur, stefnu á Heiðarsel...í eyði 1936...tilheyrði Bárðardalshreppi," segir í örnefnaskrá.
Heiðarselsgötur voru ekki skoðaðar á vettvangi. Heiðarsel er tæpum 4 km norðar en Brenniás og því hljóta þær að hafa legið umtalsvert norðar, a.m.k. þegar nær dregur vesturhlið Seljadals. Ágætlega virðist móta fyrir götunum á loftmynd, þær klofna frá Brenniásgötum um 1,8 km vestur af Stafni 001, stefna hér um bil beint í vestur og liggja skammt sunnan við Arnarvatn.
Hættumat: engin hættu
Heimildir:Ö-Stafn, 5

SP-284:022 *Langamelsvarða* varða 65°38.481N 17°20.604V
"Langimelur. Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga. Á henni er Langamelsvarða.", segir í örnefnaskrá. Í örnefnskrá Narfastaða segir: "Vestanvert í háfellinu (Narfastaðafelli) heitir Langimelur... Þessi melur nær aðeins inn í Narfastaðaland en er að mestu í Stafnslandi." Varðan sést mjög vel. Hún er 1,8 km NNV við bæ 001, á

berum mel sem liggur frá norðri til suðurs.

Allt umhverfis eru lyngivaxnir móar. Þetta svæði ber hæst og er blásinn melur. Á honum er hæð í toppinn og á henni miðri gríðarstór varða í miðju og minni allt í kring.

"Á honum er varða frá danska herforingjaráðinu," segir í örnefnskrá. Aðalvarðan er stór eða tæpir 3 m í þvermál og 1,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr frekar litlum steinum og í henni miðri er staur. Umhverfis vörðuna eru 5 minni vörður eða steinasamsafn. Þær eru allar gerðar úr einu umfari af grjóti og í þeim flestum eru á bilinu 5-14 steinar, sumir allt að 0,6 m í þvermál. Ekki er ljóst hvort þetta hefur verið gert á sama tíma og herforingjaráðsvarðan en a.m.k. er minni vörðunum raðað umhverfis herforingjaráðsvörðuna og þær virðast því í tengslum við hana eða eldra mannvirki á sama stað. Vörðurnar eru flestar 3-4 m frá stóru vörðunni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SB-284:023 *Messugötur* gata leið

65°38.106N 17°20.059V

"Langimelur. Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga. Á henni er Langamelsvarða...Suður af Langamel tekur Fellið að lækka, heitir þar Fellshali...Inn í hornið, sem myndast á milli Fells og Fellshala gengur hluti þessa mýrarflæmis og heitir Kriki. Austan hans er lágur ás suður úr Fellinu, Messuás. Um hann eru Messugötur," segir í örnefnaskrá. Messugötur voru farnar til messu á Einarstöðum í Reykjadal. Þær lágu austan við Langamel. Götuslóði sem sennilega er hluti af Messugötum sést á lágu holti suðvestan við Syðstaholt. Þetta er um 1 km norðvestur af bæ 001.

Fremur slétt móaholt. Á því er hundapúfa.

Gróinn götuslóði sem liggur norður-suður, í stefnu á Messuholt. Hugsanlega eru grónir slóðar í grunnri lág vestan við.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SB-284:024 *Fellshalagötur* gata leið

65°38.240N 17°20.583V

"Langimelur. Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga. Á henni er Langamelsvarða...Suður af Langamel tekur Fellið að lækka, heitir þar Fellshali...Inn í hornið, sem myndast á milli Fells og Fellshala gegnur hluti þessa mýrarflæmis og heitir Kriki. Austan hans er lágur ás suður úr Fellinu, Messuás. Um hann eru Messugötur [023]. Yfir ásin og síðan upp úr Krika, liggja Fellshalagötur, gamlar smala-og heybandsgötur. Koma þær síðan saman við Stöpulsselsveg [017]," segir í örnefnaskrá. Fellshalagötur hafa legið til VNV frá bæ, norðan við núverandi veg í Gafl. Þær verða fyrst vel greinilegar á Fellshalanum upp úr rofi en liggja svo nokkuð skýrar í gegnum móann til vesturs.

Göturnar liggja um lyngi vaxinn móa.

Gatan er greinileg og nokkuð djúp, um 0,5-1 m á breidd en 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SB-284:025 *Nónskarðsgötur* gata leið

65°36.574N 17°22.756V

"Bæjarásar eru tveir, Eftj [Efri]-Bæjarás og Neðri-Bæjarás. Beint niður af þeim er bærinn Stafn. Þeir liggja norðan frá Bæjargróf og enda í Nónskörðum, sem eru þó aðeins í austari ásin, Ytra-Nónskarð og Syðra-Nónskarð. eru þau eyktamörk frá Stafni. Um þau liggja Nónskarðsgötur sem síðar verða Brennásgötur," segir í örnefnaskrá. Þessar götur hafa legið til suðurs frá bæ, klofnað í tvennt við Gatnaskiptaholt [sjá 040] en þessar götur haldið áfram til suðvesturs um Nónskarð. Síðan lágu þessar götur alla leið að Brenniás, heiðarbyli í Bárðardalshreppi og hétu þegar nær dró Brenniásgötur: "Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás...Stórás er breiður, nánast stórt, ferhyrnt móaflæmi. Suður úr suðvesturhorni þess ferhyrnings gengur mjór langur ás, Beinás (Beiniás)...Yfir Stórás syðst, þar sem Beinás byrjar, liggja reiðgötur, Brennásgötur, kenndar við bæinn Brennás (Brenniás). Spöl fyrir vestan Stórás skiptast göturnar, Brennásgötur liggja suðvestur, um Hvannlækjarbotna og Vörðuás [013], en Heiðarselsgötur [021] í hávestur, stefnu á Heiðarsel. Þau tilheyrðu Bárðardalshreppi," segir í örnefnaskrá. Gata sem sennilega er hluti af Brenniásgötum sést fyrst á smákafla rétt norðaustan við Vörðuás 013 en mjög greinilega 600-700 m norðaustan við ásin.

Gatan liggur um lyngmóa.

Gatan er nokkuð grafin og greinileg. Hún líkist mest kindastíg næst Vörðuás en er mun greinilegri upp aflíðandi brekku skammt austan hans. Þegar austar dregur er gatan mjög greinileg, víða djúpur troðningur en greinist stundun í tvennt eða þrennt þar sem er greiðfært. Hún var rakin á um 1,3 km kafla á vettvangi, þó ekki alla leið í Nónskarð þar sem götur eru sérlega greinilegar um 800 m suðvestur af bæ 001. Þar sjást 3-4 samhliða troðningar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 5 og 6

SP-284:026 *Kolgrafás* örnefni kolagröf

65°36.069N 17°19.848V

"Suður frá upptökum Víðralækjar er Kolgrafás," segir í örnefnalýsingu. Kolgrafás er skv. Snorra Kristjánssyni að hluta í Stafnslandi en merkjaskurður milli Stafns og Stafnholts liggur yfir ásinn um 600 m vestur af Laugagröf. Kolgrafás er um 3 km suður af bæ 001.

Lágur og lítið áberandi ás sem liggur frá norðri til suðurs og mjókkar mjög eftir því sem norðar dregur. Þannig er hann meira eins og rani.

Ekki fundust greinileg merki um kolagrafir á Stafnshluta ássins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SP-284:027 *Húsaholt* heimild um leikvöll

65°37.960N 17°19.497V

"Neðan Flataflóa syðst er Torfhall; var þar torfrista. Suður af Torfhalli er Dýjareitsholt og ofan þess Húsaholt, nafngift og leikvöllur barna," segir í örnefnaskrá. Húsaholt er 600 m NNV við bæ 001 samkvæmt lýsingu en Snorri Kristjánsson og Ólöf Helgadóttir móðir hans könnuðust þó ekki við örnefnið.

Þar er grasi gróið, lágt holt sem nú er innan nautagirðingar og því mikið bitið.

Ekki sáust mannvistarleifar á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 7

SP-284:028 tóft+garðlag stekkur

65°38.791N 17°19.012V

"Austan í Narfastaðafelli er Merkjalág...Frá Merkjalág, allt niður í árgilið, er Merkjahryggur og eftir honum garðbrot, Merkjararður. Þar er nú skógræktargirðing. Sunnan í Merkjahrygg, niður undir árgili, er Stekkur, rústir einar, Stekkjarhóll og Stekkjarlækur, sem á uppsprettu framan á hólum.", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er innan skógræktargirðingar 2 km norður af bæjarhól 001. Ekki hefur verið gróðursett í stekkin og sést hann því ágætlega. Gerðið er um 350 m neðan (austan) við veginn að Stafni og endar einn af mörgum bíslóðum um skógræktina nálægt norðurjaðri þess.

Skógarrjóður sem er vaxið grasi og mosa. Talsvert af gróðri, s.s. víðir, loðvíðir og kjarr, er í rjóðrinu. Allt í kring er þéttur skógur og í raun eru líka nokkur tré innan skógarrjóðursins.

Á þessum stað eru mannvistarleifar sem virðast, a.m.k. að hluta, fornar. Vallargarður umlykur svæðið en sökum þess hversu þéttur skógurinn er er ekki hægt að greina nyrsta hluta hans og öll norðurhliðin er nú á kafi í þéttum skógi. Aðrar hliðar sjást hins vegar sémilega þó stundum sé erfitt að rekja þær í þéttum skóginum. Vallargarðurinn hefur verið sporöskjulaga og nú má rekja hann á svæði sem er um 85 X 50 m stórt. Vallargarðurinn er siginn og vaxin lyngi. Hann er mest tæpur 1 m á hæð og allt að 4 m á breidd. Innan vallargarðs hafa verið nokkur mannvirki en þau eru nú nær alveg ógreinileg og ekki loku fyrir það skotið að fleiri mannvirki gætu leynst þarna. Greinilegar þústir voru tvær. Önnur, A, er um 10 m austan við vesturhlið vallargarðs. Hún er grasi gróin og meira áberandi en þúst B. Líklega er A aðalrústin á svæðinu. Hún er samtals 28 X 8 m stór og snýr norður-suður. Syðsti hluti hennar rís hæst upp úr umhverfinu en ekki er hægt að sjá innri lögun þar en svæðið sem um ræðir er 8 X 5 m stórt og snýr austur-vestur. Í beinu framhaldi af þústinni liggur garðlag til norðurs. Allt er þetta líklega hluti af sömu tóftinni. Garðlagið myndar tvö hólf norðan við tóftina. Miðjuhólfíð er um 10 m breitt, þá kemur hólf sem er mjög óskýrt og um 4 m breitt en nyrst er hólf sem er um 8 m í þvermál (að utanmáli). Öll tóftin er grasi gróin og veggir þykkir. Syðsti hlutinn er allt að 1 m á hæð. Fast suðaustan við þessa rúst er 5 X 4 m stór, lág þúst eða þýfi. Önnur þúst, B, er 25-30 m austan við A. Hún er lá, 0,3 m á hæð, og fagurgræn. Þústin er 12 X 6 m stór og snýr norður-suður. Ingólfur Sigurgeirsson getur um þessar tóftir í grein sinni í Árbók Þingeyinga og virðist telja þær af býli. Þar segir hann: "Rústir af öðru býli er nyrst og neðst í Stafnslandi og er augljóst að um mjög gömul mannvirki er að ræða"

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stafn, 4 og Ingólfur Sigurgeirsson. 1997:117.

SP-284:029 *Kofabunga* örnefni óþekkt

65°38.568N 17°19.542V

"Upp af Skriðugilshjöllum syðri er Ytri-Kofamýri og ofan hennar Kofabunga. Rétt utar og ofar henni er Kofabunguhæð, nýlegt örnefni, og yfir hana liggur Stafnshverfisvegur [nr.26].", segir í örnefnaskrá. Stafnsvegur heim að bæ liggur yfir Kofabungu skammt norðan við ristarhlið 1,6 km norður af bæ. Ólöf Helgadóttir og Snorri Kristjánsson, heimildamenn, mundu ekki eftir kofarústum á þessum stað.

Melbunga, lág og aflíðandi. Lyngi vaxið allt í kring.

Engar leifar fundust á þessum slóðum og er mögulegt að þær séu löngu horfnar, e.t.v. í vegafamkvæmdir.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stafn, 8

SP-284:030 *Nóngerði* tóft+garðlag býli

65°30.437N 17°19.185V

"Upp af Skriðugilshjöllum syðri er Ytri-Kofamýri og ofan hennar Kofabunga [029]. Rétt utar og ofar henni er

Kofabunguhæð, nýlegt örnefni, og yfir hana liggur Stafnshverfisvegur...Niður af Kofabungu, sunnan Ytri-Kofamýrar, eru rústir, Nóngærði, eyktamark frá Víðum, einnig nefnt Mariugerði, líklega býlirústir, " segir í örnefnaskrá. Í Lýsingu Þingeyjarsýslna segir: "Nóngærði nefnist eyðibýli í Stafnlandi, suðvestur frá Víðum. Annað eldra nafn mun það hafa átt, sem nú er týnt." Nóngærði er innan skógræktargirðingar um 1,3 km norðan við bæ 001 og rétt norðan við nyrstu tún neðan Stafnsvegur.

Plantað hefur verið í girðingunni en Mariugerði hefur verið hlíft við gróðursetningu þó eitthvað sé af lágvöxnum trjám í næsta nágrenni tófta og jafnvel inni í gamla túninu.

Á þessum slóðum eru umfangsmiklar leifar. Þar sést tvöfaldur vallargarður (M og N) og óljóst garðlag O sem liggur að vallargarði N að sunnan. Innan vallargarðanna eru svo tvö gerði (F og E) efst (vestast) í túninu, viðbyggt hól G við innri túngarð, 6 aðrar tóftir (A-D, H og K) og öskuhaugur J. Samtals er svæðið um 210 X 180 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Innri túngarður M, er um 100 m á kant. Hann er afar mis-skýr en suðurhlíð hans er nokkur greinileg sem og suðausturhorn. Suðurhluti austurhlíðar er rekjanlegur á kafla en áður en að norðausturhorni er náð fjarar hann út. Hann má aftur greina að norðan rétt vestan við hornið sem horfið er og meðfram allri norðurhlíðinni. Hann hverfur hins vegar við norðausturhorn gerðis E en hefur án efa endað í því. Vallargarðurinn er lyngivaxinn og víða 3-4 m á breidd en 0,4-0,6 m á hæð. Ytri túngarður N er greinilegur bæði norðan og sunnan við tún en hvorki er hægt að greina austur-eða vesturhlíð hans. Líklegt er reyndar að vallargarðurinn hafi ekki verið tvöfaldur að vestan heldur komið saman að vestan þar sem gerðin (E og F) eru. Að austan hefur hins vegar áreiðanlega verið garðlag en það er nú illgreinanlegt. Þau ummerki sem sjá má eftir vallargarðinn marka af svæði sem er 170 X 130 og snýr norður-suður. Garðurinn er siginn og lyngi vaxinn og illgreinanlegur á köflum. Að norðan er hann alveg lyngi vaxinn. Allra vestast (efst) er hann vel greinilegur, lyngivaxinn og um 3 m á breidd og 0,5 m á hæð. Þar liggur hann frá innri garðinum örfáum metrum austan við gerði F. Garðurinn er fremur reglulegur fyrstu 40-50 m en verður þá óskýrari og heldur kræklulegur, en neðar hefur eitthvað af trjám verið gróðursett í hann og stungið eða plægt í garðinn. Til austurs verður garðurinn óreglulegur og fjarar út eða í það minnsta verður erfitt ef ekki ómögulegt að rekja hann með vissu. Tóft A er á stórum, grösugum rústahól ásamt tóftum B, C og D og K. Tóft A er austast á hólnum en fast vestan hennar er dæld sem gengur eftir hólnum í norður-suður. Tóftin er, eins og allar tóftir á hólnum, á kafi í grasi og er líklegt að það byggingarstig sem sést á yfirborði sé yngra en vallargarðar og rústirnar sem eru ofar (vestar) í túninu. Talsverðar mannvistarleifar eru líklega undir sverði enda hólinn mjög ræktarlegur og allt að 1,5 m á hæð. Tóftin er 15 X 6 m stór og snýr norður-suður. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og í raun erfitt að sjá mikið lag á henni. Ekki er þó ólíklegt að hún hafi skipst í 3 hólf. Óljóst má greina hól nyrst og syðst en miðja tóftarinnar er alveg á kafi í grasi og sést því ekkert hól þar. Nyrst er óljóst hól, 4,5 X 4 m stórt og hefur það líklega snúið austur-vestur. Ekki var greinilegur veggur fyrir austurhlíð. Miðhluti tóftar er um 8 m langur en þar er nú ekki hægt að greina eiginlegt hól. Nyrst er hins vegar óljóst hól sem er um 4 X 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð veggja er 0,3 m. Þessi hól er óskýr nú en er mjög ræktarlegur og gæti verið hinn eiginlegi bæjarhóll. Fram af honum gengur litill rani eða hæð til austurs, hugsanlega öskuhaugur, J. Hann er beint fram af tóft A, sem kann að hafa verið bæjartóft. Hæðin er 11 X 5 m stór og 0,4 m á hæð. Hún liggur að hluta í austurhlíð hæðar A.

Tóft B er á sama hól og tóftir A, C og D. Tóft B er allra nyrst á hólnum, 10 m norðan við A. Tóftin er grasi gróin og skiptist í tvö hólf. Hún er samtals 17 X 6,5 m að stærð og snýr þvert á aðrar tóftir á hólnum eða austur-vestur. Vestara hólfid er um 4,5 X 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í norðvesturhorni hóls er stórpýft og gæti hólfinu eitthvað hafa verið skipt upp frekar á þessum slóðum en það er þá of ógreinilegt til að hægt sé að greina það vel. Eystra hólfid er 7 X 4 m að stærð og líklega hefur verið op á norðausturhorni tóftar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Milliveggur milli hólfá er 2,5 m á breidd og flestir veggir eru a.m.k. 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóft C er á sama hól og tóftir A, B og D og er hún norðvestast á hólnum og um 3 m vestan við tóft B. Tóftin er 17 X 8 m stærð. Hún snýr norður-suður. Nokkuð erfitt er að greina innri lögun. Allra nyrst virðist þó vera hól sem snýr austur-vestur og er um 4 X 3 m að innanmáli. Op er á þetta hól á austurvegg. Sunnan við þetta hól hækkar tóftin en innri lögun verður ógreinileg nema helst í suðvesturhorni. Mögulegt er að þetta svæði hafi bara verið eitt hól. Tóftin er grasi gróin og hvergi sjást grjóthleðslur. Eitthvað lyng vex hins vegar í nyrsta hlutanum. Veggir eru allt að 2 m á breidd. Tóft D er á sama hól og tóftir A, B og C. Hún er syðst þessara tófta og um 6 m sunnan við suðurenda tóftar A og 15 m sunnan við innri túngarð M. Tóftin er á kafi í grasi og nokkuð ógreinileg. Hún er 13 X 12 m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist skiptast í 3 hólf. Í suðvesturhorni er hól I sem er 1,5 X 1,5 m að innanmáli. Op hefur líklega verið á það á miðjum norðurvegg. Austan við það er annað, hól II sem er 4,5 X 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það hefur líklega verið opið vestarlega á norðurvegg. Á milli hólfá I og II er 2,5 m breiður veggur. Nyrst er í tóftinni hól III sem markað er af norðurvegg hóls I að sunnan en að L-laga hleðslu að vestan og norðan. Það er samtals 5 X 3,5 m að innanmáli og er opið til vesturs. Tóftin er sigin og grasi gróin. Veggir eru mest 0,5 m á hæð. Tóft K er 1,5 m norðan við norðvesturhorn tóftar B. Hún er um 15 m sunnan við innri túngarð M. Tóftin er 11 X 7-8 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld og er innri stærð 4,5 X 2,5 m. Op er syðst á austurvegg. Tóftin er með þykka vegg (2-3 m) og er mest 0,3 m að hæð. Hún er vaxin lyngi, grasi og kjarri. Gerði E er óreglulegt en hringlaga gerði er sunnan við enda gerðis G. Gerðið er 21 X 19 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurhlíð þess er byggt lítið hól sem opið er til vesturs en aðalgerðið er einnig opið á svipuðum stað.

Þetta hólf er 7 X 2-3 m að innanmáli. Ekki er óhugsandi að annað áþekkt hólf hafi verið í norðvesturhluta gerðis en það er þó afar ógreinilegt. Gerðið er lyngi vaxið og sigið. Það er víða 0,6 m á hæð en 2-3 m á breidd. Inni í gerðinu víkur lyngið fyrir þéttu grasi. Gerði F er efst og yst í túninu (eða norðaustast). Túngarðar M og N koma saman skammt norðvestan við norðausturhorn gerðis. Gerðið er 52 X 17 m stórt og snýr norður-suður. Norðurhlið gerðisins er mjög óljós en skammt sunnan við hana er þúst 4 X 3 m stór sem snýr norður-suður. Ekki er víst að um mannaverk sé að ræða. Gerðið virðist annars skiptast í 2 hólf. Það nyrðra er stærra eða 13 X 30 og snýr norður-suður. Syðra hólfíð er 10-13 X 13 m. Ekki er víst að það hafi verið suðurhlið á því heldur hefur hún legið að gerði E. Gerðið er lyngi vaxið og sigið og víða 3 m á breidd en 0,4 m á hæð. Tóft G er 9 X 7,5 m stór og er sambyggð suðurhlið innri túngarðs M. Tóftin er byggð innan við túngarðinn, nálega til móts við rústahól A-D. Tóftin er lyngi vaxin og sigin og veggir eru víða um 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Op er á tóftina nyrst á vesturvegg. Tóft H er 10-15 m ofan við raflínustaur en raflína gengur þvert yfir svæðið fast austan við túnjaðarinn. Tóftin er tæpum 60 m austan við túngarð N. Lækur rennur um 3 m norðan við tóftina sem er mjög óljós. Tóft H er syðst og austast á svæðinu. Hún er tví- eða hugsanlega þrískipt. Hún er samtals 15 X 12 m að stærð. Annars vegar er aðalhlutinn, tvískipt tóft sem er um 13 x 6 m stór frá norðri til suðurs og hins vegar afhólf sem gengur frá henni til austurs nyrst, í nokkrum halla mót austri. Sá hluti er vaxinn lyngi og fjalldrapa og nokkuð fornlegur en meiri gróska er í aðalhlutanum. Afhólfið er um 6 x 5 m stórt A-V og er ytra byrði ógreinilegra en innra og gildir það raunar um alla tóftina. Vestra hólfíð er mjög djúpt, allt að 1,6 m ef staðið er í því innanverðu. Grjót sést hvergi. Sennilega hefur verið op á millivegg milli i og ii, sömuleiðis virðist op á norðurvegg ii en ekkert op sést á iii. Greinilegar götur P liggja til suðurs frá Nónggerði. Þær liggja frá rústahól A-D, til suðurs gegnum innri túngarð austan við tóft G sem er sambyggð innri garði og áfram í gegnum ytri garðinn. Gatan er algróinn en nokkuð djúpur skorningur sem kvíslast e.t.v. í tvennt. Sennilega hafa þessar götur legið heim að Stafni. Ytri túngarðurinn liggur að þeim úr vestri og örlar á honum austan við og má ímynda sér að hann hafi legið að suðurenda tóftar H þótt hann sjáist bara sem mjög óljósar þúfur í mýrinni. Hugsanlegt er að gerði eða hólf hafi verið byggð við túngarð N/M að vestan. Af loftmynd að dæma má ætla að það hafi myndað nokkuð stórt hólf, L, við gerðið en það er hins vegar mjög illgreinanlegt af jörðu niðri. Það sést þó sem hryggur upp af gerði E í um 20 m en verður ógreinilegt u.þ.b. þar sem það hefur beygt til norðurs. Í horninu þar er reyndar eins og það hafi verið skorið inn í brekkuna. Hafi garðlag verðið á þessum slóðum hefur það verið þar sem hæðarbrúin er nú og mjög ógreinilegt og ómögulegt að dæma hvort um raunverulegt mannvirki er að ræða. Það var þó hnitsett. Ekki tókst að greina suðurhlið sama gerðis sem óljóst er eins og megi sjá móta fyrir á loftmynd. Efst í þessu "gerði" er eins og megi sjá móta fyrir línu sem er í góða stefnu á línuna sem fyrst var rakin frá gerði E. Allt eru þetta hins vegar mjög óljós ummerki og lýsing því tilgátukennd. Önnur mannvirki sem einnig eru á mörkum þess að vera greinileg er garðlag O sem liggur frá skurðenda í framræstum tünnum fast sunna við rústasvæðið og til norðurs, að því. Garðlagið snýr norður-suður og er um 50 m langt. Það endar um 10 m sunnan við þar sem vesturendi ytra túngarðs (M) fjarar út og má vera að garðlögin hafi tengst. Lyngi vaxið og plantað hefur verið einhverjum trjám á þessu svæði, ofan túna. Ingólfur Sigurgeirsson getur um þessar rústir í grein í Árbók Þingeyinga en þar segir: "Norður frá Stafnsbæ eru glöggar bæjar- og útihúsarústir, nú kallaðar "Nónggerði" (Nón frá Víðum) en í munnmælum er talið að hafi heitið Mariugerði. Athugun á gömlum túngarði þar bendir til að hann hafi verið hlaðinn fyrir árið 1400 (Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur). Þar er að finna allstóran ösku- og beinahaug, en allar rústir mega heita óranssakaðar."

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stafn, 8; LÞ I, 298 og Ingólfur Sigurgeirsson. 1997: 117.

SP-284:031 *Laugarpollur* laug bað

65°37.866N 17°18.833V

"Sunnan Tungnasunds er uppfrá [Skriðu]gilsbarminum allbrattur slakki, sem heitir Tungur. Efri röð hans heitir Tungnabarmur. Nyrst í Tungum er Hallið, sunnan þess Tungnamór. efsti hluti hans, Elftingamór. Þá tekur við Leirlækur, síðan Fagrakinn og þá Laugarkinn. Í henni er volgur smálækur. Í lækinn var hlaðin fyrirstaða. Þar tóku menn sér bað. Ofan fyrirhleðslunnar heitir Laug, en neðan Laugalækur," segir í örnefnaskrá. Laugin er tæplega 500 m ANA af bæ 001. Litlu ofan við hana er steinsteypt lok yfir þeim stað þar sem reynt var að bora eftir heitara vatni.

Vatnið seitlar undan barði, ilvolgt.

Í lauginni var 27-28° C heitt vatn en ekki mikið af því. Reynt var að bora eftir heitu vatni við laugina á síðari tímum en árangurslaust. Einnig var reynt að koma upp matjurtarækt við laugina á 20. öld. Baðkar er við lindina en ekki sjást merki fyrirhleðslunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 8

SP-284:032 *Tungnagötur* gata leið

65°37.819N 17°18.860V

"Sunnan Tungnasunds er uppfrá [Skriðu]gilsbarminum allbrattur slakki, sem heitir Tungur. Efri röð hans heitir Tungnabarmur...Um Tungnabarm liggja Tungnagötur," segir í örnefnaskrá. Göturnar hafa sennilega legið út með Börmunum í átt að Laugapólli 031 og sennilega áfram til norðurs, jafnvel út með fellinu. Þær sjást ennþá

vel og eru ýmist einn eða tveir slóðar á börmunum.

Grasi grómir barmar, neðan túna en ofan við grasi grónar brekkur.

Ein- eða tvöfaldur götuslóði í grasvörðinn. Þeir eru víða 0,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 8

SP-284:033 *Svarðargrafir* náma mógrafir 65°37.714N 17°18.770V

Frá Bæjarásum að Reykjadalssá og Laugagróf, norðan Stafnshverfis: "Sunnan Tungnasunds er uppfrá [Skriðu]gilsbarminum allbrattur slakki, sem heitir Tungur. Efri röð hans heitir Tungnabarmur...Upp af Tungubarmi, milli Bæjargrófar og Sjónarholts, heita Neðri-Höll. Nyrzt í þeim á Tungubarmi er Breiðasund og syðst á Tjarnarbarmi, Fitjarholt. Ofan þess heitir Fitjarpollur, smátjarnarstæði, og litlu ofar, við djúpa gróf lækjarins, Nyrðri-Svarðarbakki og Svarðgrafir, og gildi það örnefni jaftn beggja vegna grófarinnar," segir í örnefnaskrá. Grafirnar eru utan í bæjarlæknum þar sem hann breiðir úr sér 380 m austur af bæ 001.

Litlar leifar sjást nú um mógrafirnar á þessum slóðum enda búið að rækta tún allt í kring. Stórbýft og dældótt er þó hjá bæjarlæknum þar sem grafirnar voru.

"Þar var mótekja göð og komu upp sverir birkibjálkar," segir í örnefnaskrá. Ólöf Helgadóttir man eftir mótekju á þessum stað og talið er mór hafi verið tekinn þar fram yfir 1940. Þetta er eini mótekjustaðurinn sem er þekktur í Stafnslandi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Stafn, 8

SP-284:034 *Hesthúsbrot* heimild um hesthús 65°37.742N 17°19.276V

"Í suður... [frá Kaldalækjarfarvegi] rétt við Stafnstúnið gamla, er Hesthúsbrot...Hesthúsbrot var gömul rúst," segir í örnefnaskrá. Húsið hefur verið þar sem nú eru sléttuð tún rétt vestan við heimreiðina að Stafni um 100 m norður af bæ. Tóftarbrotið er löngu horfið.

Nú er sléttuð og slegin flöt norðan við íbúðarhús á þessum stað. Norðan við hana rennur lækur en svo tekur við mikið hvanntóð. Hesthúsið hefur líklega verið norðan við lækinn.

Engar minjar eru sjáanlegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 9

SP-284:035 *Kvíjaból* tóft kvíar 65°37.664N 17°19.398V

Sunnan Stafnshverfis og neðan gamla túns og ofan: "Neðan Bæjarása (austan) og sunnan Bæjargrófar er mýri, sem heitir Enni. Hallar henni til austurs neðantil og endar í Ennishalli...Á milli Ennishalls og túnsins er Kvíjaból.", segir í örnefnaskrá. Rétt, sennilega kvíarnar, var sambyggð utanverðum túngarði 058 rétt sunnan við þar sem traðirnar 051 liggja út úr túninu. Enn sjást leifar af réttinni sem hefur sennilega einnig verið notuð fyrir hross.

Tóftin er á brekkubún fast ofan (vestan) við túnjaðar. Vestar eru lyngi vaxnir móar en austan brekkan niður að bæ 001.

Tóftin er enn staðileg og í mjög góðu ástandi. Hún er 25 X 7 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf. Sunnar er minna hólfíð sem er 5,5 X 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á það austast á norðurvegg. Nyrðra hólfíð er 16 X 4 m og snýr eins. Það er alveg opið til norðurs og hefur líklega verið timburgrind fyrir. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er nærri því alveg niðurgráfin þó óljóst megi sjá móta fyrir útlínum ytri brúna veggja. Hleðsluhæð veggja er mest 1,3 m. Timburgirðing er uppi á austurvegg tóftar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 9

SP-284:036 *Efrivörðugötur* gata leið 65°36.964N 17°19.459V

"Austan holta..suður af Bæjarásnum,..er allstórt móaflæmi, sem hallar til austurs og er nafnlaust. Um það liggja Efrigötur eða Vörðugötur. Efrivarða [037] er við norðurmörk Nóngrófarholta og ber við loft frá Stafni...Upp af ásnum [?] n.l. miðjum er í holtin ofan hans, Mundaskarð og ofan þess Mundaskarðsflötur. Um hann liggja Efrivörðugötur.", segir í örnefnaskrá. Götur sem hljóta að vera Vörðugötur liggja til suðurs að Efrivörðu 037 en sveigja þar lítilliga í SSV.

Móaholt.

Einfaldur troðningur sem enn er farinn af hrossum og sauðfé. Ekki er fyllilega ljóst hvert leiðin lá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 9

SP-284:037 *Efrivarða* varða samgöngubót 65°36.976N 17°19.444V

"Austan holta..suður af Bæjarásnum,..er allstórt móaflæmi, sem hallar til austurs og er nafnlaust. Um það liggja

Efrigötur eða Vörðugötur [036]. Efrivarða er við norðurmörk Nóngrófarholta og ber við loft frá Stafni," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 1,3 km SSV af bæjarhól 001.

Austurbrún á móaholti.

Varðan er greinileg, grjóthruga sem stingur sér upp úr grasbungu eða þúst. Alls er bungan um 3 x 2 m stór norður-suður og neðri hluti vörðunnar samgróinn henni. Upp úr stendur grjóthruga sem er um 0,3 m há, um 0,5 m í þvermál og ekki sérlega regluleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:038 *Lambhúsásgötur* heimild um leið 65°37.378N 17°19.156V

"Suður frá Stafnstúni n.l. miðjum er í holtinu ofan hans langur, beinn ás, Lambhúsás [039] og um hann Lambhúsásgötur," segir í örnefnaskrá. Þessar götur lágu til suðurs frá bæ nokkurn veginn þar sem vegar slóði er nú milli ræktaðra túna. Sennilega voru þetta fyrst og fremst engjagötur.

Óræktað, aflangt holt en tún eru bæði austan og vestan megin við.

Ekki sést til gatna á holtinu og hafa þær sennilega farið undir veginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:039 *Lambhúsás* örnefni lambhús65°37.544N 17°19.226V "Suður frá Stafnstúni n.l. miðjum er í holtinu ofan hans langur, beinn ás, Lambhúsás og um hann Lambhúsásgötur [038].", segir í örnefnaskrá. Lambhúsás er um 270 m suður af bæ.

Eftir ásnum, sem liggur norður-suður, liggur vegur til suðurs.

Ekki er vitað um lambhús eða aðrar rústir í námunda við staðinn og engar rústir eru sjáanlegar. Snorri Kristjánsson og Ólöf Helgadóttir sögðu mögulegt að tún, sem hafð var að rækta 1930 á Veituholti, sem er austan við þetta svæði, hefði verið gert þar sem áður voru rústir en það er þó alveg óvíst. Þar er nokkuð áberandi hæð, sjá 044.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:040 *Gatnaskiptaholt* gata leið 65°37.049N 17°18.977V

"Sunnan Lambhúsás [039] eru lægðir í holtinu, sem allar snúa frá austri til vesturs og ná nokkru neðar. Þær heita Lágur. Sunnan þeirra er Gatnaskiptaholt. Þar skiptast reiðgötur og liggja aðrar í suðvestur og meðfram Nóngrófarholtum [025] að Nóngróf [054], en hinar til suðausturs að Laugagróf. Voru að mestu fjárgötur," segir í örnefnaskrá. Gatnaskiptaholt er um 1 km sunnan við bæ. Núverandi vegar slóði liggur nokkurnvegin þar sem þessar götur hafa legið áður, þ.e. að túnnum sem eru þar niður við ána.

Vegurinn liggur um gróin holt.

Ekki sáust greinileg merki um eldri götur nema e.t.v. við Laugagróf, suðvestan Stekkjarhöfða, sjá 052. Þar gæti hafa verið vað á grófinni því það mótar fyrir götuslóðum handan hennar sem virðast liggja til suðurs í Laugaselslandi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:041 *Nóngrófarvarða* varða 65°36.484N 17°19.296V

"...á Nóngróf upptök sín í Nóngrófarbotni, sunnan Nóngrófarholta. Fellur hún síðan þvert austur í Laugagróf...Sunnan undir Nóngrófarholtum er lítill melhóll og á honum Nóngrófarvarða. Þar var einnig smalakofi, Nóngrófarkofi [042]," segir í örnefnaskrá. Varðan er á holti 2,2 km sunnan við bæ, 60-70 m norðan við Nóngróf.

Gróið holt sem sennilega hefur blásið og gróið að nýju því að kringum það er kragi, líkur garðlagi en stafar væntanlega af því að jarðvegur er þykkari í kring.

Snorri Kristjánsson bendir á að þessi staður geti ekki hafa verið eyktamark frá Stafni en passi hinsvegar vel sem eyktamark frá Eirikstættum sem eru austan Laugagrófar og því ekki í Stafnslandi. Varðan er stór og myndarleg grjóthruga úr fremur smáu grjóti sem hlýtur að hafa verið flutt á staðinn, a.m.k. er lítið um grjót í næsta nágrenni. Stærð vörðunnar er um 3 x 3 m, hæð mest rúmur 1 metri. Hún er alveg ógróin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:042 *Nóngrófarkofi* tóft smalakofi 65°36.478N 17°19.272V

"...á Nóngróf upptök sín í Nóngrófarbotni, sunnan Nóngrófarholta. Fellur hún síðan þvert austur í Laugagróf...Sunnan undir Nóngrófarholtum er lítill melhóll og á honum Nóngrófarvarða [041]. Þar var einnig smalakofi, Nóngrófarkofi," segir í örnefnaskrá. Kofinn er um 15 m suðaustan við Nóngrófarvörðu 041.

Kofinn er suðaustan í lyngi vöxnu holti. Ágætt útsýni til suðurs.

Talið er að kofinn sé ungur, byggður nálægt 1920. Tóftin er vegleg, ferköntuð og hefur verið vandað til hleðslunnar. Alls er hún 4 x 3 m stór og snýr norður-suður, dyr austast á suðurhlið. Hleðslur eru lítið farnar að hrynja, allt að 0,9 m háar, 4 umför. Aðeins hefur verið hlaðið úr grjóti og sennilega er kofinn lítilllega niðurgrafinn. Þröskuldur er í dyraopi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Stafn, 9

SP-284:043 *Vatnsgata* gata leið

65°37.620N 17°18.610V

"Neðan við gamla túnið í Stafni er Bæjargróf, Syðri-Svarðarbakki. Annars er neðan túnsins frá Bæjargróf að Dagmálahóli að neðan og Vatnsgötu sunnan, mýri, Dagmálamýri. Vatnsgata er reiðgata, sem liggur frá syðra túnhorni niður á gilbarminn, niður í gilið og yfir ána, síðan handan árinna að Víðum, en einnig, fyrr, austur yfir Víðafell að Másvatni. Nafngift stafar frá veiðileyfi, sem Stafn hafði í Másvatni, og var gatan farin til veiðanna." Gatan sést þar sem hún skásker sig niður gilið að Reykjadalssánni og skorningur upp gilið handan Vatnsgötuváðs 015.

Snarbratt grasi og lyngivaxið gil niður að á.

Gatan verður mjög greinileg rétt áður en komið er að gilinu. Þar (vestast) er hún um 1 m breiður skorningur, líkt og uppgróinn lækjarfarvegur. Þegar kemur ofan í gilið verður gatan að skorningi í bratta brekkuna og er þar víða allt að 1,5 m á breidd. Hún liggur í beygjum niður að ánni en er fremur ógreinileg allra síðasta spölinn að ánni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Stafn, 10

SP-284:044 *Veituholt* heimild um 65°37.554N 17°19.155V

"Neðan Dagmálamýrar á gilbarminum er melhóll, ekki hár, en nokkur um sig Dagmálahóll,...Sunnan Dagmálahóls heitir brún gilsins alllangan spöl Gilbarmur...Ofan Gilbarms og meðfram honum er Leyningur og á hina hlið hans Leyningsholt...Ofan Leyningsholta, rétt neðan við Lambhúsás [nr.39] norðan verðan, er Veituholt.", segir í örnefnaskrá. Veituholt er hæð í sléttuðu túni um 260 m suður af bæjarhól 001. Túnið mun hafa verið sléttað um 1930 og því sennilega ekki lagt í veitu eftir það.

Sléttað tún.

"Ber það nafn af því að þar var "lagt í veitu", þ.e., hræ af sjálfdaudum sauðkindum, eða annað hrámeti, var sett í fetsdjúpa gróf; síðan lögðu maðkaflugur (fiskiflugur) egg sín í hræin og urðu hvítir lirfur-maðkar-, sem síðan skriðu til vetrardvalar í moldina í kring. Næsta vetur var moldin höggvin upp og þídd í fjósi og maðkarnir síðan notaðir sem beita við dorgveiði á heiðarvötn, eða Mývatni," segir í örnefnaskrá. Engin ummerki sjást í túninu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Stafn, 10

SP-284:045 *Stekkjjarvarða* varða samgöngubót

65°37.264N 17°18.904V

"Sunnar, einkum neðar en Veituholt [044] er lágur ás, Rani. Endar hann við Lágur,..sunnan Lambhúsáss [039]. Holtin milli láganna heita Lágabarmar. Sunnan þeirra er Stekkjavörðuholt og á því er Stekkjarvarða, en neðan þess flatur að mestu smápýfður, Skeiðarflötur," segir í örnefnaskrá. Stekkjarvarða er á melhól sem nú er innan ræktaðs túns 850 m suðsuðaustur af bæ 001. Við hana er kenndur Stekkjarvörðustígur 063 og líklegt að hún hafi átt að vísa á leiðina sem ætla má að hafi legið í Stekkjarhvamm 052.

Varðan er á áberandi holti og sést frá Stafni. Ræktað tún eru í kring en fódurkál reyndar að sunnan.

Varðan er óregluleg grjóthruga, um 2 x 1 m stór í grunninn og snýr norður-suður. Hún er mest um 0,6 m há. Sennilega hefur grjóti verið bætt í hana langt fram eftir 20. öld.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Stafn, 10

SP-284:046 *Skeiðarflatargötur* gata leið

65°37.269N 17°18.614V

"Sunnar, einkum neðar en Veituholt [044] er lágur ás, Rani. Endar hann við Lágur,..sunnan Lambhúsáss [nr.39]. Holtin milli láganna heita Lágabarmar. Sunnan þeirra er Stekkjavörðuholt og á því er Stekkjarvarða [045], en neðan þess flatur að mestu smápýfður, Skeiðarflötur. Sunnan hans er Skeiðarflatargötur og um hann og yfir holtið liggja Skeiðarflatargötur.", segir í örnefnaskrá. Snorri og Ólöf kalla þennan stað Skeiðflöt og Skeiðflatargötur. Skeiðflöt er rúma 900 m suðaustan við bæ 001 og hafa göturnar legið til suðsuðausturs, sennilega í áttina að Blængshól 047 og Stekkjarhvammi 052.

Skeiðflötin sjálf er slétt og vallend frá náttúrunnar hendi. Yfir hana og áfram um móann sunnan við liggur bílfær slóði, líklega á sama stað og göturnar lágu áður.

Ekki sjást greinileg merki um eldri götur þar sem skráð var, um 200 m sunnan við Skeiðflöt. Þess má geta að greinileg gata sést um 230 m vestar en sennilega er hún tilkomin eftir að girt var um tún þar ofan við.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stafn, 10

SP-284:047 *Geitarkofahóll* tóft+garðlag geitakofi 65°37.188N 17°18.429V
"Sunnan við Blænghól er grasigróinn hóll og nokkur um sig, með garðabroti í kring. Sá heitir Geitakofahóll eða Stekkjarhóll. Bæði nöfnin eru notuð jöfnum höndum. Á hólum sér fyrir kofarúst. Er Geitakofahóll nánast suðurendi Blænghóls, aðeins nokkru lægri," segir í örnefnaskrá. Sunnan hans er Stekkjarhvammur [052] og eftir honum Stekkjarlækur og í ánni Stekkjarhvammspollur og sunnan Stekkjarhvammsins er hár melhóll, Stekkjarhöfði. Blænghóll er 1,1 km SSA af bæjarhól 001.
Austan hólsins rennur Reykjadalur og er bratt niður að henni. Sunnan hóls er djúp gróf og sömuleiðis dalverpi vestan við. Greinilegur gróðurmunur er innan garðs og utan: Fremur slétt graslendi innan garðs en þýfður mói utan við. Sennilega hefur lengi verið borið á blettinn og hann sleginn.
Munnaeli eru um að hóllinn hafi verið kenndur við Blæng nokkurn og þar hafi verið búseta en "blængur" merki hrafn. Töluverðar mannvirkjaleifar sjást á hólum: Hringlaga garður og lágur rústahóll innan hans nyrst en fleiri rústir eru ekki augljósar. Að auki er mannvirki, sennilega kálgarður utan í brattri suðurhlíð Blænghóls, utan garðsins norðvestast en hann er hér skráður undir númerinu 071. Lýsingin hefst á túngarðinum (A). Hann afmarkar svæði sem er tæplega 90 x 70 m stórt frá norðri til suðurs. Hann er vel greinilegur, víðast hvar allt að 3-4 m breiður og 0,5 m hár, algróinn. Reyndar er grjóthóll syðst á svæðinu og garðurinn virðist hafa náð að honum að austan og vestan en ekki yfir hann. Vegarlóði hefur legið gegnum gerðið og því eru rof á garðinum bæði suðvestast og norðvestast. Rústin (B) er fast uppvið garðinn nyrst og þar eru klárlega nokkur misgömul byggingastig. Alls er rústahóllinn um 20 x 14 m stór frá norðri til suðurs og mest um 1 m hár en ekki með skarpar brúnir. Á honum sjást leifar a.m.k. þriggja mannvirkja. Yngst þeirra er greinilega lítil kofatóft norðvestast, sennilega smalakofi frekar en geitakofi. Hann hefur verið grafinn inn í hólinn að hluta og hlaðinn upp með grjóti að innan, alls um 1,5 x 1,5 m að utanmáli, 0,4 m háir veggir og 3 umför af grjóti. Beint austan við hann vottar fyrir óljósu hólf, um 4 x 2 m stóru sem snýr austur-vestur. Þar sunnan við er stærsta hólf tóftarinnar, óreglulegt en um 10 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur, op í austur. Syðst í tóftinni er svo hugsanlegt að örlí á 1-2 hólfum til viðbótar en það er mjög óljóst. Frá suðvesturhorni tóftarinnar liggur garðbrot, óljósara en túngarðurinn tæpa 20 m til vesturs og tengist þar túngarði. Ingólfur Sigurgeirsson getur um staðinn í grein sinni í Árbók Þingeyinga og virðist telja að þarna hafi verið býli. Hann segir: "Þriðja býlið eða rústir þess er suður og niður við gil Reykjadalur, syðst á svonefndum Blænghól, eða Blængshól. Þessi hóll er þakinn stórgjót nema suðurendi hans sem er að mestu sléttur og vel gróinn (var slægjuland). Áberandi garður er í kringum hringlaga tún, u.þ.b. 1,5 ha. Húsarústir eru nyrst á þessum gróna hól. Þar munu hafa verið hafðar geitur á síðstu öld og þá nefndur Geitakofahóll."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 11 og Ingólfur Sigurgeirsson. 1997: 117.

SP-284:048 heimild um heystæði

Snorri Kristjánsson taldi að tóft, sennilega af heystæði, gæti verið í dokk í Miðdegisás sem er beint vestur af bæ, vestar en Hvannlækur. Þessi tóft var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2008.

Heimildir: Ö-Stafn, 12

SP-284:049 *Öskuhaugur* öskuhaugur 65°37.706N 17°19.289V

"Gegnt Stafnsbæ í norðurbarmi Bæjarlæks er Öskuhaugur", segir í örnefnaskrá. Snorri og Ólöf telja að ösku hafi verið hent víða við bæjarlækinn en umræddur haugur hefur verið rétt utan við hornið á gamla bænum 001 og verið norðan við lækinn.

Mikill hvönn vex í bökkum lækjarins en stutt, grasi gróin brekka er við suðvesturhorn bakgarðs íbúðarhússins á Völlum.

Ekki er greinilegur öskuhaugur á þessum stað en þó leynast sjálfsagt leifar hans víða, t.d. í ádurgetinni brekku norðan lækjar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Stafn, 12

SP-284:050 renna 65°37.695N 17°19.020V

Lokræsi var grafið í gamla túnið austast til að veita úr því vatni. Skurður var grafinn, hlaðið í hliðarnar og hellur settar ofan á. Endi ræsisins sést enn skv. Snorra Kristjánssyni í skurðbarmi tæpa 200 m austur af bæ 001.

Skurðurinn er grafinn meðfram utanverðum túngarði 058 en nýrækt er austan hans, utan gamla túnsins.

Lokræsið fannst ekki, enda skurðurinn fullur af hvönn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 12

SP-284:051 gata traðir

65°37.668N 17°19.385V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til vestsuðvesturs frá bæjarhól 001. Þær hafa verið um 70 m langar. Enn sjást leifar af tröðunum næst túngarði 058. Þarna lá aðalleiðin heim að Stafni áður. Traðirnar sjást í brekkunni fyrir ofan (vestan) bæ 001, á milli Kvihúsa 012 og kvianna 035 og áfram til vesturs en verða ógreinilegar um 40 m ofan við túngarð 058.

Göturnar eru sem óljós sneiðingur í brekkunni ofan við 001 en verða að slóða vestan við túngarð þar sem móar taka við.

Gróinn skorningur í grasi gróinni brekku. Þar er tröðin um 2,5 m breið en 0,5 m djúp á um 30 m kafla. Vestar er tröðin um 1 m breiður slóði, stutt sunnan við Bæjarlæk en fjarar út um 50 m ofan við bæ 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-284:052 *Stekkur* tóft stekkur

65°37.034N 17°18.212V

"Er Geitakofahóll [047] nánast suðurendi Blænghóls, aðeins nokkru lægri," segir í örnefnaskrá. Sunnan hans er Stekkjarhvammur [sjá 072] og eftir honum Stekkjarlækur og í ánni Stekkjarhvammspollur og sunnan Stekkjarhvammsins er hár melhóll, Stekkjarhöfði. Austan höfðans koma saman Laugagróf og Austurgilsá og þar hefst Reykjadalásá. Rétt sunnan við ármótin er við ána Stekkur og á barði við hlið hans Lambakró. Norður frá Stekk eru Stekkjareyrar. Þarna var stekkur frá Stafni og var þar fært frá á meðan ær voru hafðar í kvíjum [svo], seinast 1929. Stekkur á þessum stað fyrst byggður eftir aldamót 1900." Hluti Stekkjar er enn greinilegur rétt vestan við mót Laugagrófar og Austurgilsár. Þetta er um 1,5 km SSA af bæ 001. Eldri tóft sést svo í Stekkjarhvammi sunnan við, sjá 072.

Gróin eyri við ána undir háum hól.

Á eyrinni er stæðileg tóft, líklega lambakró og er veglegri en gengur og gerist, eins og hústóft og um 8 x 5 m stór frá austri til vesturs. Hleðslur eru lítið farnar að hrynja, allt að 1,2 m háar. Veggir eru vel hlaðnir, allt að 7 umför grjóts. Dyr hafa verið austast á suðurhlið, væntanlega lágar og miðaðar við lömb. Nú eru þær samansignar en þó bæði dyrahella og hleðsla yfir opinu sem er um 0,4 m breitt og 0,3 m hátt. Bakki niður að lægri eyri við ána er um 3 m austur af tóftinni. Þar neðan við er hálfgróin eyri sem áin flæðir vafalaust yfir stundum. Utan í bökkinum vottar fyrir grjóthrúgum á tveimur stöðum og gætu verið leifar af aðhaldi. Nyrðri hrúgan er h.u.b. í beinu framhaldi af N-vegg tóftar en hin um 20 m sunnar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Stafn, 11

SP-284:053 heimild um túngarð

65°37.669N 17°19.352V

"Efsti hluti túnsins og sá hallamesti heitir Kvíjabrekka...Við rætur Kvíjabrekku, suður og upp af bænum er Kvíjakofabrot, rústir, og sér þar fyrir gömlum túngarði," segir í örnefnaskrá. Leifar túngarðsins hafa verið um 40 m suðvestan við bæ. Þar sást lengi hryggur í túninu en hefur nú verið rutt út. Garðurinn bendir til að túnið hafi á fyrri tímum afmarkast af sléttlendinu en ekki náð upp í brekku topp, þar sem yngri túngarðurinn 058 liggur. Hugsanlegt er að annar eldri túngarður 059 sem skráður var austast í túninu sé í raun hluti af sama garði.

Garðurinn hefur verið á mörkum sléttlendis og brekku. Allt umhverfis eru nú sléttuð tún.

Engar leifar þessa eldri túngarðs sjást nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 12-13

SP-284:054 gata leið

65°36.906N 17°19.137V

Frá Gatnaskiptaholti 040 lá leið til suðurs og SSV, í Nóngróf.

Þýfður lyngmói. Nú gengur stóð Snorra í Stafni á þessum slóðum.

Gatan er greinileg, einfaldur og ógróinn troðningur sem stefnir í SSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 12-13

SP-284:055 *Miðhúshóll* örnefni 65°37.657N 17°19.175V "Nokkru neðar en bærinn eru þrjú hólar í röð út og suður, Miðhúshóll syðst,...", segir í örnefnaskrá. Miðhúshóll hlýtur að vera þar sem nú eru fjárhús með hlöðu um 100 m SA af bæ, um 50 m beint suður af Nýhól 003.

Stæðileg hús á dálitlum hól.

Ummerki um eldri hús eru horfín.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 13

SP-284:056 gerði kálgarður

65°37.687N 17°19.383V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 60 m vestan við bæjarhól 001 og um 15 m norðan við Kvihús 012. Leifar garðsins sjást enn rétt norðan við bæjarlækinn og rétt austan við túngarðinn 058.

Kálgarðurinn er ofarlega í fremur brattri en stuttri brekku sem tekur við fast ofan við bæinn í Stafni og nefnd er Kviabrekka.

Garðurinn er torfhláðinn og stæðilegur. Hann er 14 X 12 m stór og snýr norður-suður. Hann er einfaldur og ekkert op er á honum en suðurhlíðin, sem snýr að læknum er nokkuð hrunin á kafla. Í garðinum vex nú hár rabarbari og njóli en í honum miðjum má sjá að rusl hefur verið brennt. Hleðslur eru mest 1,2 m á hæð, að austan og breidd veggja rúmlega 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 13 og Túnakort 1919

SP-284:057 heimild um fjárhús

65°37.621N 17°19.173V

Samkvæmt Snorra Kristjánssyni var fjárhúskofi 20-30 m sunnan við suðurjaðar gamla túnsins. Talið er að þetta hafi verið fjárhúskofi húsmannskufólks.

Á þessum stað er grösugt en þýft holt í krika milli tveggja vegaslóða. Þar er geymd grafa og kerra.

Ekki sjást augljós tóftamerki en þónokkrar ójöfnur eru undir vélunum á holtinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SP-284:058 garðlag túngarður

65°37.677N 17°19.393V

Enn sjást leifar af túngarði víða umhverfis Stafnstún, þeim sama og hefur verið í notkun þegar túnakort var gert 1919. Þá var nýbúið að færa túnið út til austurs skv. Snorra Kristjánssyni. Túngarðurinn sést ennþá á nokkrum stöðum, m.a. ofan við túnið, beggja vegna við bæjarlækinn. Hann má fyrst greina við lækjarsprænu, 40-50 m ofan (vestan) við raflínu sem þarna liggur um túnið. Þaðan liggur garðurinn með vesturjaðri túna í um 120 m að bæjarlæk. Sunnan við bæjarlæk heldur hefur garðurinn verið sambyggður Kvíhúsum 012 á kafla en því næst var op á honum þar sem traðrnar 051 lágu í gegn. Sunnan við þær hélt garðurinn svo áfram til suðurs í um 40 m. Leifar garðsins má greina á fleiri stöðum í túninu.

Þar sem garðurinn er efst í túninu er hann í jaðri sléttaðra túna, efst í brekku.

Garðurinn er nokkuð misjafn. Norðan við bæjarlæk er hann nokkuð völdugur syðst en verður svolítið minni um sig eftir að norðaustar dregur. Á þessum kafla er garðurinn samsíða skurði og má vera að uppkastið úr honum hafi ýkt garðinn talsvert. Þó er ólíklegt annað en að garðurinn sé eitthvað upphlaðinn í stofninn á þessum kafla. Á honum er garðurinn 0,5 m hár en 1,3 m breiður allra norðaustast en ofar (suðvestar) er hann allt að 1,1 m hár en 2-2,5 m breiður. Fast norðan við bæjarlækinn er kálgarður 056 sambyggður túngarði. Kaflinn norðan við bæjarlæk er algróinn. Sunnan við bæjarlæk sleppir skurði. Þar liggur garðurinn upp úr Bæjarlækjargilinu skýr og greinilegur og með stórum steinum í vesturhlíð. Frá bæjarlæk liggur garðurinn í um 15 m að Kvíhúsum 012. Kaflinn sunnan við kviarnar 035 er um 40 m langur og fjarar úr nálægt túnhorni. Þarna er garðurinn 2 m beiður en 0,7 m hár og algróinn. Samtals er garðurinn greinilegur á um 180 m löngu svæði ofan við tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-284:059 Gamli garður heimild um túngarð

65°37.670N 17°19.055V

"Austan í [Neðsthús]hólnum nyrst eru Hesthúsþufur og norðaustan þeirra tjarnarstæði...Austan Tjarnar er gamalt túngarðsbrot, Gamli garður," segir í örnefnaskrá. Túngarður þessi hefur verið um 30-40 m innan við austurjaðar túnsins eins og hann er sýndur á túnakorti frá 1919.

Sléttað tún ofan við refahús og norðan við það.

Ekki vottar nú fyrir Gamla garði en Snorri Kristjánsson taldi ekki alveg ómögulegt að hann sæist þegar túnið væri nýslegið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 13

SP-284:060 Torfhall örnefni rista

65°36.748N 17°19.916V

"Sunnan þeirra holta [Holtin í Beinasmýrinni] er Torfhall og sunnan þess og neðan heitir mýrin Torfhallsmýri. Nokkru sunnar en Torfhallið eru Nóngrófarviðrar. Efst í þeim á upptök sín Viðralækur og rennur í Nóngrófarbotn," segir í örnefnaskrá. Torfhall er í mýri 700-900 m norðvestur af Nóngrófarvörðu 041 eða þar um bil.

Mýrar sem halla örlítið til austurs.

Ekki fundust merki um torfristu á svæðinu en ekki er víst að staðsetning sé mjög nákvæm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 6

SP-284:061 Brunnhús heimild um brunn

65°37.695N 17°19.313V

"Við bæjarlæk, rétt hjá bæjarhorni að vestan, er byggt yfir lækinn, til þess að hægt sé að ná til neyzluvatns í snjóþyngslum og heitir Brunnhús," segir í örnefnaskrá. Búið er að ryðja úr leifum hússins og þar sem það stóð er

mikil hvönn við lækinn. Brunnhúsið var byggt yfir lækinn beint norður af gamla bænum en aðeins ofar. Þar er nú allt á kafi í risahvönn en ummerki um húsið eru horfin.

Lækjarbakki, vaxinn hvönn.

Engar leifar Brunnhúss eru sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 13

SP-284:062 *Garðsendapúfur* garðlag óþekkt 65°38.129N 17°19.826V

Norðan Stafnshverfis, talið að norðan: "Austan Messuáss,..eru holt, sem hafa stefnu fra vestri til austurs, og eru lægðir á milli þeirra. Þau heita Lágarmarmar syðri og syðsta þeirra Syðstaholt...Sunnan Syðstaholts á Lágarmörnum eru Garðsendapúfur, nokkrar mjög stórar púfur og hjá þeim sér fyrir garðbroti," segir í örnefnskrá. Garðsendabrot var þar sem nú eru framræst tún sunnan Syðstaholts, sunnan við veginn að Gafli og rúma 900 m NNV af bæ 001.

Þýfður mói milli túns á Syðstaholti og framræstra túna ofan bæjar. Ofan garðs fer land að hækka til vesturs.

Greinilegur garður sést á þessum stað og liggur austur-vestur. Hann birtist fyrst austast undan beitarstykki þar sem hann hefur verið sléttaður en stefnir svo í austur og er rekjanlegur á um 40 kafla áður en hann slitnar sundur í stórþýfi. Þar vestar taka við framræst stykki þar sem engin ummerki garðs sjást. Garðurinn er mjög greinilegur, algróinn. 2-3 breiður og 0,5 m hár. Miðað við stefnuna hefur hann legið að Reykjadalásá sunnan við Nóngerði 030.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 7,13

SP-284:063 *Ranastígur* heimild um leið 65°37.372N 17°18.934V

Sunnar, en einkum neðar en Veituholt [044], er lágur ás, Rani. Endar hann við Lágur,.. Sem eru fyrir norðan Lambhúsás [039]...Á Rana er Ranastígur," segir í örnefnskrá. Ranastígur lá til suðurs frá bæ, sennilega í átt að stekk 052. Líklega hefur þetta heiti verið notað um þann hluta stígsins sem lá um Rana en þegar nær dró stekk hét hann Stekkjarvörðustígur eins og segir í lýsingu: "Á Stekkjarvörðuholti er Stekkjarvörðustígur, framhald af Ranastíg."

Þar sem stígurinn hefur legið er nú ræktað tún að mestu.

Snorri Kristjánsson taldi að stígurinn sæist í óræktaðri lág sem liggur A-V, upp í túnið norðan við Stekkjarvörðu 045 en þar reyndist allt á kafi í gróðri og engin gata sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 10,14

SP-284:064 *Matarholt* heimild um áfangastað 65°36.939N 17°18.460V

"Rauðihvammur var engi. Tvær keldur ganga þvert um Hvamminn, Svartakelda norðar, og Rauðakelda sunnar. Í hvamminum, nálæga miðum [svo], er Matarholt. Þar leitaði engjafólk skjóls til að matast. Í Rauðahvammi vottar fyrir jarðyl," segir í örnefnaskrá. Rauðihvammur er um 1,5 km m SA við bæ 001.

Mjög grösugur hvammur í halla mót austri.

Ekkert eiginlegt holt, þ.e. lyncholt er nálægt miðju hvammsins. Þar er hins vegar grasi vaxið, þurrt þýfi sem vel mætti kalla holt og gæti verið Matarholt. Þar sjást engin mannvirki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 11

SP-284:065 *Björnslind* lind vatnsból 65°37.635N 17°19.716V

"Neðan Bæjarása (austan) og sunnan Bæjargrófar er mýri, sem heitir Enni. Hallar henni til austurs neðantil og endar í Ennishalli. Í Enni eiga upptök sín tvær bergvatnslindir, Björnslind sunnar, og Ennislækur norðar," segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "1) Björnslind var einnig nefnd Ingibjargarlind, kennd við Ingibjörgu Jónsdóttur frá Lundarbrekku (f. 1835), sem húsfreyja var í Stafni í fjölda ára. Sótti hún drykkjarvatn í lindina, oft daglega. Taldi hún vatnið öllu öðru vatni heilsusamlegra," segir í örnefnaskrá. Nú er vatn leitt úr Björnslind heim að bæ. Lindin er skammt utan túns, um 350 m vestan við bæjarhól 001.

Mýrlent svæði í halla mót austri. Þar er hrossabeit.

Tunna er grafin niður í lindina og úr henni liggja slöngur til austurs. Ekkert sést því eftir af hinnu upprunalegu lind.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stafn, 9, 14

SP-284:066 heimild um kolagröf 65°38.833N 17°19.458V

Samkvæmt Snorra Kristjánssyni var komið niður á kolagröf þegar rutt var fyrir Stafnsvegi á milli 1940 og 1950. Þetta var um 2,15 km norður af bæ 001.

Malarvegur sem liggur um lyngi vaxnar hæðar. Fast neðan við veg er skógrækt.
"Þar er skógur til kola..."segir í Sýslu og sóknarlýsingum. Engin ummerki kolagrafa sjást nú.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SSP, 112

SP-284:067 heimild um landamerki 65°36.011N 17°19.028V

"Að sunnan eru landamerki bein lína til vesturs frá vörðu á vesturbakka Laugagrófar (gegn Grænanefi í Laugatungu, n.l. þrem fjórðu vegar frá Stafni að Stafnsholti, allt vestur í tungusporð, þar sem Skorulækur kemur að suðvestan og fellur í Kamarlæk." Varða þessi hefur verið í suðausturhorni Stafnslands. Frá vörðustæðinu, sem hefur verið við Laugagróf, liggur nú skurður nokkurn veginn á merkjum við Stafnsholt til vesturs. Þó er skurðurinn sennilega heldur sunnar en merkin eru talin liggja. Varðan mun löngu horfin og ekki er víst að hún hafi verið eldri en byggð í Stafnsholti, þ.e. frá því um 1847.

Lyngholt sem hallar að ánni Laugagróf. Talsvert mikill skurður er á merkjum, uppmoksturinn norðan megin, og virðist koma heim og saman við lýsinguna að austurendi hans sé gegnt Grænanefi.

Varðan er horfin og hefur annaðhvort farið í skurðinn eða hrúðið í ána. Ljóst er að varla hefur borið mikið á henni, endar hallar landi að ánni. 120-130 m sunnar er girðingaslitur og kann að vera að það séu leifar af landamerkjagirðingu. Við enda hennar eru holt og þar væri betra vörðustæði þótt skurðendinn virðist reyndar vera gegnt Grænanefi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stafn, 2

SP-284:068 heimild um ristu 68°37.915N 17°19.796V

"Neðan Flataflóa syðst er Torfhall; var þar torfrista. Suður af Torfhalli er Dýjareitsholt og ofan þess Húsaholt, nafngift og leikvöllur barna," segir í örnefnaskrá. Þetta Torfhall var í flóanum norðvestan við bæ 001 þar sem nú eru framræst tún. Nákvæm staðsetning er ekki alveg ljós og ekki vitað um ummerki torfristu.

Allt í kring eru framræst tún.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Stafn, 7

SP-284:069 Réttarholt örnefni rétt 65°37.977N 17°19.448V

"Réttarholt er á Efrihöllum nokkurn spöl norðar en Fellshlíð," segir í örnefnaskrá. Holtið var rétt norðan við fjósið í Fellshlíð, þar sem nú er heyrúllustæði. Aðeins er vitað um timburrétt á þessum stað og ekki víst að þar hafi verið eldra mannvirki. Svæðið er um 550 m norðan við bæ 001.

Sléttá holt, mikið umbreytt.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SP-284:070 mannvirki leikvöllur 65°37.675N 17°19.467V

Gamaldags leikvöllur barna er norðan bæjarlækjar tæpa 150 m vestur af bæ 001.

Grasi gróið, þýft holt.

Á holtinu sjást mikil ummerki um barnaleiki, aðallega bein úr sauðfé og stórgripum sem hafa vafalaust verið höfð fyrir skepnur. Beinin hafa verið flokkuð og þannig eru hrosskjálkar á einum stað, leggir úr nautgripum á öðrum og kindakjammur á þriðja. Öll beinin eru á yfirborði eða því sem næst og hafa verið gerð smá hús eða hólf um þau. Fleira sést á holtinu, timbur- og járnruð og m.a. leifar af litlum heimagerðum bíl. Alls er svæðið um 15 x 10 m stórt A-V. Fast ofan við staðinn hefur verið gerð plankabrá yfir lækinn. Ekki er víst að ummerkin séu mjög gömul, tæplega eldri en frá því um miðja 20. öld. Þó er ekki loka fyrir það skotið að löng hefð liggja að baki staðsetningunni.

Hættumat: engin hætta

SP-284:071 tóft kálgarður 65°37.202N 17°18.457V

Tóft er utan í sunnanverðum Blænghól, ofan eða sunnan við Geitakofahól 047. Þetta er um 1,1 km SSA af bæ.

Brött brekka, lyngi vaxin en þó stutt niður í flagmold. Halli allt að 140°.

Tóftin, sem er mjög líklega af kálgarði, er ferhyrnd, um 36 x 10 m stór frá austri til vesturs. Skammhliðar eru fremur ógreinilegar, sérstaklega sú vestari, en langhliðar greinilegar þótt ólíkar séu. Suðurhlið stendur ágætlega og er grasi gróin, allt að 0,8 m há að utanverðu. Norðurhliðin er einungis stórgerð steinaröð sem stendur út úr syðstu brún Blænghóls áður en því tekur að halla til suðurs. Innan garðs er rýr lyngmói. Við SA-horn garðsins er tóft, hugsanlega af smákofa. Veggir eru algrónir, stærð rúmlega 5 x 5 m að utanmáli. Dyr sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

SP-284:072 *Stekkjárhvammur* tóft stekkur 65°37.132N 17°18.377V
Tóft er í hvammi rétt sunnan undir Geitakofahól 047, um 1200 m SSA af bæ 001. Þetta er væntanlega Stekkjárhvammur en um hann segir í örnefnalýsingu: "Er Geitakofahóll [047] nánast suðurendi Blænghóls, aðeins nokkru lægri. Sunnan hans er Stekkjárhvammur..."

Lyngi vaxinn slakki milli tveggja hóla.

Tóftin í hvamminum gæti hæglega verið af stekk. Hún er alls um 10 x 6 m stór frá austri til vesturs og grænka í henni meiri en umhverfis. Greinilegt hólf sést í vesturhlutanum, 3 x 2 m stórt að innanmáli með dyr í suður. Ekki er greinilegt hólf í austurhluta en hann er sjálfsgagt samansiginn. Veggir eru algrónir og hæð rústar mest um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafn, 11

SP-284:073 gata leið 65°36.034N 17°20.390V
Nokkuð greinilegur götuslóði sést í heiðinni tæpa 450 m vestur af Kolgrafás 026.

Lyngmói.

Slóðanum var ekki fylgt á vettvangi en hann líkist gömlum reiðgötum. Ekki er útilokað að hann hafi legið t.d. frá Stafnsholti í Brenniás, en hvorutveggja voru býli í heiðinni.

Hættumat: engin hætta

SP-284:074 hleðsla skotbyrgi 65°36.499N 17°22.917V
Norðarlega á Vörðuás er óhrjálegr hleðsla, eiginlega byrgi, um 3-4 m NA af vörðu 013E.

Mjög grýttur ás sem tekinn er að lækka á þessum stað.

Byrgið er greinilega ekki gamalt, nær örugglega 20. aldar verk ef marka má að skófir eru nær engar og þar að auki stendur hleðslan enn þótt hún sé óvönduð. Hlaðið er úr stórgrýti svo myndast nánast L eða horn, suður og vesturhlið, um 2 x 2 m. Vesturhlið er mun veglegri, allt að 1,1 m há. Slælega er hlaðið en þrátt fyrir það getur varla talist tilviljun að eyða eða gluggi er í hleðslunni neðan við miðju, má ímynda sér að þar hefði mátt miða byssu í gegn. Mikið er af refaskít á holtinu en byrgið gæti líka hafa verið notað til að veiða annað, t.d. rjúpur.

Hættumat: engin hætta

SP-284:075 varða óþekkt 65°36.224N 17°22.083V
Grjótbunga nefnast sérkennilegar, jökulsorfnar klappir í Fljótsheiði, austan við Tjaldás 014 og Vörðuás 013 og hátt í 3,5 km suðvestan af bæ. Á honum er varða.

Ásinn er gott og áberandi kennileiti í annars lynngróinni heiðinni.

Smávörðubrot er efst á ásnunum, að mestu gróið en nokkrir lausir steinar hafa verið lagðir ofan á og ber mest á þeim. Vörðubrotið er um 0,5 m í þvermál í grunninn, hæð um 0,5 m að meðtöldum lausum steinum.

Hættumat: engin hætta

SP-284:076 garðlag óþekkt 65°37.687N 17°18.734V
Grjótgarður liggur um melholt rétt austan við túnin í Stafni og langleiðina niður að á. Garðlagið er fyrst greinilegt um 400 m austan við bæ 001, um 10 m neðan (austan) við neðstu tún.

Lyngi vaxið melholt, bíslóði liggur yfir það frá suðri til norðurs.

Garðurinn er um 120 m langur. Hann er fyrst greinilegur rétt ofan við árbakkann og liggur svo til VSV að túninu, yfir háholtið. Garðurinn er hlaðinn úr stóru grjóti en er aðeins 1-2 umfö. Hann virðist ekki gamall og gæti hæglega verið girðingarundirstaða. Við vesturenda garðsins breytist hann nokkuð, en einfaldari hleðsla tekur við og liggur L-laga að túnjaðri. Á þessum slóðum taldi Snorri Kristjánsson að menn hefðu reynt kálgarðsrækt og væri L-hleðslan leifar þess. Mögulegt er að garðurinn hafi náð alla leið niður í gilið en þar sáust nokkrir steinar í röð við ána.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SP-284:077 tóft óþekkt 65°38.267N 17°19.984V
Vegurinn í Gafl liggur til vesturs frá Stafnsvegi. Um 1,2 km NNV við bæ 001 liggur hann á stórum mel og eru þrjár minni melar í röð frá veginum til norðurs. Tún hafa verið ræktuð á öllum melunum en fornleg rúst er í dæld á milli melanna. Tóftin er 350 m ofan (vestan) við veginn heim í Stafn.

Lyngi vaxin dæld á milli sléttadra mela.

Tóftin er mjög sigin og fornleg og er hlaupin í þúfur að talsverðu leyti. Hún er 9 X 7 m stór og nær barma á milli. Hún er lyngivaxin og hefur skiptst í 2 tólf. Það vestara er stærra eða 6,5 X 4 m að innanmáli og snýr þvert á tóft. Hitt hólfíð er lítið, hugsanlega lambakró og er norðaustast í tóftinni. Það er um 1,5 m í þvermál. Op er á tóftinni syðst á austurvegg. Veggir eru signir og 0,6 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást. Hugsanlega hefur veggur gengið frá tóftinni í nokkra metra til austurs en það er of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það. Ekki er vitað hvaða tilgangi þessi tóft hefur gegnt en fjarlægð frá bæ, staðsetning og lag hennar gæti bent til að hún væri

stekkur frá Stafni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SP-284:078 heimild um kálgarð

Í grein Ingólfs Sigurgeirssonar í Árbók Þingeyinga 1997 kemur fram að gamlir kálgarðar hafi verið á Stafni: "Bæði norðan og sunnan [079] túngarðs eru glöggar menjar um kartöflugarða. Þegar Sigurður langafi minni flutti í Stafn 1837 voru þetta kallaðir "Gömlu kartöflugarðarnir", en get þó vart talist "gamlir" ef rétt er að Björn í Sauðlauksdal hafi fyrstur ræktað kartöflur á Íslandi skömmu eftir miðja 18. öld."

Upplýsingar um kálgarðinn fundust eftir að vettvangsvinnu lauk sumarið 2008.

Heimildir: Ingólfur Sigurðsson. 1997: 117

SP-284:079 heimild um kartöflugarð

Í grein Ingólfs Sigurgeirssonar í Árbók Þingeyinga 1997 kemur fram að gamlir kálgarðar hafi verið á Stafni: "Bæði norðan [078] og sunnan túngarðs eru glöggar menjar um kartöflugarða. Þegar Sigurður langafi minni flutti í Stafn 1837 voru þetta kallaðir "Gömlu kartöflugarðarnir", en get þó vart talist "gamlir" ef rétt er að Björn í Sauðlauksdal hafi fyrstur ræktað kartöflur á Íslandi skömmu eftir miðja 18. öld."

Upplýsingar um kálgarðinn fundust eftir að vettvangsvinnu lauk sumarið 2008.

Heimildir: Ingólfur Sigurðsson. 1997: 117